Október 2001

# BYGGÐARLÖG Í SÓKN OG VÖRN

## Svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á Íslandi

## 2. Landshlutakjarnar

**Byggðastofnun**

SVÓT greining þessi er unnin af Þróunarsviði Byggðastofnunar.

Eftirtaldir starfsmenn hafa unnið að greiningunni:
Dr. Bjarki Jóhannesson, yfirumsjón og ritstjórn
Sigríður Elín Þórðardóttir, verkefnisstjóri

Auk þess hafa eftirtaldir starfsmenn unnið að upplýsingasöfnun:
Áskell Heiðar Ásgeirsson
Guðmundur Guðmundsson
Hildur Claessen
Ingunn H. Bjarnadóttir
Þórarinn Sólmundarson

Upplýsingar og ábendingar varðandi greininguna hafa auk þess verið sóttar til atvinnuþróunarfélaga, embættismanna sveitarfélaga og ýmissa sérfræðinga, sjá heimildaskrá.

# EFNISYFIRLIT


FORMÁLI ........................................................................................ 6
ÚRDRÁTTUR ÚR NIÐURSTÖÐUM.................................................... 7
INNGANGUR .................................................................................... 8
1. STAÐA BYGGÐARLAGANNA ........................................................ 14
1.1. ALMENN GREINING Á STÖÐU BYGGÐARLAGANNA
1.2. SVÆÐISBUNDIN GREINING Á STÖÐU BYGGÐARLAGANNA
1.2.1. Akureyri
1.2.2. Húsavík
1.2.3. Egilsstaðir
1.2.4. Selfoss
1.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
1.2.6. Akranes
1.2.7. Borgarnes
1.2.8. Ísafjörður
1.2.9. Sauðárkrókur
2. ATVINNULÍF ................................................................................ 31
2.1 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA ........................................................... 34
2.1.1. Almenn greining á stöðu verslunar og þjónustu
2.1.2. Svæðisbundin greining á stöðu verslunar og þjónustu
2.1.2.1. Akureyri
2.1.2.2. Húsavík
2.1.2.3. Egilsstaðir
2.1.2.4. Selfoss
2.1.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
2.1.2.6. Akranes
2.1.2.7. Borgarnes
2.1.2.8. Ísafjörður
2.1.2.9. Sauðárkrókur
2.2 IÐNAÐUR .................................................................................... 43
2.2.1. Almenn greining á stöðu iðnaðar
2.2.2. Svæðisbundin greining á stöðu iðnaðar
2.2.2.1. Akureyri
2.2.2.2. Húsavík
2.2.2.3. Egilsstaðir
2.2.2.4. Selfoss
2.2.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
2.2.2.6. Akranes
2.2.2.7. Borgarnes
2.2.2.8. Ísafjörður
2.2.2.9. Sauðárkrókur
2.3 UPPLÝSINGATÆKNI, NÝSKÖPUN, RANNSÓKNIR OG ÞRÓUNARSTARF 53
2.3.1. Almenn greining á stöðu upplýsingatækni, nýsköpunar, rannsókna og þróunarstarfs

2.3.2. Svæðisbundin greining á stöðu upplýsingatækni, nýsköpunar, rannsókna og þróunarstarfs
2.3.2.1. Akureyri
2.3.2.2. Húsavík
2.3.2.3. Egilsstaðir
2.3.2.4. Selfoss
2.3.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
2.3.2.6. Akranes
2.3.2.7. Borgarnes
2.3.2.8. Ísafjörður
2.3.2.9. Sauðárkrókur
**2.4 FERÐAÞJÓNUSTA ........................................................................................ 65**
2.4.1. Almenn greining á stöðu ferðaþjónustu
2.4.2. Svæðisbundin greining á stöðu ferðaþjónustu
2.4.2.1. Akureyri
2.4.2.2. Húsavík
2.4.2.3. Egilsstaðir
2.4.2.4. Selfoss
2.4.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
2.4.2.6. Akranes
2.4.2.7. Borgarnes
2.4.2.8. Ísafjörður
2.4.2.9. Sauðárkrókur
**2.5 SJÁVARÚTVEGUR ........................................................................................ 79**
2.5.1. Almenn greining á stöðu sjávarútvegs
2.5.2. Svæðisbundin greining á stöðu sjávarútvegs
2.5.2.1. Akureyri
2.5.2.2. Húsavík
2.5.2.3. Egilsstaðir
2.5.2.4. Selfoss
2.5.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
2.5.2.6. Akranes
2.5.2.7. Borgarnes
2.5.2.8. Ísafjörður
2.5.2.9. Sauðárkrókur
**3. SAMGÖNGUR OG FJARSKIPTI** ........................................................ 89
3.1. Almenn greining á stöðu samgangna og fjarskipta
3.2. Svæðisbundin greining á stöðu samgangna og fjarskipta
3.2.1. Akureyri
3.2.2. Húsavík
3.2.3. Egilsstaðir
3.2.4. Selfoss
3.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
3.2.6. Akranes
3.2.7. Borgarnes
3.2.8. Ísafjörður

3.2.9. Sauðárkrókur
**4. BÚSETUÞÆTTIR Í BYGGÐARLÖGUNUM** ....................................... 97
**4.1 VERSLUN OG ÞJÓNUSTA** ....................................................................... **99**
4.1.1. Almenn greining á stöðu verslunar og þjónustu
4.1.2. Svæðisbundin greining á stöðu verslunar og þjónustu
4.1.2.1. Akureyri
4.1.2.2. Húsavík
4.1.2.3. Egilsstaðir
4.1.2.4. Selfoss
4.1.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
4.1.2.6. Akranes
4.1.2.7. Borgarnes
4.1.2.8. Ísafjörður
4.1.2.9. Sauðárkrókur
**4.2 HÚSNÆÐISMÁL** ................................................................................... **108**
4.2.1. Almenn greining á stöðu húsnæðismála
4.2.2. Svæðisbundin greining á stöðu húsnæðismála
4.2.2.1. Akureyri
4.2.2.2. Húsavík
4.2.2.3. Egilsstaðir
4.2.2.4. Selfoss
4.2.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
4.2.2.6. Akranes
4.2.2.7. Borgarnes
4.2.2.8. Ísafjörður
4.2.2.9. Sauðárkrókur
**4.3 FÉLAGSLEGT UMHVERFI** ................................................................... **116**
4.3.1. Almenn greining á stöðu félagslegs umhverfis
4.3.2. Svæðisbundin greining á félagslegs umhverfis
4.3.2.1. Akureyri
4.3.2.2. Húsavík
4.3.2.3. Egilsstaðir
4.3.2.4. Selfoss
4.3.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
4.3.2.6. Akranes
4.3.2.7. Borgarnes
4.3.2.8. Ísafjörður
4.3.2.9. Sauðárkrókur
**4.4 MENNTUN** ............................................................................................ **132**
4.4.1. Almenn greining á stöðu menntunar
4.4.2. Svæðisbundin greining á stöðu menntunar
4.4.2.1. Akureyri
4.4.2.2. Húsavík
4.4.2.3. Egilsstaðir
4.4.2.4. Selfoss
4.4.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni

4.4.2.6. Akranes
4.4.2.7. Borgarnes
4.4.2.8. Ísafjörður
4.4.2.9. Sauðárkrókur
**4.5 MENNING .......................................................................................................... 150**
4.5.1. Almenn greining á stöðu menningar
4.5.2. Svæðisbundin greining á stöðu menningar
4.5.2.1. Akureyri
4.5.2.2. Húsavík
4.5.2.3. Egilsstaðir
4.5.2.4. Selfoss
4.5.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
4.5.2.6. Akranes
4.5.2.7. Borgarnes
4.5.2.8. Ísafjörður
4.5.2.9. Sauðárkrókur
**4.6 UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁL .......................................................... 167**
4.6.1. Almenn greining á stöðu umhverfis- og skipulagsmála
4.6.2. Svæðisbundin greining á stöðu umhverfis- og skipulagsmála
4.6.2.1. Akureyri
4.6.2.2. Húsavík
4.6.2.3. Egilsstaðir
4.6.2.4. Selfoss
4.6.2.5. Reykjanesbær – þéttbýliskjarni
4.6.2.6. Akranes
4.6.2.7. Borgarnes
4.6.2.8. Ísafjörður
4.6.2.9. Sauðárkrókur

**HELSTU HEIMILDIR** ........................................................................ 182

# FORMÁLI

Tilgangur þeirrar greiningar sem hér er sett fram er að finna staðbundin sóknarfæri varðandi atvinnu og búsetu á landsbyggðinni. Íbúum hefur fækkað víðast hvar á landsbyggðinni og störfum hefur einnig fækkað, einkum í landbúnaði og fiskveiðum. Þeir aldurshópar sem flytja mest milli landsvæða er fólk á þrítugsaldri, þ.e. vaxtarbroddurinn í hverju sveitarfélagi, sem gerir þessa hluti enn alvarlegri. Mest hefur íbúum fækkað utan þéttbýlis, en breytingar á þéttbýlisstöðum eru minni. Þó er þar víða um alvarlegt vandamál að ræða. Fækkun ársverka fylgir nokkurn veginn sama mynstri.

Búseturöskunin stafar einkum af breyttum atvinnuháttum og breyttu gildismati fólks. Mismunandi landsvæði hafa mismunandi eiginleika og möguleika til að bregðast við búseturöskuninni, og mikilvægt er að þekkja hvar þeir möguleikar liggja og úr hverju þarf að bæta. Það gefur heimamönnum vísbendingu um hvar helst er að leita fanga og stjórnvöldum vísbendingu um hvar mismunandi byggðaaðgerðir eru líklegastar til að skila árangri.

Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 1999 - 2001 segir í 8. lið: "Fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta, meðal annars með tilliti til auðlindanýtingar, iðnaðar og verslunar, fiskveiða og -vinnslu, samgangna og þjónustustarfsemi. Opinberar aðgerðir miðist við að nýta styrkleika hvers svæðis til atvinnusköpunar. Nýjar lausnir í upplýsingatækni verði nýttar til að skapa störf í hátæknigreinum án tillits til búsetu."

Í samræmi við hefur Byggðastofnun ákveðið að vinna svæðisbundna styrkleikagreiningu. Landinu er þar skipt í landsvæði, þar sem atvinnu- og búsetuþættir eru líkir. Greiningunni er ætlað að vera grundvöllur fyrir markvissar byggðaaðgerðir, þar sem sértækar aðgerðir eru viðhafðar á svæðum kalla á svipaðar lausnir. Styrkleikagreiningin er sjálfstæður verkþáttur, og næsta skref er að nota niðurstöðurnar við gerð byggðaáætlunar og annarra sambærilegra framkvæmdaáætlana. Greiningin ætti að stuðla að hagkvæmri nýtingu fjármagns, ef hægt er að nota niðurstöður hennar til að beina aðgerðum þangað sem þær koma að sem bestum notum.

Greiningin er byggð á athugunum starfsmanna Þróunarsviðs Byggðastofnunar, viðtölum við starfsfólk sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélaga og ýmsa aðra sérfræðinga og greinargerðum og öðrum opinberum gögnum frá sveitarfélögunum. Byggðastofnun ber þó ábyrgð á efni skýrslunnar í heild sinni. Auk þess er stuðst við niðurstöður úr verkefninu "Búum til betri byggð", sem unnið var í samvinnu við atvinnuþróunarfélög og sveitarfélög. Ritaðar heimildir eru m.a. skýrslur Byggðastofnunar: "Búseta á Íslandi", "Forsendur byggðaáætlunar 1998 - 2002", "Byggðastefna til nýrrar aldar" og "Byggðir á Íslandi", auk svæðisbundinna byggðaáætlana og greininga, sem framkvæmdar hafa verið af atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni.

Í þeirri skýrslu sem hér fer á eftir er gerð greining á landsbyggðarkjörnum, en áður hefur birst samsvarandi greining á sjávarbyggðum. Í þeirri skýrslu eru ritaðar greinar ýmissa sérfræðinga um hvern atvinnuveg og búsetuþátt. Á þessu stigi eru engar slíkar greinar birtar í þessari skýrslu, en vísað til þeirrar fyrri, þótt þær greinar miðist fremur við sjávarbyggðir en landshlutakjarna.

Greiningunni er ætlað að vera í stöðugri endurskoðun. Annars vegar þarf stöðugt að dýpka greininguna og bæta inn upplýsingum, þar sem ekki er hægt að reikna með að allir þættir skili sér á öllum landsvæðum. Hve mikið sem vandað er til vinnunnar er alltaf eitthvað sem fer framhjá þeim sem greininguna framkvæma, auk þess sem margt breytist á skömmum tíma. Í öðru lagi þarf greiningin alltaf að byggjast á sem nýjustum upplýsingum. Ætlunin er því að uppfæra greininguna með reglulegu millibili á heimasíðu Byggðastofnunar http://www.bygg.is.

Dr. Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Þróunarsviðs Byggðastofnunar

# ÚRDRÁTTUR ÚR NIÐURSTÖÐUM

## Landshlutakjarnar almennt:

**STYRKUR:** Bæirnir eru miðstöðvar stjórnsýslu, nægilega stór byggðarlög, samgöngumiðstöðvar, þar er virk samkeppni í verslun, gott framboð á sérvörum, atvinnuráðgjöf, virkur fasteignamarkaður, sæmilegt fasteignaverð, góð staða í öldrunarþjónustu, heilsugæslu, leikskólamálum og skólamálum, öflugt íþrótta- og tómstundastarf, menntaskólar eða fjölbrautaskólar, háskóli (Akureyri), símenntunarmiðstöðvar, sérskólar, einsetnir grunnskólar, greiður aðgangur að ósnortinni náttúru.

**VEIKLEIKAR:** Aukin verkefni en litlir tekjustofnar, víða lágt menntunarstig og lágar tekjur, lítill heimamarkaður, nær enginn byggingariðnaður, léleg nýting fjárfestingar í ferðaþjónustu, skortur á starfsfólki og fjármagnsskortur í ferðaþjónustu, almenningssamgöngur illa tengdar, lítil veðhæfni eigna, víða skortur á leiguhúsnæði, skortur á heimavistarrými, vantar réttindakennara, lítil fjölbreytni afþreyingar, víða lítið hugað að fagurfræðilegum atriðum, víða slæmur frágangur lóða, frárennsli víða áfátt, sorphirða ekki alltaf í lagi.

**ÓGNANIR:** Brottflutningur fólks, slæm fjárhagsstaða sveitarfélaganna, fækkun starfa, víðast lítil áhersla á rannsóknir og vöruþróun, versnandi afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi, samdráttur í innanlandsflugi, atgervisflótti, fækkun heimilislækna, hæg þróun fjarkennslu, reiknilíkan menntamálaráðuneytis, starfsgreinar ekki kenndar á landsbyggðinni, brottfall nemenda, menning og afþreying ekki ofarlega á verkefnalista sveitarfélaga, einhliða flæði menningar og slæmar starfsaðstæður atvinnufólks, lítill áhugi á fegrun bæja og umhverfismálum.

**TÆKIFÆRI:** Efling mannauðs, frumkvæði og framtak heimamanna, aukin fjölbreytni atvinnulífs, fjárfesting í samgöngum, menntun og fjarskiptum, stóriðja, netvæðing, nýsköpun, fjárfesting í mannauði, þróunarsetur á landsbyggðinni, samvinna og samhæfing í ferðaþjónustu, sögu- og menningartengd ferðaþjónusta, fjölgun í afleiddum störfum tengdum sjávarútvegi, bættar samgöngur, jöfnun fjarskiptakostnaðar, markvissar aðgerðir í forvörnum, samræming fjölskyldu- og atvinnulífs, aukið háskólanám á landsbyggðinni, aukin tengsl menntunar og atvinnulífs, fjarnám, aukin samvinna menningarstofnana, staðbundnir fjölmiðlar, þjóðmenningarstofnanir, átak varðandi fegrun umhverfis, átak í sorpmálum, aðgerðir í fráveitumálum, Staðardagskrá 21.

# INNGANGUR

**Lýsing á SVÓT-greiningu**

Skammstöfunin **SVÓT** í SVÓT-greining stendur fyrir **S**tyrkur, **V**eikleikar, **Ó**gnanir og **T**ækifæri. Á ensku nefnist aðferðin SWOT-analysis, þar sem **SWOT** stendur fyrir **S**trengths, **W**eaknesses, **O**pportunities and **T**hreats.

SVÓT-greining er því greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum þess sem rannsakað er. Greiningin byggir á forrannsókn, þar sem upplýsingum er safnað og úr þeim unnið á hefðbundinn hátt. Forrannsóknin getur verið sjálfstæð rannsókn eða söfnun fyrirliggjandi gagna. Þau gögn geta verið fengin úr öðrum rannsóknum eða skýrslum, fjölmiðlum o.s.frv. Í sjálfri SVÓT-greiningunni eru niðurstöðurnar síðan flokkaðar á kerfisbundinn hátt og settar fram á formi umsagna (statements). Strangt tekið er því sjálf SVÓT-greiningin ekki rannsóknaraðferð, heldur flokkunarkerfi á niðurstöðum úr forrannsókn, sem getur farið fram á ýmsan hátt. Ekki eru gerðar aðrar kröfur en þær að gögnin séu áreiðanleg og umsagnirnar eins réttar og hægt er.

SVÓT-greiningin er sjálfstæður verkþáttur, sem myndar grundvöll fyrir áætlanagerð. Þegar niðurstöður greiningarinnar liggja fyrir, er næsta skref að nota þær við gerð framkvæmdaáætlunar. Greiningin skilar bestum árangri ef hægt er að flokka greininguna og framkvæmdaáætlunina í samsvarandi þætti. Mikilvægt er því að áætlunin sé brotin upp í einstaka þætti, sem hægt er að tímasetja, skilgreina hvað til þarf og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.

SVÓT-greining var upphaflega þróuð til hagstjórnarrannsókna fyrir fyrirtæki, en hefur síðan náð mikilli útbreiðslu á ýmsum öðrum sviðum. Aðferðin er einföld og leiðir í ljós hvar styrkurinn liggur, hvar skórinn kreppir að, hvaða möguleikar eru fyrir hendi og hvaða hættur eru yfirvofandi ef ekkert er að gert. Styrkur og veikleikar eru oftast innri eiginleikar eða eitthvað sem viðkomandi hefur til ráðstöfunar. Hægt er að byggja á styrknum og hægt er að bæta úr veikleikunum eða draga úr áhrifum þeirra með áherslubreytingum. Ógnanir og tækifæri eru oftast tengd ytra umhverfi eða aðstæðum, einhverju sem ekki er þegar til staðar, en krefst einhverra aðgerða til að nálgast eða forðast. Gera verður varúðarráðstafanir gegn hugsanlegum ógnunum. Á sama hátt er hægt að gera ráðstafanir til að grípa tækifærin, og þau geta orðið grundvöllur framsækinna framtíðaráætlana.

Aðalkostur aðferðarinnar eru að niðurstöðurnar eru aðgengilegar og þær er hægt að nota beint, en ekki þarf að leita að þeim í löngum texta eða byrja á að lesa langa kafla um aðferðafræði til að vita hvernig á að nota þær. Mikilvægt er í því sambandi að skrá einungis upplýsingar sem skipta máli fyrir markmið greiningarinnar. Annar kostur er að auðvelt er að uppfæra niðurstöður, ef þær eru háðar breytingum í tíma.

Það liggur þó e.t.v. í því hve aðferðin er einföld og aðgengileg, að gæta verður varúðar við notkun hennar. Í fyrsta lagi getur formið á framsetningunni gefið til kynna að allt sé talið með sem skiptir máli. Í rannsóknum er það þó sjaldan svo, því sjaldan er hægt að reikna með að allir þættir skili sér. Hve mikið sem vandað er til vinnunnar er alltaf eitthvað sem fer framhjá þeim sem greininguna framkvæma. Í öðru lagi er ekki innbyggt í aðferðina að meta hlutfallslegt vægi eða mikilvægi niðurstaðna. Það getur ýmist verið í höndum þess sem gerir greininguna, og verður þá að gera sérstaka grein fyrir því, eða í höndum þess sem notar niðurstöður greiningarinnar við gerð framkvæmdaáætlunar.

SVÓT-greining er mikið notuð hérlendis og erlendis. Hún er m.a. viðtekin innan Evrópusambandsins og hentar vel við svæðisbundna greiningu á efnahags-, atvinnu- og búsetuþáttum. Hún hentar vel sem undirstaða fyrir byggðaáætlanir og aðrar sambærilegar áætlanir. Styrkur og tækifæri sýna hvað leggja ber áherslu á innan vissra svæða. Það getur sýnt heimamönnum á hvaða sviðum mestir möguleikar eru til vaxtar og verðmætasköpunar, og sýnt

ytra stoðkerfinu hvar utanaðkomandi aðstoð nýtist best sem hvati til vaxtar og verðmætasköpunar. Veikleikar og ógnanir sýna hvað þarf að bæta eða ber að forðast innan svæðanna. Það getur kallað á aðgerðir heimamanna eða björgunaraðgerðir frá ytra stoðkerfinu, en getur einnig sýnt heimamönnum hvar ekki þýðir að bera niður og stoðkerfinu hvar utanaðkomandi aðstoð nýtist síst til vaxtar og verðmætasköpunar.

### *Svæðisbundin SVÓT-greining byggðarlaga á Íslandi*

Í þeirri svæðisbundnu SVÓT-greiningu byggðarlaga á Íslandi, sem hér er gerð, er reynt að gefa yfirgripsmikla mynd af hinum fjölmörgu þáttum sem máli skipta fyrir efnahags-, atvinnu- og búsetuþætti. Í einstaka tilvikum eru birt línurit eða súlurit til glöggvunar, en umfangsins vegna er ekki hægt að gera einstökum atriðum ítarleg skil, svo sem með töflum eða talnagrunnum.

#### *Skipting eftir grunnatvinnuvegum*

Náið samband er milli grunnatvinnuvega og byggðalandslags, þ.e. skiptingar í þéttbýli og dreifbýli, stærðar og dreifingu byggðakjarna, baklands þeirra, fjarlægðar frá stærri þjónustukjörnum og legu við samgöngum á landi, lofti og sjó. Grunnatvinnuvegur landsvæða skiptir því miklu máli við greiningu efnahags-, atvinnu- og búsetuþátta. Hérlendis hagar svo til að tiltölulega samfelld landsvæði hafa svipaða grunneiginleika og er greiningunni skipt í þrjá meginhluta samkvæmt því:

1. **Sjávarbyggðir**, staðir þar sem sjávarútvegur er ráðandi atvinnugrein. Miðað er við að hlutfall starfa í sjávarútvegi sé a.m.k. 30% af störfum í byggðarlaginu. Byggðarlögin eru yfirleitt fámenn, með færri en 2000 íbúa.
2. **Stærri þéttbýlisstaðir**, þar sem atvinnulíf er fjölbreyttara. Miðað er við að hlutfall starfa í þjónustugreinum sé a.m.k. 50% af störfum í byggðarlaginu.
3. **Landbúnaðarhéruð**, svæði þar sem landbúnaður er ráðandi atvinnugrein. Þetta eru yfirleitt dreifbýl svæði, en innan þeirra geta verið minni þéttbýliskjarnar sem eru þjónustumiðstöðvar fyrir svæðin og ekki falla undir lið 1 eða 2.

Í þessum hluta SVÓT-greiningarinnar er einungis fjallað um stærri þéttbýlisstaði. Áður hefur verið gefin út greining á sjávarbyggðum, og ætlunin er að í síðasta hlutanum verði fjallað um landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarna.

#### *Efnisþættir greiningarinnar*

Greiningunni er skipt í efnisþætti. Það eru þeir þættir sem ráða byggðamynstri og orsakað hafa þær breytingar sem nú eru að verða á því. Þar er um að ræða fjórar meginorsakir: breytingar á landbúnaði og fiskveiðum, aukinn hluti þekkingar í framleiðslu og breytt gildismat fólks.

Fækkun starfa í landbúnaði má m.a. rekja til vélvæðingar og breyttra rekstrareininga. Færra fólk þarf á hvert bú og búunum hefur fækkað. Þessi fækkun byrjaði snemma á öldinni og hún stendur enn. Fyrst í stað stóðu flutningarnir oft til nærliggjandi þéttbýlisstaða, en nú virðast þeir að mestu leyti vera til höfuðborgarsvæðisins.

Þegar útgerð hófst í einhverjum mæli hérlendis, myndaðist þéttbýli vegna nauðsynlegrar nálægðar við fiskimiðin. Með breyttum skipakosti, samgöngum og framleiðsluháttum er þessi nauðsyn ekki lengur til staðar í sama mæli. Skipin geta siglt lengri leið en fyrr með aflann án þess að hann skemmist, hluti hans er unninn um borð, og landvinnslan byggir að hluta til á stærri framleiðslueiningum en fyrr. Sökum tæknivæðingar í fiskvinnslu hefur störfum einnig fækkað þar og mun fækka enn á komandi árum. Þegar störfum í fiskvinnslu fækkar og fólk flyst burt,

minnkar einnig undirlag fyrir skóla, verslun og þjónustu, úr þessu verður vítahringur og enn fleiri flytja burt.

Þessar orsakir hafa leitt til mikillar fækkunar íbúa á þeim landsvæðum sem byggja afkomu sína á þessum greinum, og á mörgum þeirra svæða sem tapað hafa fólki á síðustu áratugum er hlutfall ársverka hátt í landbúnaði og sjávarútvegi. Byggðaaðgerðir hafa að miklu leyti verið einskorðaðar við að bregðast við þessum orsökum, en eru nýlega farnar að taka mið af nýrri orsökum byggðavandans.

Þriðja orsökin er aukinn hluti þekkingar í framleiðslunni. Þessi þekking liggur í þeirri tækni, sem notuð er við framleiðsluna, vélum, verkþekkingu, markaðssetningu og fleiru þess háttar. Þetta kemur meðal annars fram í aukinni hagræðingu, sem leiðir til fækkunar starfa í beinni framleiðslu. Þess í stað skapast störf í alls kyns þekkingariðnaði tengdum framleiðslunni, tækniþróun, menntun, markaðsmálum o.þ.h. Nú er talið að í flestum framleiðslugreinum liggi einungis 10% verðmætasköpunar í sjálfri framleiðslunni, en 90% í þekkingariðnaði tengdum henni. Þessi störf lenda ekki í gömlu fiskvinnsluplássunum. Flest þeirra lenda á höfuðborgarsvæðinu, en nokkur á Akureyri eða í stórum sjávarbyggðum eins og Vestmannaeyjum. Þekkingariðnaðurinn er á Reykjavíkursvæðinu og frumframleiðslan er eftir á landsbyggðinni.

Fjórði þátturinn er breytt gildismat fólks, einkum ungs fólks, sem stafar af aukinni menntun, ferðalögum og fjölmiðlum. Ungt fólk kýs æ meiri hreyfanleika í búsetu og atvinnu og velur oftast starfssvið, sem krefjast þekkingar. Það er ekki lengur sátt við að búa á sama stað alla ævi og stunda sama starf alla ævi. Þetta leiðir til aukinna búferlaflutninga, og þeir staðir eru eftirsóknarverðastir, sem bjóða upp á fjölbreytni í búsetu og tækifæri til að skipta um starf. Ungt fólk gerir æ meiri kröfur til framboðs, fjölbreytni og sveigjanleika í menningu og afþreyingu. Hefðbundin félagasamtök uppfylla ekki lengur þarfir þess og það hefur áhrif á búsetuval þess. Þeir staðir eru eftirsóknarverðir, sem bjóða upp á fjölbreytni í þessum efnum.

Ein leiðin til að ráða bót á byggðaröskuninni er að reyna að finna nýtt hlutverk fyrir bæina, þ.e. að finna nýjar atvinnugreinar og reyna að laða ný fyrirtæki til þeirra. Áður fyrr var oft hægt að gera þetta með opinberum reglum og styrkjum, sem notuð voru til að stjórna staðarvali fyrirtækjanna. Nú eru breyttir tímar og fyrirtæki framleiða oft háþróaðar vörur og þjónustu, sem krefjast mikillar starfsþekkingar. Framboð á starfsmenntuðu vinnuafli er meðal þeirra þátta, sem mikilvægir eru fyrir staðarval fyrirtækja. Þetta vinnuafl sækir þangað sem bestir möguleikar bjóðast og þar sem búsetuskilyrði eru best. Búsetuval hins starfsmenntaða vinnuafls ræður því oft miklu um staðarval fyrirtækja. Með nokkurri einföldun má segja að eftirfarandi þættir skipti mestu máli fyrir atvinnu- og byggðaþróun:

Þarfir fyrirtækja:

- Atvinnulíf: fjölbreytni atvinnulífs, samsetning fyrirtækja.
- Staðbundnir rekstrarþættir: landgæði, framboð á húsnæði og/eða lóðum til nýbygginga, orkuframboð, gæði gatnakerfis, veitukerfa o.þ.h.
- Samgöngur: á landsbyggðinni einkum aðgangur að stofnvegakerfi, flugvöllum, höfnum og fjarskiptakerfum.
- Rekstrarþættir fyrirtækja: aðgangur að fjármagni, þjónustu og starfsmenntuðu vinnuafli.
- Samskiptaþættir: nálægð eða tengsl við fyrirtæki með svipaða starfsemi, nálægð við þjónustufyrirtæki.
- Þekking: aðgangur að rannsóknarstofnunum og háskólum.

- Stjórnunarumhverfi: velviljuð og virk opinber stjórnvöld og embættismenn, skýr lög og reglur, skýr skipulagsákvæði sem taka tillit til þarfa fyrirtækjanna.
- Ytri ímynd: gott umhverfi, heimilisfang á vel metnum stað/svæði/hverfi, götunafn sem hljómar vel o.fl.

Þarfir íbúa:
- Umhverfisgæði: veðrátta, umhverfi laust við hávaða og mengun, útsýni, aðgangur að ósnortinni náttúru.
- Félagsleg gæði: atvinna (fyrir bæði hjónin ef við á), efnahagslegt, félagslegt og líkamlegt öryggi, framboð á góðu, vel staðsettu og hagkvæmu húsnæði, góðar verslanir og þjónusta, dagvistun, góðir grunnskólar, aðgangur að menntaskólum og/eða fjölbrautaskólum, möguleikar á framhaldsmenntun eftir stúdentspróf.
- Samgöngur: öruggar og þægilegar samgöngur innanbæjar og við aðra landshluta, aðgangur að almenningssamgöngum (ef við á).
- Menning og afþreying: aðlaðandi umhverfi, gott framboð á menningu og afþreyingu, aðstaða til íþróttaiðkana og útivistar.

Ljóst er að allir þessir þættir eru mikilvægir fyrir atvinnu- og búsetuþróun, og eru þeir því lagðir til grundvallar kaflaskiptingar í greiningunni, sem þá er á þessa leið:

1. Staða byggðarlaganna. Hér er fjallað um stöðu samfélagsins sem heildar.
2. Atvinnulíf. Hér er fjallað um helstu þætti atvinnulífsins.
    - 2.1 Verslun og þjónusta
    - 2.2 Iðnaður
    - 2.3 Upplýsingatækni, nýsköpun og rannsóknir
    - 2.4 Ferðaþjónusta
    - 2.5 Sjávarútvegur

3. Samgöngur og fjarskipti. Þessi þáttur tengist bæði atvinnulífi og búsetu.
4. Búsetuþættir í byggðarlögunum. Hér er fjallað um helstu búsetuþætti samkvæmt ofansögðu.
    - 4.1 Verslun og þjónusta
    - 4.2 Húsnæðismál
    - 4.3 Félagslegt umhverfi
    - 4.4 Menntun
    - 4.5 Menning
    - 4.6 Umhverfis- og skipulagsmál

*Skipting í landsvæði og byggðarlög*

Í þessum hluta greiningarinnar er fjallað um þau byggðarlög á Íslandi sem eiga það sameiginlegt að byggja atvinnu sína öðru fremur á verslun og þjónustu og eru verslunar- og þjónustukjarnar og miðstöðvar stjórnsýslu, hvert á sínu landsvæði. Til að velja þessa byggðakjarna er landinu skipt í nokkuð samfelld og landfræðilega afmörkuð svæði með a.m.k. einn stóran þéttbýliskjarna. Á hverju þessara svæða er svo stærsti kjarninn valinn, og miðað er við að hlutfall þeirra sem stunda þar verslunar- og þjónustustörf sé a.m.k. 50%.

*Suðvesturland* er hér talið vera það svæði, sem er á áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins, frá og með Reykjanesi til Hvalfjarðar og Leirárvogs. Tvö byggðarlög eru ráðandi í sitt hvoru jaðri þessa svæðis, þ.e. Reykjanesbær og Akranes.

*Vesturland* telst ná frá mörkum þessa svæðis, þar sem áhrifa höfuðborgarsvæðisins gætir í minna mæli, og ná u.þ.b. norður að Skarðsströnd og Holtavörðuheiði. Svæðið er ekki með öllu samfellt, en í vali milli Borgarness og byggðarlaga á norðanverðu Snæfellsnesi, er Borgarnes sjálfvalið sem verslunar-, þjónustu- og stjórnsýslukjarni. Byggðir á Snæfellsnesi eru auk þess áður taldar með sjávarbyggðum.

*Vestfirðir* eru nokkuð skýrt afmarkaðir landfræðilega, þótt e.t.v. sé erfitt að líta á þá sem samfellt landsvæði. Ísafjörður er þar sjálfvalið byggðarlag, meðan Vesturbyggð gegnir mun takmarkaðra hlutverki á suðurfjörðunum og er auk þess áður talin með sjávarbyggðum.

*Norðurland vestra* afmarkast af Ströndum og Holtavörðuheiði í vestri og Tröllaskaga í austri. Sauðárkrókur er þar helsti verslunar-, þjónustu- og stjórnsýslukjarninn.

*Eyjafjörður* er það fjölmennt og þéttbýlt svæði, skýrt afmarkað af fjallgörðum til vesturs og austurs, að það er talið sérstakt landsvæði (Miðnorðurland), þótt það sé landfræðilega minna en hin svæðin. Akureyri er þar miðstöð verslunar, þjónustu og stjórnsýslu.

*Norðurland eystra* er hér talið afmarkast af Vaðlaheiði og fjallgarði milli eyjafjarðar og Skjálfanda í vestri og Möðrudalsöræfum í austri. Húsavík er þar helsti verslunar-, þjónustu- og stjórnsýslukjarni.

*Austurland* telst hér ná suður að Hornafirði, en Höfn er áður talin með sjávarbyggðum. Egilsstaðir teljast vera helsti verslunar-, þjónustu- og stjórnsýslukjarni á Austurlandi, en allir aðrir þéttbýliskjarnar eru áður taldir með sjávarbyggðum.

*Suðurland* nær síðan vestur að Reykjanesskaga og Hellisheiði. Reyndar er vart hægt að telja Suðausturland og Suðvesturland sem samfellt svæði, en þar sem lítil byggð er austan Mýrdalsjökuls er allt suðurland þó talið hér sem eitt svæði. Helsti verslunar-, þjónustu- og stjórnsýslukjarni er Selfoss.

Þeir þéttbýliskjarnar, sem hér eru til skoðunar eru því (sjá meðfylgjandi kort):

- Akureyri
- Húsavík
- Egilsstaðir
- Selfoss
- Reykjanesbær - þéttbýliskjarni
- Akranes
- Borgarnes
- Ísafjörður
- Sauðárkrókur

Þar sem samlegðaráhrif (agglomeration effects) og samþættingaráhrif (cluster effects) ráða mestu um styrk byggðarlaga af þessari stærð og gerð, er hér fjallað um þéttbýliskjarnana sem sjálfstæðar landfræðilegar einingar. Ekki er fjallað um sveitarfélögin í heild sinni, en í þeim tilfellum sem þéttbýliskjarnarnir sækja styrk (eða veikleika) til þess að vera hluti af þeirri stærri stjórnsýslueiningu sem sveitarfélagið er, er þess getið sérstaklega. Þannig er t.d. fjallað um Selfoss og Sauðárkrók, en ekki sveitarfélögin Árborg eða Skagafjörð, sem innihalda fleiri dreifða þéttbýliskjarna. Um minni kjarnana er ýmist fjallað í greiningu sjávarbyggða eða

landbúnaðarhéraða með tilheyrandi minni þéttbýliskjörnum. Reykjanesbær hefur nokkra sérstöðu, þar sem sveitarfélagið varð til við samruna nokkurra þéttbýliskjarna, þar sem Keflavík og Njarðvík mynda samfellt þéttbýli. Sá kjarni er hér kallaður Reykjanesbær - þéttbýliskjarni.

Fjallað verður sérstaklega um hvern þátt, styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri sem einkenna byggðarlögin í heild og hvert þeirra fyrir sig. Að lokum verða svo niðurstöður dregnar saman.



# 1 STAÐ A BYGGÐ ARLAGANNA

## 1.1 Almenn greining á stöðu byggðarlaganna

### STYRKUR

*Miðstöðvar stjórnsýslu*

Byggðarlögin eru miðstöðvar stjórnsýslu, verslunar og þjónustu, samgangna og menntunar á sínu landsvæði.

*Nægilega stór byggðarlög*

Byggðarlögin eru af nægilegri stærð til að bjóða upp á fjölbreytt atvinnutækifæri og góð búsetuskilyrði.

### VEIKLEIKAR

*Aukin verkefni, en litlir tekjustofnar*

Alþingi hefur flutt verkefni frá ríki til sveitarfélaga og sett lög um önnur verkefni, sem sveitarfélögum er ætlað að leysa. Jafnframt hafa ýmsar skattkerfisbreytingar leitt af sér skerðingu tekjustofna sveitarfélaganna. Sveitarfélög með 1000 - 3000 íbúa eru hér einna verst stödd.

*Erfiðast hjá sveitar-félögum með 1000 – 5000 íbúa*

Reksturinn er talinn erfiðastur hjá sveitarfélögum með 1000 – 5000 íbúa. Mörg þeirra eru sameinuð sveitarfélög. Þau reyna að veita alla þjónustu sem tiltæk er, en eiga í erfið leikum með það.

*Félagslegar íbúðir eru baggi á sveitarfélögum*

Félagslegar íbúðir eru sums staðar fjárhagsbyrði fyrir sveitarfélögin. Á níunda áratugnum var byggt mikið af þeim, þar af um 90% á landsbyggðinni. Þessar íbúðir tilheyrðu einstaklingum, en sveitarfélögin höfðu innlausnarskyldu við sölu þeirra. Flest sveitarfélög hafa þurft að innleysa til sín íbúðir, víða er mikið fé bundið í félagsíbúðakerfinu, og hafa sum sveitarfélögin safnað skuldum af þeim sökum. Rekstrarkostnaður íbúðanna er oft umfram tekjur af þeim.

*Lágt menntunarstig*

Aðeins 19% alls fólks á aldrinum 25-64 ára sem lokið hafa háskólamenntun er búsett á landsbyggðinni, en 53% þess fólks á sama aldri, sem einungis hafa grunnskólamenntun. Háskólamenntuðu fólki fækkar á landsbyggðinni en fjölgar á höfuðborgarsvæðinu. (Hagstofa Íslands, 1999).

*Lægri tekjur*

Tekjur fyrir sömu störf eru lægri í flestum greinum á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Mestur er munurinn í þjónustu-, sölu og afgreiðslustörfum, allt að 40%. Nokkuð hefur þó dregið úr þeim mun skv. könnu Þjóðhagsstofnunar á tekjum eignum og dreifingu þeirra á árunum 1998 – 1999.

*Minni fjölbreytni afþreyingar*

Skemmtanalíf er ekki eins fjölbreytt á minni stöðum og þeim stærri, og færra er þar í boði til afþreyingar.

| | |
|---|---|
| *Lítil veðhæfni* | Fólk fær víðast hvar léleg veð út á fasteignir sínar. Þetta getur haft hamlandi áhrif á frumkvæði og framkvæmdavilja. |
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Skortur á leiguhúsnæði, getur haft hamlandi áhrif á framþróun staða, þar sem aðfluttir sækjast oft eftir slíku húsnæði fremur en að kaupa fasteignir. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Fækkun starfa* | Samkvæmt nýlegri könnun Þjóðhagsstofnunar vilja fyrirtæki á landsbyggðinni fækka starfsfólki um 0,1%. Ástandið hefur þó batnað og er að þessu leyti betra en á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Starfsgreinar ekki kenndar á landsbyggðinni* | Ýmis starfsgreinasambönd vinna að því að starfsgreinar séu kenndar á höfuðborgarsvæðinu eða fáum stöðum utan þess. Þetta mundi koma niður á verkmenntun í byggðarlögunum |

## TÆKIFÆRI

*Lausn á vanda vegna félagslegra íbúða*

Ýmsar hugmyndir hafa komið upp varðandi lausn á vanda sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða. Með breytingu á lögum um húsnæðismál var sveitarfélögum heimilað að selja félagsíbúðir á markaði. Hins vegar er munur á bókfærðu verði íbúða og hugsanlegu söluverði víða mjög mikill. Varasjóður viðbótarlána var settur á stofn m.a. til að leysa vanda þeirra sveitarfélaga sem ráða ekki við að standa undir þeim skyldum sem þeim er gert að yfirtaka með því að greiða mismun á markaðsverði og bókfærðu verði íbúða. Með afskriftum á skuldum sveitarfélaga við sjóðinn sem nemur mismuni á innlausnarverði og markaðsverði mun fjárhagsvandi sveitarfélaganna minnka. - Með nýjum lögum um húsnæðismál er sveitarfélögum heimilt að breyta félagslegum eignaríbúðum sem koma til innlausnar í leiguíbúðir til framtíðar. Lögin gera ráð fyrir að sveitarfélög geti stofnað hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða félag með ótakmarkaða ábyrgð, er annist útleigu íbúða í eigu sveitarfélagsins. - Þá eru víða hugmyndir um að nýta íbúðirnar á annan hátt, t.d. fyrir erlenda fræðimenn og listamenn eða fyrir gistiheimili.

*Reynslusveitarfélög vel heppnuð*

Stjórnsýslutilraunir reynslusveitarfélaga á árunum 1995-2000 á sviði byggingarmála, málefna fatlaðra, öldrunarmála og heilsugæslu virðist hafa náð markmiðum sínum:

- að auka sjálfsstjórn sveitarfélaganna;
- að laga stjórnsýslu sveitarfélaganna að staðbundnum aðstæðum;
- að bæta þjónustu við íbúana;
- að nýta betur fjármagn hins opinbera.

Árangurinn var misjafnlega mikill eftir því um hvaða tegund verkefna var að ræða. Mestur varð árangurinn þar sem málaflokkar

voru færðir í heild sinni frá ríki til sveitarfélaga með tilflutningi á fjármunum og yfirfærslu ábyrgðar á mótun þjónustuþátta. Þar er um að ræða málefni fatlaðra, öldrunarmál og heilsugæslu.

*Efling fasteignamarkaðar*

Ný lög um fasteignaskatt leiða til lækkunar fasteignagjalda á landsbyggðinni, sem ætti að efla fasteignamarkaðinn þar.

*Tækifæri fyrir menntað fólk*

Vegna lítillar ásóknar í störf víða á landsbyggðinni bjóðast menntuðu fólki sem er að hefja starfsferil sinn stundum betri tækifæri þar en á höfuðborgarsvæðinu. Með því getur það öðlast starfsreynslu sem það hefði annars ekki átt kost á. Sveitarfélög á landsbyggðinni geta nýtt sér þetta.

*Efling mannauðs*

Efla þarf mannauð á minni stöðunum með því að efla menntun fólks á staðnum og bæta búsetuskilyrði til að laða að nýja íbúa.

*Jöfnun aðstöðu*

Ríkisvaldið þarf að fylgja eftir og halda áfram öflugum aðgerðum til að jafna aðstöðu byggðarlaganna, t.d. hvað varðar búsetukostnað, námskostnað og námsaðstöðu.

*Frumkvæði og framtak heimamanna*

Ályktun Alþingis um stefnu í byggðamálum 1999 - 2001 miðar að því að efla atvinnulíf og aðra búsetuþætti á landsbyggðinni. Áhersla er lögð á að efla frumkvæði, framtak, hugmyndir og dreifingu fjármagns á landsbyggðinni sjálfri.

*Aukin fjölbreytni atvinnulífs*

Í þingsályktuninni er lögð áhersla á aukna fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Opinberum störfum fjölgi og nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar.

*Fé til nýsköpunarverkefna*

Í þingsályktuninni er kveðið á um að tryggja nauðsynlegt fé til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni.

*Fjárfesting í samgöngum, menntun og fjarskiptum*

Í þingsályktuninni er kveðið á um að grundvöllur byggðarlaga verði treystur með því að örva fjárfestingar í samgöngum, menntun, byggingum og fjarskiptum.

## 1.2 Svæðisbundin greining á stöðu byggðarlaganna

### 1.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Stærsti bærinn* | Akureyri stærsti bær landsbyggðarinnar og frambærilegur búsetukostur miðað við höfuðborgarsvæðið. |
| *Sterkur þjónustukjarni* | Akureyri er sterkur þjónustukjarni, bæði hvað varðar opinbera og einkarekna þjónustu. Þar er miðstöð í ýmissi starfsemi hins opinbera á Norðurlandi. Þar er m.a. stórt fjórðungssjúkrahús, er að eflast og fjölmargar æðri menntastofnanir þar sem störfum er að fjölga. |
| *Íbúafjölgun* | Íbúum á Akureyri fjölgaði um 8,5% á tímabilinu 1990 - 2000. S.l. ár fjölgaði íbúum um 1,7%. (Byggðastofnun, 2000). Nokkru færri hyggja á brottflutning frá Akureyri samkvæmt könnun Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri í apríl 2001, en samkvæmt samskonar könnun árið áður. |
| *Jákvæðir búsetuþættir* | Í lífskjarakönnun sem gerð var fyrir atvinnumálanefnd Akureyrar kom fram að íbúar telja öryggi, barna- og fjölskylduvænt umhverfi, veðurfar og nálægð við náttúruna helstu kosti þess að búa á Akureyri. |
| *Mikil uppbygging* | Allmikil uppbygging hefur verið undanfarið og ný hverfi í byggingu. Ekkert bendir til að uppsveiflan sé í rénun. |
| *Góðar samgöngur* | Samgöngur við nágrannasveitarfélögin eru góðar, og allgóðar við aðra landshluta. Öll grunngerð er góð. |
| *Gott atvinnuástand* | Atvinnuástand er gott og atvinnuleysi lítið. |
| *Háskólinn og Verkmenntaskólinn* | Háskólinn er mikilvægt atvinnufyrirtæki. Hann stuðlaði að endurreisn staðarins og eykur fjölbreytni mannlífsins. Verkmenntaskólinn hefur einnig aukið styrk Akureyrar sem skólabæjar. |
| *Sjálfsmynd að styrkjast* | Sjálfsmynd Akureyrar er að styrkjast eftir erfið gjaldþrot iðnfyrirtækja. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Lægri laun* | Árið 1996 voru launin frá 5% upp í 15% lægri á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu. Munurinn hefur minnkað síðan þá, einkum hvað varðar laun karla. |
| *Einnig neikvæðir búsetuþættir* | Í áðurnefndri lífskjarakönnun kom fram að léleg laun og ekki nægjanleg fjölbreytni í atvinnumálum voru þeir þættir sem helst þóttu neikvæðir. |

| | |
|---|---|
| *Óttast stærðina* | Fólk í nágrannabyggðunum óttast stærð Akureyrar. Þetta hefur staðið í vegi fyrir hugmyndum um sameiningu sveitarfélaga. |
| *Íhaldssemi* | Að mati margra heimamanna ríkir fremur hægur hugsanagangur og viss íhaldssemi á Akureyri. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Brottflutningur úr nágrannabyggðum* | Brottflutningur er úr nágrannabyggðarlögum og fólksfækkunar gætir á Eyjafjarðarsvæðinu utan Akureyrar. |
| *Gjaldþrot* | Með gjaldþroti fyrirtækisins Skinnaiðnaðar missa um 120 manns atvinnu á Akureyri. Þegar þetta er ritað er ekki útséð með hvort reksturinn verður endurreistur. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Aukin fjölbreytni atvinnulífs* | Atvinnumálanefnd hefur markað stefnu um eflingu og aukna fjölbreytni atvinnulífs á Akureyri. Efst á blaði eru markaðs- og kynningarmál, stefnumótun í ferðamálum, samgöngumál, umhverfismál, fyrirtækjanet, orkumál og orkufrekur iðnaður. |
| *Stefnumótun í atvinnumálum* | Í *Stefnumótun í atvinnumálum fyrir Akureyri* er sett fram það markmið að uppbygging tækni- og þjónustugreina og þekkingar sem byggist á sérstöðu svæðisins verði nýtt til að renna stoðum undir fjölbreyttara atvinnulíf og auðugt mannlíf. Skipulagsmál og framkvæmdir Akureyrarbæjar mæti kröfum fyrirtækja og atvinnugreina. |
| *Fjárfestingabanki* | Þar er einnig lagt til að kannaðir verði kostir þess að stofna sjálfstæðan fjárfestingarbanka á Akureyri. |
| *Miklar framkvæmdir fyrirhugaðar* | Áætlun um rekstur, fjármál og framkvæmdir bæjarsjóðs Akureyrar á tímabilinu 2002 – 2004 gerir ráð fyrir umfangsmeiri framkvæmdum en nokkurn tíma áður. Helstu framkvæmdir eru á sviði leik- og grunnskóla, menningar- og íþróttamála. |
| *Göng undir Vaðlaheiði* | Göng undir Vaðlaheiði mundu efla Akureyri sem þjónustukjarna. |
| *Verktakar á landsvísu* | Grundvöllur er fyrir sterk verktakafyrirtæki, og mikil tækifæri liggja í að verktakar sæki verkefni annað á land. |

### 1.2.2 Húsavík

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Miðstöð stjórnsýslu o.fl.* | Húsavík er miðstöð stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar í Þingeyjarsýslum. Þar er m.a. sýslumaður, sjúkrahús og fjölbrautaskóli |

og margar þjónustustofnanir á vegum ríkisins, svo sem Vegagerðin, Landgræðslan og RARIK. Héraðsnefnd Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hafa aðsetur á Húsavík.

*Góð staðsetning* — Húsavík er miðsvæðis í Þingeyjarsýslum. Í sveitarfélaginu er stór vinnumarkaður og góð höfn.

*Staðsetning gagnvart auðlindum* — Húsavík er vel staðsett gagnvart auðlindum sjávar og stutt í miklar orkuauðlindir.

*Sterk sjálfsmynd* — Íbúar finna sjálfsmynd í að vera Húsvíkingar fremur en Þingeyingar almennt.

## VEIKLEIKAR

*Skuldsetning* — Skuldsetning bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja á Húsavík nálgast 1,8 milljarða á þessu ári. (Dagur 05.12.00)

*Fækkun íbúa og lítið byggt* — Íbúum Húsavíkur fækkaði um 2,3% á árunum 1990-2000 (Byggðastofnun, 2000). Fólksfækkun hefur einkum tengst breytingum á útgerð og áföllum í atvinnulífi.

*Samþjöppun á eignarhaldi fyrirtækja* — Samþjöppun hefur orðið á eignarhaldi í fyrirtækjum í hefðbundnum atvinnugreinum, svo sem sjávarútvegi, matvöruverslunum og fjármálafyrirtækjum.

*Mettun í flutningi opinberra starfa* — Ákveðin mettun hefur orðið í flutningi opinberra starfa til Húsavíkur.

*Skert ímynd* — Ímynd Húsavíkur hefur orðið fyrir hnjaski vegna áfalla í atvinnulífi. Húsavík hefur einnig lent í erfiðum fjölmiðlamálum, sem dregið hafa fram neikvæðar hliðar mannlífsins.

*Sameiningartákn veikjast* — Sameiningartáknin hafa látið á sjá, svo sem Kaupfélag Þingeyinga og Fiskiðjusamlag Húsvíkinga. fyrirtæki hafa lent í gjaldþroti, svo sem Aldin og KÞ.

*Ákvarðanataka burt* — Ákvarðanataka hefur færst frá staðnum, ýmist til Akureyrar eða Reykjavíkur.

*Skortir stefnumótun* — Ekki er fyrir hendi markviss stefnumótunarvinna hjá sveitarfélaginu.

## ÓGNANIR

*Brothætt atvinnulíf* — Atvinnulífið er brothætt og fyrirtækin völt í sessi. Samdráttur hefur orðið í byggingariðnaði, og gjaldþrot Kaupfélags Húsavíkur í fyrra, og Íslensks harðviðar á þessu ári ógna atvinnuástandi á Húsavík.

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Þróun kringum höfnina* | Nokkur þróun og möguleikar eru kringum höfnina og skipulag þess svæðis, þar sem höfnin er útflutningshöfn og þar hefur verið að byggjast upp aðstaða fyrir ferðaþjónustu. |
| *Sameining sveitarfélaga* | Í gangi eru viðræður um sameiningu sveitarfélaga. |
| *Aukin nýting orkulinda* | Tækifæri felast í aukinni nýtingu orkulinda í nágrenni Húsavíkur. |
| *Bæta ímynd* | Vinna þarf að því að bæta ímynd Húsavíkur. |

### 1.2.3 Egilsstaðir

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Miðstöð opinberrar starfsemi* | Egilsstaðir eru miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar á Austurlandi. Þar er m.a. héraðsdómari, skattstofa, sjúkrahús og menntaskóli. Atvinnuþróunarfélag Austurlands og Fræðslunet Austurlands hafa aðsetur á Egilsstöðum, og Skógrækt ríkisins er með aðsetur við Egilsstaði |
| *Fjölbreytt atvinnulíf* | Á Egilsstöðum er fjölbreytt og þróttmikið atvinnulíf. |
| *Verslun og þjónusta* | Margar verslanir eru í bænum og þjónustustarfsemi öflug. |
| *Leiðir mætast* | Styrkur liggur í staðsetningu Egilsstaða, þar mætast landleið (þjóðvegur 1), og flugleið. |
| *Sterk sjálfsmynd* | Íbúar Egilsstaða hafa sterka sjálfsmynd og álíta Egilsstaði vera höfuðstað Austurlands. |
| *Ungt byggðarlag* | Egilsstaðir eru ungt byggðarlag, sem ekki hefur neitt “lík í lestinni” svo sem skipulagsslys frá fyrri tíð. Bætt hefur verið úr skipulagsmálum og nú eru lóðamál í góðu horfi. |
| *Íbúafjölgun* | Íbúum á Egilsstöðum hefur fjölgað nokkuð undanfarin ár, þrátt fyrir almenna fólksfækkun á Austurlandi. (?) |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Samstöðu vantar um Egilsstaði* | Það veikir nokkuð stöðu Egilsstaða sem verslunar- og þjónustukjarna á Austurlandi, að ekki hefur náðst að skapa einingu á Austurlandi. Landshlutakjarnahlutverk Egilsstaða er ekki að fullu viðurkennt á svæðinu t.d. þegar kemur að því að ákveða staðsetningu þjónustu. |
| *Fjarri sjó* | Egilsstaðir hafa ekki aðgang að sjó. |
| *Neikvæð ímynd* | Egilsstaðir og Austurland almennt hafa fengið þá ímynd að þar séu |

flokkadrættir út af ýmsum málum, svo sem umhverfismálum.

## ÓGNANIR

*Minnkað forystuhlutverk*

Iðnaðaruppbygging við Reyðarfjörð gæti dregið úr vægi Egilsstaða sem landshlutakjarna vegna fólksfjölgunar á Reyðarfirði, sem er að ýmsu leyti miðsvæðis í landssamöngukerfi fjarðanna og verður það í enn meira mæli þegar göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eru komin.

## TÆKIFÆRI

*Uppbygging þjónustu*

Egilsstaðir hefur möguleika á uppbyggingu þjónustu á ýmsum sviðum vegna fjarlægðarverndar frá Reykjavík.

*Styrkur af álveri*

Ef verður af byggingu álvers mun það styrkja stöðu Austurlands og þar með Egilsstaða. Gert er ráð fyrir að allt að þriðjungur starfsmanna muni verða búsettur á Egilsstöðum, og gert er ráð fyrir því í aðalskipulagi.

*Iðnaðarhverfi við flugvöll*

Uppi eru hugmyndir um iðnaðarhverfi í nágrenni flugvallarins.

### 1.2.4 Selfoss

## STYRKUR

*Miðstöð stjórnsýslu o.fl.*

Selfoss er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar á Suðurlandi. Þar er m.a. sýslumaður, sjúkrahús og fjölbrautaskóli. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hefur aðsetur á Selfossi. Staðsetning Búnaðarsambandsins er styrkur fyrir byggðarlagið.

*Íbúafjölgun*

Á árunum 1989-1999 fjölgaði íbúum á Selfossi um x%(?). S.l. ár var fjölgunin 3,8%. (Byggðastofnun, 2000).

*Fjölbreytt atvinnulíf*

Nokkur fjölbreytni er í vinnumarkaðnum á Selfossi. Hann er stöðugur og samfélagið í jafnvægi. Á Selfossi eru öflug fyrirtæki, og má þar nefna Mjólkursamlagið, Húsasmiðjuna, verktakafyrirtæki og byggingarfyrirtæki.

*Nóg byggingarland*

Sveitarfélagið á byggingarland, sem dugir í nokkra áratugi og getur tekið við örum vexti.

*Verktakar*

Á svæðinu eru verktakar, sem byggja íbúðir og kosta allar framkvæmdir í sambandi við frágang gatna og lóða. Þeir geta selt lóðirnar á mismunandi verði, sem sveitarfélagið sjálft á erfitt með. Samvinna er milli sveitarfélagsins og verktaka um útivistarsvæði.

| | |
|---|---|
| *Eggi baggi af félagslegum íbúðum* | Sveitarfélagið á fáar félagslegar íbúðir, og eru þær því ekki skuldabaggi á því. |
| *Sameiningin styrkur* | Sameining sveitarfélaganna hefur styrkt svæðið til langs tíma litið, og litið er á sveitarfélagið Árborg sem eitt vinnusvæði. |
| *Nálægð við höfuðborgarsvæðið* | Nálægðin við höfuðborgarsvæðið er styrkur fyrir Selfoss. Það er góður búsetukostur og þ.a.l. atvinnusvæði með fjölbreyttan mannafla. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Atvinnuleysi hjá konum* | Mikið atvinnuleysi er hjá konum, einkum eldri konum, eftir að vinnustaðurinn 66 gráður norður lagði niður starfsemi sína. |
| *Vantar að mennta ófaglært fólk* | Nokkuð skortir upp á að mennta ófaglært fólk, og mikið er um láglaunastörf. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Brottflutningur Goða* | Við brottflutning Goða af svæðinu missa 25 manns atvinnu. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Nálægð við höfuðborgarsvæðið* | Nálægð við höfuðborgarsvæðið gefur Selfossi ýmis tækifæri á sviði atvinnuuppbyggingar, svo sem verslunar, ´þjónustu og ferðaþjónustu. |

### 1.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Miðstöð stjórnsýslu o.fl.* | Reykjanesbær er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar á Reykjanesi. Þar er m.a. sýslumaður, sjúkrahús og fjölbrautaskóli. Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar þjónar öllu Reykjanesi. |
| *Reykjanes eftirsótt* | Gott samgöngukerfi, nálægð við höfuðborgina og öruggt samfélag gera Reykjanesbæ að vinsælu íbúðarsvæði. Fasteignaverð er einnig lægra en á höfuðborgarsvæðinu og nægar byggingarlóðir eru til reiðu. |
| *Íbúafjölgun* | Íbúum í Reykjanesbæ fjölgaði um x% á tímabilinu 1989 - 1999. S.l. ár fjölgaði íbúum um 2,1%. (Byggðastofnun, 2000) |
| *Nálægð við alþjóðaflugvöll* | Styrkur Reykjanesbæjar felst fyrst og fremst í nálægð við Keflavíkurflugvöll. Nálægðin gerir Reykjanesbæ eftirsóknarverðan fyrir útflutningsfyrirtæki, m.a. á ferskfiski. Keflvíkingar fara mikið til útlanda. Keflavík hefur breyst frá því að vera sjávarbyggð í að vera þjónustumiðstöð fyrir flugvöllinn og nágrannasveitarfélögin. |
| *Fjölbreytt atvinnulíf* | Atvinnuástand er allþokkalegt og nokkuð fjölbreytt störf í boði. |

| | |
|---|---|
| | Flugvöllurinn og Bláa lónið hafa m.a. skapað atvinnutækifæri í Reykjanesbæ, og nálægðin við Reykjavík er styrkur fyrir vinnumarkaðinn, einkum á uppgangstímum. Laun í Reykjanesbæ eru að meðaltali um 6% yfir landsmeðaltali, og lífsstandard hefur alltaf verið nokkuð góður. |
| *Sterk verktakafyrirtæki* | Í Reykjanesbæ eru sterk verktakafyrirtæki, svo sem Keflavíkurverktakar. |
| *Hitaveitan styrkur* | Reykjanesbær er stór hluthafi í Hitaveitu Suðurnesja, sem er mikill styrkur fyrir sveitarfélagið. |
| *Öflugt atvinnuþróunarfélag* | Atvinnuþróunarfélagið er öflugt. Það starfar á vegum sveitarfélagsins, en hefur boðið nágrannasveitarfélögum upp á þjónustusamning. Þetta rekstrarform leiðir til þess að stefnumörkun verður markvissari en ella. |
| *Sameining sveitarfélaga* | Sameining sveitarfélaganna hefur skilað aukinni velferð til þeirra, og meiri uppgangur er eftir sameininguna, þar sem hægt er að samnýta ýmsa þætti. |
| *Breytt ímynd* | Ímynd Reykjanesbæjar hefur breyst frá því að vera sjávarþorp og Kanabær yfir í að vera bílabær og bítlabær. Glansmyndin snýst um Hljóma og fótboltann. |
| *Góður bær* | Fólk er nokkuð ánægt með bæjarfélagið og telur það vera frekar rólegan og góðan bæ. |
| *Jákvæður fréttaflutningur* | Fréttaflutningur ríkisfjölmiðla um Reykjanesbæ er fremur jákvæður. Fréttamaður og tökumaður sjónvarps er á staðnum, og auk þess starfa tveir fjölmiðlar í Reykjanesbæ. |
| *Engir fjárhagslegir baggar* | Sveitarfélagið hefur enga fjárhagslega bagga eins og félagslegar íbúðir. Aldrei er keyrt yfir mörkin, og nú er verið að auka þjónustu við íbúana. |
| *Veitukerfi* | Uppbygging veitukerfa er að mestu leyti í höndum Hitaveitu Suðurnesja og fylgir vel uppbyggingu hverfa. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Skortur á fagmenntuðum einstaklingum* | Reykjanesbær er ekki hámenntasvæði, og skortur er á fagmenntuðu vinnuafli á Reykjanesi. Um 28% af vinnuaflinu hafa iðnmenntun eða stúdentspróf og 12% háskólapróf. (Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar, 1999). Mikið er um lítið menntað vinnuafl í láglaunastörfum. |

| | |
|---|---|
| *Þenslan skilar sér ekki* | Þenslan á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki skilað sér sérstaklega til Reykjanesbæjar. |
| *Fjárhagsvandi* | Sveitarfélagið á að etja við vissan fjárhagslegan vanda, sem kemur niður á skólamálum, leikskólum o.fl. |
| *Íhaldssemi varðandi úthlutun á svæðum* | Íhaldssemi ríkir varðandi úthlutun á svæðum, og í dag er þar skortur. |
| *Ekki hátækniiðnaður* | Ekki er mikið um hátækniiðnað í Reykjanesbæ. |
| *Neikvæð ímynd* | Margir hafa enn þá ímynd af Reykjanesbæ að íbúar lifi á varnarliðinu. |
| *Ekki jafn mikið hálaunasvæði* | Reykjanesbær er ekki lengur jafn mikið hálaunasvæði og áður var, þar sem tekjuöflunarmöguleikar með vaktavinnu o.þ.h. hafa minnkað. skattstofn sveitarfélagsins hefur jafnfram rýrnað eitthvað. |
| *Atvinnustig* | Atvinnustigið er lægra en á höfuðborgarsvæðinu, t.d. minna af störfum fyrir háskólamenntað fólk. Margt menntað fólk sækir vinnu til höfuðborgarsvæðisins. |
| *Minnkandi atvinna við Keflavíkurflugvöll* | Atvinna við Keflavíkurflugvöll hefur minnkað á undanförnum árum. Undanfarin ár hefur orðið samdráttur í störfum hjá Varnarliðinu. Umsvif hafa minnkað og framkvæmdir fyrir herinn eru minni en frá upphafi. |
| *Aðgengi að fjármagni* | Takmarkað aðgengi að fjármagni háir fyrirtækjarekstri. Þar vantar sjóð sem styrkir smærri verkefni. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Lágt menntunarstig* | Lágt menntunarstig getur hamlað eðlilegri þróun atvinnulífs á svæðinu. Of lítið er um störf fyrir háskólamenntað vinnuafl. |
| *Samkeppni um vinnuafl* | Reykjanesbær á í samkeppni við höfuðborgarsvæðið um vinnuafl. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Nálægð við höfuðborgarsvæðið* | Nálægð við höfuðborgarsvæðið mun efla búsetu á Reykjanesi enn meira á næstu árum. Reykjanesbær er öflugur þjónustukjarni sem hægt er að efla enn frekar. |
| *Markaðssetja Helguvík* | Reynt er að byggja upp markaðssetningu fyrir Helguvík. |
| *Jarðhitinn vannýtt auðlind* | Hitaveitan veitir mörg tækifæri, og jarðhitinn er vannýtt auðlind. |

| | |
|---|---|
| *Framtak hjá heimamönnum* | Mikið framtak er hjá heimamönnum og þeir vilja bjarga sér sjálfir. |
| *Stefnumörkun og framþróun* | Mikil framþróun er í sveitarfélaginu og í gangi er stefnumörkun, sem forstöðumenn málaflokka, æðstu embættismenn taka þátt í. |
| *Staðbundin sjónvarpsrás* | Hafinn er undirbúningur að stofnun sjónvarpsstöðvar, sem senda mun út efni á staðbundnu breiðbandskerfi. |

### 1.2.6 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Miðstöð stjórnsýslu* | Akranes er miðstöð opinberrar stjórnsýslu. Þar er m.a. lögregla og sýslumaður fyrir þéttbýlið, sjúkrahús og fjölbrautaskóli. Landmælingar Íslands eru staðsettar á Akranesi. |
| *Hluti af höfuðborgarsvæðinu* | Akranes er að verða hluti af höfuðborgarsvæðinu og keppir að ýmsu leyti á þeim markaði. Vegna nálægðar við Reykjavík hefur Akranes mikla möguleika á að vaxa, og verktakar sækjast eftir byggingarlóðum. |
| *Íbúafjölgun* | Á árunum 1990-2000 fjölgaði íbúum á Akranesi um 3,7 %. S.l. ár var fjölgunin 1,5%. 1. des. 2000 voru Akurnesingar fleiri en nokkru sinni fyrr eða 5.433. (Byggðastofnun, 2000; Hagstofan, 2001). |
| *Úr sjávarbyggð í fjölbreytt samfélag* | Akranes hefur vaxið síðustu 40 árin úr að vera einhæf sjávarbyggð í að hafa fjölbreytt atvinnulíf og þjónustu. Þar eru stór fyrirtæki á sviði iðnaðar og sjávarútvegs. Frá 1996 hefur verið uppgangur á Akranesi. |
| *Laun yfir meðaltali* | Meðallaun íbúa Akraness eru rúm 6% yfir landsmeðaltali. |
| *Hagstæð búsetuskilyrði* | Á Akranesi eru ýmis hagstæð búsetuskilyrði í atvinnulegu tilliti. Þar má nefna tiltölulega fjölbreytt atvinnulíf, háar meðaltekjur og nálægð við stór atvinnusvæði. |
| *Hvalfjarðargöngin opnuðu svæðið* | Hvalfjarðargöngin opnuðu svæðið, sem áður var lokað og staðbundið. Ungt fólk býr nú lengur á svæðinu og sækir menntun suður. Fólk getur nú búið á Akranesi og sótt vinnu eða menntun til Reykjavíkur, og margir flytja til akraness í þeim  tilgangi. |
| *Íþróttabær* | Akranes er mikill íþróttabær. Íþróttir eru stór þáttur í bæjarlífinu og menningu staðarins. |
| *Landmælingar styrkur* | Með flutningi Landmælinga til Akraness fjölgaði háskólamenntuðu fólki, Skagamenn fluttu heim. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Vantar hlutastörf fyrir konur* | Skortur er á hlutastörfum fyrir konur. |
| *Gjaldþrot fyrirtækja* | Meðal neikvæðra þátta er gjaldþrot stórra fyrirtækja, sýslumannsmálið og ÞÞÞ gjaldþrotið. |
| *Öldudalur 1988 – 1996* | Frá 1988 varð öldudalur á Akranesi. Útgerðarfyrirtæki lentu í erfiðleikum, einnig prjónastofur og saumastofur, erfiðleikar hjá skipasmíðastöð og fækkun starfa á Grundartanga. Ungt fólk flutti burt og framhaldsskólanemendum fækkaði. Um árabil var deyfð yfir byggingarframkvæmdum og deiliskipulag dróst aftur úr. Tekið hefur tíma að vinna þetta upp. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Lítið landrými* | Lítið landrými er eftir fyrir þróun sveitarfélagsins. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Stækkun Norðuráls* | Fyrirhuguð stækkun Norðuráls mun skapa fjölda nýrra starfa. Um 80% starfsmanna Norðuráls eru búsettir á Vesturlandi og mikill fjöldi þeirra á Akranesi. |
| *Stefnumótun um Hvalfjarðargöng* | Í gangi er stefnumótun til að nýta möguleika sem Hvalfjarðargöngin skapa. |
| *Betur menntaðir stjórnendur* | Akranes er að þróast yfir í að taka við betur menntuðum stjórnendum í fyrirtækjum. |
| *Sameining sveitarfélaga* | Sameining sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar mun styrkja þau. Við það eykst m.a. landrými til uppbyggingar. |

### 1.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Miðstöð opinberrar þjónustu* | Borgarnes er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og símenntunar á Vesturlandi. Þar er m.a. sýslumaður og lögregla fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að Hvalfjarðargöngunum, héraðsdómari fyrir Vesturland, heilbrigðisfulltrúi Vesturlands, fasteignamat fyrir Vesturland, heilsugæsla og sjúkrahús. Ýmsar stofnanir landbúnaðarins eru í Borgarfirði: Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Hagþjónusta landbúnaðarins. Vegagerðin í Vesturlandsumdæmi er með aðalskrifstofur í Borgarnesi. Atvinnuráðgjöf Vesturlands hefur aðsetur í Borgarnesi. |
| *Háskólar í Borgarfirði* | Háskólarnir í Borgarfirði eru styrkur fyrir Borgarnes. Hlutur menntaðs starfsfólks þaðan mun aukast í atvinnulífinu. |

| | |
|---|---|
| *Álver og járnblendi* | Norðurál og járnblendið veita nokkra atvinnu í Borgarnesi. |
| *Jákvæð ímynd* | Ímynd svæðisins er jákvæð, svæðið er fallegt og með merka sögu. |
| *Nægar lóðir* | Síðustu tvö ár hefur verið unnið kröftuglega að skipulagsmálum. Borgarbyggð getur nú boðið nægar lóðir bæði fyrir íbúðir (lóðir fyrir u.þ.b. 100 íbúðir lausar) og fyrir atvinnustarfsemi. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Ekki samstaða um Borgarnes* | Það veikir nokkuð stöðu Borgarness sem verslunar- og þjónustukjarna á Vesturlandi, að ekki hefur náðst að skapa einingu um staðinn. Landshlutakjarnahlutverk Borgarness er ekki að fullu viðurkennt á svæðinu t.d. þegar kemur að því að ákveða staðsetningu þjónustu. |
| *Láglaunasvæði* | Svæðið er láglaunasvæði, sem til skamms tíma byggði á þjónustu við landbúnað. |
| *Lágt menntunarstig* | Menntunarstig á svæðinu er ekki hátt. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Veik sjálfsmynd* | Ýmsir telja að sjálfsmynd íbúanna sé veik og einkennist af varnarstöðu, þar sem margt hafi farið úrskeiðis á síðast liðnum 20 árum. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Stækkun Norðuráls* | Fyrirhuguð stækkun Norðuráls mun skapa fjölda nýrra starfa. Allnokkrir starfsmenn Norðuráls eru búsettir í Borgarnesi. |
| *Staðhættir og náttúra* | Staðhættir og náttúra bjóða upp á tækifæri, sem mætti nýta betur. |
| *Háskólarnir tækifæri* | Háskólarnir í Borgarfirði bjóða upp á tækifæri, sem meira mætti byggja kringum. |

### 1.2.8 Ísafjörður

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Miðstöð opinberrar þjónustu* | Ísafjörður er miðstöð opinberrar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar á Vestfjörðum. Þar eru m.a. sýslumaður, sjúkrahús og menntaskóli. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur aðsetur á Ísafirði. Ísafjörður er sjálfvalinn staður fyrir starfsemi sem snertir Vestfirði í heild sinni. |
| *Sameining sveitarfélaga* | Sameining sveitarfélaga og jarðgöngin hafa aukið vægi Ísafjarðar og styrkt Ísafjörð sem stjórnsýslumiðstöð. |

*Sjávarauðlindir*

Ísafjörður er vel staðsettur gagnvart sjávarauðlindum.

*Fjölbreytt atvinnulíf*

Á Ísafirði er tiltölulega fjölbreytt atvinnulíf: sjávarútvegur, iðnaður og þjónusta. Hraðfrystihúsið Gunnvör er öflugur vinnuveitandi, og Orkubú Vestfjarða er með höfuðstöðvar á Ísafirði. Heilbrigðisstofnunin og skólarnir eru með stærstu vinnustöðum bæjarins. Fyrirtækin 3XStál, Póls og Sindraberg eru einnig stórir vinnustaðir. Svæðið er í vaxandi mæli einn vinnumarkaður.

*Hæfilegt samfélag*

Búsetuskilyrði eru að mörgu leyti góð. Samfélagið er hæfilega stórt, en hefur þjónustu á við stærra bæjarfélag. Fjarlægðir eru litlar og fljótlegt að afgreiða mál.

## VEIKLEIKAR

*Fólksfækkun*

Fólki fækkaði á Ísafirði á tímabilinu 1990 – 2000. (Byggðastofnun, 2000).

*Slæm fjárhagsstaða*

Fjárhagsleg staða Ísafjarðar var góð fram á miðjan áratuginn. Síðan hefur hallað undan fæti hjá sveitarfélaginu af ýmsum ástæðum. Ástæðan fyrir auknum skuldum er fyrst og fremst sameining sveitarfélaganna, en sameiningin tvöfaldaði skuldir fyrrum Ísafjarðarkaupstaðar. 1.000 manns í samtals 5 sveitarfélögum komu með jafnmiklar skuldir inn í nýtt sveitarfélag og 3.500 manns voru með í Ísafjarðarkaupstað. Einnig eru breytingar í atvinnulífi og fækkun íbúa snar þáttur. Skuldir vegna félagslega íbúðakerfisins eru miklar, en að mestu í skilum. Ísafjörður var árin 1999 - 2000 meðal mest skuldsettu sveitarfélaga á landinu. (Árbók sveitarfélaga 2000).

## ÓGNANIR

*Félagslegar íbúðir*

Fjárhagsvandi sveitarfélaga vegna félagslegra íbúða er mestur á landinu á Vestfjörðum, þ.á.m. á Ísafirði. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa þurft að innleysa félagslegar íbúðir, og rekstur þeirra stendur ekki undir sér. Af innleystum íbúðum sveitarfélaga á landinu öllu sem standa auðar eru 57% á Vestfjörðum, þótt aðeins um 5,1% félagslegra íbúða landsins sé þar að finna. Heildarvanskil húsnæðisnefnda á Vestfjörðum eru 136 m.kr. vegna félagslegra íbúðarlána. (Rekstur og ráðgjöf ehf, 2000.)

*Röng ímynd*

Ímynd svæðisins snýst oft um sölu á kvóta, slæmt veður og samgönguleysi og gefur ranga mynd af svæðinu.

## TÆKIFÆRI

*Börnin heim til Vestfjarða*

"Börnin heim til Vestfjarða" er verkefni Svæðismiðlunar Vestfjarða í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða. Verkefnið miðar að því að kanna áhuga ungs fólks frá Vestfjörðum á búsetu og starfi á

svæðinu. Niðurstöðurnar gefa til kynna að væru áhugaverð störf fyrir hendi er töluverður áhugi á búsetu á svæðinu.

*Uppbygging þjónustu*

Ísafjörður hefur möguleika á uppbyggingu þjónustu á ýmsum sviðum vegna fjarlægðarverndar frá Reykjavík.

*Sala Orkubúsins minnkar skuldir*

Ríkið hefur gert sveitarfélögum á Vestfjörðum tilboð um kaup á eignarhlut þeirra í Orkubúi Vestfjarða, og verði hluti af heildarfjárupphæðinni lagður inn á biðreikning til tryggingar skuldbindingum þeirra í félagslega íbúðalánakerfinu þar til gengið hefur verið frá heildarendurskipulagningu kerfisins fyrir landið í heild sinni. Afgangurinn verði greiddur til sveitarfélaganna, og geta þau nýtt það til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt eigin ákvörðun.

### 1.2.9 Sauðárkrókur

## STYRKUR

*Miðstöð stjórnsýslu o.fl.*

Sauðárkrókur er miðstöð stjórnsýslu í Skagafirði og miðstöð verslunar, þjónustu og menntunar á Norðurlandi vestra. Þar eru m.a. héraðsdómari, náttúrustofa, sjúkrahús og fjölbrautaskóli. Ýmsar landsstofnanir eru þar, svo sem Byggðastofnun, Hestamiðstöð Íslands og innheimta Íbúðalánasjóðs.

*Íbúafjölgun*

Íbúum á Sauðárkróki hefur fjölgað á síðasta áratug. (Byggðastofnun, 1999).

*Sameining sveitarfélaga*

Sameining sveitarfélaganna í Skagafirði hefur styrkt þau á margan hátt, og stjórnsýslan er nú einfaldari og skilvirkari.

*Fjölbreytt atvinnulíf*

Atvinnulíf á Sauðárkróki er fjölbreytt, og atvinnumál eru í þokkalegu lagi á flestum sviðum. Þar er sterkt kaupfélag, sem er öflugur atvinnurekandi, og mörg smærri fyrirtæki.

*Góð staðsetning*

Staðsetning Sauðárkróks á landsvísu er góð, milli Akureyrar og Reykjavíkur.

*Góð sjáfsmynd*

Sjálfsmynd Sauðkrækinga er góð og Skagfirðingar eru stoltir af því að vera Skagfirðingar.

## VEIKLEIKAR

*Einingu vantar um Sauðárkrók*

Það veikir nokkuð stöðu Sauðárkróks sem verslunar- og þjónustukjarna á Norðvesturlandi, að ekki hefur náðst að skapa einingu á Norðvesturlandi. Landshlutakjarnahlutverk Sauðárkróks er ekki að fullu viðurkennt á svæðinu t.d. þegar kemur að því að ákveða staðsetningu þjónustu.

| | |
|---|---|
| *Meðal mest skuldsettu sveitarfélaganna* | Sveitarfélagið Skagafjörður var árið 1999 meðal mest skuldsettu sveitarfélaga á landinu. (Árbók sveitarfélaga 2000). |
| *Skortur á störfum fyrir langskólagengna* | Skortur er á störfum fyrir langskólagengið fólk á Sauðárkróki. Ungt fólk, sem sótt hefur langskólamenntun snýr oft ekki heim aftur, þar sem það fær ekki störf við sitt hæfi. Það hefur þó farið batnandi á síðari árum. |
| *Vantar fleiri stór fyrirtæki* | Æskilegt væri að fleiri stór fyrirtæki væru á staðnum. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Lágt menntunarstig* | Lágt menntunarstig getur hamlað uppbyggingu sveitarfélagsins til frambúðar. |
| *Of mikill styrkur kaupfélagsins* | Styrkur kaupfélagsins getur verkað letjandi á önnur fyrirtæki að hefja starfsemi á Sauðárkróki í samkeppni við það. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Flutningur stofnana* | Með flutningi stofnana o.fl. til Sauðárkróks skapast störf fyrir sérmenntað fólk. Með því geta skapast störf fyrir ungt, menntað fólk, sem vill snúa heim að námi loknu. |
| *Samgöngubætur* | Með Þverárfjallsvegi til Blönduóss og Skagastrandar aukast möguleikar til muna á að taka upp meiri samvinnu þar á milli, og að úr verði öflugri eining. |
| *Uppbygging á hitaveitusvæði* | Miklir möguleikar felast í frekari nýtingu jarðhitans, og til framtíðar litið eru m.a. miklir möguleikar á uppbyggingu á svæðinu milli Sauðárkróks og Varmahlíðar. |

# 2. ATVINNULÍF Á LANDSBYGGÐINNI

## Einkenni atvinnulífs á landsbyggðinni

**Bjarki Jóhannesson**

Talað er um að samfélagið hafi farið gegnum nokkur stig atvinnuhátta. Landbúnaðarsamfélagið byggði einkum á frumvinnslugreinunum landbúnaði og fiskveiðum. Næst kom iðnaðarþjóðfélagið, sem byggði á framleiðslugreinum. Þar á eftir kom þjónustusamfélagið, með auknum hluta verslunar- og þjónustustarfa, og nú er loks talað um upplýsinga- og hátæknisamfélagið. Ísland hefur gengið í gegn um þessi stig atvinnuþróunar, þótt framleiðsluiðnaður hafi mikið verið tengdur frumvinnslugreinunum og þær því skipað hér stærri sess í atvinnulífinu en í öðrum iðnríkjum Vesturlanda. Þessi þróun hefur þó ekki verið jafnt dreifð á landinu, og sjávarbyggðir byggja afkomu sína enn á frumvinnslugreinunum og framleiðslu tengdum þeim.




*Mynd 3. Ársverk 1.desember 1987 og breytingar á tímabilinu 1987 - 1997.*

Á síðasta áratug hefur atvinnutækifærum fækkað víða á landsbyggðinni. Fækkun er alls staðar nema á Faxaflóasvæðinu og Suðvesturlandi, en mest fækkun á Austurlandi og Vestfjörðum, sjá kortið hér að ofan.

Í flestum minni byggðarlögum er fábreytni atvinnulífsins veruleg. Atvinnuleysi er þó lítið, sem rekja má til þess að fólk flytur brott fremur en að vera atvinnulaust, og á árunum 1994 - 1998 jókst atvinnuþátttaka úr 82% í 84% á landsbyggðinni og var þá orðin 3% hærri en á höfuðborgarsvæðinu.

Kortið hér að neðan sýnir breytingu á fjölda ársverka eftir greinum og landsvæðum á árunum 1985 - 1995. Glöggt má sjá að störfum í flestum greinum fækkar á landsbyggðinni, m.a. í frumvinnslugreinunum sem eru undirstöðuatvinnuvegur flestra byggðarlaga. Nokkur fjölgun er í störfum í bönkum, stjórnsýslu og opinberri þjónustu, en fækkun í annarri þjónustu. Þetta eru þær greinar sem gætu boðið upp á fjölbreytni í atvinnulífinu, en þar er mun meiri fjölgun starfa á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.




*Mynd 4. Breyting á fjölda ársverka eftir greinum og landsvæðum.*

Ef vikið er að rekstrargrundvelli fyrirtækja á landsbyggðinni má sjá að hann er í mörgu tilliti lakari en á höfuðborgarsvæðinu. Þar ber fyrst að nefna lágt markaðsverð fasteigna í atvinnurekstri, sem leiðir af sér lága veðhæfni og þ.a.l. vandamál með fjármögnun atvinnurekstrarins. Annað vandamál er hlutfallslega hár fasteignaskattur á landsbyggðinni. Eigendur almenns atvinnuhúsnæðis á landsbyggðinni þurfa að greiða fasteignaskatta af eignum sínum eins og þær væru staðsettar í Reykjavík, þótt markaðsverð þeirra sé oft ekki nema brot af markaðsverði samskonar eigna í Reykjavík. Þetta grefur undan atvinnurekstri á landsbyggðinni, en von er um úrbætur, þar sem nýlega hefur þó verið ákveðið að miðað verði við markaðsverð við álagningu fasteignagjalda íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á landsbyggðinni.

Ofan á þetta allt bætist svo viðkvæmni atvinnurekstrar á landsbyggðinni við hagsveiflum. Góðærið, sem ríkt hefur undanfarið hefur styrkt gengi krónunnar, og það rýrir samkeppnisaðstöðu íslensks útflutnings á erlendum markaði og bætir stöðu innfluttrar vöru á innlendum markaði. Þetta rýrir samkeppnisstöðu íslenskra framleiðslufyrirtækja bæði á innlendum og erlendum markaði. Það bitnar meira á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu vegna einhæfni og óhagstæðrar samsetningar atvinnulífsins í þessu tilliti. Á landsbyggðinni, og

einkum í litlum byggðarlögum, er hlutfall framleiðslufyrirtækja mun hærra en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hlutfall fyrirtækja í ýmis konar þjónustu og stjórnsýslu er mun hærra. Þær greinar eru ekki viðkvæmar fyrir hagsveiflum, og þetta hefur þær afleiðingar að góðærið hefur neikvæð áhrif á atvinnulíf landsbyggðarinnar.

Á allra síðustu misserum hefur þó gengi krónunnar veikst aftur, en það veldur einnig erfiðleikum fyrir mörg fyrirtæki. Atvinnufyrirtæki eiga tvo kosti við öflun rekstrar- og fjárfestingalána, þ.e. að taka innlend lán eða erlend. Þar sem vaxtamunur er mikill stendur valið á milli þess að fá fjármagn með háum vöxtum hérlendis eða taka gengisáhættu með erlendum lántökum. Síðustu misseri hafa æ fleiri fyrirtæki tekið síðari kostinn, og snörp gengislækkun gæti því haft óþægileg áhrif, þar sem mörg fyrirtæki eru skuldsett í erlendum gjaldmiðlum. Af þessu má sjá að hvorugur kosturinn er góður, áframhaldandi sterk staða krónunnar eða gengislækkun.

Af framangreindu má sjá að allt ber að sama brunni, að mikilvægt er að auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni. Með því bjóðast fólki fjölbreyttari atvinnutækifæri, atvinnulífið er ekki eins háð samdrætti í fiskveiðum og fiskvinnslu, og dregið er úr viðkvæmni atvinnulífs sjávarbyggðanna gegn gengissveiflum. Um þetta er fjallað í næstu köflum þessarar greiningar.

# 2.1 Verslunar- og þjónustustörf

## 2.1.1 Almenn greining á verslunar- og þjónustustörfum í landshlutakjörnum

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustumiðstöðvar* | Allir staðirnir eru miðstöðvar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar á sínu landsvæði. |
| *Fjölgun í vissum þjónustugreinum* | Á landsbyggðinni hefur störfum fjölgað í sumum þjónustugreinum. Mest fjölgun hefur verið í þjónustu við atvinnulíf, veitingar og hótel, og afþreyingarþjónustu. |
| *Fjarlægð frá þjónustukjörnum* | Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu getur oft skapað þörf fyrir staðbundna þjónustu. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Störfum í verslun fækkar* | Störfum í verslun hefur fækkað á landsbyggðinni. Störfum í smásöluverslun hefur fækkað meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, en matvöruverslunum hefur fækkað minna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Samdráttur eða lítil aukning í flestum þjónustugreinum* | Fjölgun starfa í flestum þjónustugreinum hefur verið mun minni á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Störfum hefur fækkað í persónulegri þjónustu, tryggingum, þjónustu peningastofnana og flutningum, en í tveimur síðast nefndu greinunum hefur fækkunin reyndar orðið meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Samdráttur hefur orðið í ýmsum þáttum opinberrar þjónustu, svo sem póstþjónustu og bankastarfsemi. Þetta stafar að hluta til af hagræðingu, og að hluta til af aukningu rafrænna samskipta sem leysa hefðbundna þjónustu af hólmi. |
| *Samkeppni kemur niður á störfum* | Samkeppni ríkir um sérvörur við höfuðborgarsvæðið, póstverslun og netverslun. Þetta getur komið niður á störfum í verslun á landsbyggðinni. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Hagræðing fækkar störfum* | Endurskipulagning t.d. í bönkum og pósthúsum ógnar störfum í þjónustu. Auknar kröfur um hagræðingu í ýmsum þjónustugreinum hafa leitt til fækkunar starfa, svo sem við póst- og símaþjónustu. |
| *Samkeppni við póst- og netverslun* | Vaxandi samkeppni í sérvörum við póst og netverslun getur leitt til fækkunar starfa í þessum greinum. |

## TÆKIFÆRI

*Fjármálaþjónusta*

Hagræðing í bankaþjónustu skapar sóknafæri fyrir ný fyrirtæki á fjármálasviði. M.a. skapast framboð á starfsfólki með mikla þekkingu á því sviði, og einnig losnar víða hentugt húsnæði.

### 2.1.2 Svæðisbundin greining á stöðu verslunar- og þjónustustarfa í landshlutakjörnum

#### 2.1.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Sterk verslunarhefð* | Akureyri hefur sterka verslunarhefð. Mikil uppbygging hefur nýlega orðið þar í verslunar- og þjónustustörfum og nú hafa stórar verslanakeðjur fest þar rætur. |
| *Sterkur þjónustukjarni* | Akureyri er sterkur þjónustukjarni á Norðurlandi, og er með yfirburðastöðu í uppbyggingu þjónustu á landsbyggð vegna stærðar og miðstöðvarhlutverks t.d. mennta- og sjúkraþjónusta. Þetta skapar mörg störf. |
| *Miðstöð stjórnsýslu* | Akureyri er miðstöð stjórnsýslu á Norðurlandi eystra. Þar eru margar opinberar stofnanir, sýslumaður og stórt fjórðungssjúkrahús. |
| *Landskrá fasteigna* | Landskrá fasteigna er að flytjast norður til Akureyrar, og við það skapast ný störf. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Bakland minnkar* | Íbúum í baklandi verslunar og þjónustu í nágrenni Akureyrar er að fækka. Ef fjölgun í þéttbýlinu vegur ekki upp á móti því, gæti undirlag fyrir sérverslanir og sérþjónustu minnkað. |
| *Miðbænum ógnað* | Verslunarmiðstöðvar utan miðbæjarins veita verslunum þar harða samkeppni um verslun og þjónustu, nú síðast Glerártorg. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Stefnumörkun um verslun og þjónustu* | Í *Stefnumótun í atvinnumálum fyrir Akureyri* er sett fram það markmið að samkeppnishæfni verslunar og þjónustu á Akureyri verði aukin. Þetta gæti skapað ný störf í þessum greinum. |
| *Samningar við ríkið* | Samningar um félagslega þjónustu milli ríkisvaldsins og Akureyrarbæjar gefa ákveðin tækifæri í uppbyggingu þjónustu. |
| *Bættar samgöngur* | Bættar samgöngur um Öxnadalsheiði og göng undir Vaðlaheiði mundu efla Akureyri sem verslunar- og þjónustukjarna á Norður- og Austurlandi. |
| *Þjónusta háskólans* | Fyrirtæki gætu nýtt sér betur þjónustu Háskólans á Akureyri. |

### 2.1.2.2 Húsavík

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustukjarni* | Húsavík er miðstöð verslunar og þjónustu í Þingeyjarsýslum, og þar er að finna mikið framboð af verslunar- og þjónustufyrirtækjum. Á staðnum eru nokkuð öflugar matvöruverslanir og nokkuð úrval sérverslana, svo sem tölvuverslun, lyfjaverslun og fataverslanir. |
| *Opinber þjónusta skapar störf* | Opinber þjónusta, heilsugæsla og framhaldsskóli skapa mörg störf á staðnum. |
| *Einkarekin þjónusta* | Á Húsavík starfar nokkur fjöldi fólks við einkarekin þjónustufyrirtæki, svo sem endurskoðun, bókhald, lögfræðistofur, verkfræðifyrirtæki, o.fl. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Ekkert kaupfélag á staðnum* | Með gjaldþroti Kaupfélags Þingeyinga er KEA eina starfandi kaupfélagið á Norðurlandi eystra. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Nálægð við Akureyri* | Nálægðin við Akureyri skapar samkeppni við staðbundna verslun og þjónustustarfsemi, einkum sérvöruverslun. Af því stafar viss ógnun við störf í þessum greinum á Húsavík. |

**TÆKIFÆRI**

### 2.1.2.3 Egilsstaðir

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustumiðstöð* | Egilsstaðir eru verslunar- og þjónustumiðstöð fyrir Austurland. Þar er mikið úrval af verslunum, m.a. stórmarkaðir og fjöldi sérverslana, sem skapar fjölda starfa. |
| *Störf í opinberri þjónustu* | Á Egilsstöðum er fjöldi starfa við ýmsa opinbera þjónustu, svo sem skattstofu, atvinnumiðlun, Rarik, Skógrækt ríkisins, menntaskóla, sjúkrahús, þróunarstofu, Fræðslunet Austurlands o.fl. |
| *Störf í einkarekinni þjónustu* | Á Egilsstöðum eru einnig fjölmörg störf við einkarekna þjónustu, svo sem verðbréfa- og fjármálafyrirtæki, fasteignasölur, bókhaldsþjónustu, lögfræðiþjónustu, tryggingafyrirtæki, auglýsingagerð, húsgagnaþjónustu, verkfræðistofur, hugbúnaðarfyrirtæki o.m.fl. |

**TÆKIFÆRI**

*Álver skapar ný störf* — Mikill fjöldi starfsmanna við væntanlegt álver við Reyðarfjörð mun efla Egilsstaði sem verslunar- og þjónustukjarna á Austurlandi. Við það mun verslunar- og þjónustustörfum fjölga á Egilsstöðum, og fjölmörg störf munu einnig skapast vegna beinnar þjónustu við álverið.

*Aukning á þjónustustörfum* — Í tengslum við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir mun þjónustuhlutverk Egilsstaða væntanlega aukast og með hærri tekjustofni verður sveitarfélagið betur í stakk búið að bjóða íbúum enn betri þjónustu.

#### 2.1.2.4 Selfoss

**STYRKUR**

*Verslunar- og þjónustukjarni* — Mikið framboð er á verslun og þjónustu á Selfossi, sem er verslunar- og þjónustukjarni á Suðurlandi. Fjöldi manns starfar því við verslun og þjónustu.

*Útibú og einkarekin þjónusta* — Mörg störf eru við útibú eru frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og einkarekin þjónustufyrirtæki, svo sem lögfræði- og endurskoðunarfyrirtæki, ráðgjafaþjónustu og fjármálaþjónustu.

*Þjónusta við landbúnað* — Selfoss er þjónustumiðstöð fyrir stórt landbúnaðarsvæði, þar er m.a. Lánasjóður landbúnaðarins, og það skapar störf á Selfossi.

*Þjónusta við sumarbústaðabyggð* — Í nágrenni Selfoss er miðstöð sumarhúsabyggðar, sem skapar mörg störf í verslun og þjónustu á Selfossi.

*Umferð og ferðamennska* — Mikil sumarumferð og ferðamennska veldur því að auðvelt er fyrir unglinga að fá sumarvinnu.

*Nálægðin við sérhæfðari þjónustu* — Sveitarfélagið hefur vaxið hratt og hefur íbúafjölgun á milli ára, þ.e. 1999-2000 verið nokkuð yfir landsmeðaltali. Mikill skilningur er meðal sveitarstjórnarmanna á að Árborg hafi ákveðnu þjónustuhlutverki að gegna á Suðurlandi. Kapp er lagt á að full manna samþykktar stöður á félagsþjónustusviði.

#### 2.1.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

**STYRKUR**

*Sterkur verslunar- og þjónustukjarni* — Reykjanesbær er sterkur verslunar- og þjónustukjarni fyrir Reykjanes. Þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu, sem skapar mörg störf.

*Flugvöllurinn og* — Keflavíkurflugvöllur, flugstöðin og Bláa lónið skapa störf í verslun

*Bláa lónið* og þjónustu á svæðinu.

*Opinber þjónusta* Í Reykjanesbæ er ýmis opinber þjónusta, svo sem sjúkrahús, öldrunarheimili og fjölbrautaskóli.

*Þjónusta við flugstöð* Uppbygging hefur einkum verið í smærri þjónustu, einkum vegna uppbyggingar á flugvellinum og við flugstöðina. Þá má nefna flugafgreiðslufyrirtæki og uppbyggingu í ferðaþjónustu.

*Þjónusta við bíleigendur* Mikið er um þjónustu við bíleigendur. Mikil bílasala er á svæðinu. Reykjanesbær er bílabær.

*Nálægð við Reykjavík* Nálægðin við Reykjavík er viss styrkur fyrir verslunarrekstur í Reykjanesbæ, þar sem flutningskostnaður vöru er lítill.

**VEIKLEIKAR**

*Nálægð við höfuðborgarsvæðið* Nálægðin við Reykjavík er einnig veikleiki fyrir verslun og þjónustu í Reykjanesbæ, þar sem fólk sækir þessa hluti oft til Reykjavíkur. Mikil samkeppni við höfuðborgarsvæðið gerir staðbundna uppbyggingu á sérhæfðri verslun og þjónustu erfiða. Störfin lenda því fremur á höfuðborgarsvæðinu.

**ÓGNANIR**

*Smáralind ógnar verslun* Uppbygging verslunar í Smáralindinni getur komið niður á verslun í Reykjanesbæ, einkum ef samgöngur batna á milli.

**TÆKIFÆRI**

*Bættar samgöngur við Reykjavík* Með bættum samgöngum við höfuðborgarsvæðið gæti ýmis konar þjónustuiðnaður flust til Reykjanesbæjar, svo sem tækniiðnaður.

### 2.1.2.6 Akranes

**STYRKUR**

*Verslunar- og þjónustukjarni* Akranes er verslunar- og þjónustukjarni fyrir nágrennið. Þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu sem skapar mörg störf.

*Miðstöð opinberrar þjónustu* Á Akranesi eru mörg störf við opinbera þjónustu, þar eru sjúkrahús og fjölbrautaskóli, og Landmælingar Íslands eru staðsettar á Akranesi.

*Nálægð við Reykjavík* Nálægðin við Reykjavík er styrkur fyrir verslunarrekstur á Akranesi, þar sem flutningskostnaður er lítill.

*Álver og járnblendi styrkja bakland* Starfsfólk álversins á Grundartanga og járnblendiverksmiðjunnar sækja verslun og ýmsa þjónustu til Akraness. Þetta styrkir baklandið

og stuðlar að auknum störfum fyrir bæjarbúa.

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Veikur verslunar- og þjónustukjarni* | Bakland verslunar- og þjónustu á Akranesi nær ekki langt út fyrir svæðið til Vesturlands. |
| *Nálægð við Reykjavík* | Nálægð við höfuðborgarsvæðið hefur einnig neikvæð áhrif á uppbyggingu verslunar og þjónustu á Akranesi. Oft fer fólk til Reykjavíkur til að sækja það sem þarf. Mikil samkeppni við höfuðborgarsvæðið gerir staðbundna uppbyggingu á sérhæfðri verslun og þjónustu erfiða. Störfin lenda því fremur á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Skortir sérverslanir* | Með Hvalfjarðargöngunum hefur sérverslunum á Akranesi fækkað og þar með störfum við þær. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Hvalfjarðargöng ógna heimaverslun* | Hvalfjarðargöngin auðvelda fólki að sækja verslun til Reykjavíkur og eru þannig viss ógnun við heimaverslun á Akranesi og störf við hana. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Efling verslunar- og þjónustuhlutverks* | Í stefnumótun fyrir Akranes segir að Akranes eigi að eflast í stöðu sinni sem stærsti verslunar- og þjónustukjarni Vesturlands. Akraneskaupstaður hafi frumkvæði að öflugri kynningarherferð á verslun og þjónustu á Akranesi með gerð markaðs- og kynningaráætlunar fyrir bæinn. |

#### 2.1.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustukjarni* | Borgarnes er verslunar- og þjónustukjarni. Þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu sem skapar mörg störf. |
| *Verslanakeðjur og sérverslanir* | Sérverslanir skapa mörg störf, svo sem tölvuverslun og lyfjaverslun og fasteignasala, og þar sem Borgarnes er í þjóðbraut eru þar margar bensínstöðvar. |
| *Þjónustusvæðið stækkar* | Bakland verslunar og þjónustu í Borgarnesi hefur stækkað með bættum samgöngum og nær nú lengra út á Snæfellsnesið. Verslun hefur einnig aukist með Hvalfjarðargöngunum. |
| *Opinber þjónusta* | Opinber þjónusta skapar mörg störf, m.a. heilsugæsla með læknaþjónustu, hjúkrunarheimili, dvalarheimili og íbúðir aldraðra. Á staðnum er mikil þjónusta við landbúnað. |

| | |
|---|---|
| *Einkarekin þjónusta* | Mörg störf eru einnig í einkarekinni þjónustu, svo sem bankaþjónusta, útibú tryggingarfélaga, fasteignasölur, verkfræðistofa, bifreiðaverkstæði, hárgreiðslustofur og mikil ferðamannaþjónusta. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Erfitt fyrir sérverslanir* | Erfitt er að reka ýmsar sérverslanir eins og fataverslanir. Húsgagnaverslanir eru engar . |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Flutningur þjóðvegar 1* | Umræða um að færa þjóðveg 1 út fyrir bæinn hefur vakið umræðu um hvort það geti þýtt minni verslun tengda gegnumakstri. |
| *Samgöngur ógna verslun* | Bættar samgöngur við Reykjavík með Hvalfjarðargöngunum skapa samkeppni og eru þannig viss ógnun við verslun í Borgarnesi. |
| *Samdráttur í þjónustu við landbúnað* | Samdráttur hefur verið í þjónustu við landbúnaðinn. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Nýtt verslunarhúsnæði* | Nýtt verslunarhúsnæði með mörgum verslunum mun efla störf við verslun í Borgarnesi. |

### 2.1.2.8 Ísafjörður

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Sterkur verslunar- og þjónustukjarni* | Ísafjörður er verslunar- og þjónustukjarni fyrir Vestfirðina. Verslunarkeðjur hafa fest rætur og þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu sem skapar mörg störf. |
| *Almenn þjónusta* | Á Ísafirði eru mörg störf við opinbera þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og menntaskóla. fjórðungssjúkrahús, menntaskóla, svæðisvinnumiðlun, sýsluskrifstofu, skattstofu, vinnueftirlit, Fjölmenningarsetur (þjónusta við erlenda ríkisborgara) o.m.fl. |
| *Einkarekin þjónusta* | Einkarekin þjónusta skapar fjölmörg störf, t.d. tölvuþjónusta, bankar, verkfræðiþjónusta, lögfræðisþjónusta, tryggingarfélög, bifreiðaverkstæði, hárgreiðslustofur, ferðaskrifstofur, hótel, o.m.fl. |
| *Jarðgöngin styrkur* | Jarðgöngin hafa aukið bakland verslunar og þjónustu á Ísafirði. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Skortir viðskiptaráðgjöf* | Skortur er á viðskiptaráðgjöf og ráðgjafafyrirtækjum. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Ný verslunar- og skrifstofumiðstöð* | Á næstu mánuðum mun rísa ný verslunar- og skrifstofumiðstöð í miðbæ Ísafjarðar. Þar verða sérhæfðar verslanir og þjónustufyrirtæki. |

### 2.1.2.9 Sauðárkrókur

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustukjarni* | Mikið framboð er á verslun og þjónustu á Sauðárkróki, sem er þjónustukjarni á Norðurlandi vestra. |
| *Sterkt kaupfélag* | Á Sauðárkróki er sterkt kaupfélag, sem rekur umfangsmikla verslun og þjónustu. |
| *Opinber þjónusta* | Þjónustustig er hátt á Sauðárkróki. Þar er ýmis opinber þjónusta, svo sem sjúkrahús, öldrunarheimili, fjölbrautaskóli o.fl. Byggðastofnun er staðsett á Sauðárkróki og þar rekur Íbúðalánasjóður einnig hluta af sinni starfsemi. Þetta skapar allmörg störf. |
| *Einkarekin þjónusta* | Einkarekin þjónusta er fjölbreytt, t.d. fjármála-, bókhalds- og tölvuþjónusta. |
| *Þjónusta við landbúnað* | Á Sauðárkróki er allmikil þjónusta við landbúnað, og þar er einnig Hestamiðstöð Íslands. |

# 2.2 Iðnaður

## 2.2.1 Almenn greining á stöðu iðnaðar í landshlutakjörnum

### STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Nægileg stærð* | Bæirnir eru nógu stórir til að standa undir iðnaði. |

### VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Lítill heimamarkaður* | Einn helsti veikleiki við uppbyggingu iðnaðar víða á landsbyggðinni er lítill heimamarkaður og oft töluverður aukakostnaður við að koma framleiðslu á markað annars staðar. |
| *Nær enginn byggingariðnaður* | Uppgangur í byggingariðnaði er nær eingöngu takmarkaður við suðvesturhorn landsins, en hefur lítil áhrif á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Stöðnun og fólksfækkun gerir það að verkum að nýbyggingar eru litlar sem engar og iðnaðarmönnum hefur víða fækkað. |
| *Þjónustuiðnaður dregst saman* | Viðgerðarþjónusta svo sem bifvélaviðgerðir og ýmis þjónusta sem fram fer á járnsmíða-, rafmagns- og rafeindaverkstæðum hefur dregist hlutfallslega saman í sjávarbyggðunum. |
| *Skipasmíði nær aflögð* | Skipasmíðastöðvar sinna nær eingöngu viðgerðum og breytingum á skipum, en nýsmíði skipa hér á landi er nærri því aflögð. Ástæðurnar eru m.a. að skipasmíðaiðnaður og málmsmíði hefur verið að færast meira og meira yfir til láglaunalanda. |
| *Ullariðnaðurinn dregst saman* | Upp úr 1980 fór að síga á verri veg í ullariðnaði. Litlar líkur eru á að þessi iðnaður nái aftur að vaxa og dafna. Breytist markaðsforsendur til hins betra er líklegra að framleiðsla úr íslenskri ull flytjist úr landi en að hér fjölgi störfum verulega í sauma- og prjónaiðnaði. |
| *Skinnaiðnaður í erfiðleikum* | Skinnaiðnaðurinn hefur gengið gegnum erfiðleika. Meðal þess sem ógnar þessari iðngrein í framtíðinni er fækkun sauðfjár á Íslandi. |
| *Annar framleiðsluiðnaður* | Í fataiðnaði eru aðeins örfá fyrirtæki starfandi. Innlend málning á í erfiðri samkeppni við innflutning, og sama má segja um hreinlætisvörur, sælgæti, kaffi og margt fleira. Aðgerðir til að bæta stöðu íslensks iðnaðar hafa væntanlega ekki mikil áhrif á minnstu stöðunum. |
| *Óvissuþættir varðandi stóriðju* | Óvissuþættir varðandi hugsanlega stóriðju eru margir, þótt væntingar séu víða miklar. T.d. má nefna sambúð við náttúru og aðra atvinnustarfsemi. |

*Lítið veðhæfi*

Erfitt er að fjármagna rekstur í minni byggðarlögum vegna þess hvernig lánastofnanir meta veðhæfi.

## TÆKIFÆRI

*Stóriðja*

Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum 1999-2001 er kveðið á um að nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar. Lögð verði áhersla á að staðsetja ný stóriðjuverkefni sem víðast á landinu og þeim valinn staður með tilliti til orkuþarfa, þannig að bæði sé um að ræða orkufreka stóriðju í nálægð við megin orkuöflunarsvæði hennar og önnur iðjuver, sem ekki eru eins orkufrek, utan þeirra svæða.

*Efling skinnaiðnaðar*

Ýmislegt bendir til þess að markaðsþróunin varðandi skinnaiðnað sé að snúast við. Við breyttar markaðsaðstæður mun skinnaiðnaðurinn eflast á ný.

## 2.2.2 Svæðisbundin greining á stöðu iðnaðar í landshlutakjörnum

### 2.2.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Iðnaðarhefð* | Á Akureyri er gömul iðnaðarhefð og meiri heimamarkaður en annars staðar á landsbyggðinni, þar af leiðandi eru miklir möguleikar á ýmissi neytendavöruframleiðslu. |
| *Uppsveifla í byggingariðnaði* | Mikið er byggt af íbúðarhúsnæði á Akureyri og miklu er úthlutað af lóðum. Mikil uppsveifla hefur verið í byggingariðnaði á Akureyri, og ekkert bendir til að uppsveiflan sé í rénun. |
| *Iðnaður tengdur sjávarútvegi* | Akureyri á möguleika í iðnaði tengdum sjávarútvegi vegna sterkrar stöðu þessarar greinar . |
| *Úrvinnslugreinar landbúnaðar* | Akureyri hefur sterka stöðu í úrvinnslugreinum landbúnaðar og möguleikum því tengdum. |
| *Sterkt kaupfélag með matvælavinnslu* | Ákureyri hefur sterkt kaupfélag, sem hefur verið að breyta einingum sínum í hlutafélög, og hefur haldið mikilli vinnslu á mjólk og kjöti heima í héraði. |
| *Höfnin styrkur* | Á Akureyri er góð höfn sem nýtist í iðnaðaruppbyggingu. |
| *Sterk staða á orkumarkaði* | Akureyri á hlut í Landsvirkjun og gæti haft sterka stöðu á orkumarkaði í framtíð. Rætt er um að höfuðstöðvar Rarik verði á Akureyri. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Iðnaði hnignað* | Iðnaði hefur hnignað á Akureyri, t.d. skipasmíðar, og fataiðnaður er farinn, en ennþá er einhver ullariðnaður. |
| *Of mikil áhersla á heimamarkað* | Fyrirtæki einblína um of á heimamarka |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Orkufrekur iðnaður* | Í *Stefnumótun í atvinnumálum fyrir Akureyri* er sett fram það markmið að við ákvarðanir um staðsetningu orkufreks iðnaðar verði Akureyri og nágrenni sterkur valkostur. |
| *Samstarf fyrirtækja* | Þar segir einnig að skapa beri vettvang til að efla samstarf fyrirtækja, t.d. í málmiðnaði, í því skyni að afla stærri verkefna. |

### 2.2.2.2 Húsavík

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Matvælaiðnaður* | Á Húsavík er nokkur framleiðsluiðnaður, fyrst og fremst matvælaiðnaður, þ.e. framleiðsla á mjólkurvörum, kjötvörum og sjávarafurðum. Mjólkuriðnaður er í samstarfi við KEA. |
| *Fiskréttaverksmiðja* | Íslenskir sjávarréttir er lítil fiskréttaverksmiðja sem vinnur úr síld og framleiðir fiskibollur |
| *Ávaxtasafi, sultur* | Fyrirtækið Búbót framleiðir ávaxtasafa, sultur o.fl. |
| *Harðviðarvinnsla* | Fyrirtækið Húsavíkurharðviður framleiðir gólfefni o.fl. úr innfluttum harðviðarbolum. |
| *Stærst á landsvísu* | Á Húsavík hafa á síðustu árum verið stofnaðar tvær framleiðslueiningar sem eru hvor um sig stærstu framleiðendur á sínu sviði í landinu, þ.e. vörubrettaframleiðsla Skipaafgreiðslu Húsavíkur og skotfæraframleiðandinn Hlað ehf. sem auk framleiðslunnar selur ýmsan veiðibúnað. |
| *Verktaki með víðtæk verkefni* | Verktaki hefur verkefni víða um land. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Litlar byggingar-framkvæmdir* | Litlar byggingarframkvæmdir eru á Húsavík. Í byggingariðnaði eru margir litlir aðilar með nokkuð af verkefnum. |
| *Skortur á rafvirkjum og símvirkjum* | Skortur er á rafvirkjum og símvirkjum á Húsavík. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Mjólkurvinnsla burt* | Stjórn Norðurmjólkur, sem er í eigu KEA og bænda í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu, hefur samþykkt að hætta mjólkurvinnslu á Húsavík í áföngum á árinu 2002 og flytja hana til Akureyrar. Við það munu 13 manns missa störf á Húsavík, en verður boðinn forgangur að störfum á Akureyri. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Orkufrekur iðnaður og stóriðja* | Miklir möguleikar eru varðandi orkufrekan iðnað. Þar hefur m.a. verið rætt um pappírsverksmiðju og álver. |
| *Kítósanframleiðsla* | Í bígerð er stofnun kítósanverksmiðju á Húsavík, sem vinna myndi kítosan úr rækjuskel frá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur með notkun mikillar orku. |

#### 2.2.2.3 Egilsstaðir

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Iðnfyrirtæki* | Allnokkur iðnfyrirtæki eru á Egilsstöðum. Þar má nefna byggingarfyrirtæki, húseiningaverksmiðju, innréttingaverksmiðju, glerverksmiðju, steypustöð, malbikunarstöð og þungavinnuvélaverktaka. Þar eru einnig allmargir iðnaðarmenn. |
| *Sterk matvælavinnsla* | Egilsstaðir hafa sterka stöðu í úrvinnslugreinum landbúnaðar og möguleikum því tengdum. Egilsstaðir hafa nokkuð sterkt kaupfélag og hafa haldið mikilli vinnslu á mjólk og kjöti og rekur bæði mjólkurstöð og sláturhús. |

#### 2.2.2.4 Selfoss

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Úrvinnslugreinar landbúnaðarafurða* | Selfoss hefur sterka stöðu í úrvinnslugreinum landbúnaðar og möguleikum því tengdum. |
| *Markaður á höfuðborgarsvæðinu* | Ýmis iðnaður með markað á Höfuðborgarsvæðinu getur átt möguleika á að byggjast upp á Selfossi vegna minni þenslu og ódýrari lóða og því auðveldara að manna störf og byggja. |
| *Þekking í matvælaiðnaði* | Á Selfossi er mikil þekking í sambandi við matvælaframleiðslu. |
| *Matvælaiðnaður* | Mikill matvælaiðnaður er á Selfossi, Selfoss hefur fremur sterkt kaupfélag og hefur haldið mikilli vinnslu á mjólk og kjöti heima í héraði. |
| *Framleiðsluiðnaður* | Af öðrum framleiðsluiðnaði má nefna plastiðnað fyrir gosdrykkjaframleiðendur. |
| *Öflugur byggingariðnaður* | Byggingariðnaður er öflugur á Selfossi, og þar er einnig nokkur rafeindaiðnaður. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Árstíðasveiflur í sláturhúsi* | Árstíðasveiflur við sláturhúsin valda því að þegar vinnumarkaður er að öðru leyti stöðugur, gengur illa að manna þar störf. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Útflutningsiðnaður og Suðurstrandarvegur* | Iðnaðaruppbygging sem krefst útflutnings með flugi á góða möguleika á Selfossi með Suðurstrandarvegi. |
| *Jarðhitanýting* | Selfoss hefur möguleika sem tengjast jarðhitanýtingu. |

#### 2.2.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Höfnin styrkur* | Í Reykjanesbæ er góð höfn, sem nýtist í iðnaðaruppbyggingu. |
| *Útflutningsiðnaður og flugvöllur* | Iðnaðaruppbygging sem krefst útflutnings með flugi á góða möguleika í Reykjanesbæ. |
| *Iðnaðarfyrirtæki* | Nokkur iðnaðarfyrirtæki eru í Reykjanesbæ, svo sem Thermo-plus, plastverksmiðja og Bakkavör, sem framleiðir fiskvörur til neytenda. |
| *Byggingariðnaður stendur vel* | Allnokkrar byggingarframkvæmdir eru í Reykjanesbæ og meira fyrirhugað. Byggingariðnaður stendur því nokkuð vel. Framkvæmdir eru mest í höndum verktaka. |
| *Stór markaður og flugvöllur* | Nálægð við stóran markað og millilandaflugvöll er styrkur fyrir iðnað í Reykjanesbæ. |
| *Smáiðnaður tengdur flugstöðinni* | Nokkur uppbygging hefur verið í smáiðnaði tengdum flugstöðinni. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Skortir iðnaðarmenn* | Nokkur skortur er á iðnaðarmönnum í Reykjanesbæ. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Vaxandi atvinnugrein* | Unnið er að uppbyggingu iðnaðar, og er hann vaxandi atvinnugrein. Enn eru flest störf þar tengd fiskvinnslu, en áherslan hefur færst yfir í matvælaiðnað, húsasmíðaiðnað o.fl. |
| *Fríiðnaðarsvæði við flugvöllinn* | Hugmyndir hafa verið um fríiðnaðarsvæði í tengslum við Keflavíkurflugvöll. |
| *Hagstætt fasteignaverð gefur tækifæri* | Iðnaðarframleiðsla sem stendur ekki undir fasteignaverðum í Reykjavík getur átt möguleika á Suðurlandi og Reykjanesi. |

#### 2.2.2.6 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Mikill iðnaðarbær* | Akranes er mikill iðnaðarbær. Þar eru t.d. skipasmíðar, viðhald og breytingar, framleiðsla á plastbátum og þjónusta við Norðurál. Á Akranesi eru stór og öflug fyrirtæki eins og Sementsverksmiðjan, Þorgeir og Ellert o.fl. |
| *Húseiningaverksmiðja* | Fyrirtækið Þorgeir og Helgi framleiðir forsteypta þakbita og ýmis konar undirstöður undir mannvirki. Með nýrri húseiningaverksmiðju, sem tók nýlega til starfa, mun fyrirtækið |

einnig forsteypa einingahús.

*Nálægð við stóriðju*
Nálægðin við Járnblendið og Norðurál eru styrkur fyrir Akranes. 70% starfsmanna í járnblendinu og 60% í Norðuráli búa á Akranesi.

*Höfnin styrkur*
Á Akranesi er góð höfn sem nýtist í iðnaðaruppbyggingu.

**VEIKLEIKAR**

*Vantar millistærðar-fyrirtæki*
Millistærðarfyrirtæki vantar og þar er lítill vaxtarbroddur. Í þessum fyrirtækjum er hár starfsaldur. Flest eru iðnaðartengd og háð byggingariðnaði og breytingum í útgerð.

**TÆKIFÆRI**

*Matvælaiðnaður*
Í stefnumótun í atvinnumálum fyrir Akranes segir m.a. að tæknivædd matvælavinnsla á Akranesi skuli byggja á öflugu markaðs- og þróunarstarfi og samstarfi fyrirtækja.

*Efling stóriðju*
Þar segir einnig að efla beri stóriðju sem byggir sem byggir á íslenskum aðstæðum, rannsóknum og jákvæðri ímynd auk nýtingu úrgangsefna í samstarfi við önnur fyrirtæki og stofnanir.

*Verktakaiðnaður*
Þá er það markmið að á Akranesi sé starfræktur öflugur og samhentur verktakaiðnaður sem starfi á landsvísu.

*Smáiðnaður*
Loks er stefnt að því að á Akranesi verði starfræktur þróttmikill og markaðssækinn smáiðnaður sem byggi á fjölbreytni í verkefnavali og öflugri vöruþróun.

#### 2.2.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

*Matvælaframleiðsla*
Matvælaframleiðsla í Borgarnesi á sér langa sögu. Þar má nefna Eðalfisk, Engjaás og Ölgerðina Egill Skallagrímsson, sem er að byggja stórt húsnæði. Í aðalskipulagi er skilgreint 15 ha svæði fyrir matvælaiðnað.

*Iðnaður*
Vírnet-Garðastál er rótgróið fyrirtæki, sem er í vesti. Það framleiðir þakjárn o.fl., og er eina fyrirtækið á landinu sem framleiðir saum. Loftorka er einn stærsti framleiðandi steinsteypueininga á landinu.

*Öflug verktaka- og byggingarstarfsemi*
Verktaka- og byggingarstarfsemi er öflug. Loftorka og Borgarverk hafa umfangsmikla starfsemi með hundruð starfsmanna.

**VEIKLEIKAR**

*Bakslag í matvælaframleiðslu*
Matvælaframleiðsla hefur raskast. Mikið bakslag varð þegar mjólkursamlagið var lagt niður 1993. Afurðastarfsemi kaupfélagsins

er nú inni í Kjötumboðinu ehf., og óvíst er með framhald starfsemi þeirra.

## ÓGNANIR

*Flutningur kjötvinnslu*

Borgarnes hefur haft sterka stöðu í úrvinnslugreinum landbúnaðar og möguleikum því tengdum, en nú er öll starfsemi tengd slátrun og kjötvinnslu í þar í verulegri óvissu. Afurðasalan Borgarnesi rak sláturhús, kjötvinnslu og kjötmjölsverksmiðju. Rekstur sláturhússins er í óvissu. Það er í eigu Kjötumboðsins (áður Goða) en var starfrækt í haust af Kaupfélagi Borgfirðinga. Ólíklegt er talið að Kaupfélagið reki það áfram og óvissa um hvað verður. Kjötvinnslan er í dag í eigu Norðlenska kjötborðsins (KEA) sem keypti þá starfsemi af Goða. Óljóst er hvernig sú starfsemi muni þróast. Kjötmjölsverksmiðjan hefur ekki verið í rekstri síðan í maí 2000 og alls óvíst hvort hún fer aftur af stað enda markaðir fyrir kjötmjöl mjög ótryggir.

*Bakslag í byggingariðnaði*

Bakslag í byggingariðnaði er ógnun við svæðið.

## TÆKIFÆRI

*Hagstætt fasteignaverð eflir iðnað*

Ýmiss iðnaður með markað á Höfuðborgarsvæðinu getur átt möguleika á að byggjast upp í Borgarnesi vegna minni þenslu og ódýrari lóða og því auðveldara að manna störf og byggja.

*Förgun úrgangs*

Vonir eru bundnar við að starfsemi Kjötmjölsverksmiðjunnar verði yfirtekin sem liður í förgun úrgangs í framtíðinni.

### 2.2.2.8 Ísafjörður

## STYRKUR

*Höfnin styrkur*

Á Ísafirði er góð höfn sem nýtist í iðnaðaruppbyggingu.

*Iðnaður tengdur sjávarútvegi*

Á Ísafirði er iðnaður tengdur sjávarútvegsgreinum og eru þar góðir möguleikar vegna sterkrar stöðu þessarar greinar. 3x-Stál sérhæfir sig í sértækum lausnum á flestum þeim vinnslueiningum sem koma við rækju- og bolfiskvinnslu og Póls framleiðir vogir og annan hátæknibúnað fyrir fiskvinnslur. Einnig má nefna Netagerð Vestfjarða, vélsmiðjur, blikksmiðjur o.fl.

*Matvælaiðnaður*

Auk fiskvinnslu er mjólkuriðnaður mikilvægur fyrir svæðið. Mjólkursamlag er á Ísafirði og hefur það nýverið þróað heilsudrykk sem markaðssettur er á landsvísu.

*Byggingariðnaður*

Nokkur byggingariðnaður er á Ísafirði. Þar eru m.a. bygginarverktakar, sem hafa haft verkefni í byggingariðnaði, t.d. verslanir og viðgerðir eldri húsa.byggingarverktakar. Í Hnífsdal er

trésmíðaverkstæði sem m. a. smíðar innréttingar fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu.

*Annar iðnaður* — Annar iðnaður er m.a. rafvirkjar, steypustöð, bifreiðaverkstæði og dekkjaverkstæði, múrarar, röra- og hellusteypa, plastviðgerðir, prentiðnaður o.s.frv.

**VEIKLEIKAR**

*Skipasmíði dregst saman* — Skipasmíðastöðvar hafa orðið gjaldþrota. Þær sem eftir standa vinna einkum að viðgerðum.

*Litlir verktakar* — Verktakar eru ekki öflugir á svæðinu og ráða ekki við stór verkefni.

**ÓGNANIR**

*Lítil endurnýjun meðal iðnaðarmenna* — Það er ógnun við iðnaðinn að hversu lítil endurnýjun er meðal iðnaðarmanna, fáir leggja stund á iðnnám á Ísafirði.

*Ekki sveinspróf á staðnum* — Einnig er ógnun að iðnnemar á Ísafirði geta ekki tekið sveinspróf á staðnum heldur þurfa að ljúka prófinu á höfuðborgarsvæðinu.

**TÆKIFÆRI**

*Vöruþróun og markaðsmál* — Í stefnumótun Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum er m.a. talað um að skipuleggja verkefni til að byggja upp færni fyrirtækja í vöruþróun og markaðsmálum.

*Samvinna atvinnulífs og skóla* — Tækifæri felst í meiri samvinnu atvinnulífs og skóla og tækifæri í þeirri miklu þekkingu sem er í iðnaði tengdum sjávarútvegi.

#### 2.2.2.9 Sauðárkrókur

**STYRKUR**

*Höfnin styrkur* — Á Sauðárkróki er góð höfn sem nýtist í iðnaðaruppbyggingu.

*Matvælaiðnaður* — Sauðárkrókur hefur fremur sterkt kaupfélag og á vegum þess er allmikill matvælaiðnaður. Það hefur haldið mikilli vinnslu á mjólk og kjöti heima í héraði og stöðugt er unnið að nýjungum, t.d. í ostagerð.

*Framleiðslufyrirtæki standa vel* — Fyrirtæki í framleiðsluiðnaði standa yfirleitt vel, t.d. Steinullarverksmiðjan, sem er öflugt iðnfyrirtæki, og afkoma hennar hefur verið góð undanfarin ár.

*Trésmiðjan Borg* — Trésmiðjan Borg er öflugt og vandað fyrirtæki í byggingariðnaði.

*Starfsemi tengd landbúnaði* — Frekari starfsemi tengist landbúnaði, svo sem skinnaiðnaður, fóðurstöð í loðdýrarækt og ráðgjafastörf í landbúnaði.

| | |
|---|---|
| *Nógar iðnaðarlóðir* | Nóg er til af iðnaðarlóðum, en þar þarf að skoða deiliskipulag upp á nýtt. Hafnarsvæðið er gott, og hafa landvinningar verið miklir undanfarin ár. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Jarðhitanýting* | Sauðárkrókur hefur möguleika sem tengjast jarðhitanýtingu. |
| *Virkjanir gefa möguleika* | Skatastaðavirkjun og Villinganesvirkjun bjóða möguleika til orkuvinnslu. Í jökulsánum eru virkjanleg um 230 MW, sem skapar möguleika á orkufrekum iðnaði. |
| *Stóriðja* | Á Sauðárkróki er starfsaðstaða fyrir stóriðju, og eru margir kostir hugsanlegir. |
| *Eignarhald heimamanna* | Eignarhald heimamanna í fyrirtækinu Norðlensk orka eykur hér tækifæri til að nýta orkuna í þessum tilgangi. |

## 2.3 Upplýsingatækni, nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarf

### 2.3.1 Almenn greining á stöðu upplýsingatækni, nýsköpunar, rannsókna og þróunarstarfs í landshlutakjörnum

| | |
|---|---|
| **STYRKUR** | |
| *Fjarvinnsla* | Ýmis einkafyrirtæki og nokkrar stofnanir hafa nýtt sér þá kosti sem fjarvinnsla býður upp á. Styrkur landsbyggðarinnar á sviði fjarvinnslu er m.a. stöðugt vinnuafl. Launakostnaður er einnig minni en á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Fjölmiðlun* | Flestir landshlutakjarnar eru með lykilstöðu í fjölmiðlun á sínum svæðum. |
| **VEIKLEIKAR** | |
| *Veiki hlekkurinn er í Reykjavík* | Með innleiðingu fjarfundabúnaðar var ætlunin að auðvelda fólki á landsbyggðinni að taka þátt í vinnuhópum og nefndarstörfum á höfuðborgarsvæðinu. Fjarfundabúnaður er nú til í allmörgum skólum og sveitarfélögum. Þetta kemur þó ekki að tilætluðum notum, þar sem mjög skortir á að slíkur búnaður sé fyrir hendi í opinberum stofnunum og ráðuneytum í Reykjavík. |
| **ÓGNANIR** | |
| *Tregða stjórnvalda við flutning verkefna* | Áframhaldandi tregða stjórnvalda gegn flutningi verkefna hins opinbera út á land með fjarvinnslu hamlar uppbyggingu fjarvinnslustöðva. Nokkrum fjarvinnslustöðvum hefur verið lokað vegna verkefnaskorts. Ef ekki tekst að skapa verkefni fyrir fjarvinnslustöðvarnar er hætta á að fleiri verði lokað. Það veldur vonbrigðum og dregur úr trú fólks á byggðaaðgerðir, ef stjórnvöld byggja upp væntingar til fjarvinnslu, sem síðan er ekki staðið við. |
| *Lítil áhersla á rannsóknir og vöruþróun* | Lítil áhersla er á vöruþróun og rannsóknir meðal íslenskra fyrirtækja. Mun færri fyrirtæki á landsbyggðinni leggja stund á rannsóknir og vöruþróun en á höfuðborgarsvæðinu og færri hyggja einnig á fjárfestingu í markaðssetningu og þjálfun starfsfólks. |
| **TÆKIFÆRI** | |
| *Aukin netþjónusta* | Möguleikar eru á aukinni starfsemi fyrir fyrirtæki í netþjónustu. Slík fyrirtæki geta allt eins verið staðsett á landsbyggðinni. |
| *Netvæðing og þekking* | Ný samskiptatækni og netvæðing gera það að verkum að hægt er að vinna margvísleg störf hvar sem er á landinu. Hið gamla viðhorf á ekki lengur við, að nauðsynlegt sé fyrir fyrirtæki að hafa starfsstöðvar sínar í Reykjavík vegna stjórnarskrifstofu- og |

starfsstöðvar sínar í Reykjavík vegna stjórnarskrifstofu- og bankakerfis. Tæknin gerir það að verkum að hægt er að starfrækja mörg fyrirtæki úti á landi, sem áður var talið nauðsynlegt að væru á höfuðborgarsvæðinu.

*Stærri staðir hafa forskot*

Þekking og hæfni hafa orðið lykilþættir fyrir byggðaþróun. Stærri þéttbýlisstaðir hafa forskot, þar sem þekkingarfyrirtæki sækja þangað sem eftirspurn er mest.

*Þriðja kynslóð farsíma*

Ný tækni í notkun farsíma byggir á sambandi gegnum lágfleyg gervitungl og getur gjörbylt fjarskiptamöguleikum landsbyggðarinnar. Í svo kallaðri þriðju kynslóð farsíma er gagnaflutningahraði talinn fjörutíu sinnum meiri en í GSM kerfinu. Kerfið veitir öruggan aðgang að Internetinu, bandbreiddin er mun meiri en hingað til hefur þekkst og hægt verður að nota símana um allan heim. Í framtíðinni getur því fjarvinnsla gegnum farsíma leyst af hólmi fjarvinnslu gegnum hefðbundið símakerfi.

*Ný gjaldskrá Landssímans*

Þær breytingar sem Landssíminn hefur gert á gjaldskrám sínum varðandi gagnaflutninga og þau markmið, sem fyrirtækið hefur sett sér um uppbyggingu ATM-kerfisins og þjónustuframboð, hefur stórlega bætt samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu.

*Upplýsingasamfélagið*

Markmið í áætlun ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið geta bætt stöðu landsbyggðarinnar, sé þeim fylgt eftir. Þar segir m.a. að upplýsingatæknin verði virkjuð til þess að bæta samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega, fjölga atvinnukostum og auka framleiðni, fjölbreytni starfa og nýsköpun. Upplýsingatækninni verði beitt í allri atvinnustarfsemi hins opinbera í þeim tilgangi að bæta þjónustu, auka skilvirkni og lækka kostnað. Stjórnvöld greiði fyrir aðlögun fyrirtækja og stofnana að upplýsingatækninni með stuðningi við aukið rannsóknar- og þróunarstarf á því sviði.

*Gagnagrunnur á heilbrigðissviði og læknaritun*

Ríkisvaldið getur flutt fjölda verkefna í fjarvinnslu út á landsbyggðina. M.a. er hægt að vinna ýmsa gagnagrunna á landsbyggðinni. Rætt hefur verið um gerð og rekstur gagnagrunns á heilbrigðissviði, og nú er unnið að gerð viðskiptaáætlana um að starfrækja læknaritun í fjarvinnslu úti á landi í samstarfi við heilbrigðisstofnanir.

*Þjálfun fólks*

Með eflingu fjarvinnslustöðva gefst m.a. tækifæri til að þjálfa fólk í tölvunotkun.

*Nýsköpun*

Talið er að 25% hagvaxtar komi frá nýsköpun. Ýmis konar verkþekking á landsbyggðinni getur nýst til nýsköpunar, sem getur falist í nýrri framleiðslu með nýjum aðferðum, nýrri framleiðslu

með þekktum aðferðum eða þekktri framleiðslu með nýjum aðferðum. Bestu nýsköpunarverkefnin tengjast oft endurbótum eða endurnýtingu á því sem þegar er þekkt, en ekki róttækum og frumlegum hugmyndum.

*Fjárfesting í mannauði*

Undirstaða fyrir uppbyggingu nýrra atvinnuhátta liggur í aukningu þekkingar. Fjárfesting í mannauði og þekkingu á landsbyggðinni er því mikilvæg.

*Rannsóknarstarf á landsbyggðinni*

Eðlilegt er að uppbygging rannsóknar- og þróunarstarfs á landsbyggðinni tengist einhverju sem fyrir er á viðkomandi svæði. Það leiðir til eflingar þekkingar og hagnýtingar rannsóknanna á því svæði.

*Þróunarsetur á landsbyggðinni*

Byggðastofnun hefur lagt fram tillögu um stofnsetningu sérstakra þróunarsetra á landsbyggðinni sem byggja á klasamyndun atvinnuþróunarfélaga, háskóla og rannsóknarstofnana atvinnuveganna. Slík setur yrðu vettvangur fyrir uppbyggingu rannsóknarstarfs og aðstoð við frumkvöðla á landsbyggðinni með sérstakri áherslu á starfsemi sem tengist staðháttum. Markmið með þróunarsetrunum yrði að

- veita atvinnuráðgjöf og aðstoða við stofnun nýrra fyrirtækja,
- auka rannsóknar- og þróunarstarf á landsbyggðinni og tengja það rannsóknar- og þróunarstarfi á höfuðborgarsvæðinu,
- veita fjármagn til rannsókna og nýsköpunar,
  efla félagslegar forsendur búsetu á landsbyggðinni.

Lagt er til að Þróunarsetrin skuli staðsett á stærri þéttbýlisstöðum, og í umsjá atvinnuþróunarfélaganna.

## 2.3.2 Svæðisbundin greining á stöðu upplýsingatækni, nýsköpunar, rannsókna og þróunarstarfs í landshlutakjörnum

### 2.3.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Fjarvinnsla* | Allmikil fjarvinnsla er til staðar á Akureyri. Styrkur Eyjafjarðarsvæðisins hvað varðar möguleika á fjar- og gagnavinnslu felst í almennt góðri þekkingu fólks á tölvunotkun. (Skýrsla Atþrf. Eyf.) |
| *Upplýsingatækni* | Fyrirtækin Skrín og Þekking á Akureyri eru öflug þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði tölvu- og upplýsingatækni. |
| *Sterkur tölvugeiri* | Fjöldi starfa í tölvugeiranum hefur margfaldast. Mikið er um nýja starfsemi og mikið á landsvísu. Vöxtinn stafar bæði af aukinni eftirspurn eftir þjónustu, en einnig nýjum lausnum í tengslum við ákveðin fyrirtæki. |
| *Landskrá fasteigna* | Ákveðið hefur verið að flytja gagnagrunn Landskrá fasteigna til Akureyrar. |
| *Sterk staða í fjölmiðlum* | Akureyri hefur sterka stöðu í fjölmiðlun. Þar er blaðaútgáfa, sjónvarpsstöð, útvarpsstöð og RÚVAK. |
| *Þekkingarfyrirtæki* | Á Akureyri eru sterk þekkingar- og nýsköpunarfyrirtæki tengd sjávarútvegi. |
| *Hátæknistörf* | Á bilinu 80 – 100 manns starfa nú við hátæknistörf á Akureyri, og eru væntingar um að þeim fjölgi á næstu árum. |
| *Frumkvöðlasetur* | Samkomulag er um að stofna og reka Frumkvöðlasetur Norðurlands með aðsetur á Akureyri, Dalvík og á Húsavík. Frumkvöðlasetrið á að vera miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki. Aðilar að samkomulaginu eru Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Háskólinn á Akureyri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Iðntæknistofnun Íslands, Tækifæri hf., Urðir ehf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. |
| *Öflugt rannsóknarstarf* | Á Akureyri er öflugt rannsóknarstarf. Þar hafa Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknarstofnun, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og Háskólinn á Akureyri rannsóknarstarfsemi. |
| *Norðurslóðarannsóknir* | Norðurslóðarannsóknir eru vaxtarbroddur rannsóknarstarfs á Akureyri. |

## TÆKIFÆRI

*Miðstöð fjarkennslu og hugbúnaðar*

Í stefnumótun í atvinnumálum fyrir Akureyri segir að stefnt skuli að því að Akureyri verði miðstöð fjarkennslu og hugbúnaðar- og námsgagnagerðar á sviði fjarkennslu.

*Hugbúnaður í sjávarútvegi*

Akureyri verði miðstöð hugbúnaðar í sjávarútvegi. Komið verði upp öflugri háskólamenntun á sviði hugbúnaðar á Akureyri. Þegar er komin deild við Háskólann á Akureyri, sem kennir tölvunarfræði á háskólastigi.

*Fjarvinnsla á heilbrigðissviði*

Samkvæmt skýrslu Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar eru eftirfarandi meðal þeirra fjar- og gagnavinnsluverkefna sem henta vel til vinnslu á svæðinu:
*Upplýsingamiðstöð á heilbrigðissviði.* - Verkefnið snýst um að setja á stofn upplýsingamiðstöð fyrir almenning sem tengingu á milli heimila og heilbrigðisstöðva. Hugmyndin kallar á að til sé miðlægur gagnagrunnur heilbrigðisupplýsinga og að sá sem svarar sé hæfur til þess að greina sjúkdómsvandann.
*Miðlæg skráning á lyfjum fyrir fólk í heilbrigðisgeiranum.* – Verkefnið byggir á stofnsetningu miðlægrar skráningar á lyfjum, skrá sem væri aðgengileg ýmsu starfsfólki í heilbrigðisgeiranum um allt land. Með Internetlausn má tryggja að starfsfólkið hafa ávallt nýjustu upplýsingar um öll lyf, jafnvel þau sem eru nýkomin á markaðinn.

*Gagnagrunnur á heilbrigðissviði*

Tugir starfa munu skapast við samning Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri við Íslenska erfðagreiningu um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

*Samræmt upplýsingakerfi*

Hugvit hf. hefur samið við Hollustuvernd ríkisins, Embætti yfirdýralæknis og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga um gerð samræmds upplýsingakerfis, sem hýst verður hjá Þekkingu hf. Á Akureyri.

*Uppbygging tækni- og þjónustugreina*

Í stefnunni fyrir Akureyri segir að stefna á að uppbyggingu tækni- og þjónustugreina og þekkingar sem byggist á sérstöðu svæðisins verði nýtt til að renna stoðum undir fjölbreyttara atvinnulíf og auðugt mannlíf.

*Nýsköpunarsetur*

Stofnað verði nýsköpunarsetur á sviði matvæla, hugbúnaðar og sprotafyrirtækja sem sérhæfa sig fyrir sjávarútveg.

*Tækniþekking á markaðsmálum*

Einnig segir að stefnt skuli að því að koma upp samstarfsvettvangi fyrirtækja, háskóla og verkmenntaskóla til að auka tækniþekkingu og þekkingu á vöruþróun og markaðsmálum

| | |
|---|---|
| *Efling rannsóknarstarfs* | Stefnt verði að því að efla sérhæft vísinda- og rannsóknarstarf á Akureyri sem kjölfestu öflugra atvinnulífs. |
| *Háskólinn á Akureyri* | Stefna á að því að Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri verði efld. Sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri verði efld og alþjóðavædd. |
| *Rannóknir í matvælaiðnaði* | Stefna á að því að á Akureyri verði staðsett miðstöð rannsókna í matvælaiðnaði. |
| *Orkurannsóknir* | Orkurannsóknir verði efldar. Akureyri verði miðstöð orkurannsókna, orkuleitar og orkuvinnslu við Austur-Grænland og á Jan Mayen-svæðinu. |
| *Norðurslóðarannsóknir* | Stefnt verði að því að efla norðurslóðarannsóknir með sértækum aðgerðum á sviði umhverfismála, auðlindanýtingar og byggingalistar undir vinnuheitinu "Mannlíf á norðurslóðum." |
| *Rannsóknir í ferðaþjónustu* | Lagt er til að deild Ferðamálaráðs Íslands á Akureyri byggi upp þekkingargrunn þróunarstarfs og rannsókna í ferðaþjónustu. |
| *Háskólasjúkrahús og rannsóknir á heilbrigðissviði* | Stefna á að því að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri verði skilgreint sem háskólasjúkrahús. Þjónustusvæði sjúkrahússins verði Norður-, Vestur- og Austurland, auk Grænlands. Fjórðungssjúkrahúsið og Háskólinn á Akureyri standi fyrir auknu rannsóknarstarfi í heilbrigðisþjónustu. Í því skyni verði stofnaður vísindasjóður, sem styrki rannsóknarverkefni. |

### 2.3.2.2 Húsavík

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Fjarvinnsla fyrir Þjóðminjasafnið* | Fyrirtækið Landvist hefur með höndum skráningarverkefni í fjarvinnslu fyrir Þjóðminjasafnið. |
| *Tvö hugbúnaðarfyrirtæki* | Á Húsavík starfa tvö hugbúnaðarfyrirtæki |
| *GSM-þjónusta* | Fyrirtækið Martel á Húsavík hefur formlega tekið í notkun nýja farsímaþjónustu sem byggir á gervihnattatækni, sem gerir mögulegt að nota sér GSM-síma nánast hvar sem er í heiminum. |
| *Breiðband* | Á Húsavík er breiðband, 10-20 rásir. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Skortir tæknimenntað fólk* | Tæknifyrirtæki eiga í vanda með að fá sérhæft fólk. |

| | |
|---|---|
| *Engar rannsóknarstofnanir* | Engar rannsóknarstofnanir eru á vegum opinberra aðila á Húsavík. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Gagnagrunnur á heilbrigðissviði* | Stefnt er að rannsóknarstarfsemi í heilbrigðisþjónustu Vonir eru bundnar við samning Heilsustofnunar Húsavíkur við Íslenska erfðagreiningu um gagnagrunn á heilbrigðissviði. . |
| *Frumkvöðlasetur* | Fyrirhugað er að koma upp frumkvöðlasetri á Húsavík. |
| *Náttúrustofa* | Fyrirhugað er að koma á fót náttúrustofu á Húsavík. |
| *Nýting breiðbands* | Stórt verkefni er í gangi varðandi nýtingu breiðbandsins. |

#### 2.3.2.3 Egilsstaðir

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Tölvusmiðjan* | Tölvusmiðjan á Neskaupstað og Egilsstöðum hefur tekið í notkun nýtt fjarskiptakerfi, sem nær yfir allt Mið-Austurland. Tölvusmiðjan býður þeim sem tengjast kerfinu rekstrarþjónustu á netinu, hýsingu á tölvukerfi og hugbúnaðarleigu. Tölvusmiðjan hefur aðallega sinnt rekstrarþjónustu tölvukerfa og tækniþjónustu, en hefur nú einnig opnað hugbúnaðardeild og er sérstaklega að vinna að lausnum fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni. |
| *Fjarvinnsla* | Sjóvá-Almennar eru um þessar mundir að hefja fjarvinnslu á Egilsstöðum, tengda ýmsum fyrirtækjum. |
| *Hugbúnaðarfyrirtæki* | Á Egilsstöðum er starfandi hugbúnaðarfyrirtæki. |

#### 2.3.2.4 Selfoss

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Rannsóknarstofnanir* | Á Selfossi eru rannsóknarstofnanir, svo sem alþjóðleg jarðskjálftarannsóknastöð á vegum Háskóla Íslands. Styrkur er af nábýli stofnana. |
| *Tölvuskólar og -þjónusta* | Í bænum eru einkareknir tölvuskólar og tölvuþjónusta. Boðið er upp á sérhæft forritunarnámskeið og kennslu í vefsíðugerð. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Lágt menntunarstig* | Á staðinn vantar þróunarsetur, og almennt þarf að hækka menntunarstig fólks í fyrirtækjum. |

## TÆKIFÆRI

*Hugsanlegt þróunarsetur* — Stofnun þróunarseturs mundi efla rannsóknir og nýsköpun á Selfossi. Styðja þarf við starfsemi stofnana og skapa akademiskt umhverfi.

*Dísilolíu framleidd úr dýrafitu* — Kjötmjölsverksmiðjan við Selfoss hefur ásamt Iðntæknistofnun hrint af stað vinnu við tilraunaverkefni, sem miðar að því að framleiða dísilolíu úr dýrafitu, matarolíu og lýsi. Aðrir samstarfsaðilar eru Orkustofnun, Mjólkurbú Flóamanna, Kaupfélag Árnesinga, Gámaþjónustan og Olís.

*Selfossveitur* — Nýlega var undirritaður samningur um sameiningu Selfossveitna við Hitaveitu Suðurnesja og Bæjarveitur Vestmannaeyja, og er markmiðið að ná fram öflugu fyrirtæki, sem verði leiðandi í nýsköpun á orkusviði. hefur að markmiði að gera svæðið leiðandi á sviði háhitarannsókna.

*Markaðslausnir* — Ákveðið hefur verið að fyrirtækið Markaðslausnir muni flytja til Selfoss. Það býður upp á beina markaðssetningu og símaþjónustu fyrir fyrirtæki og stofnanir.

### 2.3.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

## STYRKUR

*Nýsköpun* — Í Reykjanesbæ eru allmörg fyrirtæki í nýsköpun. Þar má nefna Bakkavör, Jurtagull og Kaffitár. Fyrirtækið S.Hólm hefur þróað ýmis hreinsiefni úr kindamör og fleira má telja.

*Hitaveita Suðurnesja* — Hitaveita Suðurnesja á hlut í nýsköpunarfyrirtækjum tengdum jarðvarmanum.

*Bio-process* — Bio-process í Höfnum stundar rannsóknar- og þróunarstarf á lífrænni framleiðslu. Þar eru m.a. ræktaðir þörungar við ljós og unnin litarefni, fiskifóður og fæðubótarefni, m.a. andoxunarefni, sem hægja á hrörnun fruma.

*Bláa lónið* — Nokkuð rannsóknar- og þróunarstarf tengist og Bláa lóninu.

*Tölvu- og hugbúnaðarfyrirtæki* — Meðal tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækja má nefna Softu, sem þróar hugbúnað fyrir viðhaldskerfi fyrir orkuver, og Gjorby-margmiðlun, sem hýsir heimasíður og stundar þróunarstarf á því sviði.

## VEIKLEIKAR

*Ljósleiðari ótengdur* — Ljósleiðari hefur enn ekki verið tengdur í Reykjanesbæ, en það stendur til bóta.

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Líftækniiðnaður* | Í Reykjanesbæ er áhugi á að þróa líftækniiðnað. |
| *Orkurannsóknir* | Mikil ónýtt tækifæri eru á sviði orkurannsókna og þróunar. Nýlega var undirritaður samningur um sameiningu Hitaveitu Suðurnesja við Bæjarveitur Vestmannaeyja og Selfossveitur, og er markmiðið að ná fram öflugu fyrirtæki, sem verði leiðandi í nýsköpun á orkusviði. hefur að markmiði að gera svæðið leiðandi á sviði háhitarannsókna. |
| *Jarðvarmi til snyrtivöruframleiðslu* | Verið er að kanna grundvöll þess að reisa nýja verksmiðju á Íslandi, sem breyta mundi sykri í polior, sem m.a. er notað í snyrtivörur. til þess þarf mikla orku, og hefur Reykjanes verið nefnt sökum möguleika á nýtingu jarðvarma. |

#### 2.3.2.6 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Tölvuþjónusta* | Tölvuþjónusta er á staðnum og þjónusta við hefðbundin forrit. |
| *Rannsóknir* | Nokkrar rannsóknir eru á Akranesi, rannsóknarstofnun Landmælingar og sjúkrahúsið er með verkefni í sambandi við erfðagreiningu. Í gangi er vinna með ferlaskráningu í sjúkraskýrslum. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Ekki mikil nýsköpun* | Ekki er mikil nýsköpunarstarfsemi á Akranesi. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Rannsóknarstarfsemi vaxtarbroddur* | Ef vel tekst til með rannsóknarstarfsemi er þar vaxtarbroddur og störf skapast í hærri tekjuflokkum. |

#### 2.3.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Tölvuþjónusta* | Tölvuþjónusta er á staðnum og þjónusta við hefðbundin forrit. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Ekki mikil nýsköpun* | Ekki er mikil nýsköpunarstarfsemi á Akranesi. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Gagnvirkt vefumhverfi* | Fyrirtækið Íslensk upplýsingatækni í Borgarnesi hefur þróað og býður upp á gagnvirkt vefumhverfi. |

### 2.3.2.8 Ísafjörður

## STYRKUR

*Fjarvinnsla*

Fjarvinnsla er til staðar á Ísafirði. Tryggingarfélög hafa flutt verkefni til útibúa sinna á Ísafirði

*Upplýsingaþjónusta Vegagerðarinnar*

Ætlunin er að Vegagerðin flytji skiptiborð og hluta af upplýsingaþjónustu til Ísafjarðar . Til athugunar er að öll símsvörun fyrir samgönguráðuneytið verði flutt þangað í framtíðinni.

*Nýsköpunarfyrirtæki*

Á Ísafirði eru starfandi nokkur nýsköpunarfyrirtæki í sjávarútvegi, sem nálægar sjávarbyggðir njóta góðs af. 3x-Stál sérhæfir sig í sértækum lausnum á flestum þeim vinnslueiningum sem koma við rækju- og bolfiskvinnslu og Póls framleiðir vogir og annan hátæknibúnað fyrir fiskvinnslur. Einnig má nefna Netagerð Vestfjarða. Þessi fyrirtæki hafa öll haslað sér völl erlendis auk þess að þjóna sjávarútvegi innanlands.

*Þekkingargrunnur á Ísafirði*

Ísafjörður er þróunarmiðstöð í sjávarútvegi. Þar er mikil þekking á sjávarútvegi og öflug rannsóknar- og þróunarfyrirtæki. Hafrannsóknarstofnun og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins eru þar með útibú og útibú frá MATRA (samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar og RALA), þjónar matvælaiðnaði.

*Fjölmiðlar*

Bæjarins Besta, héraðsfréttablað sem gefið er út á Ísafirði er með öflugan fréttavef sem uppfærður er oft á dag og heimsóknir eru fjölmargar á dag. Einnig er svæðisútvarp Vestfjarða á Ísafirði.

*Tölvu- og upplýsingatækni*

Tölvuþjónustan Snerpa sinnur verkefnum á sviði tölvu- og upplýsingatækni og hugbúnaðargerð, auk almennrar tölvuþjónustu á svæðinu. Snerpa hefur m.a. verið í verkefnum með Nýsköpunarsjóði.

*Nýsköpun*

Í matvælavinnslu. Mjólkursamlag Ísfirðinga hefur undanfarin 2 ár unnið að þróun heilsudrykkjar og náð þannig að auka verðmæti afurðar sem annars hefði fengist minna fyrir. Sushi framleiðsla Sindrabergs er nýsköpun í matvælaiðnaði.

*Þróunarsetur á Ísafirði*

Á Ísafirði hefur verið byggt upp öflugt þróunarsetur, sem getur nýst sjávarbyggðum á Vestfjörðum. Innan þess eru Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Hafrannsóknarstofnun, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Matra (samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar og RALA), Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Fjölmenningarsetur og Vinnueftirlit ríkisins. Auk þess tengist Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík þróunarsetrinu.

| | |
|---|---|
| *Sjávarlífríkisathuganir* | Helstu stoðstofnanir á sviði sjávarlífríkisathugana eru staðsettar við Ísafjörð, og Djúpið hentar vel til tilraunaeldis. |
| *Orkubú Vestfjarða* | Orkubú Vestfjarða hefur mikla þekkingu á raflínum og rekstri og uppbyggingu dreifikerfa á snjóþungum svæðum. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Snjóflóðarannsóknir* | Veðurstofan ætlar að koma á fót snjóflóðarannsóknum á Ísafirði. Gert er ráð fyrir stöðum tveggja til þriggja sérfræðinga og alls um sjö stöðugildum í framtíðinni. |
| *Umhverfismat o.fl.* | Miklir möguleikar eru á verkefnum á sviði umhverfismats, lífríkisathugunum o.fl. |
| *Þorskeldi o.fl.* | Unnið er að tilraunum til þorskeldis og geta tækifæri legið þar. Þekking á útgerð getur skapað tækifæri. |
| *Frumkvöðlasetur* | Hugmyndir eru uppi um stofnun frumkvöðlaseturs við Þróunarsetur Vestfjarða. Þar gætu einnig háskólanemar og aðrir nýtt sér séraðstöðu. |

#### 2.3.2.9 Sauðárkrókur

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Þekkingarfyrirtæki* | Á Sauðárkróki eru sterk þekkingarfyrirtæki. |
| *Hugbúnaðargerð* | Element hefur reynslu í hugbúnaðargerð og netrekstri. Hugbúnaðarvinnsla er á vegum Elements, og fjölnetið skapar tækifæri í uppbyggingu þekkingarsamfélagsins. |
| *Tækniþróun og endurnýting vatns* | Fiskeldisfyrirtækið Máki á Sauðárkróki hefur undanfarinn ár tekið þátt í evrópskum verkefnum er snúa að tækniþróun og endurnýtingu vatns. |
| *Fyrirtæki í nýsköpun* | Nokkur fyrirtæki á Sauðárkróki stunda nýsköpun, t.d. Máki, Sjávarleður, Loðskinn, Steinullarverksmiðjan, Element og Trésmiðjan Borg. |
| *Rannsóknir á sviði sjávarútvegs og fiskeldis* | Hólaskóli stundar rannsóknir á sviði sjávarútvegs og fiskeldis |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Skortir tengsl skóla og atvinnulífs* | Þótt styrkur sé af sambýli við Hólaskóla og fjölbrautaskólann, skortir þar upp á tengsl við atvinnulífið. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Steinullarverksmiðja* | Ákveðin þekking tengist Steinullarverksmiðjunni, sem skapar tækifæri varðandi vöruþróun. |
| *Fiskeldi* | Stórt verkefni Máka í barraeldi skapar tækifæri til nýsköpunar og uppbyggingar í fiskeldi. Þar eru m.a. gerðar tilraunir með endurnýtingu vatns og varma. Þetta tengist rannsóknarstarfsemi að Hólum, þar sem viss þekking hefur skapast. |
| *Líftækniiðnaður* | Heitt vatn og landbúnaðarhefð skapa tækifæri á sviði líftækniiðnaðar. |

## 2.4 Ferðaþjónusta

### 2.4.1 Almenn greining á stöðu ferðaþjónustu í landshlutakjörnum

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Samgöngur* | Góðar vegasamgöngur eru til þéttbýliskjarnanna. |
| *Ört vaxandi atvinnugrein* | Allt stefnir í áframhaldandi vöxt ferðaþjónustu á Íslandi, m.a. vegna þess að Íslendingar ferðast nú meira um eigið land en áður. |
| *Frítími og ráðstöfunartekjur* | Samfélagsþróun er í átt til meiri frítíma og ráðstöfunartekjur eru almennt að aukast. |
| *Upplýsingamiðstöðvar* | Samkvæmt viðhorfskönnun Ferðamálaráðs töldu 84% svarenda að upplýsingamiðstöðvar standi almennt vel að því að veita gagnlegar upplýsingar (Ferðamálaráð, 2000). |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Léleg nýting fjárfestingar* | Stutt háönn leiðir til þess að heildarnýting fjárfestinga og atvinnutækja er afar léleg. Á landsbyggðinni var meðalnýting heilsárshótela árið 2000 um 37% samanborið við 71% á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands, 2001). |
| *Höfuðborgarsvæðið með sterkari stöðu* | Yfir lágönn er breytt samsetning ferðamanna til landsins. Hlutfall viðskipta- og ráðstefnugesta er þá hærra, og höfuðborgarsvæðið tekur að stærstum hluta við þessum markhópi. |
| *Skortur á starfsfólki* | Fólksfækkun á stöðunum veldur því að vöntun er á vinnuafli, bæði faglærðu og ófaglærðu og starfsaldur í greininni er yfirleitt stuttur. |
| *Fjármagnsskortur* | Almennt er of litlu fjármagni varið til markaðssetningar. |
| *Mörg og smá* | Ferðaþjónustufyrirtæki eru mörg og smá og hjá mörgum þeirra eru rekstrarskilyrði erfið. |
| *Almenningssamgöngur* | Rekstur á almenningsfarartækjum stendur víða illa undir sér og víða er ekki hægt að komast til vinsælla ferðamannastaða nema á einkabílum. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Innanlandsflug* | Innanlandsflug hefur á undanförnum misserum verið rekið með tapi, m.a. með þeim afleiðingum að áfangastöðum í áætlunarflugi hefur fækkað og flugfargjöld hafa hækkað. |

| | |
|---|---|
| *Veðurfar* | Veðurfar hefur áhrif á ferðir Íslendinga, sem getur valdið miklum sveiflum. |
| *Láglaunastörf* | Almennt má segja að lág laun einkenna störfin í ferðaþjónustunni. |
| *Samkeppni* | Mikil samkeppni er um ferðamanninn milli bæjarfélaga og landssvæða. |
| *Álag* | Dreifing ferðamanna yfir árið er mjög ójöfn þar sem stærstur hluti ferðamanna kemur í júní, júli og ágúst. Mikill fjöldi ferðamanna á svo stuttum tíma eykur álag á ferðamannastaði, sem getur leitt til þess að fjöldi ferðamanna fari fram úr burðarþoli staðanna. |
| *Erlendi markaðurinn* | Erlendi markaðurinn sýnir m.a. þau merki að dvalartími er að styttast. Þannig voru heildargistinætur á landinu árið 2000 1.146.964 og hafði fjölgað um 4,19% frá árinu 1999. Gestafjöldi til landsins hafði hins vegar aukist um 15,3%. Meðaldvalartími hefur því lækkað frá því að vera 4,19 nætur árið 1999 í 3,78 nætur árið 2000 (Hagstofa Íslands, 2001). |
| *Fækkun frá Bandaríkjunum* | Áætlað er að íslensk ferðaþjónusta muni tapa u.þ.b. einum milljarði króna vegna samdráttar í millilandaflugi og fækkunar ferðamanna frá Bandaríkjunum vegna árásarinnar á World Trade Center. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Samvinna* | Því fleiri möguleikar sem ferðamenn hafa í sambandi við afþreyingu, því áhugaverðari verður staðurinn. Einn afþreyingarmöguleiki styrkir annan, og afþreying styður við gistingu og öfugt. |
| *Samhæfing* | Samhæfð og markviss vinnubrögð og samvinna ferðaþjónustuaðila, sveitastjórna og íbúa tryggja vöxt og viðgang greinarinnar. |
| *Skilvirkari upplýsingar* | Með samræmdri markaðssetningu fyrir alla staðina á Netinu má koma skilvirkari upplýsingum til ferðamanna um hvaða möguleikar eru í boði á einstökum stöðum. |
| *Samgöngur* | Samgöngur eru ein helsta undirstaða ferðaþjónustu. Þar af leiðandi er það nokkuð sjálfgefið að ætla að með bættum samgöngum milli landshluta og hringtengingu innan svæða aukist ferðamannastraumur. |
| *Allt Ísland sölusvæði* | Velja þarf markhópa á hverjum stað í samræmi við sérstöðu og ímynd svæðanna. Bætt tenging almenningssamgangna við |

alþjóðaflugið auðveldar sölu á sérkennum Íslands á alþjóða ferðamarkaðinum og gerir allt Ísland að sölusvæði.

*Sögu- og menningarminjar* Athygli ferðamanna hefur verið vakin í tengslum við sögu- og menningarminjar. Á þeim stöðum sem hér eru til umfjöllunar eru víða merkar minjar sem betur mætti nýta í tengslum við ferðaþjónustu.

*Viðurkenning* Mikilvægt er að tryggja grundvöll ferðaþjónustu til framtíðar. Því er nauðsynlegt að ferðaþjónusta verði viðurkennd sem atvinnugrein er gegnir mikilvægu hlutverki í jákvæðri byggðaþróun.

## 2.4.2 Svæðisbundin greining á stöðu ferðaþjónustu í landshlutakjörnum

### 2.4.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Fjölbreytni* | Akureyri er stærsti byggðakjarninn á landsbyggðinni með fjölbreytt úrval af verslunum, þjónustu og gistimöguleikum. Þar er fjölbreytt framboð af afþreyingu og tengsl við menningu, sögu og umhverfi. |
| *Samgöngur* | Tíðar flugferðir eru frá Reykjavíkurflugvelli til Akureyrar og góðar vegasamgöngur eru frá Akureyri til nágrannabyggðarlaga. |
| *Gistirými* | Á Akureyri eru rekin fjögur heilsárshótel, eitt sumarhótel og tuttugu gistiheimili. Þá eru um 200 orlofsíbúðir í bænum. |
| *Heilsársnýting gistirýma* | Vegna eftirspurnar nemenda í framhaldsskólunum og háskólanum eftir herbergjum/íbúðum til leigu hefur verið góð nýting á gistirými á Akureyri yfir lágönn. |
| *Ferðavenjur* | Gistinætur á Akureyri voru 76.531 árið 2000, eða 53% af öllum keyptum gistinóttum á Norðurlandi (Hagstofa Íslands, 2001 sérunnin gögn fyrir Byggðastofnun). |
| *Upplýsingamiðstöð* | Upplýsingamiðstöð ferðamála er á Akureyri, og er hún rekin á heilsársgrundvelli. Um 70 þúsund heimsóknir voru í Upplýsingamiðstöðina frá 1. júní 2000 til 31.maí 2001 (Knútur Karlsson, 2001). |
| *Ferðamálafulltrúi* | Hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar á Akureyri starfar ferðamálafulltrúi í fullu starfi á heilsársgrundvelli, sem er mikilvægt því að starfið er viðamikið. Ferðamálafulltrúinn hefur sinnt flestu því sem að kynningu lýtur, bæði á innanlandsmarkaði og erlendum ferðamörkuðum. |
| *Vetraríþróttamiðstöð* | Fjölbreytt skíðaaðstaða er í Hlíðarfjalli og einnig er yfirbyggð skautahöll á Akureyri. |
| *Samvinna* | Tekin var upp sú nýbreytni að gefa kost á skíðapassa sem gildir í Híðarfjalli, á Dalvík og í Ólafsfirði þetta fyrirkomulag styrkir Norðurland eystra sem áfangastað skíðaunnenda. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Ráðstefnuhús* | Húsnæði vantar fyrir stærri ráðstefnur og menningarviðburði. |
| *Opnunartími safna* | Söfnin eru ekki opin yfir vetrartímann, en opna eftir þörfum þegar |

óskað er eftir því.

## ÓGNANIR

*Fækkun áfangastaða í innanlandsflugi* — Fækkun áfangastaða og tíðni í áætlunarflugi í innanlandsflugi ógnar rekstrarafkomu aðila í ferðaþjónustu.

## TÆKIFÆRI

*Alþjóðaflugvöllur* — Reglulegt millilandaflug til og frá Akureyrarflugvelli getur leitt til þess að Akureyri getur orðið alþjóðlegur viðkomustaður, m.a. í tengslum við vetrarferðamennsku.

*Sérstaða* — Vetraríþróttmiðstöð Íslands, sem staðsett er á Akureyri getur styrkt enn frekar ferðaþjónustuna á Akureyri við að skapa sér sérstöðu í afþreyingu sem tengist vetraríþróttum.

*Stefnumótun* — Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Háskólinn á Akureyri eru að vinna stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Eyjafjarðarsvæðið.

### 2.4.2.2 Húsavík

## STYRKUR

*Sérstaða í skipulagðri afþreyingu* — Hvalaskoðunin á Húsavík er tvímælalaust helsti styrkur bæjarins í sambandi við ferðaþjónustu.

*Ferðamannafrystihús* — Ferðamannafrystihús er rekið hjá Fiskiðjusamlagi Húsavíkur. Ferðamönnum er boðið upp á sýnisferðir í frystihús Fiskiðjusamlags Húsavíkur.

*Hvalasafn* — Hvalasafnið styrkir enn frekar sérstöðu staðarins.

*Nálægð* — Húsavík nýtur nálægðar við vinsæla ferðamannastaði m.a. Ásbyrgi, Mývatn, Hljóðakletta og Goðafoss.

## VEIKLEIKAR

*Nýting* — Um 80% gesta koma yfir sumartímann og var meðalnýting gistirýma um 36% árið 2000 (Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, 2000). Af 145.576 gistinóttum á Norðurlandi eystra voru 10% þeirra á Húsavík og nágrenni (Hagstofa Íslands, 2001 sérunnin gögn fyrir Byggðastofnun).

*Almenningsamgöngur* — Engar skipulagðar almenningssamgöngur eru innan sveitarfélagsins sem veikir ferðaþjónustuna.

*Þjóðvegur 1* — Staðsetning Húsavíkur gagnvart þjóðvegi 1 er talinn veikleiki fyrir ferðaþjónustuna, en um 40 km eru frá þjóðvegi 1 til Húsavíkur.

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Innanlandsflug* | Ekkert áætlunarflug er til Húsavíkur. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Heilsutengd ferðaþjónusta* | Miklar orkulindir eru í næsta nágrenni við Húsavík og ýmsir möguleikar til staðar, sem hægt er að nýta í sambandi við heilsutengda ferðaþjónustu á Húsavík. |
| *Smáhúsabyggð* | Smáhúsabyggð við Húsavík mundi auka fjölbreytni í gistimöguleikum á staðnum. |
| *Höfnin* | Mörg tækifæri eru í tengslum við stækkun hafnarinnar. M.a. opnast möguleikar á að taka á móti skemmtiferðaskipum . |

### 2.4.2.3 Egilsstaðir

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Staðhættir* | Þjóðvegur 1 liggur í gegnum Egilsstaði, sem er mikill styrkur fyrir ferðaþjónustuna. Egilsstaðir er miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi, og mikið er um að ferðamenn nýti sér þá þjónustu sem þar er og fari í dagsferðir út frá Egilsstöðum. |
| *Lagarfljótsormurinn* | Svæðið hefur markað sér sérstöðu í skipulagðri afþreyingu með siglingum á Lagarfljóti. |
| *Sumarbústaðabyggð* | Mikið er um sumarbúðagesti, sem skapar veltuaukningu í verslunum og veitingastöðum á Egilsstöðum yfir sumartímann. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Gistirými* | Gistirými skortir yfir háannatíma. |
| *Ferðamálafulltrúi* | Enginn ferðamálafulltrúi er á Egilsstöðum |
| *Afþreying* | Skortur er á allri afþreyingu, en sérstaklega virðist vera skortur á afþreyingu fyrir farþega sem koma með langferðabílum en algengt er viðvera þeirra á Egilsstöðum sé um tveir tímar. |
| *Stefnumótun* | Ekki liggur fyrir stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir svæðið, sem getur leitt til þess að mikil vinna fari í það að takast á við vandamál gærdagsins. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Færri sigla á Lagarfljóti* | Mun minni aðsókn var í siglingar á Lagarfljóti sumarið 2001 en sumarið á undan. Miklir fjárhagserfiðleikar eru hjá rekstraraðilum |

| | |
|---|---|
| | Lagarfljótsormsins, og óvissa ríkir um áframhaldandi rekstur næsta sumar. |
| *Afþreying* | Veruleg ógnun skapast í ferðaþjónustunni á Egilsstöðum ef siglingar á Lagarfljóti leggjast af, þar sem ekki er mikil afþreying fyrir. Fækkun afþreyingarmöguleika getur síðan haft þær afleiðingar að svæðið verði síður eftirsóknarvert af ferðamönnum. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Millilandaflug* | Möguleikar felast í móttöku erlendra ferðamanna um Egilsstaðaflugvöll. |
| *Aukin fjölbreytni* | Betur má nýta þá sérstöðu sem felst í návist ýmissa dýrategunda, svo sem hreindýra, rjúpna, gæsa og sela. |
| *Hringur* | Hægt væri að auka fjölbreytni í siglingum Lagarfljótsormsins og stækka þannig hugsanlega markhópinn t.d. með því að bjóða upp á siglingu með Lagarfljótsorminum til Atlavíkur og að hægt væri síðan að velja um að fara landleiðina til baka. |
| *Ormsstofa* | Uppi eru hugmyndir um uppbyggingu við Löginn. Þar má nefna Ormsstofu, sem yrði fræða- og rannsóknarsetur. Þar eru m.a. hugmyndir um að setja upp skrímslasýningu, þar sem Lagarfljótsormurinn yrði í aðalhlutverki. |

#### 2.4.2.4 Selfoss

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Áning* | Selfoss er verslunar- og þjónustukjarni á Suðurlandi. Staðsetningin ræður trúlega miklu um það að Selfoss virðist vera vinsæll áningarstaður ferðamanna. |
| *Sumarbústaðabyggð* | Mikil þjónusta hefur byggst upp á Selfossi í tengslum við sumarbústaðabyggðina. |
| *Samgöngur* | Vegasamgöngur eru góðar og vegir nánast alltaf greiðfærir. |
| *Smáhúsahverfi* | Bústaðir eru leigðir út allt árið. |
| *Ferðaþjónustusvið KÁ* | KÁ hefur ráðið til sín markaðsstjóra á ferðaþjónustusvið fyrirtækisins. |
| *Upplýsingamiðstöð* | Á vormánuðum 2001 var opnuð Upplýsingamiðstöð á Selfossi. |

## VEIKLEIKAR

*Ferðamálafulltrúi* — Ekki er starfandi ferðamálafulltrúi fyrir Árborgarsvæðið.

*Skipulögð afþreying* — Á Selfossi er ekki mikið um skipulagða afþreyingu. Sú afþreying sem þó er í boði tilheyrir innri grunngerð staðarins.

*Nálægð við höfuðborgarsvæðið* — Að vissu leyti er nálægðin við höfuðborgarsvæðið einnig veikleiki, því ástæða er til að ætla að ferðamenn sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu séu komnir of stutt af stað í ferðalagið til að fara huga að gistingu þegar komið er á Selfoss.

## TÆKIFÆRI

*Aukið gistirými og ráðstefnusalur* — Með viðbyggingunni við Hótel Selfoss verða 100 herbergi á hótelinu auk funda- og ráðstefnuaðstöðu og menningarmiðstöðvar. Verklok eru áætluð í júní árið 2002.

*Suðurstrandavegur* — Suðurstrandavegur mun opna aukin tækifæri í ferðaþjónustu á Suðurlandi.

*Stefnumótun* — Unnið er að stefnumótun fyrir sveitarfélagið Árborg, og einnig er unnið að stefnumótun fyrir ferðaþjónustusvið KÁ. Með samstilltu átaki í ímyndunarsköpun og markaðssetningu er ástæða til að ætla að í framtíðinni geti ferðaþjónusta orðið enn öflugri atvinnugrein á Selfossi.

*Framtíðin* — Margt bendir til að á Selfoss verði í framtíðinni góð aðstaða til ráðstefnu- og fundarhalds og annarra menningarviðburða. Ætla má að þar verði enn öflugri þjónustu- og verslunareiningar til að styrkja enn frekar sumarbústaðabyggðina og að Selfoss styrkist sem áningarstaður fyrir ferðamenn.

### 2.4.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

## STYRKUR

*Nálægð* — Nálægðin við höfuðborgarsvæðið, Keflavíkurflugvöll og Bláa Lónið styrkir ferðaþjónustuna í Reykjanesbæ.

*Fjölbreytt afþreying* — Fjölbreytt afþreying m.a. hvalaskoðun, sjóstangaveiði, hellaskoðun og fuglaskoðun, og víða eru merktar gönguleiðir.

*Aukin nýting* — Gistirými er yfirleitt fullbókað yfir sumartímann. (Hagstofa Íslands, 2000).

*Stefnumótun* — Búið að vinna að stefnumótun í ferðaþjónustu á Reykjanesi fyrir árin 2001-2005. Markaðs, atvinnu og menningarmálaskrifstofa Reykjanesbæjar og ferðaþjónustuaðilar tóku þátt í mótun

stefnunnar.  Hjá MOA er starfandi ferðamálafulltrúi.

| | |
|---|---|
| *Uppbygging* | Mikil uppbygging hefur verið á undanförnum árum í ferðaþjónustunni , bæði hvað varðar fjölgun gistirýma og aukningu á afþreyingarvalkostum fyrir ferðamenn. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Neikvæð ímynd* | Í viðhorfskönnun Markaðs- og atvinnumálaskrifstofu Reykjanesbæjar kom í ljós að neikvæð viðhorf gagnvart Reykjanesi tengjast aðallega huglægum þáttum s.s. að þar sé vont veður, landslag hrjóstrugt og umhverfi óaðlaðandi og kuldalegt (Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar, 1999). |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Ímyndarsköpun* | Í stefnumótun ferðaþjónustu á Reykjanesi 2001 – 2005 er sett fram sem meginmarkmið að skapa nýja ímynd Reykjaness með öflugu markaðs- og kynningarstarfi. |
| *Áherslu á sérstöðuna* | Leggja þarf áherslu á menningu og sögu tengdri sjósókn, popptónlist, samgöngum og sérstöðu Reykjaness vegna hersetu og uppbyggingu flugvalla. Einnig á jarðsögu og náttúrufyrirbæri sem tengjast Reykjaneshryggnum. |
| *Heilsutengd ferðaþjónusta* | Nýta þarf jákvæða ímynd Bláa Lónsins enn frekar í markaðssetningu og efla þannig enn frekar heilsutengda ferðaþjónustu. |

#### 2.4.2.6 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Samgöngur* | Góðar vegasamgöngur og nálægðin við höfuðborgarsvæðið er styrkur. |
| *Afþreying* | Afþreying fyrir ferðamenn sem í boði er tengist grunngerð bæjarins og þjónustuþáttum sem eru hluti af innri skipulagsgerð. |
| *Fjölbreytni safna* | Mikil uppbygging hefur átt sér stað á Byggðasafni Akraness, og safni Landmælinga. Hvalfjarðarsafnið og Íþróttasafn Íslands styrkja ferðaþjónustuna. |
| *Jaðarsbakkalaug og 18 holu golfvöllur* | Jaðarsbakkalaug og golfvöllurinn tengist vel þeirri hugmyndafræði að skapa Akranesi sérstöðu í afþreyingu sem byggir á útivist. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Skipulögð afþreying* | Framboð skipulagðrar afþreyingar er frekar takmarkað. |

*Sérstaða* — Akranes hefur eins og er ekki sýnilega sérstöðu sem veikir markaðsetningu ferðaþjónustunnar.

*Gistiaðstaða* — Takmarkaðir gistimöguleikar eru á staðnum sem kemur vel fram í því að á meðan gistinóttum fjölgar á Vesturlandi hefur gistinóttum á Akranesi fækkað. Hlutfall Akraness af heildargistinóttum á Vesturlandi er innan við 5% (Hagstofa Íslands, 2001).

*Almenningssamgöngur* — Betur þarf að tryggja almenningssamgöngur á milli Akraness og höfuðborgarsvæðisins, að þær verði tíðari og öruggar allan ársins hring.

**TÆKIFÆRI**

*Ímynd* — Byggja enn frekar upp á sterkri ímynd Akraness í tengslum við útivist og íþróttir.

*Langisandur* — Uppbygging aðstöðu á Langasandi er kjörin leið til að skapa sérstöðu á sviði útivistar.

#### 2.4.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

*Stefnumótun* — Samkvæmt stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Vesturland eru markmið og leiðir endurskoðaðar reglulega með tilliti til breyttra aðstæðna (Á sextán skóm. Bjarnheiður Hallsdóttir og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, 1998).

*Ferðamálafulltrúi* — Ferðamálafulltrúi er starfandi fyrir allt Vesturland.

*Upplýsingamiðstöð* — Öflug upplýsingamiðstöð er í Borgarnesi, miðstöðin er opin allt árið.

*Sumarbústaðabyggð* — Mikil sumarbústaðabyggð er á Vesturlandi og styrkir það verslun og þjónustu í Borgarnesi

*Hvalfjarðargöng* — Hvalfjarðargöngin auka möguleika Vesturlands í ferðaþjónustu, þar sem svæðið hefur færst nær stærsta markaðssvæði landsins.

*Við hringveginn* — Staðsetningin við hringveginn hefur m.a. leitt til þess þrjú olíufélög hafa sett upp veitinga- og olíusölur á afmörkuðu svæði í Borgarnesi.

*Söguhringur* — Í boði er Söguhringur með leiðsögn um bæinn.

**VEIKLEIKAR**

*Almenningssamgöngur* — Helsti veikleikar ferðaþjónustunnar eru almenningssamgöngur, lítil samræming er á ferðum innan svæðisins og skortur er á

hringleiðum.

*Stutt viðvera ferðamanna* — Ferðamenn hafa fremur stutta viðveru í Borgarnesi.

*Gistirými* — Nýting gistirýmis er í heildina léleg, nær því að vera sæmileg á háannatíma, en er afleit yfir vetrarmánuðina (Á sextán skóm. Bjarnheiður Hallsdóttir og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, 1998).

## TÆKIFÆRI

*Sérstaða* — Sérstaða felst í fjölbreyttu náttúrufari, sögu og menningu svæðisins. Sóknarfæri getur falist í því að byggja upp ímynd í tengslum við útivist og náttúrulega afþreyingu.

*Veiðimennska* — Til að hafa lengri viðdvöl þurfa ferðamenn ástæðu. Nauðsynlegt er því að stuðla að skipulagðri afþreyingu í samræmi við sérstöðu svæðisins, mörg tækifæri felast í afþreyingu sambandi við veiði í ám, vötnum og sjó.

### 2.4.2.8 Ísafjörður

## STYRKUR

*Landslag og náttúra* — Könnun meðal ferðamanna á Vestfjörðum sumarið 2000 leiddi í ljós að landslagið og náttúran eru helsti styrkur Vestfjarða. Kyrrðin og nálægð við hrikaleg fjöll og ósnortna náttúru laða ferðamenn til svæðisins.

*Höfnin* — Góð höfn er frá náttúrunnar hendi, og víða er mikið dýpi sem gerir aðkomu skemmtiferðaskipa greiðfæra.

*Sérstaða í skipulagðri afþreyingu* — Sérstaðan felst í sjónum og þeirri afþreyingu sem er í boði í tengslum við bátsferðir og skoðunarferðir á sjó. Leiklistarhópur ungs fólks, sem gerður er út af Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar, veitir leiðsögn um Ísafjarðarbæ á lifandi hátt með söng, tónlist og leiklist.

*Aukning í gönguferðum* — Gamlar þjóðleiðir eru merktar og gönguleiðir stikaðar. Aukning er í lengri gönguferðum þar sem bátar eru nýttir til að koma vistum á milli staða fyrir göngufólk.

*Neðstikaupstaður* — Mikill styrkur fyrir ferðaþjónustuna felst í endurbyggingu húsanna í Neðstakaupstað, sem eru elsta húsaþyrping landsins. Þau hafa verið markvisst lagfærð og gerð upp.

*Hornstrandir* — Hornstrandir eru styrkur fyrir Ísafjörð því ferðir þangað skapa verkefni fyrir þjónustuaðila á Ísafirði.

*Bátsferðir* — Á undanförnum árum hafa bátsferðir í Vigur, Hesteyri og nú síðast

| | |
|---|---|
| | Grunnavík aukið fjölbreytni í ferðaþjónustu á Ísafirði. |
| *Fjölbreytt gistiaðstaða* | Á Ísafirði eru fjölbreyttir gistimöguleikar, heilsárshótel, gistiheimili, sumarhótel og tvö tjaldsvæði. |
| *Ferðaskrifstofa og upplýsingamiðstöð* | Á Ísafirði er ferðaskrifstofa sem sér um að selja ferðir og upplýsingamiðstöð sem sér um að selja fyrir aðila á svæðinu. |
| *Stórir hópar* | Einn af styrkleikum Ísafjarðar í ferðaþjónustu er reynsla í að taka á móti stórum hópum (skemmtiferðaskipin). |
| *Ferðamálafulltrúi* | Ferðamálafulltrúi er starfandi í Ísafjarðarbæ (auk ferðamálafulltrúa Vestfjarða). |
| *Samgöngur* | Samgöngur frá Ísafirði til Önundarfjarðar, Dýrafjarðar og Súgandafjarðar eru í nokkuð góðu lagi. Flug er á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur 2 sinnum á dag. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Þjóðvegur 1* | Veikleiki gagnvart ferðaþjónustu er að Ísafjörður er ekki staðsettur við hringleið í vegakerfinu. |
| *Áætlunarferðir* | Áætlunarferðir langferðabíla til Ísafjarðar á sumrin eru eingöngu frá byrjun júní til ágústsloka. |
| *Nýting gistirýma* | Hótel Ísafjörður er eina heilsárshótelið á Vestfjörðum, en samt sem áður er nýting þess afar léleg yfir vetrartímann. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Takmarkað gistirými á Vestfjörðum* | Takmarkað framboð á gistingu með baði á öðrum svæðum Vestfjarða getur ógnaðu uppbyggingu ferðaþjónustu á Ísafirði. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Nýtt aðdráttarafl* | Aukin tækifæri felast í því að bjóða upp á bátsferðir á fleiri staði sem ekki verður komist til nema sjóleiðina. Önnur tækifæri felast í kajakferðum, fjallaferðum og útvist almennt. |
| *Menningartengd ferðaþjónusta* | Mikið er af gömlum byggingum á Ísafirði, sem nýtast vel í menningartengdri ferðaþjónustu. Töluverður hluti Byggðasafns Vestfjarða er ekki sýnilegur í dag vegna húsnæðisskorts, en þar geta falist aukin tækifæri í menningartengdri ferðaþjónustu. |
| *Afþreying tengd sjónum* | Aukin viðkoma skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar leiðir til aukningar í minjagripaverslun og dagsferðum um svæðið á sjó og landi. |
| *Gamla sjúkrahúsið* | Verið er að vinna að því að gera gamla sjúkrahúsið að safnahúsi. Í |

| | |
|---|---|
| | safnahúsinu verður bókasafn, héraðsskjalasafn og Listasafn Ísafjarðar. Þar verður jafnframt aðstaða til fyrirlestrahalds. |
| *Hornstrandir* | Mörg tækifæri felast í ferðum til Hornstranda og Jökulfjarða. |
| *Aukin afþreying á sjó* | Aukin tækifæri felast í heilsársafþreyingu sem tengist sjónum. |

### 2.4.2.9 Sauðárkrókur

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Nálægð* | Sauðárkrókur nýtur nálægðar við þekkta menningarstaði s.s. Hóla í Hjaltadal, Glaumbæ og Vesturfarasetrið. |
| *Samgöngur* | Samgöngur í Skagafirði eru tiltölulega vel tengdar öðrum landshlutum, daglegar rútuferðir eru allt árið, 1-2 ferðir á dag yfir vetrarmánuðina en 2-3 ferðir á dag yfir sumarmánuðina og flogið er til Sauðárkróks flesta daga. |
| *Ferðamálafulltrúi* | Ferðamálafulltrúi fyrir Skagafjörð hefur styrkt atvinnugreinina. |
| *Drangey* | Drangey er vel þekktur sögustaður og boðið er upp á skipulagðar eyjasiglingar frá höfninni á Sauðárkróki |
| *Kennsla í ferðaþjónustu* | Kennsla í ferðaþjónustu hófst á Hólum 1996 sem eykur möguleika til að efla þessa atvinnugrein í sveitarfélaginu. |
| *Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð* | Í Varmahlíð er Upplýsingamiðstöð styrkleiki hennar liggur m.a. í staðsetningunni, en hún er við vegamót þjóðvegar 1 og héraðsvega í Skagafirði og eiga flestir ferðamenn í Skagafirði leið þar um. |
| *Nálægð við sérstæða afþreyingu* | Sigling niður Jökulsárnar er eftirsótt afþreying og hefur aðsóknin aukist ár frá ári. Sauðárkrókur nýtur án efa nálægðarinnar við þessa sérstæðu afþreyingu vegna margfeldisáhrifa. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Ferðamálafulltrúi* | Ferðamálafulltrúi er í hálfu starfi yfir vetrartímann, |
| *Markaðs- og kynningarmál* | Nokkuð vantar upp á markaðssetningu og samstarf þeirra aðila sem skipuleggja afþreyingu fyrir ferðamenn. Samstarf fyrirtækja í ferðaþjónustu hefur ekki þróast í sameiginlegt markaðsstarf þannig að þau hjálpist við að fá ferðamenn til Skagafjarðar. |
| *Gistirými* | Á Sauðárkróki er eitt sumarhótel með 70 herbergjum, eitt heilsárs hótel með 12 herbergi og 2 heilsárs gistiheimili með um tvö tugi herbergja. Nýting gistirýmis er léleg fyrir utan háönn. Norðurland vestra hefur næst fæstar gistinætur einstakra kjördæma (Hagstofa |

Íslands, 2000).

| | |
|---|---|
| *Almenningssamgöngur* | Almenningssamgöngur eru litlar á svæðinu fyrir utan akstur skólabíla yfir vetrartímann. |
| *Söfn* | Söfn hafa almennt ekki fastan opnunartíma yfir veturna. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Styttri ferðir* | Hætta er á að Sauðárkrókur og nágrenni verði útundan í skipulagningu hópferða um landið, því ferðaskipuleggjendur hafa stytt ferðir sínar til lækka verð á hópferðum sem getur leitt til þess að staðir sem lítt eru þekktir verði sniðgegnir. |
| *Villinganesvirkjun* | Virkjun í Villinganesi kemur til með að kippa stöðum undan fljótasiglingum í gljúfrum Vestari Jökulsár, en þessar fljótasiglingar eru einstök upplifun og sérstæð afþreying á heimsvísu. Siglingar verða áfram mögulegar í gljúfrum Austari Jökulsár, en þær verða ekki eins aðgengilegar og fyrr, og siglingar þar eru erfiðari en í Vestari Jökulsá og krefjast meiri reynslu. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Göngur og réttir* | Sérstaða atvinnuveganna á Norðurlandi-vestra hefur verið nýtt í ferðaþjónustu í sambandi við göngur og réttir, þjónustuaðilar á Sauðárkróki gætu trúlega nýtt þessa viðburði betur. Göngur og réttir safna ekki bara sauðfé og hrossum heldur líka fólki og þá einkum stóðréttirnar í Skagafirði. |
| *Aðdráttarafl* | Skíðasvæðið í Tindastóli og Reiðhöllin eru ný mannvirki sem geta aukið aðdráttarafl staðarins. Aðstæður til ýmissa vetraríþrótta eru góðar í nágrenni Sauðárkróks og með aukinni uppbyggingu skíðasvæðisins opnast fleiri möguleikar í sambandi við vetrarferðamennsku. |
| *Samvinna* | Aukið samstarf og samvinnu upplýsingamiðstöðva, ferðamálafulltrúa og ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi bætir samkeppnishæfni svæðisins. |
| *Þverárfjallsvegur* | Bættar samgöngur með Þverárfjallsvegi auka möguleika á dagsferðum frá nágrannabyggðalögunum. |
| *Stefnumótun* | Móta þarf heilstæða stefnu um uppbyggingu ferðaþjónustunnar sem heilsársatvinnugreinar sem byggir á sérstöðu svæðisins. Möguleikar eru á að skapa sérstöðu hvað varðar menningartengda ferðaþjónustu í Skagafirði, og hefur verið unnið að slíku undanfarið. |
| *Ónumið land* | Skagafjörður er að mestu ónumið land í ferðaþjónustu og getur tekið |

við mun fleiri ferðamönnum án þess að náttúra þess láti á sjá. Uppbygging safna og þjóðarminja getur aukið athygli á svæðinu og sögu þess.

# 2.5 Sjávarútvegur

## 2.5.1 Almenn greining á stöðu sjávarútvegs í landshlutakjörnum

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Rannsóknarstarfsemi á landsbyggðinni* | Háskólinn á Akureyri og Hólaskóli stunda rannsóknir á sviði sjávarútvegs og fiskeldis, auk þess sem Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins, Hafrannsóknarstofnun og Háskóli Íslands hafa útibú á landsbyggðinni. Þessi rannsóknarstarfsemi hefur skilað hagnýtri þekkingu inn í atvinnulífið á viðkomandi stöðum. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Bráðabirgðavinna* | Fiskvinnsla hefur hvorki upp á að bjóða gefandi störf eða há laun. Mikið er um að ungt fólk og nýbúar vinni í fiskvinnslu meðan það skapar sér aðstæður til þess að "fá eitthvað betra". |
| *Skuldaaukning sjávarútvegsins* | Skuldir sjávarútvegsins voru taldar vera kringum 175 milljarðar króna um áramótin 1999-2000. Þær höfðu aukist um 70 milljarða á fjórum árum. (Þjóðhagsstofnun 2000) |
| *Tíð mannaskipti* | Mannaskipti eru tíð í fiskvinnslu. Slíkt hefur tilhneigingu til að hækka þjálfunarkostnað og halda aftur af tekjum með lakari afköstum og gæðum starfsins. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Fækkun starfa í sjávarútvegi* | Á síðasta áratug hefur störfum fækkað í sjávarútvegi vegna aukinnar vélvæðingar. Talið er að þeim muni enn fækka á næstu 5 árum. |
| *Uggvænleg staða í sjávarútvegi* | Afkomutölur fyrirtækja í sjávarútvegi hafa sýnt tap að undanförnu og bendir margt til að ástandið versni enn. Eldsneytishækkun eykur útgjöld flotans um milljarða. |
| *Vægi sjávarútvegs minnkar* | Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar mun vægi sjávarútvegsins minnka á næstu árum. Þetta stafar annars vegar af auknum útflutningi á öðrum vörum og þjónustu, en hins vegar af því að tekjur af sjávarútvegi eru að dragast saman. (Þjóðhagsstofnun, 2000) |
| *Áhrif auðlindagjalds* | Ýmsir telja að hugsanlegt auðlindagjald á sjávarútvegsfyrirtæki muni rýra afkomu þeirra um 2 - 10% og að sjávarútvegurinn ráði ekki við slíkt gjald. |
| *Minnkandi margfeldisáhrif* | Vinnsla afla um borð og tæknivæðing í landvinnslu leiðir til fækkunar starfa í landvinnslunni og minnkandi margfeldisáhrifa. Þetta veikir einnig starfsemi stoðfyrirtækja. |

*Versnandi afkoma fyrirtækja*

Afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi hefur versnað á undanförnum tveimur árum, sérstaklega fyrirtækja í mjöl- og lýsisvinnslu.

**TÆKIFÆRI**

*Nýting aukaafurða*

Auka má nýtingu aukaafurða í vinnslunum. M.a. er úrgangur úr fiskvinnslu mikilvægt hráefni fyrir fóður í loðdýrarækt.

*Auka fullvinnslu*

Auka má fullvinnslu á ferskum fiski og vinnslu á afurðum sem nú eru fluttar óunnar úr landi.

*Tollalækkun*

Lækkun tolla á unnum fiskafurðum mundi skapa betri skilyrði fyrir fullvinnslu afurða.

*Aukið fiskeldi*

Að mati Landssambands fiskeldis- og hafbeitarstöðva er fram undan umtalsverð aukning í fiskeldi hér á landi. Að mati þeirra (árið 2000) má gera ráð fyrir að framleiðslan muni aukast að meðaltali um og yfir 25% á ári næstu fimm árin.

*Fjölgun í afleiddum störfum tengdum sjávarútvegi*

Ýmis afleidd störf í fiskvinnslu, svo sem rannsóknar- og þróunarstörf, markaðsmál o.fl. hafa flust til höfuðborgarsvæðisins. Færa má hluta þeirra til baka í landsbyggðarinnar.

*Aukið framboð áhættu-fjármagns*

Aukið framboð áhættufjármagns mundi gera þeim auðveldara fyrir sem vilja reyna nýja hluti í sjávarútvegi.

*Veiking krónunnar*

Talið er að veiking gengis krónunnar muni styrkja stöðu sjávarútvegs og auka sjóðstreymi til langs tíma litið.

### 2.5.1 Svæðisbundin greining á stöðu sjávarútvegs í landshlutakjörnum

#### 2.5.1.1 Akureyri

**STYRKUR**

*Gjöful mið*

Helsti styrkur sjávarútvegs á Norðurlandi er nálægð við göngur uppsjávarfiska og að helstu rækjumið landsins eru út af Norðurlandi.

*Öflug útgerð*

Akureyri er öflugur útgerðarbær Frá Akureyri er gerður út fjöldi frystitogara.

*Sterk fyrirtæki*

Á Akureyri eru tvö af sterkustu útgerðarfyrirtækjum landsins: Samherji og Útgerðarfélag Akureyrar.
ÚA er sterkt í togarafiski og Samherji í rækju og uppsjávarfiski.

*Sterk kvótastaða*

Kvótastaða Akureyrar er sterk, og þorskveiðiheimildir hafa aukist um 55% s.l. 10 ár.

*Stórt frystihús*

Á Akureyri er stórt og tæknivætt frystihús.

*Mikil bolfisklöndun*

Eyjafjarðarsvæðið er meðal stærstu bolfisklöndunarsvæða landsins, bæði hvað varðar landað magn og einnig hvað varðar aflaverðmæti. Aflinn hjá hafnasamlagi Norðurlands (Akureyri, Grenivík og Hjalteyri) hefur aukist s.l. tvö ár.

*Miðstöð þekkingar*

Akureyri er miðstöð þekkingar í sjávarútvegi og þar er mikil þekkingaruppbygging. Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Háskólinn í Akureyri eru í samvinnu við fiskvinnslufyrirtæki. Góð þekking er hjá fyrirtækjum eins og Útgerðarfélagi Akureyrar og Samherja. Útgerðarfélag Akureyringa opnaði árið 1999 nýja þróunarstöð, sem meðal annars á að leita nýjunga í fullvinnslu fiskafurða til útflutnings.

**VEIKLEIKAR**

*Lítil smábátaútgerð*

Akureyri er ekki sterk varðandi smábátaútgerð.

**ÓGNANIR**

*Störfum fækkar*

Mest af fiskinum er unnið í frystitogurum eða landað annars staðar, og störfum í landvinnslu mun fækka á næstunni.

**TÆKIFÆRI**

*Þróunarstöð ÚA*

Útgerðarfélag Akureyringa opnaði árið 1999 nýja þróunarstöð sem meðal annars á að leita nýjunga í fullvinnslu fiskafurða til útflutnings.

### 2.5.2.2 Húsavík

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Rækju- og bolfiskvinnsla* | Fiskiðjusamlag Húsavíkur rekur mjög fullkomna rækjuverksmiðju ásamt nýlega tæknivæddri bolfiskvinnslu. |
| *Góðar aðstæður til bátaútgerðar* | Helsti styrkur sjávarútvegs á Norðurlandi er nálægð við göngur uppsjávarfiska og góð aðstaða til smábátaútgerðar á nokkrum stöðum. |
| *Rækju- og loðnuveiði* | Frá Húsavík er stutt á rækju- og loðnumið, en helstu rækjumið landsins eru út af Norðurlandi, og mikil loðnuveiði er úti fyrir Norðausturlandi á sumrin og haustin. |
| *Síldveiði* | NA-hornið liggur best við nýtingu á norsk-íslensku síldinni og fiskafla sem berst úr Norðurhöfum. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Lítill bolfiskur annar en þorskur* | Takmarkað veiðist af öðrum bolfisktegundum en þorski út af Norðurlandi. Þetta kemur t.d. illa við krókabáta, sem hafa mátt veiða ótakmarkað magn af t.d. ýsu og steinbíti. |
| *Samdráttur í landvinnslu* | Samdráttur hefur orðið í vinnslu sjávarafurða. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Samdráttur í rækju* | Frá árinu 1998 hefur orðið mikill samdráttur í rækjuveiðum, bæði á innfjarðarrækju og úthafsrækju. Af þessum sökum hefur Fiskiðjusamlagið selt rækjufrystitogara og rækjuvinnslu á Kópaskeri. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Fiskeldi* | Heitt vatn á Húsavík gefur möguleika á fiskeldi. Nefna má barraeldi, lúðueldi o.fl. |

### 2.5.2.3 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Nálægð við Keflavíkurflugvöll* | Nálægð við Keflavíkurflugvöll gefur möguleika á útflutningi á ferskfiski og lifandi fiski, humri, krabbadýrum og skelfiski. |
| *Laxeldi* | Laxeldi er stundað að einhverju leyti í nágrenni Reykjanesbæjar. |
| *Nálægð við markað* | Svæðið er nálægt stórum markaði á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Hlýr sjór* | Við suðvesturströndina og í Faxaflóa er tiltölulega hlýr sjór vegna Golfstraumsins. Þetta gefur fiski góða lífsmöguleika, þar sem æti er |

| | |
|---|---|
| | mikið. |
| *Kola- og flatfiskmið* | Á svæðinu eru öflug kola- og flatfiskmið. |
| *Hrygningarsvæði loðnu* | Út af suðvestanverðu landinu eru hrygningarsvæði loðnu, sem gefur sérstaka nýtingarmöguleika. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Útgerð hefur minnkað* | Útgerð hefur minnkað í Reykjanesbæ og er ekki mikil í dag. Störfum við fiskvinnslu hefur fækkað eða þau lagst af(?) |
| *Lítill kvóti* | Lítill kvóti er í Reykjanesbæ. |
| *Lítill uppsjávarfiskur* | Svæðið er veikt hvað varðar uppsjávarfisk eins og síld og loðnu. |
| *Ofveiði á kola* | Ofveiði á kola hefur valdið því að stofninn hefur hrunið með reglulegu millibili. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Samkeppni um vinnuafl* | Nálægðin við höfuðborgarsvæðið skapar mikla samkeppni um vinnuafl. Því getur verið erfitt að fá gott og stöðugt vinnuafl í fiskvinnslu. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Góðar aðstæður til fiskeldis* | Hlýr sjór skapar mjög góðar aðstæður til fiskeldis á svæðinu. |
| *Fullvinnsla afurða á innanlandsmarkað* | Nálægð við höfuðborgarsvæðið gefur góða möguleika á fullvinnslu sjávarafurða á innanlandsmarkað. |
| *Nábýli við Keflavíkurflugvöll* | Staðsetning nálægt Keflavíkurflugvelli býður upp á möguleika í vöruþróun á sjávarafurðum með beinan útflutning í huga. |

### 2.5.2.4 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Þjónusta við sjávarútveg* | Á Akranesi er bæði útgerð og vinnsla. Haraldur Böðvarsson er öflugt fyrirtæki, og eigandi fyrirtækis, sem býr til tilbúna rétti. |
| *Útgerð og vinnsla* | Á Akranesi er mikil þjónusta sem byggir á sjávarútvegi. |
| *Hlýr sjór* | Við suðvesturströndina og í Faxaflóa er tiltölulega hlýr sjór vegna Golfstraumsins. Þetta gefur fiski góða lífsmöguleika, þar sem æti er mikið. |
| *Kola- og flatfiskmið* | Á svæðinu eru öflug kola- og flatfiskmið. |

| | |
|---|---|
| *Hrygningarsvæði loðnu* | Út af suðvestanverðu landinu eru hrygningarsvæði loðnu, sem gefur sérstaka nýtingarmöguleika. |
| *Nálægð við markað* | Svæðið er nálægt stórum markaði á höfuðborgarsvæðinu. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Lítill uppsjávarfiskur* | Svæðið er veikt hvað varðar uppsjávarfisk eins og síld og loðnu. |
| *Ofveiði á kola* | Ofveiði á kola hefur valdið því að stofninn hefur hrunið með reglulegu millibili. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Samkeppni um vinnuafl* | Nálægðin við höfuðborgarsvæðið skapar mikla samkeppni um vinnuafl. Því getur verið erfitt að fá gott og stöðugt vinnuafl í fiskvinnslu. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Góðar aðstæður til fiskeldis* | Hlýr sjór skapar mjög góðar aðstæður til fiskeldis á svæðinu. |
| *Fullvinnsla afurða á innanlandsmarkað* | Nálægð við höfuðborgarsvæðið gefur góða möguleika á fullvinnslu sjávarafurða á innanlandsmarkað. |
| *Nábýli við Keflavíkurflugvöll* | Staðsetning nálægt Keflavíkurflugvelli býður upp á möguleika í vöruþróun á sjávarafurðum með beinan útflutning í huga. |

#### 2.5.2.5 Ísafjörður

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Öflug útgerð* | Ísafjörður er öflugur útgerðarbær með sterka kvótastöðu. |
| *Gjöful bolfiskmið* | Staðsetning gagnvart sjávarauðlindum er sterk. Góð höfn er á Ísafirði og góð staðsetning gagnvart fiskveiðum. Á svæðinu er stutt á gjöful bolfiskmið og uppvaxtarsvæði helstu nytjastofna. Aðstæður eru því kjörnar fyrir smærri báta og afurðin mjög fersk þegar hún kemur að landi. |
| *Góðar aðstæður fyrir vinnslu bolfisks* | Á Ísafirði er góð aðstaða til bolfiskvinnslu. Stórum hefðbundnum frystihúsum hefur fækkað á undanförnum árum en í þeirra stað hafa komið minni vinnslur. Magn þess afla sem unninn er á svæðinu hefur þó ekki dregist saman. |
| *Saltfiskverkanir* | Saltfiskvinnslur eru á Ísafirði og Hnífsdal. |
| *Öflug rækjuvinnsla* | Öflug rækjuvinnsla er á Ísafirði. |

| | |
|---|---|
| *Þróunarmiðstöð í sjávarútvegi* | Ísafjörður er þróunarmiðstöð í sjávarútvegi. Þar er mikil þekking á sjávarútvegi og öflug rannsóknar- og þróunarfyrirtæki. Hafrannsóknarstofnun og Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins eru þar með útibú og útibú er frá MATRA (samstarfsverkefni Iðntæknistofnunar og RALA), sem þjónar matvælafyrirtækjum. |
| *Nýsköpunarfyrirtæki í rannsóknarstarfi* | Á Ísafirði eru starfandi nokkur nýsköpunarfyrirtæki í sjávarútvegi, sem nálægar sjávarbyggðir njóta góðs af. Á Ísafirði er ein fárra verksmiðja í heiminum sem framleiða frosið sushi í neytendaumbúðum. 3x-Stál sérhæfir sig í sértækum lausnum á flestum þeim vinnslueiningum sem koma við rækju- og bolfiskvinnslu og Póls framleiðir vogir og annan hátæknibúnað fyrir fiskvinnslur. Einnig má nefna Netagerð Vestfjarða. Þessi fyrirtæki hafa öllu haslað sér völl erlendis auk þess að þjóna sjávarútvegi innanlands. |
| *Góð höfn* | Höfnin er góð fyrir stærri og smærri skip. Öll skip íslenska flotans geta athafnað sig í höfninni. |
| *Vinnuafl með þekkingu* | Vinnuafl með þekkingu á fiskvinnslustörfum er til staðar á svæðinu. Fyrirtæki í sjávarútvegi og þekking á vélum og búnaði skapa mikla möguleika á útflutningi þekkingar og framleiðslu. |
| *Framsækin fyrirtæki* | Á Ísafirði eru framsækin fyrirtæki, sem framleiða búnað fyrir sjávarútveg og hafa haslað sér völl erlendis. Vélsmiðjur þjóna sjávarútvegsfyrirtækjum á ýmsan hátt. Plastverkstæði þjóna smábátaflotanum. Á Ísafirði er ísverksmiðja, sem sér flotanum fyrir ís, og dæmi um aðra þjónustu eru fiskmarkaðir og fleira. |
| *Harðfiskvinnsla* | Mikil harðfiskvinnsla er á Ísafirði. |
| *Frystihús í Hnífsdal* | Hraðfrystihúsið Gunnvör rekur stórt og öflugt frystihús í Hnífsdal. Það hefur mikla þekkingu og nákvæmt eftirlit. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Lítið um uppsjávarfisk* | Svæðið er veikt varðandi uppsjávarfisk, eins og t.d. síld og loðnu. |
| *Slök samkeppnisaðstaða* | Vegna fjarlægðar frá millilandaflugvelli getur verið erfiðara fyrir fyrirtæki á Vestfjörðum en á suðvesturhorni landsins að hasla sér völl í útflutningi á ferskum fiski. |
| *Langur tími til kaupenda* | Það líður a.m.k. hálfur sólarhringur frá því að afli sem seldur er á markaði berst á land þar til hann er kominn í hendur kaupenda á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar utan Vestfjarða. |
| *Einhæfur skipakostur* | Skipakostur á svæðinu er einhæfur, mikið af litlum bátum. Lítil |

endurnýjun er í stærri flota og aðeins eitt skip með vinnslu um borð. Togurum hefur fækkað mikið á undanförnum 5 árum.

*Hæg kynslóðaskipti*

Kynslóðaskipti áttu sér seint stað í sjávarútvegi. Þetta leiddi til lítillar endurnýjunar flotans, lítillar hlutafjárvæðingar og markaðsvæðingar. Ekki var fjárfest á hagstæðum tímum og félög ekki opnuð.

*Seinir að nýta kvótakerfið*

Ísfirðingar voru seinir að nýta sér kvótakerfið og töpuðu m.a. kvóta til Norðurlands.

*Lág laun í fiskvinnslu*

Fiskvinnslan greiðir lág laun, og þar eru ekki uppgrip eins og áður var.

**TÆKIFÆRI**

*Aukin menntun fiskvinnslufólks*

Þekking á útgerð og veiðum togskipa er fyrir hendi. Aukin menntun fiskvinnslufólks gefur betri rekstrargrundvöll fyrirtækja.

*Meiri afli unninn á staðnum*

Aukin atvinnutækifæri skapast með því að vinna meira af aflanum á svæðinu í stað þess að keyra hann í burtu.

*Fullvinnsla afla*

Tækifæri liggja í eflingu fiskvinnslanna og aukinni fullvinnslu aflans.

*Slægingar- og flökunarþjónusta*

Ef kaupendur fisks á markaði nýta sér slægingar- og flökunarþjónustu skapar fiskurinn a.m.k. einhverja atvinnu áður en hann er keyrður í burtu. Þetta mætti nýta meira.

*Möguleikar í vinnslu aukaafurða*

Auka má nýtingu aukaafurða í vinnslunum.

*Fjölbreyttari úrvinnsla hráefnis*

Í gangi eru tilraunir með fjölbreyttari úrvinnslu hráefnis og má þar nefna vinnslu á Sushi.

*Sóknarfæri í harðfiski*

Harðfiskframleiðendur sem eru nokkrir á svæðinu, anna ekki eftirspurn. Þar eru því sóknarfæri.

*Aukin vinnsla á ferskfiski*

Auka má vinnslu á ferskum fiski.

### 2.5.2.6 Sauðárkrókur

**STYRKUR**

*Góðar aðstæður til bátaútgerðar*

Helsti styrkur sjávarútvegs á Norðurlandi er nálægð við göngur uppsjávarfiska, góð aðstaða til smábátaútgerðar á nokkrum stöðum og að helstu rækjumið landsins eru út af Norðurlandi.

| | |
|---|---|
| *Sterkt útgerðarfyrirtæki* | Í Skagafirði er eitt af sterkustu útgerðarfyrirtækjum landsins, Fiskiðjan Skagfirðingur. |
| *Mikill togarafloti og góð kvótastaða* | Sauðárkrókur er allöflugur útgerðarbær með sterka kvótastöðu. Frá Sauðárkróki eru gerðir út frystitogarar, ísfisktogarar og rækjuskip. Framleiðsluþáttur Fiskiðjunnar gengur vel. |
| *Uppbygging þekkingar* | Á Sauðárkróki eru sterk þekkingarfyrirtæki og mikil þekkingaruppbygging í sjávarútvegi. |
| *Tengsl milli veiða og vinnslu* | Sterk tengsl eru milli veiða og vinnslu. Eignaraðildin er nær algjörlega í höndum heimamanna, og fiskvinnslan er nær eingöngu mönnuð heimafólki. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Lítill bolfiskur annar en þorskur* | Takmarkað veiðist af öðrum bolfisktegundum en þorski út af Norðurlandi. Þetta kemur t.d. illa við krókabáta, sem hafa mátt veiða ótakmarkað magn af t.d. ýsu og steinbíti. |
| *Langt á miðin frá Norðvesturlandi* | Nokkuð langt er á bolfiskmið og uppsjávarfiskimið frá Norðvesturlandi. |
| *Lítil bátaútgerð á Norðvesturlandi* | Bátaútgerð er ekki öflug á Norðvesturlandi, þar sem vetrarvertíð er ekki til að dreifa né heldur síld eða loðnu. |
| *Rækja veikur þáttur* | Rækjuveiðar eru veikur þáttur í sjávarútvegi á Sauðárkróki. |
| *Léleg smábátamið* | Smábátamiðin eru fremur léleg. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Innfjarðarrækjustofninn hruninn* | Innfjarðarrækjustofnarnir fyrir Norðurlandi er hrundir. Fyrir nokkrum árum veiddust 4500 tonn á Húnaflóa, Skagafirði og Skjálfanda. Nokkrir bátar á Hólmavík og Drangsnesi eiga afkomu sína undir veiðum á innfjarðarrækju. Engar veiðar eru nú leyfðar og enginn kvóti. |
| *Sveiflur á afurðaverði* | Miklar sveiflur eru í afurðaverði uppsjávarafla og rækju. |
| *Vinnuafl eldist* | Nokkur ógnun stafar til framtíðar af breyttri aldurssamsetningu vinnuafls í fiskiðju, erfitt er að fá ungt fólk þar til starfa. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Fiskeldi* | Heitt vatn í Skagafirði gefur möguleika á fiskeldi. Nefna má barraeldi, lúðueldi o.fl. |

| | |
|---|---|
| *Frekari þróun í vinnslu á tvífrystum fiski* | Möguleikar eru á frekari vinnslu í landi á flökum úr frystitogurum, sem gefur m.a. betri nýtingu. |

# 3 SAMGÖNGUR OG FJARSKIPTI

## 3.1 Almenn greining á stöðu samgangna og fjarskipta í landshlutakjörnum

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Ljósleiðari* | Ljósleiðari liggur um flesta landshlutakjarnana. |
| *Samgöngumiðstöðvar* | Flestir bæirnir eru samgöngumiðstöðvar á sínu svæði. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Almenningssamgöngur illa tengdar* | Sumir kjarnarnir eru of litlir og baklandið of fámennt til þess að hægt sé að tryggja almennt aðgengi að þeim með almenningssamgöngum, sem oft eru ekki nægjanlega vel tengdar |
| *Stórt starfssvæði* | Starfssvæði landshlutakjarnanna er víða það stórt að útilokað er að þeir geti sinnt því hlutverki fyrir alla íbúana. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Samdráttur í flugi* | Mikill samdráttur í innanlandsflugi veldur því að ótryggt er með flugrekstur til ýmissa þéttbýlisstaða. Samdráttur var í farþegaflutningi á öllum áætlunarflugvöllum landsins á síðasta ári miðað við árið á undan, og hugsanlegt er að innan skamms verði einungis flogið til 3-4 helstu staðanna. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Jöfnun fjarskiptakostnaðar* | Jöfnun gjaldskrár fyrir gagnaflutninga eykur möguleika fyrirtækja í fjarvinnslu. |

## 3.2 Svæðisbundin greining á samgöngum og fjarskiptum í landshlutakjörnum

### 3.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Góð höfn* | Akureyri hefur góða höfn, bæði vöru- og fiskihöfn. |
| *Áfangastaður skemmtiferðaskipa* | Akureyri er mjög vinsæll áfangastaður skemmtiferðaskipa á sumrin sem leiðir af sér öflugan rekstur hópferðabifreiða. |
| *Góð vegartenging* | Akureyri er við hringveg 1 og því vel tengd. |
| *Almenningssamgöngur* | Akureyri hefur strætisvagnakerfi og almenningssamgöngur um nágrennið. |
| *Góðar flugsamgöngur* | Akureyri hefur góðan flugvöll og traustar flugsamgöngur. Allt að 7 flugferðir eru á dag milli Akureyrar og Reykjavíkur. Til Grímseyjar 3x viku (vetur) 6x (hásumar). |
| *Ljósleiðarasamband* | Nú er tvöfalt ljósleiðarasamband frá Akureyri til Reykjavíkur og skapast þar með möguleikar á aukinni samkeppni og betri verðum fyrir neytendur á Akureyri. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Annmarkar á innanbæjarsamgöngum* | Innanbæjarsamgöngur hafa ákveðna annmarka hvað varðar mögulegar tengingar. Byggðin er á stöllum og Glerá rennur í gegnum bæinn og skiptir honum í tvennt. |
| *Erfiðir fjallvegir* | Erfiðir fjallvegir eru til og frá Akureyri. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Miðstöð sjúkraflugs* | Miðstöð sjúkraflugs á Norðurlandi er á Akureyri. |
| *Hálendisvegur til Reykjavíkur* | Með vegi yfir hálendið er hægt að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um allt að 70 km. |

### 3.2.2 Húsavík

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Ljósleiðari* | Húsavík er eini þéttbýlisstaður landsins þar sem ljósleiðari liggur í öll hús. Verið er að vinna að úttekt á þeim möguleikum sem þessar |

| | |
|---|---|
| | aðstæður gefa, og ýmislegt áhugavert hefur komið í ljós. |
| *Stór flugvöllur* | Stór flugvöllur er við Húsavík. Gerður hefur verið þjónustusamningur við Vegagerðina um að taka að sér rekstur hans í eitt ár. |
| *Útflutningshöfn* | Höfnin þjónar m.a. sem útflutningshöfn. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Fjarri þjóðvegi 1* | Húsavík er ekki í tengslum við Þjóðveg 1. |
| *Erfiðir fjallvegir* | Erfiðir fjallvegir eru til og frá Húsavík til vesturs. |
| *Illa tengdur flugvöllur* | Flugvöllurinn er illa tengdur við þéttbýlið. |
| *Ekkert áætlunarflug* | Ekkert áætlunarflug er lengur til Húsavíkur. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Slæmur rekstrargrundvöllur flugs* | Rekstrargrundvöllur flugs til Siglufjarðar og Húsavíkur virðist ekki vera góður. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Jarðgöng undir Vaðlaheiði* | Fram hefur komið hugmynd um jarðgöng undir Vaðlaheiði, sem mundu bæta samgöngur við Húsavík til muna, einkum vetrarsamgöngur. Það mundi efla stöðu byggðarlagsins. Áhrifasvæði jarðganganna mundi ná til 22 þúsund íbúa. |
| *Nýting flugvallar* | Betri nýting flugvallarins, t.d. sem alþjóðaflugvallar, gæti skilað bæjarfélaginu tekjum. |
| *Möguleikar nýju hafnarinnar* | Með nýju höfninni opnast margir möguleikar, m.a. til á sviði þjónustu, ferðaþjónustu og útgerðar. |

### 3.2.3 Egilsstaðir

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Alþjóðaflugvöllur* | Á Egilsstöðum er nýlegur alþjóðaflugvöllur, sem getur styrkt sjávarútveg og búsetu á svæðinu. Fyrir ferðaþjónustu er þetta einnig styrkleiki. Ríkisvaldið hefur gert samning við Flugfélag Íslands um beint flug frá Akureyri til Vopnafjarðar og Egilsstaða næstu þrjú árin. Vegna dræmrar þátttöku var það fellt niður, en í staðinn er boðið upp á sömu fargjöld með millilendingu í Reykjavík. Þá annast Flugfélag Íslands allt sjúkraflug fyrir Austfirði. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Veikur þjónustukjarni* | Staðsetning Egilsstaða innan fjórðungsins er veik og þjónusta við |

| | |
|---|---|
| | landshlutann því takmörkuð. Mikið af baklandinu er niðri á fjörðunum. |
| *Erfiðir fjallvegir* | Erfiðir fjallvegir eru til og frá Egilsstöðum. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Samdráttur í innanlandsflugi* | Samdráttur í innanlandsflugi getur ógnað samgöngum við Austurland, til dæmis milli Egilsstaða og Akureyrar. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Beint flug til Þýskalands* | Líkur eru á að beint farþegaflug verði milli Egilsstaða og Düsseldorf í Þýskalandi sumarið 2002. |

### 3.2.4 Selfoss

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Góð tenging við höfuðborgarsvæðið* | Selfoss er vel staðsettur hvað varðar samgöngur á landi, og vegatengsl við höfuðborgarsvæðið og nágrannasveitarfélögin eru góð. Selfoss er við hringveginn og með góða vegtengingu við Höfuðborgarsvæðið. |
| *Almenningssamgöngur* | Almenningssamgöngur eru um nágrenni Selfoss. |
| *Ljósleiðari* | Á Selfossi er ljósleiðari. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Hellisheiðin farartálmi* | Hellisheiðin er fjallvegur, sem getur verið farartálmi á vetrum. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Suðurstrandarvegur* | Suðurstrandarvegur verður samgöngubót fyrir Selfoss og auðveldar m.a. samgöngur við Keflavíkurflugvöll. |
| *Miðstöð fyrir æfingaflug* | Selfossflugvöllur er stór og öflugur flugvöllur rétt við Selfoss sem þjónar m.a. samgöngum til Vestmannaeyja. Nú er verið að athuga af hálfu Flugmálastjórnar og Samgönguráðuneytis að leggja á hann bundið slitlag og breyta honum í helsta æfingarflugvöll landsins. |

### 3.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Góð höfn* | Í Reykjanesbæ er góð höfn sem nýtist m.a. í iðnaðaruppbyggingu. |
| *Alþjóðaflugvöllur* | Einn helsti styrkur við þetta svæði er nálægð við Keflavíkurflugvöll og höfuðborgarsvæðið. Svæðið er í návígi við helsta markaðinn, bæði innlenda og erlenda gesti. |

| | |
|---|---|
| *Góðir vegtengingar* | Vegir eru góðir á þessum slóðum og opnir allt árið um kring. Stuttar vegalengdir eru á milli staða. Reykjanesbær er með góða vegtengingu á Höfuðborgarsvæðið. |
| *Nálægð við höfuðborgarsvæðið* | Fiskveiðar og fiskvinnsla á svæðinu njóta góðs af nálægðinni við höfuðborgarsvæðið. Fiskmarkaðir hafa leitt til þess að útgerðir eru að fá hærri verð fyrir sitt hráefni. Markaðirnir hafa skapað sveigjanleika hjá vinnslum sem þýðir að þær geta framleitt sérhæfðari vörur. Möguleikar til að markaðssetja þær á höfuðborgarsvæðinu eru miklir og útflutningur á fiski með flugi um Keflavíkurflugvöll er mikill styrkleiki fyrir svæðið |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Slæm staða Hafnasamlags Suðurnesja* | Fjárhagsstaða Hafnasamlags Suðurnesja er slæm og líkur á að tekjur af olíuflutningum í Helguvík bregðist. Þá hefur Hafnasamlagið orðið fyrir miklum tekjumissi vegna flutnings fiskveiðiheimilda í önnur byggðalög. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Suðurstrandarvegur* | Suðurstrandarvegur verður samgöngubót fyrir Reykjanesbæ. |
| *Nýtt olíufélag í Helguvík* | Unnið er að undirbúningi að stofnun nýs íslensks olíufélags, sem væntanlega mun hafa aðstöðu í Helguvík. Við það mundi staða hafnasamlagsins hugsanlega batna. |

### 3.2.6 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Góð höfn* | Á Akranesi er góð höfn sem nýtist m.a. í iðnaðaruppbyggingu. |
| *Nálægð við höfuðborgarsvæðið* | Einn helsti styrkur við þetta svæði er nálægð og góð vegtenging við höfuðborgarsvæðið. Þar er svæðið í návígi við helsta markaðinn. |
| *Grundartangahöfn* | Akranesbær er hluthafi í Grundartangahöfn. Stefnt er að því að hún verði ein aðal útflutningshöfnin við Faxaflóa. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Almenningssamgöngur* | Ekki eru beinar almenningssamgöngur frá Akranesi norður í land, heldur þarf að sækja þær að Hvalfjarðargöngunum. Rúta gengur milli Akraness og Reykjavíkur, en þjónusta telst ekki nægilega góð. |
| *Ekki við hringveginn* | Akranes er ekki við hringveginn. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Hafnarbætur* | Unnið er að endurbótum á höfninni, bættri brimvörn og dýpkun. |

| | |
|---|---|
| *Bætt vegtenging til Reykjavíkur* | Tenging yfir Álsnesið til Mosfellsbæjar (?) mundi vera mikil samgöngubót fyrir Akranes. |

### 3.2.7 Borgarnes

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Góð vegtenging* | Borgarnes er við hringveginn og með góða vegtengingu við höfuðborgarsvæðið. |
| *ADSL-tenging* | ADSL-þjónusta býðst nú í Borgarnesi. |

### 3.2.8 Ísafjörður

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Góð höfn* | Á Ísafirði er góð höfn, bæði fiski- og vöruflutningahöfn, sem nýtist m.a. í iðnaðaruppbyggingu. |
| *Góður flugvöllur* | Á Ísafirði er góður flugvöllur. Flugsamgöngur eru milli Ísafjarðar og Reykjavíkur 2 - 3 sinnum á dag allt árið um kring. Ríkisvaldið hefur gert samning við Flugfélag Íslands um beint flug frá Akureyri til Ísafjarðar næstu þrjú árin. Vegna dræmrar þátttöku var það fellt niður, en í staðinn er boðið upp á sömu fargjöld með millilendingu í Reykjavík. Yfir vetrartímann er reiknað með áætlunarflugi milli Ísafjarðar og Vesturbyggðar 3 sinnum í viku þann tíma sem vegurinn þar á milli er ófær. Íslandsflug sér um sjúkraflug á Vestfjörðum. |
| *Allgóðar samgöngur til nágrannabyggða* | Allgóðar samgöngur eru frá Ísafirði til nágrannabyggðanna. Vestfjarðagöngin hafa gjörbreytt samgöngum á svæðinu og eins hefur vegurinn um Óshlíð verið bættur mjög mikið með lýsingu, vegskálum og öðrum lausnum sem taka við grjóthruni, vegriði á köflum o.s.frv. Mokað er daglega milli þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum. |
| *Öruggar samgöngur* | Bættar vegasamgöngur gera það að verkum að fólk þarf ekki að vera veðurteppt, þótt flug til Ísafjarðar bregðist. Einnig er varaflugvöllur á Þingeyri oftast fær. |
| *Þjóðvegur um Djúp* | Þjóðvegurinn um Djúp hefur farið batnandi, og ferðatími á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur hefur styst að sama skapi. |
| *Almenningssamgöngur* | Almenningssamgöngur eru milli byggðakjarna innan Ísafjarðarbæjar, og flugrúta er til Bolungarvíkur. |
| *ADSL-tenging* | ADSL-þjónusta býðst nú á Ísafirði. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Fjarri hringveginum* | Ísafjörður er fjarri hringveginum. |
| *Takmarkaðar samgöngur innan fjórðungsins* | Erfiðar samgöngur, t.d. við suðurfirði Vestfjarða, veikja nokkuð stöðu Ísafjarðar sem landshlutakjarna, einkum að vetri til. |
| *Erfiðar vetrarsamgöngur* | Vetrarsamgöngur eru erfiðari á Vestfjörðum en víðast í öðrum landshlutum. Fjallvegir milli svæða norðan- og sunnanverðra Vestfjarða eru ekki opnir yfir vetrartímann. |
| *Langt til höfuðborgarinnar* | Yfir sumartímann tekur um 5 til 6 tíma að aka á milli staða á Vestfjörðum og höfðuðborgarsvæðisins. |
| *Erfiðir fjallvegir* | Erfiðir fjallvegir eru til annarra landshluta. |
| *Lélegir vegir* | Margir vegir á Vestfjörðum standast ekki nútímakröfur um burðarþol og eru án bundins slitlags. Bundið slitlag er aðeins á rúmlega helmingi leiðarinnar frá Ísafirði að Brú í Hrútafirði. |
| *Takmarkanir á flugi* | Ísafjörður býr við takmarkanir í flugi, m.a. út af erfiðum skilyrðum til næturflugs. Næturflug er ekki heimilt og ekkert blindflug er inn Skutulsfjörð. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Samdráttur í innanlandsflugi* | Samdráttur í innanlandsflugi getur ógnað samgöngum við Vestfirði, til dæmis er flug milli Ísafjarðar og Akureyrar aflagt. |
| *Vetrarsamgöngur bregðast* | Þótt oftast nær séu vetrarsamgöngur í lagi um þá vegi sem á annað borð eru mokaðir, geta komið það slæmir vetur að erfitt sé að halda þeim opnum. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Bundið slitlag sparar tíma* | Allt sem stytt getur ferðatímann milli Vestfjarða og höfuðborgarsvæðisins felur í sér tækifæri, t.d. að ljúka lagningu á bundnu slitlagi um Ísafjarðardjúp og Strandir. |
| *Gilsfjarðarbrú og nýr vegur stytta leið* | Gilsfjarðarbrú ásamt lagningu nýs vegar milli Hólmavíkur og Gilsfjarðar um Arnkötludal og Gautsdal styttir vegalengdina milli Reykjavíkur og norðanverðra Vestfjarða töluvert. Arðsemi framkvæmdarinnar er talin mikil. |
| *Næturflug bætir þjónustu* | Næturflug til Ísafjarðar mundi skapa ýmsa möguleika og bæta þjónustu við íbúa jafnt sem atvinnulíf. |

### 3.2.9 Sauðárkrókur

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Góð höfn* | Á Sauðárkróki er góð höfn og hafnaraðstaða. |
| *Góður flugvöllur* | Góður flugvöllur er á Sauðárkróki og fellur flug sjaldan niður. |
| *Almenningssamgöngur* | Sauðárkrókur er tengdur Norðurleiðarrútunni, sem fer milli Reykjavíkur og Akureyrar um þjóðveg eitt. Suðurleiðir er hópferðarfyrirtæki með beinar ferðir til Reykjavíkur o.fl. Á Sauðárkróki er rekinn skólastrætisvagn. |
| *Snjólétt í Skagafirði* | Fremur snjólétt er í Skagafirðinum og snjómokstur er yfirleitt í góðu lagi. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Ekki við hringveginn* | Sauðárkrókur er ekki við hringveginn. Staðsetning innan fjórðungsins er þannig að Sauðárkrókur þjónustar Norðurland Vestra ekki nema að takmörkuðu leyti. Það mun þó batna með Þverárfjallsvegi. |
| *Takmarkaðar samgöngur innan svæðis* | Innansvæðissamgöngur eru það takmarkaðar að staðurinn verður aldrei heilstæður landshlutakjarni. Engar almenningssamgöngur eru við sveitirnar kringum Sauðárkrók. |
| *Erfiðir fjallvegir* | Fjallvegir til beggja átta geta verið farartálmi að vetrarlagi. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Ótrygg framtíð innanlandsflugs* | Framtíð flugs til Sauðárkróks kann að vera ótrygg. Fólk óttast að innanlandsflug til Sauðárkróks muni leggjast niður, og að þar sé aðeins spurning um tíma. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Vegabætur* | Fyrirhugaður Þverárfjallsvegur og endurbætur Þjóðvegar 1 í Norðurárdal munu bæta vegasamgöngur frá Sauðárkróki bæði til vesturs og austurs og t.d. mun Þverárfjallsvegur stytta leiðina milli Sauðárkróks og Reykjavíkur umtalsvert. |

# 4 BÚSETUÞÆTTIR Í LANDSHLUTAKJÖRNUM

## Búsetuval fólks

**Bjarki Jóhannesson**

Rannsóknir á Vesturlöndum sýna að atvinna er aðeins einn af þeim þáttum sem ráða búsetuvali fólks. Hérlendis kemur þetta fram í búsetukönnun prófessors Stefáns Ólafssonar. Áður fyrr var oft hægt að stýra staðarvali fyrirtækja með opinberum reglum og styrkjum. Nú eru breyttir tímar og fyrirtæki framleiða oft háþróaðar vörur og þjónustu sem krefjast mikillar starfsþekkingar. Framboð á starfsmenntuðu vinnuafli er meðal þeirra þátta sem mikilvægir eru fyrir staðarval fyrirtækja. Það er ekki lengur nóg að staðsetja fyrirtæki einhvers staðar og halda síðan að fólk komi sjálfkrafa að búa þar. Ljóst er því að laga verður byggðaaðgerðir að óskum fólks um búsetu.

Mikilvæg orsök búseturöskunar er *breytt gildismat fólks*, einkum ungs fólks. Það stafar af aukinni menntun, ferðalögum og fjölmiðlum. Hvert tímabil sögunnar einkennist af vissum viðhorfum og lífsstíl. Þegar Íslendingar tóku skrefið frá bændasamfélaginu yfir í iðnaðarsamfélagið urðu kynslóðaskipti og fráhvarf frá lífsstíl og viðhorfum bændasamfélagsins. Tímabilið einkenndist af tæknihyggju sem oft réði ferðinni fremur en mannleg viðhorf. Á sjöunda áratugnum kom fráhvarfið og jafnframt því sem við stigum skrefið frá iðnaðarsamfélaginu yfir í upplýsinga- og hátæknisamfélagið ruddu sér til rúms ný viðhorf. Þau einkennast af nýsköpun, alþjóðahyggju, hreyfanleika í búsetu, sjálfstæði, jafnrétti milli kynja, þjóðflokka og trúarhópa og vaxandi áhuga á málefnum sem standa nálægt fólki eins og umhverfismálum, menningu og bættum lífsgæðum.

Ungt fólk kýs æ meiri hreyfanleika í búsetu og atvinnu. Það er ekki lengur sátt við að búa á sama stað alla ævi og stunda sama starf alla ævi. Þetta leiðir til aukinna búferlaflutninga og þeir staðir eru eftirsóknarverðastir sem bjóða upp á fjölbreytni í búsetu og tækifæri til að skipta um starf. Ungt fólk gerir einnig æ meiri kröfur til framboðs, fjölbreytni og sveigjanleika í menningu og afþreyingu. Föst félagasamtök uppfylla ekki lengur þarfir þess. Einnig þetta hefur áhrif á búsetuval fólks og þeir staðir eru eftirsóknarverðir sem bjóða upp á fjölbreytni í þessum efnum. Hér hefur höfuðborgarsvæðið forskot á landsbyggðina.

Búsetuskipti eru tíðari en áður, en tíðnin tengist félagslegum bakgrunni. Kvenfólk er hér hreyfanlegra en karlmenn og konur vilja fjölbreyttara framboð menningar en karlar. Fólk sem elst upp í litlum bæjum vill fremur flytja brott en fólk sem elst upp í stærri bæjum. Menntun eykur einnig flutningatíðni fólks milli héraða, bæði til að sækja háskólanám og betri atvinnumöguleika.

Í búsetukönnun prófessors Stefáns Ólafssonar kom m.a. fram að höfuðborgarsvæðið hefur einkum yfirburði gagnvart landsbyggðinni á sviði aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar annars vegar og verslunar og þjónustu hins vegar. Landsbyggðin hefur yfirburði á sviði umhverfisskilyrða og opinberrar þjónustu.

Flestir þeir sem fluttu milli byggðarlaga á árunum 1992-96 voru ánægðari með vöruúrval á nýja staðnum, síðan kom, í þessari röð, menningarlíf, atvinnutækifæri, húshitunarkostnaður, þjónustuúrval, skemmtanalíf, flugsamgöngur, atvinnuöryggi, aðstaða til afþreyingar og íþróttaiðkunar, verðlag, framhaldsskólamál, framboð hentugs húsnæðis og tekjuöflunarmöguleikar. Þetta eru vísbendingar um hverju fólk kann að sækjast eftir. Atriði sem tengjast „nútímalegum lífsháttum“ eru áberandi ofar á listanum og höfðu yfirburði á nýja búsetustaðnum.

Íbúar þéttbýlisstaða með 200 til 1000 íbúa hafa sérstöðu fyrir það hve óánægðir þeir eru með búsetuskilyrðin. Íbúar þéttbýlis með minna en 200 íbúa og íbúar sveitanna eru ánægðari með

skilyrðin í byggðarlaginu en þeir sem búa í þorpum og kaupstöðum með 200 til 1000 íbúa. Það eru því litlu þéttbýlisstaðirnir sem höllustum fæti standa með tilliti til búsetuþróunar. Minnst er ánægja íbúa þeirra með húshitunarkostnað, verðlag á vöru og þjónustu, framhaldsskólamál, afþreyingaraðstöðu og atvinnutækifæri.

Menningar- og afþreyingarmál hafa sterkasta stöðu á stærstu þéttbýlisstöðunum, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu og Akureyrarsvæðinu. Síðan koma Norðurland vestra og Reykjanes. Minnst er ánægjan með þessa þætti á Austurlandi og Vestfjörðum. Í verslun og þjónustu hefur höfuðborgarsvæðið mikla yfirburði. Almennt eru landsbyggðarmenn ánægðari með umhverfisskilyrði og veðurfar en íbúar Faxaflóasvæðisins. Mest er ánægjan með umhverfisskilyrði á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Minnst er hún á höfuðborgarsvæðinu en næstminnst á Vestfjörðum og Suðurlandi og gætir ótta við hættu af völdum náttúruafla á tveimur síðarnefndu svæðunum en á höfuðborgarsvæðinu gætir sérstaklega óánægju með hættu af völdum umferðar og ofbeldis.

Það eru einkum eftirtaldir þættir sem leggja ber áherslu á við bætt búsetuskilyrði í byggðum landsins:

- Umhverfisgæði: snyrtilegt umhverfi laust við hávaða og mengun, útsýni, aðgangur að ósnortinni náttúru.
- Félagsleg gæði: atvinna (fyrir bæði hjónin ef við á), efnahagslegt, félagslegt og líkamlegt öryggi, framboð á góðu, vel staðsettu og hagkvæmu húsnæði, góðar verslanir og þjónusta, dagvistun, góðir grunnskólar, aðgangur að menntaskólum og/eða fjölbrautaskólum, möguleikar á framhaldsmenntun eftir stúdentspróf.
- Samgöngur: öruggar og þægilegar samgöngur innanbæjar og við aðra landshluta, aðgangur að almenningssamgöngum (ef við á).
- Menning og afþreying: aðlaðandi umhverfi, gott framboð á menningu og afþreyingu, aðstaða til íþróttaiðkana og útivistar.

## 4.1 Verslun og þjónusta

### 4.1.1 Almenn greining á stöðu verslunar og þjónustu í landshlutakjörnum

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustumiðstöðvar* | Allir staðirnir eru miðstöðvar stjórnsýslu, verslunar, þjónustu og menntunar á sínu landsvæði. |
| *Virk samkeppni* | Mjög virk samkeppni er víðast á dagvörumarkaði. Keðjuverslanir hafa náð að festa rætur og vöruverð er víðast sambærilegt við höfuðborgarsvæðið. |
| *Framboð á sérvörum* | Í landshlutakjörnunum er víðast allgott framboð á sérvörum. |
| *Atvinnuráðgjöf* | Flestir staðirnir eru svæðismiðstöðvar atvinnuráðgjafar. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Sums staðar erfitt með sérverslun og sérþjónustu* | Á minni stöðunum er oft erfitt að reka sérverslanir og sérþjónustu, einkum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Þetta getur komið niður á gæðum nærverslunar og nærþjónustu. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Einokun* | Það er ógnun við minni staðina, ef einokun verður á dagvörumarkaði og keðjuverslanir ná síðan ekki að halda velli. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Bættar samgöngur* | Með bættum samgöngum innan landshluta geta landshlutakjarnarnir styrkst og haft grundvöll til að bjóða upp á enn meiri þjónustu og verslun. |

### 4.1.2 Svæðisbundin greining á verslun og þjónustu í landshlutakjörnum

#### 4.1.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Sterkur verslunar- og þjónustukjarni* | Akureyri á sér langa hefð sem sterkur verslunar- og þjónustukjarni. Þar er mikið úrval bæði dagvöru- og sérvöruverslana, vöruúrval og verð er yfirleitt sambærilegt við höfuðborgarsvæðið. |
| *Mikil uppbygging* | Mikil uppbygging hefur nýlega orðið í verslunar- og þjónustustörfum á Akureyri og nú hafa stórar verslanakeðjur fest þar rætur. Þar er nú stærsti verlsanakjarni utan höfuðborgarsvæðisins. |
| *Yfirburðastaða í þjónustu* | Akureyri er með yfirburðastöðu í uppbyggingu þjónustu á landsbyggð vegna stærðar og miðstöðvarhlutverks t.d. mennta- og sjúkraþjónusta. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Bakland minnkar* | Íbúum í baklandi verslunar og þjónustu í nágrenni Akureyrar er að fækka. Ef fjölgun í þéttbýlinu vegur ekki upp á móti því, gæti undirlag fyrir sérverslanir og sérþjónustu minnkað, sem aftur kæmi niður á framboði slíkrar þjónustu fyrir bæjarbúa. |
| *Verslunum í miðbænum ógnað* | Verslunarmiðstöðvar utan miðbæjarins veita verslunum þar harða samkeppni um verslun og þjónustu, nú síðast Glerártorg. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Stefnumörkun um verslun og þjónustu* | Í *Stefnumótun í atvinnumálum fyrir Akureyri* er sett fram það markmið að samkeppnishæfni verslunar og þjónustu á Akureyri verði aukin. Allar stofnanir Akureyrarbæjar veiti framúrskarandi þjónustu og séu meðvitaðar um hlutverk sitt við uppbyggingu öflugs atvinnulífs. |
| *Samningar um félagslega þjónustu* | Samningar um félagslega þjónustu milli ríkisvaldsins og Akureyrarbæjar gefa ákveðin tækifæri í uppbyggingu þjónustu. |
| *Bættar samgöngur* | Bættar samgöngur um Öxnadalsheiði og göng undir Vaðlaheiði mundu stækka bakland Akureyri sem verslunar- og þjónustukjarna á Norður- og Austurlandi og þar með bæta undirlag fyrir sérverslanir og sérþjónustu, sem aftur stuðlaði að auknu framboði slíkrar þjónustu fyrir bæjarbúa. |

#### 4.1.2.2 Húsavík

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustukjarni* | Húsavík er miðstöð verslunar og þjónustu í Þingeyjarsýslum, og þar er að finna mikið framboð verslunar- og þjónustu. Á staðnum eru nokkuð öflugar matvöruverslanir og nokkuð úrval sérverslana, svo sem tölvuverslun, lyfjaverslun og fataverslanir. |
| *Nálægð við Akureyri* | Nálægðin við Akureyri er viss styrkur, þar sem stutt er í verslun og góða þjónustu. |
| *Gott þjónustustig* | Almennt finnst fólki þjónustustig vera gott á Húsavík. Opinber þjónusta er góð, góð heilsugæsla á staðnum og framhaldsskóli. Stutt er í þjónustu á Akureyri. |
| *Einkarekin þjónusta* | Á Húsavík er mikill fjöldi einkarekinna þjónustufyrirtækja, svo sem endurskoðun, bókhald, lögfræðingar, þrjú verkfræðifyrirtæki, o.fl. |

**VEIKLEIKAR**

Með gjaldþroti Kaupfélags Þingeyinga er KEA eina starfandi kaupfélagið á Norðurlandi eystra.

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Nálægð við Akureyri* | Nálægðin við Akureyri skapar samkeppni við staðbundna verslun og þjónustustarfsemi, einkum sérvöruverslun. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Göng gegnum Vaðlaheiði* | Göng gegnum Vaðlaheiði mundu stórbæta aðgengi Húsvíkinga að verslun og þjónustu á Akureyri. |

#### 4.1.2.3 Egilsstaðir

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustumiðstöð* | Egilsstaðir eru verslunar- og þjónustumiðstöð fyrir Austurland. Þar er mikið úrval af verslunum, m.a. stórmarkaðir og fjöldi sérverslana, svo sem byggingarvöruverslun, tölvufyrirtæki, raftækjaverslanir, fataverslanir, lyfjaverslun, gullsmiður, úrsmiður og gleraugnaverslun. Þar er gott vöruúrval og hagstætt vöruverð. |
| *Opinber þjónusta* | Á Egilsstöðum er ýmis opinber þjónusta, svo sem skattstofa, atvinnumiðlun, Rarik, Skógrækt ríkisins, menntaskóli, sjúkrahús, héraðsdómari, þróunarstofa, Fræðslunet Austurlands og RÚV. |
| *Einkarekin þjónusta* | Á Egilsstöðum er einnig einkarekin þjónusta, svo sem verðbréfa- og fjármálafyrirtæki, fasteignasölur, bókhaldsþjónusta, lögfræðiþjónusta, tryggingafyrirtæki, auglýsingagerð, dýralæknir, |

húsgagnaþjónusta, verkfræðistofur, verktakar, hugbúnaðarfyrirtæki o.m.fl.

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Álver eflir undirlag fyrir verslun og þjónustu* | Fjöldi starfsmanna við væntanlegt álver við Reyðarfjörð mun efla Egilsstaði sem verslunar- og þjónustukjarna á Austurlandi. Við það stækkar bakland Egilsstaða sem verslunar- og þjónustukjarna á Austurlandi og þar með batnar undirlag fyrir sérverslanir og sérþjónustu, sem aftur stuðlar að auknu framboði slíkrar þjónustu fyrir bæjarbúa. |

#### 4.1.2.4 Selfoss

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustukjarni* | Mikið framboð er á verslun og þjónustu á Selfossi, sem er verslunar- og þjónustukjarni á Suðurlandi. |
| *Samkeppni í verslun* | Mikil samkeppni er milli verslana, og margar verslanir sem bjóða lágt vöruverð. |
| *Nálægð við Reykjavík* | Selfoss er það nálægt Reykjavík að flesta landshlutaþjónustu er hægt að sækja þangað. |
| *Fjölbreytt þjónusta* | Á Selfossi er fjölbreytt framboð á þjónustu, og grunnþjónusta er góð. Mörg útibú eru frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu, en einnig er nokkuð um einkarekin þjónustufyrirtæki, lögfræðinga og endurskoðunarfyrirtæki. Ráðgjafaþjónusta er fyrir fyrirtæki, og fjármálaþjónusta er öflug. |
| *Þjónusta við landbúnað og sumarbústaðabyggð eykur framboð* | Selfoss er þjónustumiðstöð fyrir stórt landbúnaðarsvæði og sumarhúsabyggð. Þetta stækkar bakland Selfoss sem verslunar- og þjónustukjarna á Suðurlandi og bætir þar með undirlag fyrir sérverslanir og sérþjónustu, sem aftur stuðlar að auknu framboði slíkrar þjónustu fyrir bæjarbúa. |

#### 4.1.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Sterkur verslunar- og þjónustukjarni* | Reykjanesbær er sterkur verslunar- og þjónustukjarni fyrir Reykjanes. Þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu. |
| *Opinber þjónusta* | Í Reykjanesbæ er ýmis opinber þjónusta, svo sem sjúkrahús, öldrunarheimili og fjölbrautaskóli. |
| *Flugvöllurinn og Bláa* | Keflavíkurflugvöllur, flugstöðin og Bláa lónið skapa aukið undirlag |

| | |
|---|---|
| *lónið skapa undirlag* | fyrir verslun og þjónustu á svæðinu, sem leiðir til meira framboðs fyrir íbúa bæjarins. |
| *Þjónusta við bíleigendur* | Mikið er um þjónustu við bíleigendur. Mikil bílasala er á svæðinu. Reykjanesbær er bílabær. |
| *Nálægð við Reykjavík* | Nálægðin við Reykjavík er viss styrkur, þar sem stutt er í verslun og góða þjónustu. |
| *Lágt vöruverð* | Nálægð við höfuðborgarsvæðið hefur einnig þau jákvæðu áhrif að vöruverð í Reykjanesbæ er líkara því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landsbyggðinni. Þar eru tvær stórar verslanir, Hagkaup og Samkaup og fjölmargar minni verslanir og stöðug samkeppni er við verslun og þjónustu í Reykjavík. |
| *Markaðs- og atvinnuráðgjöf* | Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar hefur nokkra sérstöðu á meðal atvinnuþróunarfélaga á landinu. Fjölbreytileiki í starfsemi skrifstofunnar er mikill, þ.e. markaðsmál, atvinnuráðgjöf, menningarmál, ferðamál og upplýsingamál. Skrifstofan er rekin af Reykjanesbæ, en starfar fyrir fleiri sveitarfélög. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Nálægð við Reykjavík* | Nálægðin við Reykjavík er einnig veikleiki fyrir verslun og þjónustu í Reykjanesbæ, þar sem fólk sækir þessa hluti oft til Reykjavíkur. Mikil samkeppni við höfuðborgarsvæðið gerir staðbundna uppbyggingu á sérhæfðri verslun og þjónustu erfiða. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Smáralindin ógnar staðbundinni verslun* | Uppbygging verslunar í Smáralindinni getur komið niður á staðbundinni verslun í Reykjanesbæ, einkum ef samgöngur batna á milli. |

#### 4.1.2.6 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustukjarni* | Akranes er verslunar- og þjónustukjarni fyrir nágrennið. Þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu. |
| *Stórar matvöruverslanir* | Á Akranesi eru þrjár stórar matvöruverslanir og fólk er ánægt með þjónustu þeirra. Verðlag er sambærilegt og á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Miðstöð opinberrar þjónustu* | Akranes er miðstöð opinberrar þjónustu, þar eru sjúkrahús og fjölbrautaskóli. |
| *Augnlæknaþjónusta* | Á svæðinu eru augnlæknir og gleraugnaverslun. |

*Nálægð við Reykjavík* — Nálægðin við Reykjavík er viss styrkur, þar sem stutt er í verslun, og flesta landshlutaþjónustu er hægt að sækja þangað.

*Lágt dagvöruverð* — Nálægð við höfuðborgarsvæðið hefur einnig þau jákvæðu áhrif að vöruverð í Reykjanesbæ er líkara því sem gerist á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landsbyggðinni. Lægsta dagvöruverð á Vesturlandi er á Akranesi og í Borgarnesi.

*Álver og járnblendi styrkja bakland* — Starfsfólk álversins á Grundartanga og járnblendiverksmiðjunnar sækja verslun og ýmsa þjónustu til Akraness. Þetta styrkir baklandið og stuðlar að auknu framboði fyrir bæjarbúa.

**VEIKLEIKAR**

*Veikur verslunar- og þjónustukjarni* — Bakland verslunar- og þjónustu á Akranesi nær ekki langt út fyrir svæðið til Vesturlands.

*Nálægð við Reykjavík* — Nálægð við höfuðborgarsvæðið hefur einnig neikvæð áhrif á uppbyggingu verslunar og þjónustu á Akranesi. Oft fer fólk til Reykjavíkur til að sækja það sem þarf. Mikil samkeppni við höfuðborgarsvæðið gerir staðbundna uppbyggingu á sérhæfðri verslun og þjónustu erfiða.

*Þjónusta fylgir ekki íbúaþróun* — Þjónustan hefur ekki fylgt íbúaþróuninni. Eftir íbúafjölgun um 1980 tók um 20 ár að byggja upp þjónustu sem þurfti fyrir þá. Vegna fjölgunar síðustu ár þarf aftur að huga frekar að þjónustu.

*Skortir sérverslanir* — Með Hvalfjarðargöngunum hefur sérverslunum á Akranesi fækkað. Á svæðið vantar m.a. byggingarvöruverslanir og verslanir fyrir yngra fólk.

**ÓGNANIR**

*Hvalfjarðargöng ógna heimaverslun* — Hvalfjarðargöngin auðvelda fólki að sækja verslun til Reykjavíkur og eru þannig viss ógnun við heimaverslun á Akranesi.

**TÆKIFÆRI**

*Efling verslunar- og þjónustuhlutverks* — Í stefnumótun fyrir Akranes segir að Akranes eigi að eflast í stöðu sinni sem stærsti verslunar- og þjónustukjarni Vesturlands.

#### 4.1.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

*Verslunar-og þjónustukjarni* — Borgarnes er verslunar- og þjónustukjarni fyrir Vesturland. Þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu.

*Verslanakeðjur og lágt dagvöruverð* — Verslanakeðjan 10-11 hefur opnað útibú í Borgarnesi, og það hefur leitt til lægra vöruverðs vegna aukinnar samkeppni. Lægstu

dagvöruverð á Vesturlandi eru í Borgarnesi og Akranesi.

*Sérverslanir* — Grundvöllur er fyrir ýmsar sérverslanir, svo sem tölvuverslun og lyfjaverslun, og þar er rekin fasteignasala. Þar sem Borgarnes er í þjóðbraut eru þar margar bensínstöðvar.

*Opinber þjónusta* — Almenn þjónusta fyrir daglega þörf er góð. Opinber þjónusta er góð, m.a. heilsugæsla með læknaþjónustu, þrír læknar og hjúkrunarheimili, dvalarheimili og íbúðir aldraðra.

*Einkarekin þjónusta* — Í Borgarnesi er góð bankaþjónusta, bæði sparisjóður og Búnaðarbanki, útibú tryggingarfélaga, lögfræðingur, fasteignasölur, endurskoðandi, tannlæknar, verkfræðistofa, bifreiðaverkstæði, rafvirkjar, hárgreiðslustofur og mikil ferðamannaþjónusta.

*Nýtt verslunarhúsnæði* — Nýtt 2200 fermetra verslunarhúsnæði var nýlega vígt í Borgarnesi. Það mun efla verslun í heimabyggð Borgnesinga.

*Þjónustusvæðið stækkar* — Þjónustusvæði Borgarness hefur stækkað með bættum samgöngum og nær nú lengra út á Snæfellsnesið. Þetta styrkir baklandið og stuðlar að auknu framboði fyrir bæjarbúa.

*Nálægt Reykjavík* — Borgarnes er það nærri Reykjavík að sérverslun og flesta landshlutaþjónustu er hægt að sækja þangað.

**VEIKLEIKAR**

*Erfitt fyrir sérverslanir* — Erfitt er að reka ýmsar sérverslanir eins og fataverslanir. Húsgagnaverslanir eru engar .

**ÓGNANIR**

*Þjóðvergur 1* — Ef þjóðvegur 1 verður fluttur út fyrir bæinn, getur það þýtt minni verslun tengda gegnumakstri, sem rýrir baklandið og getur leitt til minna framboðs fyrir heimamenn.

*Bættar samgöngur geta ógnað heimaverslun* — Bættar samgöngur við Reykjavík með Hvalfjarðargöngunum skapa samkeppni og eru þannig viss ógnun við verslun í Borgarnesi.

#### 4.1.2.8 Ísafjörður

**STYRKUR**

*Sterkur verslunar- og þjónustukjarni* — Ísafjörður er verslunar- og þjónustukjarni fyrir Vestfirðina. Verslunarkeðjur hafa fest rætur og þar hefur átt sér stað uppbygging í sérhæfðri verslun og þjónustu. Einn af styrkleikum Ísafjarðar er vel skilgreindur miðbæjarkjarni.

*Lágt vöruverð* — Vöruverð hefur lækkað með aukinni samkeppni. Vöruverð er því

lágt á norðanverðum Vestfjörðum.

| | |
|---|---|
| *Opinber þjónusta* | Á Ísafirði er ýmis opinber þjónusta, svo sem fjórðungssjúkrahús, menntaskóli og háskólanám í fjarnámi. Þar er kennd rekstrarfræði, hjúkrunarfræði og fleira. Einnig má nefna svæðisvinnumiðlun, sýslumann, skattstofu, vinnueftirlit, Fjölmenningarsetur (þjónusta við erlenda ríkisborgara), Vegagerðina, Landssímann, Fræðslumiðstöð, héraðsdómara, dvalarheimili aldraðra o.fl. |
| *Einkarekin þjónusta* | Á Ísafirði er einkarekin þjónusta, t.d. tölvuþjónusta, bankar, verkfræðiþjónusta, lögfræðisþjónusta, tryggingarfélög, bifreiðaverkstæði, hárgreiðslustofur, ferðaskrifstofur, hótel, o.m.fl.. |
| *Jarðgöngin styrkur* | Jarðgöngin hafa aukið bakland verslunar og þjónustu á Ísafirði. |
| *Fjarlægð skapar þörf* | Fjarlægðin frá Reykjavík og öðrum stórum þéttbýliskjörnum skapar undirlag fyrir ýmsar sérverslanir og sérhæfða þjónustu. |
| *Fyrirtækjaþjónusta* | Öflug þjónusta er fyrir fyrirtæki af ýmsu tagi. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Skortir viðskiptaráðgjöf* | Skortur er á viðskiptaráðgjöf og ráðgjafafyrirtækjum. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Ný verslunar- og skrifstofumiðstöð* | Á næstu mánuðum mun rísa ný verslunar- og skrifstofumiðstöð í miðbæ Ísafjarðar. Þar verða sérhæfðar verslanir og þjónustufyrirtæki. |

#### 4.1.2.9 Sauðárkrókur

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Verslunar- og þjónustukjarni* | Mikið framboð er á verslun og þjónustu á Sauðárkróki, sem er þjónustukjarni á Norðurlandi vestra. |
| *Sterkt kaupfélag* | Á Sauðárkróki er sterkt kaupfélag, sem rekur umfangsmikla verslun og þjónustu. |
| *Opinber þjónusta* | Þjónustustig er hátt á Sauðárkróki. Þar er ýmis opinber þjónusta, svo sem sjúkrahús, öldrunarheimili og fjölbrautaskóli. Byggðastofnun er staðsett á Sauðárkróki og þar rekur Íbúðalánasjóður einnig hluta af sinni starfsemi. |
| *Einkarekin þjónusta* | Einkarekin þjónusta er fjölbreytt, t.d. fjármála-, bókhalds- og tölvuþjónusta. |
| *Þjónusta við landbúnað* | Á Sauðárkróki er allmikil þjónusta við landbúnað, þar eru ráðunautar og þar er Hestamiðstöð Íslands. |

# 4.2 Húsnæðismál

## 4.2.1 Almenn greining á húsnæðismálum í landshlutakjörnum

| | |
|---|---|
| **STYRKUR** | |
| *Virkur fasteignamarkaður* | Fasteignamarkaður í landshlutakjörnunum er virkur og framboð og eftirspurn á húsnæði er víðast í jafnvægi. |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð í landshlutakjörnunum er hátt miðað við landsbyggðina almennt og er alls staðar yfir 60% af fasteignaverði á höfuðborgarsvæðinu (Fasteignamat ríkisins, 2000). |
| **ÓGNANIR** | |
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Skortur er á leiguhúsnæði og í sumum byggðarlögunum er sá skortur jafnvel talinn hafa hamlandi áhrif á framþróun. |
| *Niðurgreiddar fasteignir* | Með lagabreytingu um húsnæðismál geta sveitarfélög selt niðurgreiddar fasteignir úr félagslega húsnæðiskerfinu á almennum markaði og hugsanlega valdið verðlækkun á fasteignamarkaði. |
| **TÆKIFÆRI** | |
| *Hagstætt kaupverð fasteigna* | Í lægra fasteignaverði felst tækifæri til að laða að fólk, sem vill kaupa fasteignir á lægra verði en á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Félagslegu húsnæði breytt í leiguhúsnæði* | Með lögum nr. 44 frá 1998 um húsnæðismál er sveitarfélögum heimilt að breyta félagslegum eignaríbúðum sem koma til innlausnar í leiguíbúðir. Lögin gera ráð fyrir að sveitarfélög geti stofnað hlutafélag, sjálfseignarstofnun eða félag með ótakmarkaða ábyrgð, er annist útleigu íbúða í eigu sveitarfélagsins. |
| *Leiðrétting á fasteignaskatti* | Samkvæmt breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga frá 29. nóvember 2000 verður fasteignamat fasteigna stofn til álagningar fasteignaskatts. Tekið var í burt ákvæði um að stofn fasteignamats sé ,,afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík“. Þetta lækkar fasteignagjöld á landsbyggðinni og ætti að efla fasteignamarkaðinn þar. |

### 4.2.2 Svæðisbundin greining á húsnæðismálum í landshlutakjörnum

#### 4.2.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Virkur fasteignamarkaður* | Framboð og eftirspurn á húsnæðismarkaði eru í jafnvægi. |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð á Akureyri er hátt miðað við landsbyggðina almennt og er u.þ.b. 80% af fasteignaverði á höfuðborgarsvæðinu (eftir gerð húsnæðis) (Fasteignamat ríkisins, 2000). |
| *Nýbyggingar* | Verktakar hafa byggt fjölda íbúða síðastliðin tvö ár og sett á sölu. |
| *Leigumarkaður* | Leigumarkaðurinn á Akureyri helgast af verulegu leyti af veru nemenda framhaldsskólanna og háskólans í bænum. |
| Félagslegar íbúðir | Félagslegar íbúðir eru ekki baggi á sveitarfélaginu. Þær sem íbúðir sem sveitarfélagið þarf að leysa til sín eru annað hvort seldar á markaði eða leigðar sem félagslegt íbúðarhúsnæði. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Dýr hitaveita* | Á Akureyri er dýr hitaveita (Fjarhitun h.f.,1997). |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Eftirspurn er meiri en framboð á leiguhúsnæði og leiguverð er hátt, en þó ekki það hátt að einkaaðilar sjái hag sinn í að byggja og leiguíbúðir. |
| *Skortur á byggingarlandi* | Miðað við 1,7% fjölgun íbúa eins og raunin varð árið 2000, gæti farið að vanta íbúðalóðir um 2015 ef ekki verður um sameiningu sveitarfélaga að ræða í Eyjafirði. |

#### 4.2.2.2 Húsavík

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Fasteignamarkaður virkur* | Eftirspurn er eftir húsnæði þó tíma geti tekið að selja einstakar eignir. |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð á Húsavík er hátt miðað við landsbyggðina almennt. Fasteignaverð einbýlis á Húsavík er um 60% af verði einbýlis á höfuðborgarsvæðinu (Fasteignamat ríkisins, 2000) |

| | |
|---|---|
| *Ódýr hitaveita* | Á Húsavík hafa íbúar aðgang að ódýrri hitaveitu (Fjarhitun h.f., 1997). |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Lítið um nýbyggingar* | Lítið er um nýbyggingar og lítil eftirspurn eftir lóðum. |
| Félagslegar íbúðir | Mikið af fjármagni sveitarfélagsins er bundið í félagslegum íbúðum. Þær íbúðir sem sveitarfélagið hefur þurft að innleysa eru leigðar. |
| *Leigumarkaður* | Nokkur skortur er á leiguhúsnæði |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Félag um félagslegar íbúðir* | Stefnt er að því að stofna sérstakt félag um félagslegar íbúðir bæjarins og setja þær á sölu. |

#### 4.2.2.3 Egilsstaðir

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Meðaldýr húshitun* | Á Egilsstöðum er meðaldýr hitaveita (Fjarhitun h.f., 1997). |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð á Egilsstöðum er hátt miðað við landsbyggðina almennt. Fasteignaverð einbýlis á Egilsstöðum er tæplega 70% af verði einbýlis á höfuðborgarsvæðinu (Fasteignamat ríkisins, 2000) |
| *Virkur fasteignamarkaður* | Fasteignamarkaður á Egilsstöðum er virkur og eftirspurn eftir húsnæði til kaups er umfram framboð. |
| *Nýbyggingar* | Lóðum fyrir 50 nýjar íbúðir var úthlutað árið 2000. |
| *Félagslegar íbúðir* | Félagslega íbúðakerfið er ekki baggi á sveitarfélaginu. Sveitarfélagið á um 40 félagslegar íbúðir og hefur þurft að innleysa nokkrar. Flestar íbúðanna eru í leigu á vegum sveitarfélagsins. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Mikil umframeftirspurn er eftir leiguhúsnæði |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Ógn um vöxtinn* | Skortur á húsnæði er ógnun við vöxt staðarins |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Eftirspurn* | Eftirspurn eftir húsnæði gefur tækifæri til uppbyggingar bæði leiguhúsnæðis og eignarhúsnæðis. |

#### 4.2.2.4 Selfoss

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Virkur fasteignamarkaður* | Fasteignamarkaður er virkur og mikil eftirspurn er eftir húnæði á Selfossi. |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð á Selfossi er hátt miðað við landsbyggðina almennt. Fasteignaverð einbýlis er um 70% af verði einbýlis höfuðborgarsvæðinu (Fasteignamat ríkisins, 2000). |
| *Nýbyggingar og verktakar* | Sveitarfélagið getur tekið við íbúum þar sem verktakar hafa tekið að sér að byggja íbúðir, kosta allar framkvæmdir við lóða og gatnafrágang og selja síðan lóðirnar á mismunandi verði. |
| *Ódýr hitaveita* | Á Selfossi er ódýr hitaveita (Fjarhitun h.f., 1997). |
| *Félagslegar íbúðir* | Bærinn á hlutfallslega fáar félagslegar íbúðir og þær eru ekki baggi á sveitarfélaginu. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Skortur er á leiguhúsnæði á Selfossi. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Jarðhræringar* | Jarðhræringar geta ógnað íbúðarhúsnæði á svæðinu |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Nýbyggingar og skipulag* | Mikil eftirspurn er eftir húsnæði á Selfossi býður upp á tækifæri til uppbyggingar og skipulagningar nýrra hverfa |

#### 4.2.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Meðaldýr hitaveita* | Í Reykjanesbæ er meðaldýr hitaveita (Fjarhitun h.f., 1997). Húshitunarkostnaður hefur verið óbreyttur í krónum talið frá 1991 og miðað við verðlagsþróun hefur hann lækkað. Rafmagn er 15-20% lægra en annarsstaðar á landinu. |
| *Byggingarframkvæmdir* | Víðtækar byggingarframkvæmdir eru áformaðar á Grænássvæði og í Innri Njarðvík á næstunni, og eru gatnagerðargjöld helmingi lægri en í höfuðborginni. Verktakar byggja gjarnan íbúðarhúsnæði á eigin vegum og selja svo til einstaklinga. |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð í Reykjanesbæ er hátt miðað við landsbyggðina almennt. Fasteignaverð er 70% af verði á höfuðborgarsvæðinu (eftir gerð húsnæðis) (Fasteignamat ríkisins, 2000). |

| | |
|---|---|
| *Félagslegt húnæði* | Sveitarfélagið er hætt að standa í rekstri og kaupum á félagslegum íbúðum. Þær íbúðir enn eru í eigu sveitarfélagsins eru í leigu sem kemur sér vel þar sem mikill skortur er á leiguhúsnæði. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Erfitt er að fá leiguhúsnæði í Reykjanesbæ og leiguverð er hátt. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Nýbyggingar og skipulag* | Mikil eftirspurn eftir húsnæði í Reykjanesbæ býður upp á tækifæri til skipulagningar nýrra hverfa. |

#### 4.2.2.6 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Virkur fasteignamarkaður* | Fasteignamarkaðurinn á Akranesi er mjög virkur. |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð á Akranesi er hátt miðað við landsbyggðina almennt. Fasteignaverð einbýlis á Akranesi er tæplega 80% af verði einbýlis á höfuðborgarsvæðinu (Fasteignamat ríkisins, 2000) |
| *Byggingarframkvæmdir* | Mikið hefur verið um byggingarframkvæmdir á s.l. fjórum árum. |
| *Félagslegt húsnæði* | Félagslegt íbúðarhúsnæði er ekki baggi á sveitarfélaginu. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Dýr hitaveita* | Á Akranesi er heitt vatn sótt 65 km leið úr Deildartunguhver. Þetta er dýrt og húshitun hefur því löngum verið dýr (Fjarhitun h.f., 1997). |
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Erfitt er að fá leiguhúsnæði á Akranesi. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Lítið byggingarland* | Lítið byggingarland er eftir innan sveitarfélagsins. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Lækkun húshitunarkostnaðar* | Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar hafa undirritað viljayfirlýsingu um að sameina Orkuveitu Reykjavíkur og Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og eignarhlut Akraneskaupstaðar í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Sameiningin mun taka gildi þann 1. desember 2001 og þá mun verð á heitu vatni á Akranesi lækka um 34% til heimila og um 11% til fyrirtækja. Þá mun verð á raforku til heimila lækka um 11% og til fyrirtækja um 5% (Mbl. 27.06.2001; DV 27.06.01). |

#### 4.2.2.7 Borgarnes

### STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Virkur fasteignamarkaður* | Fasteignamarkaðurinn í Borgarnesi er virkur. |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð í Borgarnesi er hátt miðað við landsbyggðina almennt.). Fasteignaverð er um 65% af verði á höfuðborgarsvæðinu (eftir gerð húsnæðis) (Fasteignamat ríkisins, 2000). |
| *Félagslegar íbúðir* | Félagslega íbúðir eru ekki baggi á sveitarfélaginu. Sveitarfélagið á 36 félagslegar íbúðir og leigir þær allar út þar sem leiguhúsnæði er af skornum skammti. |

### VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Dýr hitaveita* | Í Borgarnesi er dýr hitaveita (Fjarhitun h.f., 1997). |

### ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Leiguhúsnæði er af skornum skammti og getur það hamlað vexti staðarins. Það vantar tilfinnanlega aðila sem vilja byggja og reka leiguhúsnæði á staðnum. |

### TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Nálægðin við höfuðborgarsvæðið og tækifæri rafræna samfélagsins* | Tækifæri liggja í nálægð við höfuðborgarsvæðið. Hugmyndir hafa verið uppi um að skipuleggja Óðalsjarðir en það eru 10 hektara lóðir sem gætu nýst einstaklingum með tvöfalda búsetu, þ.e. vinnu í Reykjavík en lögheimili í nágrenni Borgarness. |
| *Atvinnugarðar* | Atvinnugarðar í Borgarbyggð er hugmynd sem hefur verði í þróun. Atvinnugarðar í Borgarbyggð er stórt hús leiguhúsnæðis fyrir sprotafyrirtæki, einyrkja og minni þekkingarfyrirtæki þar sem þau deila ýmsum sameiginlegum kostnaði sbr. símvörslu, móttöku, fundarherbergi og kaffiaðstöðu. Með atvinnugörðum telja menn sig vera að mæta húsnæðisþörf slíkra fyrirtækja með hagkvæmum hætti. |
| *Samvinna við Orkuveitu Reykjavíkur* | Fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur og Borgarbyggðar hafa hafið viðræður um samvinnu þessara aðila í orkumálum. |

#### 4.2.2.4 Ísafjörður

### STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Virkur fasteignamarkaður* | Framboð á húsnæði er gott og fasteignamarkaður er virkur. |
| *Fasteignaverð* | Fasteignaverð á Ísafirði er hátt miðað við landsbyggðina almennt. Samkvæmt stuðlum Fasteignamats ríkisins (2000) er verð fyrir |

einbýli á Ísafirði um 65% af verði á einbýli á höfuðborgarsvæðinu.

*Gott framboð á leiguhúsnæði*

Framboð á leiguhúsnæði er gott á Ísafirði

**VEIKLEIKAR**

*Dýr húshitun*

Á Ísafirði er enginn jarðhiti og húshitun því í eðli sínu dýr (Fjarhitun h.f., 1997). Niðurgreiðslur stjórnvalda hafa þó lækkað húshitunarkostnað verulega á undanförnum árum.

*Snjóflóðahættumat*

Eftir nýtt snjóflóðahættumat fyrir nokkrum árum takmarkaðist byggingarland á Ísafirði.

*Félagslegar íbúðir*

Ísafjarðarbær á um 180 félagslegar íbúðir, flestar staðsettar á Ísafirði. Skuldir bæjarins vegna þessa er u.þ.b. 1 milljarður.

**ÓGNANIR**

*Blokkar íbúðir erfiðar í sölu*

Lítill munur er á verði blokkaríbúða og stærra húsnæðis á Ísafirði og velur fólk því frekar að fjárfesta í stærri gerðum húsnæðis. Blokkaríbúðir getur því verið erfitt að selja. Fjöldi blokkaríbúða í félagslega íbúðakerfinu hefur einnig áhrif. Flestar íbúðirnar eru í leigu á meðan enginn kaupandi fæst.

**TÆKIFÆRI**

*Fjarvarmaveita og niðurgreiðslur stjórnvalda*

Niðurgreiðslur stjórnvalda hafa lækkað húshitunarkostnað verulega á undanförnum árum. Á Ísafirði er fjarvarmaveita og er sorp nýtt að hluta til upphitunar.

*Skipulagning byggingarlands*

Nú er verið að skipuleggja nýtt íbúðahverfi í Tungudal.

### 4.2.2.9 Sauðárkrókur

**STYRKUR**

*Virkur fasteignamarkaður*

Eftirspurn er eftir húsnæði þó tíma geti tekið að selja einstakar eignir.

*Fasteignaverð*

Fasteignaverð á Sauðárkróki er hátt miðað við landsbyggðina almennt. Fasteignaverð einbýlis á Sauðárkróki er um 63% af verði á einbýlis höfuðborgarsvæðinu (Fasteignamat ríkisins, 2000).

*Ódýr hitaveita*

Sauðárkróki hafa íbúar aðgang að ódýrri hitaveitu (Fjarhitun h.f., 1997).

*Nóg af íbúðarlóðum*

Nægilegt framboð er á íbúðarlóðum til næstu ára.

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Fasteignaverð hamlar nýbyggingum* | Verðlag á notuðu íbúðarhúsnæði gerir það að verkum að ekki borgar sig fyrir einstaklinga að byggja nýtt húsnæði. |
| *Félagslega íbúðir* | Talsvert fjármagn sveitarfélagsins er bundið í félagslegum íbúðum á Sauðárkróki. Þær íbúðir sem sveitarfélagið hefur þurft að innleysa eru leigðar en nokkrar hafa verið seldar á markaði. |
| *Félagslegar íbúðir og leiguverð* | Þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir leiguhúsnæði er leiguverð ekki nægjanlega hátt til þess að sveitarfélagið geti leigt allar innleystar félagslegar íbúðir út á kostnaðarverði. |
| *Skortur á leiguhúsnæði* | Eftirspurn eftir leiguhúsnæði talsvert umfram framboð. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Húsnæðisskortur* | Skortur á húsnæði er ógnun við vöxt staðarins. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Nýbyggingar* | Húsnæðisskort má líta á sem tækifæri til uppbyggingar. |

## 4.3 Félagslegt umhverfi

### 4.3.1 Almenn greining á félagslegu umhverfi og öryggi í landshlutakjörnum

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Löggjafinn* | Samkvæmt lögum ber félagsþjónustu sveitarfélaga að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar og jöfnum rétti til lífsgæða. Þetta felur í sér að einstaklingar sem standa höllum fæti í sveitarfélögunum eiga rétt á aðstoð til að bæta lífskjör sín. |
| *Fjölskyldustefna* | Alþingi hefur samþykkt þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu hennar. Almennt má segja að hafin er vinna við mótun heildstæðrar fjölskyldustefnu í umræddum landshlutakjörnum. |
| *Kostir samfélaganna* | Þau lífsgæði sem helst eru talin til kosta í landshlutakjörnum eru, góð staða í leikskólamálum, skólamálum og öflugt íþrótta- og tómstundastarf. Einnig mikilvægi öryggis og gildi nálægðar í minni samfélögum á landsbyggðinni samanborið við höfuðborgarsvæðið. |
| *Fjölskyldan og atvinnulífið* | Á þeim stöðum sem biðlistar eru á leikskóla, niðurgreiða sveitarfélögin vistun hjá dagmæðrum. Algengast er að einstæðir foreldrar fái niðurgreiðslu, og námsmenn í einhverjum tilvikum. |
| *Stuðningur í málefnum fjölskyldunnar* | Í öllum landshlutakjörnunum hafa fræðslustofnanir annað hvort á að skipa sérfræðinga eða hafa aðgang að þeim, þ.e. félagsráðgjafa, sálfræðinga og námsráðgjafa. Í starfi fagaðila er lögð áhersla á greiningu, leiðbeiningar, samvinnu, samráð og stuðning í málefnum fjölskyldunnar. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Fjölskyldupólitík* | Enda þótt mörgu góðu hafi verið komið til leiðar er þörf á bættri fjölskyldupólitík. Í þeirri viðleitni er mikilvægt að hafa í huga að fjölskyldumál eru í senn jafnréttismál og atvinnumál, sem snerta fyrirtækin í landinu. |
| *Talið eftirsóknarverðast að búa á höfuðborgarsvæðinu* | Í könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi var reynt að meta hversu eftirsóknarvert var talið að búa á nokkrum stöðum á landinu. Niðurstaðan leiddi í ljós að eftirsóknarverðast var talið að búa á höfuðborgarsvæðinu, þar næst á Akureyri, síðan Akranesi, Reykjanesbæ og loks á Ísafirði og Grindavík. (Könnunin náði ekki til fleiri staða, Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar, 1999). |

## ÓGNANIR

*Falskt öryggi*

Falskt öryggi t.d. varðandi uppeldi barna, slys og afbrot gegn börnum og unglingum s.s. ofbeldi og einelti á sér stað ekki síður á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu.

*Atgervisflótti*

Vöntun verður á sérfræðingum á öllum sviðum á landsbyggðinni ef búsetuþróunin verður með svipuðum hætti og undanfarinn ár.

*Fækkun heimilislækna*

Framtíðarhorfur varðandi fjölgun heimilislækna eru fremur svartar, því fáir ungir læknar fara í heimilislæknanám og því er lítil endurnýjun í stéttinni. Margt bendir því til þess að heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni verði tilneyddar til að draga úr læknaþjónustu eða breyta henni á komandi árum. Heilsugæslulæknar á landsbyggðinni eru óánægðir með kjör sín, sem eru víða lakari en á höfuðborgarsvæðinu.

*Sambýli eða sjálfstæð búseta*

Mismunandi rekstrarform er á búsetu fatlaðra í dag, þ.e. annars vegar sambýli og hins vegar sjálfsæð búseta. Þetta fyrirkomulag getur hæglega valdið togstreitu um val á búsetuformi fyrir fatlaða, vegna þess að annað kallar á aukin útgjöld ríkisins og hitt á aukin útgjöld sveitarfélaga. Sú hætta gæti skapast að ekki verði fyrir valinu það form sem hentar skjólstæðingum best, heldur það form sem hentar kerfinu betur.

## TÆKIFÆRI

*Barnalækningar á landsbyggðinni*

Áform eru uppi innan Landsspítala-háskólasjúkrahúss og heilbrigðisráðuneytisins um að auka barnalækningar á nokkrum stöðum á landsbyggðinni. Frekari útfærsla hefur ekki verið ákveðin.

*Markvissar aðgerðir í forvörnum*

Rannsóknir sýna að umtalsvert hefur dregið úr skeytingarleysi forráðamanna barna og unglinga gangvart drykkju unglinga á grunnskólaaldri (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Þórólfur Þórlindsson, 2000). Það er því mikilvægt að auka stuðning við foreldra og forráðamenn unglinga og hvetja til aðgerða gegn áfengisneyslu og annarri fíkniefnaneyslu. Markvissar aðgerðir í forvörnum gera staðina eftirsóknarverða til búsetu fyrir fjölskyldufólk. Mikilvægt er að efla enn frekar íþróttaiðkun og tómstundastarf, því slíkt hefur jákvæð áhrif á líðan ungs fólks. Þar gegnir fjölskyldan lykilhlutverki en samvera með foreldrum, íþróttir og skipulegt frístundarstarf dregur úr áhættuhegðun ungs fólks.

*Beinar aðgerðir sveitarfélaganna*

Tvö svið, skóla- og atvinnumál eru talin hafa mikið vægi í þá átt að bæta stöðu barnafjölskyldna. Er þá eftirfarandi atriði eins og heildagsskóli, fjölgun leikskólaplássa, lenging á skóladegi, fjölgun leikvalla, skólabílar og almennt bætt aðgengi að menntun atriði sem styrkir félagslegt umhverfi og eykur lífsgæði.

| | |
|---|---|
| *Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs* | Fyrirtæki og stofnanir í landshlutakjörnunum eru í auknu mæli að vinna við að setja fram metnaðarfulla og markvissa fjölskyldustefnu. Þar sem m.a. er lögð áhersla á jafnrétti á vinnumarkaði, þar sem móður og föður eru sköpuð sömu tækifæri til að sinna bæði fjölskyldunni og starfi utan heimilis. Til dæmis með sveigjanleika við skipulagningu á vinnu og vinnutíma, og/eða með hvatningu til foreldra að skipta veikindadögum barns á milli sín ef þau eru bæði úti vinnandi. Fyrirtæki gætu þannig haft áhrif á búsetuval ungs fólks því rannsóknir sýna að mikill einhugur ríkir meðal ungs fólks um mikilvægi fjölskyldunnar og að það þurfi að auka veg hennar. Því má áætla að foreldrar telji búsetu á landsbyggðinni vænlegri kost ef sveitarfélög hafa markvissa fjölskyldustefnu (Félagsvísindastofnun,1997, Sigríður Elín Þórðardóttir, 2000). |
| *Fjölhyggjusamfélag* | Almenn samstaða þarf að ríkja um að vinna gegn því að gjá myndist á milli ólíkra samfélagshópa, m.a. milli nýbúa og annarra íbúa. Áherslu þarf að leggja á að styrkja nýbúa í þeirri viðleitni að halda við og rækta sína eigin menningararfleið. Mikilvægt er að sátt ríki meðal íbúa um raunverulegt fjölhyggjusamfélag þar sem ólíkar lífsstefnur og ólík lífsform þrífast saman og nærast á hvert öðru. |
| *Þjónustustig sveitarfélaga* | Félagsþjónusta hefur vaxið mjög á undanförnum árum og þykir nú sjálfsögð og eðlileg, en áður þótti frekar niðurlægjandi að þurfa að leita aðstoðar hjá félagsþjónustunni. Fólk horfir nú til dags gjarnan á þjónustustig sveitarfélaga áður en ákvörðun er tekin um búferlaflutninga. Margt bendir því til þess að með því að bjóða upp á fyrirmyndar þjónustusamfélag geti sveitarfélögin haft áhrif á búsetuval fólks. |
| *Vísinda- og rannsóknarstarf* | Efla þarf vísinda- og rannsóknarstarf heilbrigðisstofnana og leggja áherslu á að nýta þá þekkingu og sérstöðu sem þær hafa nú þegar skapað sér. |

### 4.3.2 Svæðisbundin greining á félagslegu umhverfi og öryggi í landshlutakjörnum

#### 4.3.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Stefnumótun* | Stefnumótun er í gangi í málefnum aldraðra og verið er að vinna að mótun fjölskyldustefnu í samvinnu við fjölskylduráð Félagsmálaráðuneytis. |
| *Fjölskylduvænt samfélag* | Samkvæmt viðhorfskönnun sögðu rúmlega 47% svarenda það best við að búa á Akureyri að samfélagið væri barna- og fjölskylduvænt (Atvinnumálanefnd Akureyrar, 2000). |
| *Stærð sveitarfélagsins* | Vegna stærðar sveitarfélagsins er það vel í stakk búið til að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu. Meðal annars er unglingamóttaka á heilsugæslunni og unnið er að eflingu heimaþjónustunnar með verkefninu ,,heilsueflandi heimsóknir til aldraða“. Í því felst að farið reglulega í heimsókn til eldri borgara og þeir upplýstir og gerðir meðvitaðir um þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. |
| *Skólabær* | Mikið er lagt upp úr skilningi á málefnum fjölskyldunnar í forvarnarmálum. M.a. er öflugt samstarf milli foreldra og skóla, sem tengist ímynd bæjarins sem skólabæjar. |
| *Fjórðungssjúkrahúsið* | Fjórðungssjúkrahúsið gegnir mikilvægu hlutverki í heilbrigðisþjónustunni á Norður- og Austurlandi sem sérgreinasjúkrahús, og er mikill styrkur af samstarfi Fjórðungssjúkrahússins og heilbrigðisstofnana á svæðinu. |
| *Leikskólar* | Tekist hefur að útrýma biðlistum eftir leikskólaplássum. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Félagsþjónusta* | Mörgum þykir félagsþjónustan á Akureyri stirð og þung í vöfum. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Aukið álag* | Fækkun lækna úr 11-12 árið 1999 í 10 árið 2000 á Heilsugæslustöðinni á Akureyri hefur leitt til mikils álags á lækna og leitt til minni þjónustu, því á sama tíma jókst heildarfjöldi stofuviðtala um 13% (Ársskýrsla Akureyrar, 2000). |
| *Meinafræðingar* | Ekki tókst að ráða meinafræðinga við Heilsgæslustöðina á Akureyri. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Aukin þjónusta* | Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að stofna móttökudeild fyrir |

nýbúa og að stofna sérdeild fyrir heyrnarskert og heyrnarlaus börn í Lundaskóla.

*Sérfræðingar menntaðir á Akureyri*

Háskólinn á Akureyri útskrifaði árið 2001 fyrstu iðjuþjálfana. Rannsóknir sýna að nemendur er líklegir til að leita eftir atvinnu á eða í nágrenni við þann stað sem þeir sóttu menntun sína til (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1998).

*Samstarf vísindastofnana*

Margt bendir til þess að störf fyrir sérfræðinga á ýmsum sviðum munu skapast í auknu mæli í framtíðinni vegna samstarfs opinbera stofnana. Þessar stofnanir eru m.a. Háskólinn á Akureyri Fjórðungssjúkrahúsið og heilsugæslan og íslenskar og erlendar vísindarannsóknarstofnanir.

*Forysta á sviði upplýsingatækni*

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur mikla burði til að vera í forystu í ýmsum málum, m.a í upplýsingatækni og fjarlækningum. Nauðsynlegt verður á næstu árum að auka enn frekar tækja- og mannafla og efla rannsóknir og húsakost sjúkrahússins.

#### 4.3.2.2 Húsavík

## STYRKUR

*Samstarf*

Mikill styrkur er af samstarfi sveitarfélaganna í Félags- og skólaþjónusta Þingeyinga. Þrettán sveitarfélög koma að samstarfinu og eru um 5400 íbúar á þjónustusvæðinu. Það eru reknar þrjár starfsstöðvar fyrir utan starfsstöðina á Húsavík. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að bjóða íbúum á svæðinu heilstæðari og meiri þjónustu.

*Fjölskylduvænt samfélag*

Samfélagið er talið fjölskylduvænt og mikill skilningur er á málefnum fjölskyldunnar meðal sveitarstjórnarfólks. Sem dæmi um það hefur ekki verið gripið til þess úrræðis að hafa sumarleyfislokanir á leikskólunum til að draga úr rekstrarkostnaði sveitarfélagsins.

*Heilbrigðisstofnun Þingeyinga*

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga varð til um áramótin 1999/2000 við samruna heilbrigðisstofnunarinnar á Húsavík og í Þingeyjarsýslunum. Samstarfið hefur bætt þjónustuna og þjónar nú stóru svæði með starfsstöðvar á Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn, Reykjahlíð og á Laugum í Reykdælahreppi.

*Föndurstofan*

Föndurstofan á Húsavík er starfsemi sem styrkir félagslega samkennd meðal íbúa. Þar er boðið upp á kennslu í margskonar handmennt, og það sem er ekki síður mikilvægt þarna er einfaldlega að skapaðar eru aðstæður fyrir fólk til að hittast og ræða málin.

## VEIKLEIKAR

*Fjárhagsaðstoð*

Miklir erfiðleikar í samfélaginu urðu þess m.a. valdandi að kostnaður við fjárhagsaðstoð jókst um rúmlega helming á milli ára þ.e. 1999 og 2000 (Ársskýrsla Húsavíkurkaupstaðar, 2000).

*Fjarlægð*

Helsti veikleiki Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga er talin vera landfræðileg fjarlægð sérfræðinga við hluta skjólstæðinga, þar sem starfssvæðið er mjög stórt og getur verið erfitt yfirferðar á vetrum.

*Þung stjórnsýslueining*

Héraðsnefnd Þingeyinga er talin fremur þung stjórnsýslueining, fundar nefndin tvisvar á ári. Héraðsráð er starfrækt í millitíðinni en virkar ekki sem skildi, og hefur engan tekjustofn.

## ÓGNANIR

*Fækkun íbúa og óbreyttir tekjustofnar*

Sveitarfélagið býr við nánast óbreytta tekjustofna milli ára og með fækkun íbúa við óbreyttar aðstæður mun reynast erfitt að halda uppi sífellt auknum kröfum um þjónustu.

## TÆKIFÆRI

*Heilsuræktarverkefni*

Hugmyndir eru um Húsavík sem aðsetur fyrir heilsueflingarstarfsemi með samþættingu hótels, heilsugæslu, sundlaugar o.fl. Slík starfsemi hefði mikil margfeldisáhrif fyrir samfélagið. Með slíkri starfsemi yrði sérstaða svæðisins nýtt, þ.e. salt hitaveituvatn, með áherslu á mikilvægi heilbrigðs lífernis sem mun nýtast íbúum staðarins, og auka samkeppnisaðstöðu staðarins við að fá til sín menntað fólk á heilbrigðissviðum.

*Vinnustaður fyrir fatlaða*

Vinnustaður fyrir fatlaða myndi bæta félagslega stöðu fatlaðra einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Kjörið er að reka slíkan vinnustað í samvinnu við Föndurstofuna.

*Fjarlækningar*

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga hefur yfir mikilli þekkingu og hæfu starfsfólki á að skipa. M.a. hefur verið unnið að þróunarverkefni í sambandi við fjarlækningar. Mikil tækifæri felast í því að styrkja stofnunina til frekari þróunarvinnu á því sviði.

### 4.3.2.3 Egilsstaðir

## STYRKUR

*Fjölskylduvænt umhverfi*

Samfélagið er talið fjölskyldu- og barnvænt, og samkvæmt könnun Gallups kom í ljós að Austfirðingar hafa almennt jákvæða ímynd af svæðinu. Áform um að byggja ráðhús á Egilsstöðum styrkir enn frekar sjálfsmynd íbúa.

*Samstarfsverkefni*

Félagsþjónustan er samstarfsverkefni fimm sveitarfélaga. Þau eru Austur- Hérað, Norður- Hérað, Fellahreppur, Fljótdalshreppur og

Borgarfjörður eystri. Með samstarfinu hefur náðst góður árangur við að aðlaga félagsþjónustuna að fólkinu sem býr á svæðinu.

*Sérfræðiþjónusta* — Komið hefur verið á reglulegum heimsóknum sérfræðinga á heilbrigðissviði. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir meðal íbúa.

*Samvinna* — Mikil samvinna er milli félagsþjónustunnar og heilbrigðisstofnunarinnar, sér í lagi um málefni fatlaðra.

*Heilbrigðisstofnun Austurlands* — Heilbrigðisstofnun Austurlands þjónar stóru samfélagi, heilsugæslan er öflug eining og sjúkrahúsið er í starfstengslum við heilsugæsluna.

*Ný-ung* — Mikill styrkur er af öflugu samstarfi nemenda grunn- og framhaldskóla í sveitarfélaginu. Opnað hefur verið tölvuver, er það vel búið búnaði og aðstöðu til klúbbavinnu. Ný-ung hefur gegnt lykilhlutverki í vinnu við forvarnir í sveitarfélaginu og hefur staðið fyrir sérstökum forvarnarátökum í samstarfi við aðila sem vinna með ungu fólki í sveitarfélaginu.

## VEIKLEIKAR

*Hreyfanleiki* — Mikill hreyfanleiki er á fólki á ári hverju.

*Lýðfræðileg skekkja* — Meðalaldur fólks á Egilsstöðum er nokkuð hár samanborið við meðalaldur í þeim landshlutakjörnum sem hér er fjallað um (Hagstofan, 2000).

*Vantar vinnuafl* — Ekki hefur náðst að manna allar stöður á heilsugæslunni. Þar af leiðandi er mikið vinnuálag á starfsfólk stöðvarinnar.

## ÓGNANIR

*Sjúkraflugvél* — Staðsetning sjúkraflugvélar á Akureyri hefur leitt til þess að lengri tími líður nú þar til sjúklingar komast í hendur sérfræðinga.

## TÆKIFÆRI

*Samstarfsamningur* — Í samningi við Íslenska Erfðagreiningu geta falist tækifæri til framtíðar, m.a. vegna langrar hefðar á tölvuskráningu sjúkraskýrslna.

*Nýtt líf í kynningarátakið frá 1997* — Samtök sveitarfélaga á Austurlandi samþykktu árið 1997 kynningarátak um búsetukosti svæðisins. Hleypa þarf nýju lífi í það átak. Tækifæri felast í því að auka samstarf eða að sameina sveitarfélög til þess að samræma aðgerðir varðandi búsetuskilyrði ungs fólks í fjórðungnum.

#### 4.3.2.4 Selfoss

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Góð grunnþjónusta* | Félagsþjónustan er almennt talin góð. Undirbúningur er hafinn að byggingu hjúkrunardeildar fyrir aldraða á Selfossi, og einnig að nýrri leikskólabyggingu. Mikill mannauður er innan félagsþjónustunnar, og vel hefur gengið að ráða í tilskildar stöður. |
| *Heilbrigðisstofnun Suðurlands* | Á Selfossi eru Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sjúkrahús og heilsugæsla. Mikill faglegur metnaður er í sambandi við rannsóknarstörf og samstarf við erlendar stofnanir. Gengið hefur þokkalega að manna flest allar læknastöður. |
| *Mikil uppbygging* | Sveitarfélagið hefur vaxið hratt og hefur íbúafjölgun á milli ára, þ.e. 1999-2000 verið nokkuð yfir landsmeðaltali. Mikill skilningur er meðal sveitarstjórnarmanna á að Árborg hafi ákveðnu þjónustuhlutverki að gegna á Suðurlandi. Kapp er lagt á að full manna samþykktar stöður á félagsþjónustusviði. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Leikskólar* | Framboð á dagvistunarrými hefur ekki náð að fylgja fólksfjölguninni, og biðlisti er eftir leikskólaplássi. |
| *Vantar hjúkrunarfræðinga* | Skapast á tímum erfiðar aðstæður vegna skorts á hjúkrunarfræðingum, og sérstaklega í sambandi við afleysingar. Ekki hefur tekist að ráða í stöðu iðjuþjálfara. Sjúkra- og iðjuþjálfun hefur verið leyst með verktökum. |
| *Húsnæðisvandi* | Húsnæðismál heilsugæslunnar og sjúkrahússins eru í ólagi, þrengsli og slæm aðstaða bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk. Sérstaklega á það við um aðstöðuna á heilsugæslunni og slaka aðstöðu á öldrunardeild Ljósheima. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Atvinnuleysi meðal kvenna* | Þeir einstaklingar sem eru án atvinnu á Árborgarsvæðinu eru aðallega konur. Ef ekki verður unnið markvisst að atvinnuuppbyggingu sem hentar konum á svæðinu er hætt á að konur álíti Árborg ekki vænlegan búsetukost í framtíðinni. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Byggt fyrir dagvistun* | Verið er að byggja húsnæði til að bæta úr skorti á dagvistunarrými. |
| *Fæðingardeildin* | Mjög góð aðstaða er á fæðingardeild sjúkrahússins. Þar starfa 8-10 ljósmæður. Það er mikill styrkur fyrir sjúkrahúsið, því án efa skapa ljósmæðurnar sjúkrahúsinu þá sérstöðu sem það hefur markað sér í sambandi við fæðingardeildina og þær nýjungar, sem veitt er í |

fæðingaþjónustu.

#### 4.3.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

## STYRKUR

*Öflug félagsþjónusta*

Sameining Keflavíkurhrepps, Njarðvíkurhrepps og Hafnarhrepps árið 1994 er talin hafa leitt til þess að hið nýja sveitarfélag er betur í stakk búið til að veita íbúum félagsþjónustu, s.s. sálfræðiþjónustu, heimaþjónustu og þjónustu félagsráðgjafa (Byggðastofnun, 2001). Reykjanesbær er með öflugt húsnæðiskerfi fyrir aldraða og fatlaða. Kannanir leiddu í ljós mikla þörf fyrir leiguíbúðir fyrir umrædda félagshópa. Sveitarfélagið hefur brugðist við þörfinni og verið er að byggja 25 félagslegar leiguíbúðir. Ótroðnar slóðir eru farnar við að manna liðveislu fatlaðra sem felst í samstarfi félagsþjónustunnar og fjölbrautaskólans.

*Heilbrigðisstofnun Suðurnesja*

Mikill styrkur er af þeirri þjónustu sem Heilbrigðisstofnun Suðurnesja veitir íbúum svæðisins. Allar almennar skurðlækningar eru framkvæmdar þar og aðeins þarf að sækja mjög sérhæfða þjónustu á höfuðborgarsvæðið. Öflug fæðinga- og kvenlækningadeild er í Reykjanesbæ. Vel hefur gengið að manna læknastöður. Stofnunin er í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um verklega kennslu hjúkrunar- og sjúkraliðanema.

*Rannsóknir*

Mikil þekking er til staðar um ýmsa búsetuþætti í samfélaginu, því sveitarfélögin á Reykjanesi hafa staðið fyrir ýmsum rannsóknum. Viðfangsefni rannsóknanna sýna að mikill skilningur er meðal stjórnenda á mikilvægi þess að afla vitneskju á viðhorfum, högum, lífstíl líðan og ímynd íbúanna. Rannsóknirnar hafa m.a. gert forystumönnum sveitarfélagsins kleift að taka á ýmsum félagslegum þáttum áður en í óefni var komið.

*Almenn ánægja með búsetuna*

Samkvæmt könnun sem sveitarfélagið lét framkvæma kom í ljós að meirihluti íbúa í Reykjanesbæ eru ánægðir með að búa í sveitarfélaginu (Markaðs- atvinnu og menningarmálaskrifstofa Reykjanesbæjar, 1999).

*Barnavernd*

Félagsþjónustan kynnir á breiðum vettvangi þá þjónustu sem stendur íbúum til boða. Kynningar og forvarnarstarf hefur m.a. leitt til þess foreldrar leita eftir aðstoð félagsþjónustunnar í sambandi við málefni barna sinna af fyrra bragði.

*Sterkt bakland*

Heilbrigðisstofnunin hefur afar sterkt bakland. Ýmis samtök og klúbbar hafa fært stofnuninni ýmiss konar búnað og tæki sem annars væru eflaust ekki til.

| | |
|---|---|
| *Niðurgreiðsla óháð félagslegum aðstæðum* | Niðurgreiðsla vegna gæslu barna hjá dagmæðrum er með þeim hætti að allir fá sömu upphæð, óháð félagslegum aðstæðum. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Samkeppni* | Mikil samkeppni er um vinnuafl við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Nokkuð er um það að sérfræðingar og háskólamenntaðir einstaklingar sæki vinnu til Reykjanesbæjar en eigi lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Ímynd tengd hrjóstrugu landslagi* | Þeir þættir sem tengjast ímynd Reykjaness eru huglægir þ.e. umhverfislegir eða veðurfarslegir þættir sem erfitt er að ráða við. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Reykjanesbrautin* | Viðhorfskannanir hafa leitt í ljós ákveðinn ótta gagnvart Reykjanesbrautinni. |
| *Úrræði ekki alltaf til staðar* | Helsta ógnunin í starfi félagsþjónustunnar er álitin úrræðaleysi í málefnum barna og unglinga sem komnir eru í veruleg vandamál. Ríkið á samkvæmt lögum að sjá um vistheimili og greiningarúrræði, en úrbóta er þörf á því sviði. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Samstarf félagsþjónustu og fjölbrautaskóla* | Margfeldisáhrif og aukin tækifæri felast í samstarfi félagsþjónustunnar og fjölbrautaskólans í sambandi við liðveislu við fatlaðra. |
| *Fjárnám* | Aukin fjölbreytni í fjarnámi á heilbrigðissviði eykur líkur á að starfsvettvangur og búseta sérfræðinga heilbrigðisstofnana verði í sama sveitarfélagi (Ingi Rúnar Eðvarðsson, 1998). |
| *Aukið samstarf* | Með auknu samstarfi Heilbrigðisstofnunarinnar við hátækni sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu í sambandi við minni skurðaðgerðir væri hægt að nýta búnað hátæknisjúkrahúsanna í meira mæli við að fækka sjúklingum sem bíða eftir sérhæfðum aðgerðum. |

#### 4.3.2.6 Akranes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Bærinn vel í stakk búinn* | Á síðastliðnum fimm árum hefur tekist að ná utan um þær framkvæmdir sem hröð fjölgun íbúa í lok sjöunda áratugarins leiddi af sér. Þjónustuþörfin sem þá skapaðist og enn frekari uppbygging þjónustumannvirkja á undanförnum árum gerir það að verkum að bærinn er vel í stakk búinn til að taka við þeirri íbúafjölgun sem átt |

hefur sér stað frá 1999.

| | |
|---|---|
| *Fjölskylduvænt umhverfi* | Á Akranesi er fjölskylduvænt umhverfi með sterka íþróttamenningu. Nærvera foreldra í miðbænum um helgar síðastliðin sex ár styrkir félagslegt aðhald. |
| *Félagsþjónusta* | Styrkur félagsþjónustunnar liggur í skipulaginu, mikilli samvinnu milli aðila sem gerir það að verkum að þröskuldar milli kerfa eru ekki háir. Félagsþjónustan hefur gott aðgengi að sálfræðingum sem starfa á skólaskrifstofunni. Félagsmálum er skipt í fjölskyldudeild, öldrunardeild, húsnæðismál og æskulýðsmál. Félagsmálastjóri er einnig forvarnarfulltrúi. Enn fremur eru jafnréttismálin á hendi félagsþjónustunnar. Samstarf er milli félagsþjónustunnar og kirkjunnar varðandi fjárhagsstuðning, og einnig er samvinna við svæðisvinnumiðlunina. |
| *Sjúkrasvið og heilsugæslsvið SHA* | Á sjúkrasviði er starfrækt fjölgreinasjúkrahús með vaktþjónustu allan sólarhringinn. Auk almennrar þjónustu er einnig veitt sérhæfð sjúkrahúsþjónusta á lyflækninga- handlækninga-, fæðinga- og kvensjúkdómadeild, hjúkrunar- og endurhæfingadeild. Öflug heilsuvernd og forvarnarstarf er unnið á heilsugæslusviði auk almennrar heilsugæsluþjónustu. Mikill styrkur liggur einnig í þátttöku SHA í menntun heilbrigðisstétta í samvinnu við Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á heilbrigðissviði (www.sha.is). Starfssvæði sjúkrahússþjónustunnar er afar víðfemt, en áhersla er lögð á þjónusta íbúa Vesturlands, A-Barðastrandarsýslu, Strandasýslu og V-Húnavatnssýslu. |
| *Öflugt vísindastarf* | Mikill styrkur er fyrir SHA að yfirlækni Heilsugæslustöðvarinnar var veitur AstraZeneca styrkurinn árið 2001 fyrir rannsóknarstörf sín. |
| *Áhersla á heilsurækt sem lífstíl* | Með því að taka upp markvissa áætlun um heilsueflingu hafa opinberir aðilar tekið höndum samana við að hvetja íbúa til almennrar heilsueflingar og fengið fyrirtæki til samvinnu um heilsueflingu á vinnustöðum. Merking göngu- og skokkleiða á Akranesi var einnig liður í því að hvetja íbúa til að stunda útivist og hreyfingu. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Öldrunarþjónusta* | Nokkuð vantar upp á að grunngerðin hafi náð að haldast í hendur við eftirspurnina eftir þjónustu fyrir aldraða. |
| *Vantar sérfræðinga* | Það veikir nokkuð þjónustuna að ekki er starfandi geðlæknir né félagsráðgjafi á annars öflugu sjúkrahúsi. |

| | |
|---|---|
| *Samsetning atvinnulífsins* | Einkenni vinnumarkaðsins á Akranesi er með þeim hætti að þar eru sterkir karla vinnustaðir, en minna um atvinnutækifæri fyrir konur. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Unga fólkið* | Mikil auðlind er í unga fólkinu, og með því að skapa aðstöðu fyrir það er hægt að virkja enn frekar krafta þess. Á undirbúningsstigi er að setja á stofn menningarhús fyrir ungt fólk. |
| *Hvalfjarðargöng* | Með stórbættum samgöngum felast tækifæri fyrir SHA að leggja enn meiri áherslu á þjónustu við íbúa höfuðborgarsvæðisins og að þjónusta íbúa við sunnanverðan Hvalfjörð. |
| *Grunngerð og íbúafjölgun* | Mikilvægt að sveitarfélagið haldi áfram uppbyggingu grunngerðar þannig að áfram verði hægt að bjóða nýja borgara velkomna án þess að samfélags þjónusta skerðist. |

#### 4.3.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Félagsleg samkennd* | Nokkuð einkennandi er fyrir samfélagið, að mikið er af stórum og rótgrónum fjölskyldum og meðal þeirra er félagsleg samkennd sterk. |
| *Félagsleg þjónusta* | Samvinna skóla- og félagsþjónustu styrkir þjónustuna. Á fjölskyldusviði starfa m.a. félagsráðgjafi og sálfræðingur. Öflugur stuðningur er við fatlaða, aldraða og öryrkja. |
| *Heilsugæslustöðin* | Heilsugæslustöðin stundar almennar heilsugæslulækningar auk þess að sinna bráðaþjónustu á stóru svæði. Sérfræðingar koma reglubundið í vitjanir, gott aðgengi er að tannlæknum, og starfandi er sjúkraliði á heilsugæslustöðinni. Auk þess eru tveir sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfarar í Borgarnesi. |
| *Viðhorf ráðamanna* | Jákvætt viðhorf sveitarstjórnarmanna er styrkur. Þeir eru vel meðvitaðir um mikilvægi þess að hafa þessa þjónustu í hæsta gæðaflokki. M.a eru leikskólar opnir allt árið og boðið er upp á sveigjanlegan dvalartíma. |
| *Enginn biðlisti* | Nýlega var tekin í notkun ný leikskóladeild, og þar með var biðlisti tæmdur. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Mikið álag* | Vegna þess að ekki hefur tekist að manna allar stöður á Heilsugæslustöðinni er geysilega mikið vinnuálag. Þar vantar bæði lækna og hjúkrunarfræðinga, og ekki er starfandi geðlæknir á staðnum. Það sem veikir einnig stofnunin að mikill munur er á launum heilsugæslulækna og lækna sem starfa á heilbrigðisstofnun, |

þá sérstaklega í sambandi við vaktagreiðslur.

*Einn læknir* — Aðeins einn læknir er á vakt um helgar sem er mikill veikleiki, m.a. vegna þess að þjónustusvæðið er stórt, mikil umferð er í gegnum starfssvæði og mikil sumarbústaðabyggð felur í sér dulda búsetu.

*Sjálfsmynd íbúa* — Sjálfsmynd íbúa er e.t.v. frekar veik vegna mikilla sviptinga í samfélaginu síðastliðin 20 ár.

## ÓGNANIR

*Dulin búseta* — Dulda búsetan sjálf er ekki ógnun, en það er nauðsynlegt að skipuleggja hluti með tilliti til hennar, m.a. heilsugæsluna, en ekki hefur verið til staðar nægilegur skilningur á því hjá ráðamönnum. Mjög brýnt er að fá leyfi og fjármagn til þess að auka stöðugildi lækna um a.m.k. eitt.

## TÆKIFÆRI

*Unga fólkið* — Mikil auðlind er í unga fólkinu, og með því að skapa aðstöðu fyrir það er hægt að virkja enn frekar krafta þess. Á staðnum er félagsmiðstöð fyrir ungt fólk á aldrinum 16–20 ára.

*Dregið úr umferðarhraða* — Unnið er að aðgerðum til að draga úr umferðarhraða í gegnum bænum, á þjóðvegi 1.

*Minnkaðir þungaflutningar* — Ef þjóðvegur 1 verður fluttur framhjá bænum mun það bæta umferðaröryggi, einkum þar sem þungaflutningar minnka. Flutningar á hættulegum og mengandi efnum gegnum bæinn mundu einnig minnka.

*Samstarf Borgarness og Akraness* — Tækifæri gætu falist í auknu samstarfi milli Borgarness og Akraness, m.a. í öldrunarþjónustu.

### 4.3.2.8 Ísafjörður

## STYRKUR

*Fjölskylduvænt umhverfi* — Á Ísafirði er fjölskylduvænt umhverfi með góða félagsþjónustu Fljótlegt er að reka erindi sín vegna skipulags bæjarins, þar sem þjónustan er í einum kjarna í miðbænum.

*Þátttökusamfélag* — Félagsstarfið á Ísafirði byggir mikið á þátttöku íbúanna. Ómeðvitað eflir slík þátttaka félagslega samkennd meðal íbúa, m.a. af þeirri ástæðu að einstaklingar sem vinna ólíka launavinnu geta síðan verið þátttakendur í sama félagsskapnum. Öll þekking á störfum annarra eykur skilning á mikilvægi annarra starfa í sérhæfðu samfélagi nútímans.

| | |
|---|---|
| *Fjölmenningar samfélag* | Fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Á innan við tíu árum fjölgaði þjóðernum úr rúmlega tuttugu í það að vera vel yfir fjörtíu. Sl. vor var stofnað Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára á vegum félagsmálaráðuneytisins. Stofnunin hefur það hlutverk að greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við útlendinga sem búsettir eru á Íslandi. Fjölbreytnin styrkir vestfirskt samfélag. |
| *Gamla Apótekið* | Mikill skilningur er á málefnum ungs fólks. Gamla Apótekið er kaffihús ungs fólks. Starfsemin styrkir ímynd staðarins. |
| *Öflugt forvarnarstarf* | Vávest eru forvarnarsamtök á norðanverðum Vestfjörðum, og forvarnarfulltrúi er hjá lögreglunni. Sterkt bakland fylgist vel með hvað er að gerast í samfélaginu. Ísafjörður hefur komið vel út úr könnunum á vímuefnanotkun unglinga. |
| *Öflug jafnréttisáætlun* | Ísafjarðarbær hefur sett fram jafnréttisáætlun þar sem kveðið er á um hvernig bæjaryfirvöld, stofnanir, fyrirtæki og bæjarbúar geta unnið að jafnrétti, jafnri stöðu kvenna og karla og virðingu kvenna og karla með bættum samskiptum og betri líðan allra bæjarbúa. |
| *Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, FSÍ* | Þjónustugildi FSÍ hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár, sem leitt hefur m.a. til fjölgunar stöðugilda sérfræðinga. Stofnunin sinnir að langstærstum hluta bráðasjúkdómum. Komið hefur verið á reglulegum heimsóknum sérfræðinga. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir meðal íbúa. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Mikil sérkennsla* | Vegna mikillar fjölbreytni í mannlífi hefur verið mikil þörf á sérkennslu. Það sem gerir málið erfitt er að illa hefur gengið að manna sérkennslustöður. |
| *Gjörgæsludeild* | Þar sem ekki er gjörgæsludeild á FSÍ, kemur fyrir að það þurfi að senda sjúklinga til Reykjavíkur ef útlit er fyrir að þeir þarfnist gjörgæslu eftir aðgerðir. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Miklar breytingar á hverju ári* | Minnihluti ungs fólks sem fer í framhaldsmenntun kemur aftur, eldra fólk fer einnig mikið á höfuðborgarsvæðið til að vera í meiri nálægð við börn sín. Þessi mikli hreyfanleiki leiðir til þess að miklar breytingar eru á hverju ári. Talið er að umsetning á íbúum sé allt að 8-9% á hverju ári. |

## TÆKIFÆRI

*Frumkvæði heimamanna* — Mörg tækifæri eru fólgin í krafti og frumkvæði heimamanna við að finna lausnir á vandamálum sem upp koma í samfélaginu, sbr. Vávest. Framtakið að bjóða kennaranemum frítt húsnæði meðan þeir eru í æfingakennslu er annað dæmi hvernig tekist er á við aðstæður sem upp koma í samfélaginu.

*Börn nýbúa fyrr í leikskóla* — Til að draga úr þörf fyrir sérkennslu í grunnskólunum eru hugmyndir um að fá börn nýbúa fyrr inn á leikskóla til að koma í veg fyrir tungumálaörðugleika þegar skyldunám hefst. Slíkar forvarnir munu styrkja samfélagið í framtíðinni.

*Fjöltyngdir* — Mörg tækifæri felast í því að styrkja “Rætur félag”, áhugafólks um menningarfjölbreytni m.a. vegna þeirrar auðlindar sem felst í fjöltyngi Vestfirðinga.

### 4.3.2.9 Sauðárkrókur

## STYRKUR

*Fjölskyldusamfélag* — Sterkt fjölskyldusamfélag og meðvituð ættartengsl einstaklinga leiðir til þess að samhjálp og samkennd er mikil.

*Fjölbreyttur lífsstíll* — Dreifð byggð í átt til Varmahlíðar býður up á fjölbreyttan lífsstíl og telst því styrkur fyrir Sauðárkrók.

*Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki* — Unnin var SVÓT greining á heilbrigðisþjónustunni og í framhaldi stefnumótun og framkvæmdaáætlun. Stofnunin er öflug þar sem allt heilbrigðissviðið þ.e. sjúkrasvið, heilsugæslusvið, hjúkrunar- og dvalarheimili er rekið á vegum Heilbrigðisstofnunarinnar. Heilsugæslulæknar eru einnig í hlutstöðum á sjúkrahúsinu sem styrkir stofnunina, og mikill stöðugleiki hefur ríkt í starfsmannahaldi HS. Góð reynsla hefur verið af því að manna skurðlæknisstöðuna með farandsérfræðingum, sem leitt hefur til þess að hægt hefur verið að bjóða upp á meiri breidd í þjónustunni og hefur það mælst vel fyrir meðal íbúa héraðsins. Í nýlegri könnun Landlæknisembættisins var kannaður hugur fólks varðandi þjónustu heilsugæslunnar, og kom í ljós að íbúar voru ánægðir með þjónustuna.

*Gott aðgengi að sérfræðingum* — Mikil nálægð er milli skjólstæðinga og sérfræðinga félagsþjónustunnar. Einnig er mikil samvinna og samráð milli sérfræðinga, bæði formleg og óformleg. Ráðinn hefur verið sérstakur forvarnarfulltrúi til að vinna með ungu fólki í samfélaginu. Vel hefur gengið að ráða sérfræðinga og ófaglærða hjá félagsþjónustunni.

| | |
|---|---|
| *Ferðaþjónusta og heimaþjónusta* | Öflug ferðaþjónusta er fyrir fatlaða og eldri borgara, og heimaþjónusta á vegum félagsþjónustunnar, og aldraðir eiga kost á dagvist. |
| *Samstarfssamningur* | Rauðakrossdeild Skagafjarðar, Sauðárkirkja, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Sýslumaðurinn á Sauðárkróki og Sveitarfélagið Skagafjörður hafa undirritað samstarfssamning um bætta unglingamenningu í Skagafirði. Samstarfið er mikill styrkur og unnið er að stofnun ungmennahúss þar sem unglingarnir sjálfir koma til með að hafa mest um það að segja sjálfir hvaða afþreying komi til með að verða þar í boði. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Ættartengsl* | Sterk ættartengsl leiða einnig til þess að margir telja samfélagið frekar íhaldssamt og að aðfluttir eigi stundum erfitt með komast inn í samfélagið. Sérstaklega hefur verið bent á að erfitt geti verið fyrir menntaðar aðfluttar konur að komast inn í samfélagið, sér í lagi ef þær eru ekki giftar inn í skagfirska fjölskyldu. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Heilsuefling á vinnustöðum* | Heilsugæslan hefur þróað verkefni sem kallast ,,Heilsuefling á vinnustöðum". Áframhaldandi þróunarvinna þessu lútandi getur skapað grundvöll fyrir fleiri sérfræðistörf á Sauðárkróki. Gildi verkefnisins er margþætt, en aukin vitneskja um hollan lífsstíl og virkni sem leiðir til aukinnar starfsánægju og bættri líðan starfsmanna er þess eðlis að ekki verður metið í krónum og aurum. |
| *Unga fólkið* | Skapa þarf aðstöðu fyrir ungt fólk til að virkja sköpunarþörf og hæfileika á uppbyggilegan hátt í umhverfi sem unga fólkið hefur tekið þátt í að byggja upp og hefur haft áhrif á |
| *HS og Íslensk erfðagreining* | Með samvinnu Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki og Íslenskrar erfðagreiningar geta skapast aukin verkefni fyrir ungt fólk, m.a. brottflutt fólk, sem hefur aflað sér sérhæfðar menntunar, en ekki fengið störf við hæfi að loknu námi í sinni heimabyggð. |

# 4.4 Menntun

## 4.4.1 Almenn greining á stöðu menntunar í landshlutakjörnum

### STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Símenntunarmiðstöðvar* | Símenntunarmiðstöðvar eru staðsettar í öllum landsbyggðarkjörnunum nema á Húsavík. Símenntunarmiðstöð Þingeyinga er á Kópaskeri. Boðið er upp á námskeið tengd atvinnulífinu á hverjum stað, ásamt möguleika á háskólanámi í fjarkennslu. |
| *Framhaldsskólar* | Framhaldsskólar eru í öllum landsbyggðarkjörnunum nema Borgarnesi. |
| *Tónlistarskólar* | Öflugir tónlistarskólar eru í öllum landshlutakjörnunum. Það styrkir félagslíf og eykur lífsgæði á umræddum stöðum. |
| *Fjölgun réttindakennara* | Undanfarin ár hefur réttindakennurum á grunnskólastigi fjölgað. Hlutfall réttindakennara í landshlutakjörnunum var í október árið 2000 frá 62% til 92% (Hagstofa Íslands, 2001). |
| *Einsetnir grunnskólar* | Flestir grunnskólar eru nú einsetnir, eða verða það á næsta skólaári, 2002-2003. Almennt má segja að mikil uppbygging hafi átt sér stað á skólahúsnæði grunnskólanna. |
| *Fámennir skólar* | Fámennir skólar skapa meiri nálægð milli kennara og nemenda. |

### VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Fábreytni* | Á mörgum stöðum er aðeins einn grunnskóli, einn leikskóli, sem leiðir af sér skort á valkostum. |
| *Framhaldsskólar úr tísku* | Framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa stundum farið “úr tísku”, og nemendur sótt annað. Samkeppni um að halda nemendum hefur því stundum verið vandamál. |
| *Heimavistarrými vantar eða er vannýtt* | Skortur er á heimavistarýmum hjá öllum framhaldsskólunum sem á annað borð bjóða upp á heimvist, fyrir utan heimavistina á Ísafirði, en þar hefur heimavistin verið vannýtt. |
| *Upplýsingar um starfsmannahald* | Skólunum ber að veita Hagstofu Íslands ákveðnar upplýsingar um starfsmannahald, en sinna því mis vel. Því má segja að þær upplýsingar sem hér verða birtar m.a. í sambandi við fjölda kennarar við skólanna sem eru með réttindi eða án réttinda eru eins réttar og tilefni er til. |

| | |
|---|---|
| *Vantar réttindakennara á öllum skólastigum* | Réttindakennara vantar að einhverju marki á leikskóla- grunnskóla- og framhaldskólastig í öllum landshlutakjörnunum. |
| *Skortur á leikskólakennurum* | Hlutfall leikskólakennara af starfsfólki á leikskólum í landshlutakjörnunum var í desember árið 2000 frá 14% til 33%. Eingöngu er um einfalda talningu á kennurum að ræða þ.e. ekki er tekið tillit til starfshlutfalls (Hagstofa Íslands, 2001). |
| *Lítill markaður* | Fjölbreyttar óskir eru um nám á sviði endurmenntunar, en markaðurinn er fremur lítill víða. Sem leiðir til þess kostnaður er mikill við hönnun sérnámskeiða sem hafa oft stuttan líftíma. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Hæg þróun fjarkennslu* | Hæg þróun í fjarkennslu hamlar möguleikum á að nýta þetta námsform. Meðal hindrana er kostnaðurinn, tæknilegir örðugleikar vegna álags á daginn og rafmagnstruflanir. |
| *Fjárhagsstaða* | Flutningur grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélaga hefur ekki skilað sveitarfélögunum þeim tekjustofni sem þau gerðu ráð fyrir. |
| *Reiknilíkan menntamálaráðuneytis* | Forsvarsmenn framhaldsskóla á landsbyggðinni telja að reiknilíkan menntamálaráðuneytisins gefi ranga mynd af fjárþörf þeirra. Fjárveitingar fara eftir því hve margir ljúka prófi, en ekki hve margir sitja námsáfanga. Skólarnir hafa fengið aukafjármagn á fjárlögum til að mæta þessu. |
| *Samþjöppun starfsnáms á höfuðborgarsvæðinu* | Starfsgreinasamböndin vinna að því að framhaldsdeildir í verknám séu staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. |
| *Lítill markaður fyrir fjarnámið* | Markaðurinn er of lítill til að bjóða upp á saman nám ár eftir ár í fjarnámi. Þetta getur verið þröskuldur fyrir háskólana þar sem það er óhagstætt að þurfa að þjálfa upp nýtt fólk og bjóða stöðugt upp á nýja fjarnámsmöguleika. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Háskólanám* | Möguleikar eru á háskólanámi í heimabyggð með tengslum símenntunarmiðstöðva, fjölbrautaskóla og hugsanlega þróunarsetra. |
| *Aukin tengsl menntunar og atvinnulífs* | Aukin og bætt tengsl menntunar og atvinnulífs er mikilvæg forsenda öflugs atvinnulífs og samkeppnishæfni landshlutakjarnanna til framtíðar, því mikilvægi starfsþjálfunar og símenntunar starfsfólks eykst stöðugt. |
| *Fjarnám* | Fjarnám er leið til að styrkja allt skólastarf á öllum skólastigum á landsbyggðinni. |

*Breyttir atvinnuhættir*

Mikilvægt er að efla enn frekar endur- og símenntun starfsmanna vegna breyttra atvinnuhátta, og þá sérstaklega í sjávarútvegi og landbúnaði.

## 4.4.2 Svæðisbundin greining á stöðu menntunar í landshlutakjörnum

### 4.4.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Háskólinn á Akureyri* | Háskólinn á Akureyri hefur mikil og jákvæð áhrif á umhverfi sitt á mörgum sviðum. Háskólinn styrkir búsetu á Norður- og Austurlandi. Fjarkennsla frá háskólanum eflir enn frekar möguleika landsbyggðarfólks á að stunda nám á háskólastigi með tilliti til starfsaðstæðna á landsbyggðinni, vegna áherslna háskólans á atvinnuvegi s.s. sjávarútveg og rekstrarfræði, ásamt heilbrigðis- og kennaradeildum. |
| *Verkmenntaskólinn á Akureyri* | Í Verkmenntaskólanum á Akureyri er boðið upp á fjölbreytt úrval námsleiða. Nemendur skólans koma úr flestum landshlutum, en stærsti hluti nemendanna er frá Akureyri. Í febrúar árið 2000 voru 99 kennarar við skólann af 145 réttindakennara (Hagstofa Íslands 2001). Nemendur í dagskóla eru rúmlega 1000 og um 650 nemendur eru skráðir í fjarnám við skólann. |
| *VMA og erlent samstarf* | Mikill styrkur er í erlendu samstarfi VMA við 15000 skóla í 98 löndum. Verkefnið sem um er að ræða felst í reglulegum mælingum á umhverfisþáttum s.s. veðri, vatnshita og gróðri. |
| *Menntaskólinn á Akureyri* | Menntaskólinn á Akureyri er fjölmennasti heimavistarskóli landsins með sterkar hefðir og fjölbreytt félagslíf. Um 600 nemendur eru í skólanum og koma þeir alls staðar að af landinu. Um 150 nemendur eru á heimavist MA. Í febrúar árið 2000 voru 40 kennarar við skólann af 44 réttindakennarar (Hagstofa Íslands, 2001).<br>Menntaskólinn á Akureyri er næstelsti menntaskóli landsins og rekur upphaf sitt til dómskólans á Hólum í Hjaltadal. Þótt skólinn standi á gömlum merg hefur hann lengi bryddað upp á margvíslegum nýjungum. Til dæmis hefur skólinn nú gert áætlun um nám og kennslu í upplýsingatækni, og hefur hann verið valinn þróunarskóli í upplýsingatækni þar sem leitað er leiða til þess að hagnýta tölvur og upplýsingatækni í öllum námsgreinum. |
| *Forvarnarfulltrúi í MA* | Hjá MA starfar forvarnarfulltrúi sem hefur sérstakt forvarnarráð starfsmanna og nemenda sér til fulltingis. Í forvarnarstarfinu er lögð áhersla á fordómalausa fræðslu í stað áróðurs og hryllingssagna og stefnt er að því að forvarnir verði eðlilegur og sjálfsagður þáttur í skólastarfinu. Öflugt félagslíf og heilbrigður lífstíll er grunnurinn sem lagður er í forvörnum hjá MA. |
| *Menntasmiðjan* | Menntasmiðjan á Akureyri leggur sérstaka áherslu á menntun og símenntun kvenna til þátttöku í atvinnulífinu. Könnun sýnir að |

atvinnuþátttaka kvenna eykst verulega eftir að þær hafa lokið námi við menntasmiðjuna.

*Fjarkennsla FSA*

Undanfarin misseri hefur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri gert tilraunir með útsendingu á fyrirlestrum frá sérfræðingum sjúkrahússins á fjarfundabúnaði. Með því móti hefur verið opnuð leið fyrir aðrar heilbrigðisstofnanir að tengjast sjúkrahúsinu og njóta einnig fræðsluþjónustu þess.

*Samstarf menntastofnana*

Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri, Tölvufræðslan á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri hafa gert samning við símenntunarmiðstöðvar í Eyjafirði um að efla símenntun.

*Grunnskólar*

Á vegum Akureyrarbæjar eru 6 grunnskólar og tónlistarskóli. Allir grunnskólarnir eru með bekkjadeildir frá 1-10 bekk fyrir utan Giljaskóla en þar eru bekkjadeildir frá 1-8 bekk, auk sérdeildar fyrir börn með þroskahömlun. Um 2500 börn eru á grunnskólaaldri á Akureyri.

*Tónlistarskólinn á Akureyri*

Tónlistarskólinn á Akureyri býður upp á kennslu í tónlist fyrir alla Akureyringa auk þess að styðja við starfsemi áhugafélaga í tónlist. Tónlistarskólinn er í samstarfi við Menntaskólann og Verkmenntaskólann varðandi kennslu á listnámsbrautum.

*Leikskólar*

Akureyrabær rekur 11 leikskóla, og auk þess styrkir bærinn einn einkarekinn leikskóla. Leikskólarýmum hefur fjölgað um rúmlega 200 á tveimur árum sem leitt hefur til þess að tekist hefur að tæma biðlista eftir leikskólaplássi hvað varðar börn 2ja ára og eldri sem eiga lögheimili á Akureyri.

## VEIKLEIKAR

*Húsnæðisskortur*

Skortur er á leiguhúsnæði á Akureyri sem skapar erfileika fyrir framhaldsskóla- og háskólanemendur sem koma að.

*Vantar heimavistarrými*

Aðeins lítill hluti nemenda hafa átt þess kost að búa í húsnæði Félagsstofnunar stúdenta. Aðrir þurfa að leita á náðir ættingja eða leigja sér húsnæði.

## TÆKIFÆRI

*Nemendagarðar*

Aukin sóknarfæri beggja framhaldsskólanna, þ.e. MA og VMA, felast m.a. í því að hægt verði að bjóða nemendum sem ekki eru búsettir á Akureyri viðunandi valkosti í húsnæðismálum.

*Háskólinn á Akureyri*

Áframhaldandi uppbygging Háskólans á Akureyri er afar mikilvæg byggðaaðgerð og með því að leggja m.a. áherslu á uppbyggingu náms í tæknigreinum og félagsvísindagreinum stækkar markhópur

skólans. Ákveðið hefur verið að taka upp ljósmæðranám við skólann, og samstarfsnefnd, sem Akureyrarbær skipaði til að fara yfir aðkomu bæjarins að myndlistarmenntun, hefur lagt til að stofnuð verði listadeild við Háskólann á Akureyri..

*Skólaakstur*

Skólarnir á Akureyri gætu þjónað íbúum á Norðurlandi eystra mun betur ef hægt yrði að bæta almenningssamgöngur t.d. til Dalvíkur og Ólafsfjarðar.

*Sérfræðiþjónusta HA*

Háskólinn á Akureyri hefur yfir miklum mannauði að ráða, sem stjórnsýslan og fyrirtæki á Akureyri hafa aðgang að og gætu nýtt sér enn frekar.

*Alþjóðleg samskipti HA*

Mörg tækifæri felast í alþjóðlegum samskiptum háskólans, auk þess. eykur hann aðdráttarafl Akureyrarbæjar sem valkost í sambandi við ráðstefnuhald á vegum hins alþjóðlega vísindasamfélags.

#### 4.4.2.2 Húsavík

## STYRKUR

*Fræðslumiðstöð Þingeyinga*

Framboð símenntunar hefur verið töluvert á undanförnum árum, bæði í tengslum við Farskóla Þingeyinga og hjá verkalýðsfélögunum. Nú hefur Fræðslumiðstöð Þingeyinga tekið við þessu hlutverki og miðlar bæði símenntun, háskólanámi og fjarkennslu í Þingeyjarsýslum.

*Háskólinn á Akureyri*

Húsvíkingar njóta nálægðarinnar við Háskólann á Akureyri og hafa í talsverðum mæli sótt nám við skólann. Nemendur keyra jafnvel daglega á milli.

*Framhaldsskólinn á Húsavík*

Í Framhaldsskólanum á Húsavík (FSH) eru 150 nemendur að staðaldri. Í boði er nám á fjórum stúdentsbrautum ásamt bóklegu iðnnámi.

*Sterkur kjarni kennara*

Skólinn býr yfir sterkum kjarna kennara sem starfað hafa lengi í skólanum, sérstaklega í raungreinum.

*Eldra fólk í dagskóla*

Eldra fólk kemur töluvert inn í dagskólann eftir að hafa hafið nám í öldungadeild. Skólabragurinn hagnast af þessum eldri nemendum.

*Stúdentar skila sér í háskólanám og koma heim að loknu námi*

Þeir stúdentar sem hafa útskrifast frá skólanum hafa skilað sér vel í háskólanám. Það hefur einnig sýnt sig að þessir nemendur eru tilbúnir að koma heim aftur ef atvinnutækifæri eru fyrir hendi.

*Grunnskólinn á Húsavík-Borgarhólsskóli*

Nemendafjöldi Borgarhólsskóla er um 420. Skólinn býr við góða aðstöðu en ný bygging var tekin í notkun í tengslum við einsetningu

| | |
|---|---|
| | skólans árið 1996. Boðið er upp á heildardagvistun og skólamáltíðir. |
| *Markviss úttekt á skólastarfinu* | Skólaárið 2000-2001 var unnið að markvissri úttekt á grunnskólanum á Húsavík. Árangurinn má nú þegar sjá í bættri agastjórnun og meira samstarfi við foreldra og meiri samstöðu meðal foreldra. |
| *Leikskólar* | Húsavíkurkaupstaður starfrækir 2 leikskóla. Börn eru tekin inn 1 árs. Ekki er langur biðlisti eftir leikskólaplássi. |
| *Tónlistarskóli í nánu samstarfi við leik- og grunnskóla* | Um 300 nemendur eru í tónlistarskólanum, eða um 12% af íbúafjölda Húsavíkur. Tónlistarskólinn er í nánu samstarfi við leik- og grunnskóla þar sem tónlistaruppeldi er notað sem tenging milli leikskóla og grunnskóla. Öll börn á Húsavík fá markvisst tónlistaruppeldi frá leikskóla aldri að fimmta bekk grunnskóla. Skólinn framleiðir mikið af kennsluefni fyrir hópkennslu. |
| *Niðurgreitt húsnæði og flutningsstyrkir* | Húsavíkurbær niðurgreiðir húsnæði og veitir flutningsstyrki til kennara sem flytja til Húsavíkur. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Vantar réttindakennara* | Í febrúar árið 2000 voru 9 kennarar af 16 kennurum við FSH með kennararéttindi (Hagstofa Íslands, 2001) |
| *Fáir nemendur í FSH frá nágrannasveitarfélögum* | Flestir nemendur í FSH eru frá Húsavík - fáir nemendur frá nágrannasveitarfélögunum sækja skólann. Enginn heimavist er við skólann. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Samkeppni við Akureyri um nemendur* | FSH er í samkeppni við skólana á Akureyri um nemendur, en þar er heimavist til staðar. |
| *Reiknilíkan menntamálaráðuneytisins* | Reiknilíkan menntamálaráðuneytisins er ekki ,,þróunarvænt“. Erfitt er fyrir minni skóla að bregðast við, þar sem aðstæður eru stöðugt að breytast. Kerfinu fylgir mikil skriffinnska, t.a.m. við að sækja í sjóði fyrir ákveðin verkefni. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Fjarkennsla* | Fjarkennsla býður upp á ýmiss tækifæri til náms í Framhaldsskólanum, t.a.m. þróun í þá átt að samkenna fámenna áfanga með öðrum skólum og geta þannig boðið upp á fleiri áfanga. Einnig býður fjarkennsla upp á samstarf FSH við Háskólann á Akureyri. |
| *Fjarfundabúnaður* | Fræðslumiðstöð Þingeyinga hefur fjárfest í fjarfundabúnaði, sem staðsettur verður í FSH. |

| | |
|---|---|
| *Framtíðin* | FSH mun í framtíðinni bjóða upp á tvær brautir náttúrufræði- og félagsfræðibraut, sem útskrifar stúdenta, auk undirbúningsbrautar í fjölmiðla- og upplýsingatækni. |
| *Tónfræðispilið* | Kennarar í Tónlistarskóla Húsavíkur hafa þróað námsefni með góðum árangri. Tónfræðispilið er ein af afurðunum, en skólinn fékk styrk frá ,,Átaki til atvinnusköpunar" til að þróa spilið sem útflutningsvöru. |

#### 4.4.2.3 Egilsstaðir

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Fræðslunet Austurlands* | Fræðslunet Austurlands miðlar háskólanámi og símenntun á svæðinu. Flestir háskólar landsins eiga aðild að netinu, og auk þess framhaldsskólar og fyrirtæki á svæðinu. Sterk tengsl eru því við háskólastofnanir á landsvísu, auk tengsla við atvinnulíf og framhaldsskóla á Austurlandi. Fræðslunetið hefur góðar forsendur til að hækka menntunarstig landsfjórðungsins. |
| *Menntaskólinn á Egilsstöðum* | Nemendur í dagskóla við Menntaskólann á Egilsstöðum er um 300. Í skólanum er heimavist fyrir 120 nemendur. Í febrúar árið 2000 voru 24 kennara af 31 kennurum við skólann með réttindi (Hagstofa Íslands, 2001). |
| *Hefð fyrir fjarkennslu* | Mikil hefð er fyrir fjarkennslu, m.a. er samkennsla á milli Menntaskólans og Verkmenntaskólann Austurlands í fámennum áföngum. Þetta fyrirkomulag eykur fjölbreytni í námsframboði skólanna. |
| *Grunnskólar* | Í Grunnskólanum á Egilsstöðum eru nemendur sem eru í 3-10 bekk og nemendur sem eru í 1-2 bekk sækja skóla á Eiðum. Skólinn er einsetinn og hefst kennsla á báðum stöðum á sama tíma kl. 9:00. Þannig var hægt að einsetja skólann árið 1999. Teknar voru í notkun 6 skólastofur í nýbyggingu Egilsstaðaskóla auk einnar sérkennslustofu, þannig að húsnæðið annar vel eftirspurn í dag, og vinnuaðstæður eru góðar. Tvö mötuneyti eru starfrækt á vegum skólans, eitt á Eiðum og annað í félagsmiðstöðinni Nýung á Egilsstöðum. Mikil festa hefur verið í starfsmannamálum, um 50 manns starfa við skólann. |
| *Leikskólar* | Leikskólar eru í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Lögð er áhersla að tæma biðlista 2 ára barna á haustin og hefur það tekist undanfarin ár, um 100 börn eru á leikskólunum. |

## VEIKLEIKAR

*Heimavistin er yfirfull* — Vegna aukinnar aðsóknar að Menntaskólanum hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn eftir heimavistarrýmum.

*Eftirspurn á Egilsstöðum, en samdráttur á Eiðum* — Dregið hefur úr eftirspurn eftir leikskólarými á Eiðum en mjög vaxandi eftirspurn er eftir leikskólarými á Egilsstöðum og er húsnæði leikskólans á Egilsstöðum fullnýtt.

## ÓGNANIR

*Fólksflutningur* — Áframhaldandi brottflutningur fólks úr nágrannasveitarfélögunum.

*Fjárhagsstaða* — Verulega skortir á fjármagn frá ríkisvaldinu varðandi flutning grunnskólans til sveitarfélagsins, en tekjustofn sveitarfélagsins stendur illa undir þeirri þjónustu sem verður að vera fyrir hendi.

## TÆKIFÆRI

*Samþætting* — Auka þarf samþættingu á milli skóla og tómstunda nemenda .

*Nýbygging* — Áformað er að bygga yfir tónlistarskólann, aðstaðan kemur til með að bæta aðbúnað nemenda til muna.

*Nýbúafræðsla og fjarnám* — Áframhaldandi uppbyggingu fjarnáms og aukin nýbúafræðslu styrkir nágrannabyggðirnar, sem eru baklönd Egilsstaða.

### 4.4.2.4 Selfoss

## STYRKUR

*Háskólanám á Suðurlandi* — Í haust hóf Háskólinn á Akureyri fjarkennslu á Suðurlandi samkvæmt samningi við Fræðslunet Suðurlands. Boðið er upp á nám í hjúkrunarfræði, rekstrarfræði og nám fyrir leikskólakennara. Boðið er upp á hugvísindanám í nútímafræði í samvinnu við Háskóla Íslands, og einnig býður Háskóli Íslands upp á nám í ferðamálafræði og íslensku.

*Fjölbrautaskóli Suðurlands* — Í Fjölbrautaskóla Suðurlands hafa undanfarin ár verið hátt í áttahundruð nemendur í dagskólanum. Undanfarin ár hefur verið mikil festa í starfsmannamálum skólans. Í febrúar árið 2000 voru 49 kennarar af 59 kennurum við skólann með réttindi (Hagstofa Íslands, 2001). Skólinn er þróunarskóli í upplýsingatækni.

*Fræðslunet Suðurlands* — Fræðslunet Suðurlands styrkir og eflir aðgengi íbúa fjórðungsins að námi.

*Grunnskólar* — Grunnskólanemendur í sveitarfélaginu Árborg eru rúmlega eitt þúsund. Tveir grunnskólar eru á Selfossi. Vel hefur gengið að manna kennarastöður.

| | |
|---|---|
| *Tónlistarskóli Árnesinga* | Mikill styrkur er af samstarfi Tónlistarskólans og grunnskólanna í sambandi við tónlistarkennslu nemenda í 3. bekk. |
| *Leikskólar* | Í sveitarfélaginu Árborg eru 6 leikskólar. Rúmlega 300 börn eru á leikskólunum, en á Selfossi eru 4 leikskólar. Stöðugildi í leikskólum í Árborg 1. janúar 2001 voru 44,6. Mismunandi leiðir og áherslur eru lagðar til grundvallar í uppeldisstarfi leikskólanna, en meðal hugmyndafræða sem unnið er eftir er Hjallastefnan, sem er umhverfisvæn uppeldisstefna, með áherslu á tónlist og hreyfingu og á félagslega færni einstaklingsins. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Æskilegt er að fjölga leikskólakennurum* | Leikskólar loka í fjórar vikur á meðan sumarleyfi starfsmanna stendur yfir. |
| *Sumarlokanir* | Í upphafi árs voru leikskólakennarar í 20,4 stöðugildum af 44,6 stöðugildum sem eru við leikskólanna í sveitarfélaginu. |
| *Biðlisti* | Biðlisti er á leikskólana. |
| *Þrengsli í grunnskólum* | Mikil húsnæðisvandi steðjar að grunnskólunum á Selfossi og þrengsli eru þar mikil. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Fleiri börn þurfa meiri aðstoð* | Hlutfallslega fleiri börn þurfa sérkennslu í dag en fyrir nokkrum árum. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Sameining* | Ef grunnskólarnir yrðu sameinaðir gætu skapast aukin sóknarfæri og einnig styrkir það félagslega samkennd meðal einstaklinga að tilheyra sömu einingunni. |
| *Aukin eftirfylgni* | Auka þyrfti eftirfylgni með leikskólabörnum þegar þau fara yfir á grunnskólastigið. |
| *Virkja enn frekar áhuga á símenntun* | Samkvæmt könnun sem undirbúningsnefnd um Fræðslunet Suðurlands lét gera, kom í ljós að mikill áhugi er á Suðurlandi fyrir almennu námi, þar sem þrír af hverjum fjórum Sunnlendingum lýstu yfir áhuga á námi samhliða starfi. Því virðist sem sóknarfæri Fræðslunetsins séu mörg. |
| *Upplýsingatækni* | Miklir möguleikar eru tengdir því að tveir þróunarskólar í upplýsingatækni eru í héraðinu, annar á grunnskólastigi og hinn á framhaldsskólastigi. |

#### 4.4.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Fjölbrautaskóli Suðurnesja* | Undanfarin ár hafa um 700 nemendur stundað nám í Fjölbrautaskóla Suðurnesja auk þess 200-300 nemendur í öldungadeild. Í febrúar árið 2000 voru 37 kennarar af 57 kennurum við skólann með réttindi (Hagstofa Íslands, 2001). |
| *Fjölbreytt námsframboð* | Auk hefðbundins náms er boðið upp á fjölbreytt iðnnám og styttri námsbrautir. Einnig er Fjölbrautaskóli Suðurnesja m.a. kjarnaskóli í netagerð, hefur hann frumkvæði að þróun og nýjungum í námi og endurmenntun netagerðarmanna. Skólinn er eini framhaldsskólinn á landinu, sem býður upp á þessa kennslu. Fjölbrautaskóli Suðurnesja og Markaðs- atvinnu og menningarmálaskrifstofa Reykjanesbæjar eru þátttakendur í þriggja ára evrópsku samstarfsverkefni um svæðisbundna eflingu starfsmenntunar (Tilraunaverkefni Leonardo da Vinci á Íslandi, Rannsóknaþjónusta Háskólans 2000, bls.19-22). |
| *Miðstöð símenntunar* | Miðstöð símenntunar er mikill styrkur fyrir svæðið, því með aukinni þekkingu í heimabyggð skapast meiri framlegð, ný störf og fjölbreyttara mannlíf, auk þess sem meira vald færist til heimabyggðarinnar, aukið fjármagn og ekki síst aukið sjálfstæði. |
| *Grunnskólar* | Rúmlega 2400 grunnskólanemendur eru í Reykjanesbæ. Allir skólarnir eru einsetnir frá árinu 2000. Boðið er upp á heitar máltíðir í hádeginu og skólagæsla er frá því að skóla lýkur til kl 17:00. Miklar breytingar hafa verið gerðar á skólamálum. Nú eru grunnskólarnir heilstæðir og nemendur sækja skóla eftir skólahverfum. Mikill styrkur er af starfi félagsmiðstöðvarinnar, þar sem innra starf hennar byggir fyrst og fremst á unglingalýðræði og frumkvæði unglinganna sjálfra. Einnig stendur miðstöðin fyrir margs konar fræðslu og forvarnarvinnu í samstarfi við foreldra og ýmsa aðila. |
| *Leikskólar* | Reykjanesbær rekur sjö leikskóla. Rúmlega 600 börn eru á skólunum. Í leikskólastarfi skólanna er meðal annars lögð áhersla á markvisst hreyfinám og tónlistaruppeldi. Umhverfi leikskólanna býður upp á mikla möguleika hvað varðar útivist og vettvangsferðir. Almennt eru leikskólarnir vel tækjum búnir, og í einum þeirra er leirbrennsluofn, sem hinir leikskólarnir hafa einnig aðgang að. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Skólahús Fjölbrautaskólans* | Skólahús Fjölbrautaskólans er nýtt til hins ýtrasta. Skólinn hýsir einnig fjölda af námskeiðum, einkum á vegum Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum. Skólahúsið er um 6000 fermetrar, en þyrfti að stækka um helming. |

*Sérkennarar* Mikill skortur er á sérkennurum, sem takmarkar að vissu leyti faglega vinnu á báðum skólastigum þ.e. leik-og grunnskóla.

*Biðlistar* Bið eftir leikskóladvöl er enn sem fyrr vandamál. Um 60-70 börn eru á biðlista. Mikil eftirspurn er eftir heilsdagsrýmum, en lítil eftirspurn eftir eftirhádegisrýmum.

**ÓGNANIR**

*Veikt bakland nemenda* Hlutfall langskólamenntaðra einstaklinga á Suðurnesjum er með því lægsta sem gerist á landinu. Rannsóknir hafa sýnt að jákvætt samband er á milli menntunarstigs foreldra og námsárangurs barna þeirra.

**TÆKIFÆRI**

*Skólaskrifstofan* Nauðsynlegt er að efla enn frekar Skólaskrifstofuna m.a. af þeirri ástæðu að þörfin á sérkennslu eykst sífellt.

*Samstarf* Tónlistarskóli, leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli ættu að þróa hjá sér meira samstarf til að auðvelda nemendum flutning milli skólastiga.

*Fjölga leikskólarýmum* Mikilvægt er að fara út í fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun leikskólanna til þess að hægt verði að útrýma biðlista eftir leikskólarýmum.

*Stuðningur við nemendur í kennaranámi* Áframhaldandi stuðningur Reykjanesbæjar við nemendur sem eru í námi í Kennaraháskóla Íslands er mjög mikilvægur. Stuðningurinn eykur líkur á að hlutfall ófaglærða leik- og grunnskólakennara fari lækkandi á næstu árum.

#### 4.4.2.6 Akranes

**STYRKUR**

*Símenntunarmiðstöð Vesturlands* Nýlega var stofnuð Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Aðilar að miðstöðinni eru bæði skólar á svæðinu og aðilar úr atvinnulífinu. Miðstöðin miðlar ýmsum námskeiðum og fjarnámi.

*Fjölbrautaskóli Vesturlands* Á Akranesi starfar Fjölbrautaskóli Vesturlands. Í skólanum eru að staðaldri rúmlega 600 nemendur. Skólinn þjónar öllu Vesturlandi og rekur útibú í Snæfellsbæ og í Stykkishólmi, en þar er í boði fyrsti bekkur.

*Festa í starfsmannamálum* Fjölbrautaskólinn býr yfir festu í starfsmannamálum. Í febrúar árið 2000 voru 34 kennarar af 54 kennurum við skólann með réttindi (Hagstofa Íslands, 2001).

| | |
|---|---|
| *Hátt hlutfall grunnskólanemenda fer í Fjölbrautaskólann* | Nú er talið að um 95% af hverjum árgangi 10. bekkjar á Akranesi fari í Fjölbrautaskólann, en skólinn tekur á móti öllum nemendum og reynir að koma til móts við þarfir sem flestra. |
| *Aukning nemenda í iðnnámi* | Á undanförnum árum hefur nemendum í iðnnámi fjölgað og eru iðnnemar nú um 20% af nemendum Fjölbrautaskólans. |
| *Grunnskólar* | Tveir heildstæðir grunnskólar eru á Akranesi og um 880 grunnskólanemar. |
| *Þrír leikskólar* | Þrír þriggja deilda leikskólar eru reknir af Akraneskaupstað. Börnin byrja tveggja ára í leikskóla. |
| *Aðgerðir til að fjölga leikskólakennurum* | Unnið er markvisst að því að fjölga leikskólakennurum, m.a. með stuðningsaðgerðum við fjarnámsnema og nýútskrifaða leikskólakennara. Leikskólakennurum hefur fjölgað og eru nú allir deildarstjórar menntaðir leikskólakennarar |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Fleiri starfstengdar brautir vantar* | Fleiri starfstengdar brautir vantar í Fjölbrautaskólann, t.d. er bara ein braut sem konur sækja um í, sem er sjúkraliða nám. |
| *Stærri heimavist* | Heimavist skólans er of lítil, og verður skólinn að vísa frá fjölda nemenda á hverju ári. |
| *Vantar kennsluhúsnæði* | Fjölbrautaskólinn notar ennþá að nokkru leyti bráðarbirgða kennsluhúsnæði. |
| *Biðlistar eftir leikskólaplássi* | Biðlisti er eftir leikskólaplássi á Akranesi, en á áætlun er að byggja við einn leikskólann árið 2003. |
| *Sumarlokanir leikskóla* | Leikskólunum er lokað í tvær vikur á sumrin. Hægt er að sækja um flutning milli leikskóla á meðan lokað er. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Fjárhagslegt umhverfi fjölbrautaskólans* | Fjölbrautaskólinn kemur ekki vel út úr reiknilíkani menntamálaráðuneytisins eins og aðrir meðalstórir skólar sem bjóða upp á mikið námsframboð. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Námsbrautir í tölvu- og upplýsingatækni* | Til stendur að setja á fót námsbraut í tölvu- og upplýsingatækni við Fjölbrautaskólann, og eru kennarar að vinna að undirbúningi tölvustuddrar kennslu. |
| *Fjarkennsla* | Fjarkennsla í gegnum tölvur er talin eitt stærsta tækifæri Fjölbrautaskólans í framtíðinni. |

### 4.4.2.7 Borgarnes

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Símenntunarmiðstöð Vesturlands* | Nýlega var stofnuð Símenntunarmiðstöð Vesturlands, en aðilar að miðstöðinni eru bæði skólar á svæðinu og aðilar úr atvinnulífinu. Miðstöðin miðlar ýmsum námskeiðum og fjarnámi. |
| *Fjarnám við Háskóla Íslands* | Háskóli Íslands býður upp á fjarnám í íslensku í samvinnu við Simenntunarmiðstöð Vesturlands. |
| *Tveir háskólar í næsta nágrenni* | Innan sveitarfélagsins eru tvö vaxandi háskólasamfélög, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Háskólarnir hafa áhrif á samfélagið og auka fjölbreytni atvinnulífsins. |
| *Stöðugt og vel menntað starfsfólk í grunnskólanum* | Grunnskólinn í Borgarnesi er einsetinn, og byggingarframkvæmdum við viðbyggingu er nýlega lokið. Eftir þessar breytingar er aðbúnaður góður fyrir kennara og nemendur. Skólinn býr yfir stöðugu og vel menntuðu starfsfólki. Af 33 kennurum við skólann eru að eins tveir án tilskilinna réttinda, en þeir eru báðir langt komnir í námi. |
| *Leikskóli* | Nýlega var opnuð ný deild í leikskólanum, sem varð til þess að biðlistar tæmdust. Í skólanum eru allt að 98 börn, en þau eru tekin inn frá tveggja ára aldri.. |
| *Tónlistarskólinn* | Tónlistarskólinn er í sama húsnæði og grunnskólinn og er góð samvinna þar á milli. Tónlistarskólinn er með öfluga starfsemi fyrir börn og fullorðna. Þar er rekin Suzuki deild þar sem nemendur byrja fjögurra ára að læra hljóðfæri. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Fjölbrautaskóli staðsettur á Akranesi* | Fjölbrautaskóli Vesturlands er staðsettur á Akranesi, en rúta gengur frá Borgarnesi á hverjum degi. Þetta veldur því að nemendur frá Borgarnesi og nágrenni eiga erfitt með að taka þátt í félagslífi skólans. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Nemendur í grunnskólanum í atvinnulífinu* | Margir eldri nemendur grunnskólans vinna með námi sínu sem getur komið niður á námsárangri. Atvinnulífið á svæðinu virðist kalla eftir þessu vinnuafli m.a. í ýmiss þjónustu og verslunarstörf. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Framhaldsskóli í fjarkennslu* | Nemendur við Fjölbrautaskóla Vesturlands gætu stundað hluta af sínu námi í fjarkennslu. |

### 4.4.2.8 Ísafjörður

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Fjarkennsla á háskólastigi* | Fjölbreytt fjarkennsla er í boði á Ísafirði bæði frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Um eða yfir 100 manns stunda nú fjarnám á háskólastigi á Vestfjörðum. Allmargar námsgreinar eru í boði, t.d. hefur Háskólinn á Akureyri hafið fjarkennslu í rekstrarfræði. |
| *Fræðslumiðstöð sem sinnir símenntun og fjarkennslu* | Fræðslumiðstöð Vestfjarða miðlar háskólanámi og símenntun og vinnur í því að koma upplýsingum um námsmöguleika til samfélagsins. |
| *Tengsl við atvinnulífið* | Að Fræðslumiðstöðinni standa aðilar bæði úr atvinnulífinu og skólalífinu |
| *Menntaskólinn á Ísafirði* | Um 300 nemendur eru að jafnaði í Menntaskólanum á Ísafirði, en upptökusvæði skólans er frá Þingeyri til Súðavíkur. Góðar samgöngur á norðanverðum Vestfjörðum styrkja aðsókn af þessu svæði í skólann. |
| *Góður aðbúnaður og fjölbreytt námsframboð* | Menntaskólinn býr yfir góðum húsa- og tækjakosti. Auk stúdentsbrauta er boðið upp á iðnnám, grunndeildir málmiðnaðar og rafiðnaðar, öflug vélfræðibraut, matartæknibraut og tréiðnaðarbrautir. |
| *Kennsla í greinum tengdum atvinnulífinu á staðnum* | Í Menntaskólanum er boðið upp á kennslu á viðskiptabrautum og í málmiðnaði, sem tengist óbeint atvinnulífinu á Ísafirði t.a.m. sjávarútvegi ásamt þjónustu og smáiðnaði í landi. |
| *Grunnskóli* | Í grunnskólanum á Ísafirði eru um 550 nemendur.<br>Á síðustu 5-6 árum hefur réttindakennurum fjölgað þar, og leiðbeinendur hafa verið duglegir að taka réttindanám í fjarkennslu. |
| *Húsnæði fyrir æfingakennara* | Fyrir 2 árum var gerð upp íbúð og æfingarkennurum boðið að koma og fá frítt húsnæði. |
| *Niðurgreidd leiga fyrir kennara* | Sveitarfélagið niðurgreiðir í þrjú ár leigu fyrir kennara sem flytja til Ísafjarðar. |
| *Betri útkoma á samræmdum prófum* | Útkoma á samræmdum prófum hefur batnað verulega á undanförnum árum, og var útkoma á Vestfjörðum hæst utan höfuðborgarsvæðisins s.l. vetur. Skýringin er m.a. talin vera hærra hlutfall réttindakennara ásamt markvissri stefnu og uppbyggingu skóla og meiri metnaði hjá sveitarfélaginu í þessum málum. Einnig má merkja aukinn stuðning við skólastarf frá foreldrum, og hefur t.a.m. forvarnarstarf skilað sér inn í grunnskólana. |

| | |
|---|---|
| *Leikskólar* | Sex leikskólar eru í Ísafjarðarbæ með um 20 börn á hverri deild. Börnin koma inn frá eins árs aldri |
| *Nýbúar og sérkennsla* | Mikið er um sérkennslu í leik- og grunnskólunum vegna barna af erlendum uppruna. Menningarleg fjölbreytni í skólastarfinu er mikil. |
| *Tveir tónlistarskólar* | Tveir tónlistarskólar eru á Ísafirði. Að Tónlistarskóla Ísafjarðar skólanum koma 19 kennarar og hann sækja 200 –250 nemendur. Einnig er tónlistarkennsla ásamt kennslu í fleiri listgreinum í Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar í Edinborgarhúsinu. |
| *Breytt viðhorf til menntunar* | Breyttar aðstæður á vinnumarkaði hafa breytt viðhorfi fólks til menntunar þ.e. atvinnuleysi knýr fólk til menntunar frekar en að fólk telji að það hafi betri tekjur af því að mennta sig. Hærra hlutfall unglinga kemur í MÍ í dag en fyrir 20 árum. |
| *Fjarnám og símenntun* | Breytt viðhorf til menntunar sést einnig á því að eldra fólk í fullri vinnu finnst tímabært að mennta sig meira. Breytingar í atvinnulífinu eru örar og fólk bregst við því með því að sækja bæði fjarnám og símenntun. |
| *Aukin þörf fyrir menntað vinnuafl* | Það hefur aukist að fólk frá Ísafirði sem fór burt í langskólanám komi heim aftur. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Brottfall nemenda í MÍ* | Brottfall nemenda á stúdentsbrautum í Menntaskólanum á Ísafirði er hátt, en yfir helmingur nemenda sem hefur nám við skólann lýkur ekki prófi þaðan. Stóran hluta af þessu má skýra með neikvæðri byggðaþróun, þ.e. nemendurnir flytja í aðra landshluta. |
| *Vannýtt heimavist MÍ* | Fáir nemendur Menntaskólans á Ísafirði koma frá Suðurfjörðum Vestfjarða og Strandasýslu. Heimavist skólans er vannýtt. |
| *Skortur á réttindakennurum* | Í febrúar árið 2000 voru 8 kennarar af 37 kennurum við skólann með kennararéttindi (Hagstofa Íslands 2001). Það skal tekið fram að inn í heildartölu kennara eru margir stundakennarar með fagmenntun en án náms í kennslu og uppeldisfræðum og hafa í mörgum tilfellum lágt stöðugildi. |
| *Sumarlokanir leikskóla* | Leikskólarnir loka í tvær vikur á sumrin en þar sem þeir loka ekki allir á sama tíma, er boðið upp á flutning á milli skóla. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Lítil aðsókn í skipstjórnarnám* | MÍ hefur boðið upp á vélstjórnar og skipstjórnarbrautir fyrir 200 tonna réttindi en í dag er lítil aðsókn í þetta nám. Ástæðan er talin |

vera of mikil áhersla á bóklegt nám í 2 ár sem menn sjá ekki hagnýtingu í á undan verklega náminu.

| | |
|---|---|
| *Laun leikskólakennara hvetja ófaglærða ekki til fjarnáms* | Menntun leikskólakennara í fjarnámi virðist ekki borga sig fyrir leiðbeinendur, vegna þess að laun leikskólakennara eru lág. Vinnan er örugg og þess vegna virðast fáir leggja á sig frekara nám. |
| *Ekki sveinspróf heima í héraði* | Iðnnemar geta ekki farið í sveinspróf heima í héraði, heldur þurfa að fara suður til þess. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Efla verkmenntun* | Auka þarf gildi verkmenntunar sem hagnýts náms sem nýtist fólki í atvinnulífinu. Tækifæri felast líka í að auka tengls atvinnulífs og skóla. |
| *Starfsmannastefna hvetur til menntunar* | Sveitarfélagið er að undirbúa starfsmannastefnu, sem mun hvetja til menntunar leiðbeinenda í skólunum. |

#### 4.4.2.9 Sauðárkrókur

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra* | Að Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra standa öll sveitarfélögin á Norðurlandi vestra. Á heimavist er rúm fyrir 140 nemendur, en heildarnemendafjöldi er um 460. Rúmlega þriðjungur nemendanna koma frá nágrannasveitarfélögunum og hefur þeim farið fjölgandi undanfarin ár. Sérstaða skólans felst m.a. í samstarfi hans við Hólaskóla. Í febrúar árið 2000 voru 20 kennarar af 36 kennurum með réttindi (Hagstofa Íslands, 2001). |
| *Farskóli Norðurlands vestra* | Farskólinn er mikill styrkur fyrir svæðið. Skólinn er í samstarfi við FNV, sem leiðir m.a. til þess að gott aðgengi er að fjölbreyttri þekkingu. |
| *Menntasmiðja* | Menntasmiðja á Sauðárkróki leggur sérstaka áherslu á menntun og símenntun kvenna til þátttöku í atvinnulífinu. |
| *Tónlistarskóli* | Sameining Tónlistarskólans á Sauðárkróki og Tónlistarskóla Skagafjarðarsýslu í einn skóla styrkir tónlistarlífið í héraðinu enn frekar. Nemendur við skólann eru hátt á annað hundruð og kennarar á annan tug. |
| *Árskóli* | Í Árskóla eru tæplega 470 grunnskólanemendur í 1-10 bekk, starfsmenn við skólann eru 73. Miklar byggingaframkvæmdir hafa staðið yfir og tekin var í notkun önnur álma með 8 kennslustofum haustið 2001. Viðbótin bætir aðstöðu nemenda og kennara verulega, þó vantar enn 5 kennslustofur til að skólinn geti orðið að |

fullu einsetin. Enn fremur er unnið að því að tölvuvæða Árskóla og metnaður lagður í að bjóða nemendum upp á það besta sem þekkist á þessu sviði.

*Leikskólar* — Tveir leikskólar eru á Sauðárkróki, Glaðheimar og Furukot.

## VEIKLEIKAR

*Skólarnir búa við húsnæðisskort* — Fjölbrautaskólinn og Farskólinn búa við húsnæðisskort, það vantar nauðsynlega fleiri kennslustofur og stærri heimavist.

*Láglaunasvæði* — Norðurland vestra er láglaunasvæði, og endurspeglar sú staðreynd að einhverju leyti menntastig íbúa, sem síðan hefur áhrif á eftirspurn eftir endurmenntun.

*Lítill markaður* — Fjölbreyttar óskir eru um námskeið í Farskólanum en markaðurinn er fremur lítill, sem leiðir til þess kostnaður verður mikill við hönnun sérnámskeiða.

*Lítil fjölbreytni* — Atvinnumöguleikar háskólamenntaðra einstaklinga eru ekki fjölbreyttir á Sauðárkróki.

## TÆKIFÆRI

*Stækkun* — Aukin tækifæri felast í stækkun bóknámshúss og heimavistar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.

*Starfsréttindanám* — Auka þarf möguleika á að stunda verknám sem veitir starfsréttindi.

*Háskólanám* — Bæta þarf aðgengi og valkosti á háskólanámi.

# 4.5 Menning

## 4.5.1 Almenn greining á stöðu menningar í landshlutakjörnum

### STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Stefna í byggðamálum fyrir árið 1999-2001* | Í byggðaáætlun er lögð áhersla á að efla menningu á landsbyggðinni. Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélögin hafa gert list og menningu að föstum lið í starfsemi sinni. |
| *Upplýsingatækni* | Upplýsingatæknin hefur gert listafólki auðveldara með að vinna saman óháð tíma og rúmi. |
| *Sameining sveitarfélaga* | Almennt hefur sameining sveitarfélaga leitt til þess að framboð á menningarviðburðum hefur aukist og fleiri möguleikar hafa skapast í kjölfar hennar, þar sem sveitarfélögin hafa meira bolmagn en áður til að standa að menningarviðburðum (Byggðastofnun, 2001). |
| *Jákvætt samband* | Góð aðstaða til menningarstarfsemi og þróttmikið starf í íþrótta- og tómstundamálum eflir þróun byggðar og búsetu í landinu, þar sem þessir þættir ráða miklu um afstöðu fólks til þess hvar það kýs að búa (Stefán Ólafsson,1997). |
| *Sterk grunngerð og samvinna* | Sterkt skólastarf ýtir undir og hvetur til frjórra samskipta milli lista, menningar og íþrótta og nýtingar á margvíslegri nýrri tækni. Samtenging menningar og atvinnulífs getur haft mikla efnahagslega þýðingu í framtíðinni, og því er mikilvægt að bjóða sem fjölbreytilegasta nám í listgreinum á öllum skólastigum. |
| *Menningarsjóður félagsheimila* | Menningarsjóður félagsheimila veitir ferðastyrki til einstakra listamanna og hópa atvinnu- og áhugalistamanna. Þessi sjóður er einkar mikilvægur fyrir landsbyggðina. |
| *Eldhugar* | Umfangsmikið sjálfboðastarf er innt að hendi í þágu menningar í öllum landshlutakjörnunum. Draga má þá ályktun að það sjálfboðastarf sem eldhugar vinna sé sérstakt menningareinkenni fámennra byggðalaga og dýrmætt einkenni íslenskrar menningar. |

### VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Lítil samvinna* | Víða er lítil samvinna og skortur á samstöðu. Sambandsleysið er af ýmsum toga, t.d. milli stofnana, milli atvinnu- og áhugafólks, milli sveitarstjórnarfólks og menningargeirans (Menntamálaráðuneytið, 2000). |
| *Fáir og dreifðir* | Starfsmenn menningarstofnana eru víða fáir og dreifðir, t.d. getur verið um einn starfsmann að ræða í 50% starfi. Einingarnar eru of |

smáar.

*Fornleifaskráning skammt komin* — Fornleifaskráning er víðast hvar skammt á veg komin á landsbyggðinni.

## ÓGNANIR

*Menning og afþreying ekki ofarlega á verkefnalista sveitarfélaga* — Ef menning og afþreying er ekki ofarlega á dagskrá sveitarfélaga getur það haft áhrif á búsetuval fólks. Rannsóknir sýna að einn þeirra þátta sem mikil áhrif hafa á búsetuval fólks er aðgangur að menningar- og afþreyingarstarfsemi (Stefán Ólafsson, 1997). Einnig má telja nokkuð víst að málaflokkurinn eigi eftir að skipa stærri sess í framtíðinni í okkar fjölmenningarlega samfélagi, þar sem krafan um aukin lífsgæði og afþreyingu verður sífellt meiri áhersluþáttur í búsetuvali fólks.

*Kostnaður ofviða* — Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands bjóða upp á að setja upp sýningar á landsbyggðinni, en kostnaður við slíkar sýningar er flestum menningarstofnunum á landsbyggðinni ofviða.

*Einhliða flæði* — Menningarmiðlum til landsbyggðarinnar er einhliða. Aðstaða til vinnslu sjónvarpsefnis vantar víða, og fjölga þyrfti fastráðnum fréttariturum á landsbyggðinni. Af útsendingartíma Rásar 1 er efni á landsbyggðinni innan við 10% af heildarútsendingartíma.

*Starfsaðstæður atvinnufólks* — Starfsaðstæður atvinnufólks er víða slæmar, sérstaklega þar sem ekki er staða eða styrkir til bæjarlistamanna eða svæðisbundinna fræðistarfa. Fáir þeirra er vinna til starfslauna listamanna eða styrkja til fræðastarfa eru búsettir á landsbyggðinni. Þannig getur ónógur stuðningur við menningarstarf í heimabyggð skapað ákveðinn vítahring (www.bygg.is Búum til betri byggð, 2000).

## TÆKIFÆRI

*Aukin samvinna* — Samstarf sveitarfélaga og ,,Reykjavíkur Menningarborgar Evrópu árið 2000“ tókst með ágætum og mikilvægt er að byggja enn frekar á þeim grunni (Menntamálaráðuneytið, 2000).

*Staðbundnir fjölmiðlar* — Efla þarf staðbundna fjölmiðla, af þeirri ástæðu að þeir gegna þýðingarmiklu hlutverki fyrir lýðræðislega skoðanamyndun og við að efla staðarvitund og samkennd íbúa.

*Auka þátttöku* — Fylgja þarf eftir rannsóknum og skýrslum, um mikilvægi eflingar almenningsíþrótta og aukinn hlut kvenna í íþróttum.

*Þjóðmenningarstofnanir* — Auka má áherslu á hlutverk þjóðmenningarstofnana í samstarfi og þjónustu við menningarstofnanir á landsbyggðinni, og að þessi hluti

| | |
|---|---|
| | starfseminnar verði sýnilegur í fjárveitingum til þjóðmenningarstofnananna. |
| *Stoðkerfi* | Stofnanir í stoðkerfi atvinnuveganna þurfa að styðja enn frekar við uppbyggingu menningartengdrar atvinnustarfsemi með styrkjum, lánum og ráðgjöf. Auka þarf þekkingu á tilvist menningarsjóða, því ljóst er að hún er ekki almenn (Menntamálaráðuneytið, 2000). |
| *Menning og ungt fólk* | Framboð á menningu og afþreyingu fyrir börn og ungt fólk á stóran þátt í búsetuvali fólks. Rannsóknir sýna að menningarstarf sem og annað tómstundarstarf hefur forvarnargildi. Því er mikilvægt að tryggja nægilega fjölbreytni og stöðugt framboð menningarstarfs sem höfðar til ungs fólks. |

## 4.5.2 Svæðisbundin greining á stöðu menningar í landshlutakjörnum

### 4.5.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

*Menningarstefna Akureyrarbæjar*

Bæjarstjórn Akureyrar hefur sett fram menningarstefnu, þar sem m.a. er lögð höfuðáhersla á að öflugt menningarlíf sé ein frumforsenda þess að landsbyggðin geti haldið sínum hlut í þeirri samkeppni sem ríkir milli landssvæða um fólk og fyrirtæki. Markmið menningarstefnu Akureyrarbæjar er að skapa sem best skilyrði fyrir varðveislu, ræktun og miðlun hins sameiginlega menningararfs og að tryggja eftir föngum að allir geti notið menningarlífs ( Akureyrarbær, 2000).

*Menningarsjóðir*

Menningarsjóður Akureyrar styrkir listamenn og fræðimenn og fjármagnar kaup og viðhald útilistaverka í bænum. Ennfremur fjármagnar sjóðurinn starfslaun til listamanna, auk sérverkefna. Húsverndunarsjóður Akureyrar vinnur að verndun húsa innan lögsagnarumdæmis Akureyrar, m.a. með því að stuðla að varðveislu þeirra með viðurkenningu og/eða fjárframlögum.

*Menningarstofnanir*

Starfandi eru menningarfulltrúi og íþrótta- og tómstundafulltrúi í tveimur stöðugildum. Meðal helstu menningarstofnana eru Amtsbókasafnið, Hérðasskjalasafnið, Hús skáldsins, Leikfélag Akureyrar, Listasafn, Minjasafn, og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Fjöldi einstaklinga eða 234 þáðu laun frá Akureyrarbæ fyrir störf sín að menningar-, íþrótta- og tómstundamálum árið 2000.

*Menning styrkist sem atvinnugrein*

Á síðustu árum hefur stöðugildum í menningar-, íþrótta og tómstundarmálum fjölgað um tæplega 24, eða úr 53 árið 1995 í 76,7 stöðugildi árið 1999 (Akureyrarbær: Staðreyndir í tölum, 2000). Rekstrargjöld til menningar- íþrótta- og tómstundarmála árið 2000 voru rúmlega 450 milljónir, eða 11% af rekstrargjöldum bæjarins (Ársskýrsla Akureyrarbæjar, 2000).

*Menning sem afþreying*

Á Akureyri er fjölbreyttur fyrirtækjarekstur á sviði afþreyingar, m.a. veitinga- og kaffihús, tvö bíó, skemmtistaðir og fjölbreytt íþróttaaðstaða, m.a. skíðasvæði og skautahöll.

*Samningur Akureyrar og ríkisins.*

Samningur Akureyrarbæjar og ríkisins felur í sér að Menntamálaráðuneytið beitir sér fyrir því að framlög ríkisins til menningarmála á Akureyri verði 52 milljónir árið 2001 og 64 milljónir árið 2002 (Menningarsstefna Akureyrarbæjar, 2000). Samningurinn styrkir rekstrargrundvöll alls menningarstarfs á Akureyri. Hér er vert að geta samnings Akureyrarbæjar og

menntamálaráðuneytisins um Vetraríþróttamiðstöð Íslands. Akureyrarbær leggur til 100 milljónir á móti 50 milljóna framlagi frá ríkinu á árunum 1998-2002.

*Menning og menntun* — Öflugt menningarstarf er á öllum skólastigum. Ýmsar uppákomur eru á starfstíma skólanna, m.a. leiksýningar, tónlistaviðburðir, myndlistarsýningar o.fl.

*Unga Akureyri* — Í upplýsingaritinu ,,*Unga Akureyri*" kemur fram að fjölbreytt félags- og tómstundastarf stendur ungu fólki til boða á Akureyri (Unga Akureyri, 2000). Árið 1999 námu styrkir til íþrótta- og tómstundamála á Akureyri (ÍTA) rúmlega 54 milljónum og rekstrarkostnaður íþrótta- og tómstundamannvirkja var tæpar 95 milljónir sama rekstrarár (Ársskýrsla Akureyrarbæjar, 2000).

*Menningarnótt* — Menningarnótt er menningarhátíð, sem haldin er árlega á Akureyri.

## VEIKLEIKAR

*Starfsaðstæður* — Enginn salur er sérstaklega hannaður fyrir tónlistarflutning. Aðstaða sú sem Leikfélag Akureyringa hefur til umráða uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til slíks húsnæðis. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hefur enga fasta aðstöðu. Aðstæður þessar hamla þróun og vexti umræddra listgreina. Hér er vert að nefna aðstöðuleysi unglingahljómsveita og unglingaleikhópa.

*Aðstaða* — Aðstöðuskortur á vissum sviðum í sambandi við almenningsíþróttir. M.a. hefur ekki verið hægt að bjóða almenningi aðstöðu í íþróttasölum.

*Fámenni* — Erfiðlega gengur að fjármagna almenningsíþóttirnar. Af þeirri ástæðu að fáir eru á bak við hverja íþróttagrein.

## ÓGNANIR

*Ójöfnuður* — Ójöfnuður í ríkisútgjöldum til menningarmála milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis skekkir samkeppnisstöðuna.

## TÆKIFÆRI

*Háskólanám* — Samstarfsnefnd, sem Akureyrarbær skipaði til að fara yfir aðkomu bæjarins að myndlistarmenntun, hefur lagt til að stofnuð verði listadeild við Háskólann á Akureyri.

*Menningarhús* — Ef/þegar af byggingu Menningarhúss á Akureyri verður, mun það væntanlega leysa þann húsnæðisvanda sem listafólk á sviði tónlistar og leiklistar býr við í dag. Ennfremur myndi opnast tækifæri til aukinna umsvifa í sambandi við ráðstefnuhald, þ.e. hægt væri að halda fjölmennari ráðstefnur en nú, og einnig yrði gert ráð fyrir

aðstöðu fyrir túlka og fjölmiðlafólk.

*Rás 2 til Akureyrar*

Menntamálaráðherra hefur lýst yfir þeim vilja sínum að athuga beri hvort flytja eigi starfsemi Rásar 2 RÚV til Akureyrar og breyta henni í miðstöð svæðisútvarpa.

*Fjölnota íþróttahús*

Fjölnota íþróttahús mun bæta aðgengi alls almennings að íþróttasölum.

#### 4.5.2.2 Húsavík

## STYRKUR

*Menningarsjóður*

Listasjóður Húsavíkur er notaður til eflingar lista og menningar og er hann fyrsta skrefið í stefnumótun í menningarmálum. Sjóðurinn styrkir lista- og menningarstarfsemi á Húsavík og styður við frumkvæði heimamanna.

*Samstarf*

Samstarf hefur verið við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Listaháskóla Íslands.

*Bæjarlistamaður*

Húsavíkurkaupstaður hefur greitt listamannalaun og heiðrar listamenn fyrir störf sín.

*Tónlist og leiklist*

Tónlist og leiklist eru afgerandi í menningarlífinu. Bæjarfélagið stendur að metnaðarfullu tónlistaruppeldi barna og ungs fólks, þ.e. frá leikskólaaldri upp í 5.bekk grunnskóla. Yfir 10% íbúanna eru nemendur í Tónlistarskólanum.

*Menningarstofnanir*

Starfandi eru fræðslu- og menningarfulltrúi og íþrótta- og æskulýðsfulltrúi í tveimur stöðugildum. Meðal helstu menningarstofnana eru Héraðsskjalasafnið, Náttúrugripasafnið, Byggðasafn og Bókasafn. Bókasafnið er mikið notað og þar er tölvuver með aðgengi að Alnetinu. Samkvæmt ársreikningum var rúmlega 52 milljónum varið til menningar- æskulýðs- og íþróttamála, eða rúmlega 12% af heildarrekstrarútgjöldum bæjarfélagsins árið 2000 (Ársskýrsla Húsavíkurkaupstaðar, 2000).

*Sérhæfing*

Hvalasafnið er með markvissa uppbyggingu, aðsókn er vel viðunandi en um 10-12 þúsund gestir sóttu safnið heim árið 2000.

## VEIKLEIKAR

*Vantar stefnumótun*

Heildarstefnumótun og langtímamarkmið í menningarmálum eru ekki til staðar.

*Vantar framboð fyrir stúlkur*

Yfir sumartímann vantar framboð á íþróttum fyrir stúlkur.

| | |
|---|---|
| *Fjárhagstaða bæjarfélagsins* | Verulegur hluti af fjármagni sveitarfélagsins er bundinn í lögbundinni þjónustu, og því er lítið afgangs til setja í menningarstarfsemi eða aðra afþreyingu. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Auka vægi menningar sem atvinnugreinar* | Styrkja þarf menninguna sem atvinnugrein til að fjölga menningarviðburðum. Ein leið væri ef til vill að greiða áhugaleikurum fyrir störf sín og/eða ráða atvinnuleikara og tæknifólk í tímabundin verkefni. |
| *Íþróttaaðstaða* | Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar, á sumrin er golfvöllurinn vel nýttur og þar eru sóknarfæri fyrir stúlkur, sem ekki hafa áhuga á boltaíþróttum. |

#### 4.5.2.3 Egilsstaðir

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Menningarstefna sveitarfélaga á Austurlandi* | Mörkuð hefur verið sameiginleg stefna sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál. Markmiðið er að koma á skipulögðum vinnubrögðum, samstarfi og samnýtingu krafta til að styrkja stöðu Austurlands á sviði menningarmála (Stefna í menningarmálum á Austurlandi, 2000). |
| *Menningarsjóður* | Menningarsjóður Austur-Héraðs styrkir listamenn og fræðimenn. Einnig eru veitt hvatningarverðlaun. |
| *Menningarstofnanir* | Starfandi eru menningarfulltrúi- og íþrótta- og æskulýðsfulltrúi í tveimur stöðugildum. Meðal helstu menningarstofnana eru Minjasafn Austurlands, Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Bókasafn Héraðsbúa, Óperustúdíó Austurlands, Tónlistarskóli Austur-Héraðs og Leikfélag Fljótdalshéraðs.<br>Rekstrargjöld til menningar-, íþrótta- og tómstundamála námu um 40 milljónum árið 2000 eða rúmlega 9% af heildarrekstrarútgjöldum bæjarfélagsins árið 2000(Ársskýrsla Austur-Héraðs, 2000). |
| *Menntaskólinn* | Nemendafélag Menntaskólans á Egilsstöðum er virkur þátttakandi í menningarlífinu meðal annars er öflugt leiklistarfélag í skólanum. |
| *Afþreying og aðstaða* | Á Egilsstöðum er kvikmyndahús sem rekið er á ársgrundvelli. Og kaffihús sem rekið er yfir sumartímann og einnig er fjölbreytt framboð á tónlistarviðburðum. Aðstaða til íþróttaiðkunar er góð, íþróttahús, sundlaug og frjálsíþróttaaðstaða til fyrirmyndar. |
| *Þátttökusamfélag* | Tónlistar- og leiklistarstarf hafa skapað sér sérstakan og virkan sess í menningarlífinu vegna almennrar þátttöku íbúanna. |

| | |
|---|---|
| *Ríkisútvarp* | Svæðisbundnar útsendingar útvarps auka líkurnar á að almenningur fái skýrari mynd af mannlífinu. |
| *Handverk* | Handverk skipar mikilvægan sess á Egilsstöðum, og handverkshúsin Hús handanna og listiðjan Eik leggja áherslu á að vinna úr austurlensku hráefni. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Hætta á kulnun* | Hætta er á að áhugafólk geti ekki til langframa sinnt bæði listsköpun og framkvæmdaþáttum, þannig að metnaður og hæfileikar njóti sín til fulls í listsköpuninni. |
| *Fræðslu- og menningarmál á hendi sama starfsmanns* | Fræðslumálin taka mikinn meirihluta af vinnutíma fræðslu- og menningarfulltrúa. |
| *Reglubundin afþreying* | Skortur er á reglubundinni afþreyingarmenningu. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Fækkun og fjárskortur* | Fækkun íbúa í fjórðungnum og fjárskortur getur leitt til þess að úthald brestur hjá eldhugum. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Samstarfssamningar og viljayfirlýsing* | Samningar hafa verið gerður milli ríkis og sveitarfélaga og á milli 16 sveitarfélaga á Austurlandi, í þeim tilgangi að efla menningarstarf og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í einn farveg. Ennfremur er áætlað að komið verði á fót menningarmiðstöð á Austur-Héraði, þar sem aðstaða verði sköpuð til sviðslista. |
| *Styrkja sérstöðuna* | Öflugt tónlistarlíf gefur tilefni til að auka frekar vitund um gildi menningarstarfsemi Óperustúdíós Austurlands. Fámennið gefur færi á að einstaklingar geti notið sín. |
| *Menningarsaga* | Vegna sérstakrar menningarsögu eru miklir möguleikar á að samtengja og efla menningarstarfsemi gegnum ferðaþjónustu í samvinnu við söfnin. |

### 4.5.2.4 Selfoss

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Samstarf* | Menningarnefnd sveitarfélagsins og frjáls félagasamtök vinna saman að mótun menningarstefnu og markmiðssetningu. |
| *Menningarstarfsemi* | Rekstrargjöld til menningar-, íþrótta- og tómstundamála námu um 99 milljónum árið 2000 eða rúmlega 11% af heildarrekstrarútgjöldum bæjarfélagsins árið 2000 (Ársskýrsla |

Sveitarfélagsins Árborgar, 2000).

*Söfn* — Á Selfossi er öflugt bókasafn með um 70.000 bækur og þar er Tónlistarskóli Árnesinga. Á Selfossi er einnig stærsta safn listaverka Ásgríms Jónssonar og reglulegar myndlistarsýningar eru í Listasafninu. Byggðasafni Árnesinga tilheyrir Húsið og Sjóminjasafnið á Eyrabakka og Þuríðarbúð á Stokkseyri en það er endurgerð verðbúð fyrri tíma. Í safninu eru varðveittar um 1000 gripir.

*Styrkir til menningarmála* — Sveitarfélagið Árborg styrkir ýmsa menningarstarfsemi, t.d. kórastarf og starf leikfélagsins. Á fjárhagsáætlun fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að um 2, 6 milljónir fari í ýmiss konar styrki til menningarstarfs.

*Íþróttir* — Á Selfossi er öflug íþróttastarfsemi og Brúarhlaupið er orðinn fastur liður á sumardagskránni, þar sem fólk alls staðar að af landinu tekur þátt í hlaupinu.

## VEIKLEIKAR

*Lítill heimamarkaður* — Smæð heimarmarkaðar og nálægðin við stóran markað gerir það að verkum að erfitt getur verið að byggja um sterka stöðu hvað varaðar framboð á menningarviðburðum í samkeppni við höfuðborgarsvæðið.

## TÆKIFÆRI

*Menningarmiðstöð* — Stefnt er að því að taka Menningar- og þjónustumiðstöð fyrir Suðurland í nýbyggingu við Hótel Selfoss í notkun 1. júní 2002. Þar verður tónlistarsalur sem taka mun 330 manns í sæti og verður einn af tveimur sölum á landinu sem eru sérhannaðir til tónlistarflutning. Með þessu skapast mörg tækifæri fyrir sveitarfélagið og mun marka því ákveðna sérstöðu á landsvísu. Í menningarmiðstöðinni verða einnig kvikmyndasalir, sem mun skapa Árborg styrk á sviði afþreyingar á Suðurlandi.

*Þjónustuhús* — Byggingaframkvæmdir eru hafnar að nýju þjónustuhúsi fyrir Byggðasafn Árnesinga. Þjónustuhúsið mun breyta miklu fyrir innra starf safnsins, þar mun verða geymsla fyrir safnið. Með því skapast einnig tækifæri til þess að taka útihús við Húsið á Eyrabakka í notkun sem sýningarhúsnæði.

### 4.5.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

## STYRKUR

*Stefnumótun* — Í stefnumótun um menningarmál er yfirmarkmiðið að Reykjanesbær

| | |
|---|---|
| *Reykjanesbæjar* | verði þekktur sem lista- og menningarbær og þar blómgist öflugt og aðlaðandi lista- og menningarlíf. |
| *Menningarsjóður* | Listasjóður veitti þrjár milljónir í styrki árið 2000 til menningarmála. |
| *Bæjarlistamaður* | Starfandi er bæjarlistamaður, valinn á fjögurra ára fresti. Það styrkir ímynd bæjarins. |
| *Menningarstofnanir* | Í Reykjanesbæ er öflugt bókasafn. Gestir hafa aðgengi að Alnetinu, er aðstaða og aðgengi að bókasafninu er til fyrirmyndar. Staðsetning safnsins er í Kjarnanum sem er mikill styrkur vegna sýnileika safnsins. Rekstrargjöld til menningar-, íþrótta- og tómstundamála námu um 294 milljónum árið 2000 eða rúmlega 13% af heildarrekstrarútgjöldum bæjarfélagsins árið 2000 (Ársskýrsla Reykjanesbæjar, 2000). |
| *Ímynd bítlar, bílar og boltaíþróttir* | Í hugum margra er Reykjanesbær bítlabær, bílabær og íþróttabær. |
| *Sérstaða* | Reykjanesbær hefur skapað sér sérstöðu með Popp- og íþróttaminjasafninu. |
| *Aðstaða* | Leikfélagið er með húsnæði sem bæjarfélagið leggur til og greiðir kostnað af rekstri hússins. Það tekur um 150 manns. Bæjarfélagið leggur einnig til vinnu- og sýningaraðstöðu fyrir myndlistarfólk. |
| *Menning sem afþreying* | Ágætt framboð er á allri almennri afþreyingu, það er starfrækt kvikmyndahús með tveimur sölum, og myndir forsýndar á sama tíma og í Reykjavík. Í bænum eru veitingastaðir og kaffihús. Aðstaða til íþróttaiðkunar er til fyrirmyndar. |
| *Ljósanótt* | Menningarhátíðin Ljósanótt er haldin árlega í Reykjanesbæ, umfang hennar og aðsókn að hátíðinni jókst umtalsvert á milli ára 2000 og 2001. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Nálægð* | Nálægð við höfuðborgarsvæðið getur dregið úr frumkvæði og eftirspurn eftir menningarstarfi heima fyrir. Hins vegar má einnig líta á nálægðina sem styrk, t.d. í markaðssetningu safna og heimsókna grunnskólanema frá höfuðborgarsvæðinu. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Menningarmiðstöð* | Í menningarmiðstöðinni verður Byggðasafnið með aðstöðu og einnig er gert ráð fyrir fjölbreyttri starfsemi í miðstöðinni. |

*Menningin markaðssett* Nýtt skipulag menningarmála felur í sér markvissa stefnu í markaðssetningu hennar sem atvinnugreinar. Stefnt er að því að færa bókasafnið og byggðasafnið undir Markaðsskrifstofuna og nú þegar hefur verið ráðinn menningarfulltrúi til að vinna að framgangi þessa málaflokks.

*Starfslaun bæjarlistamanns* Í stefnumótun er tillaga um að greiða starfslaun til bæjarlistamanns. Ef úr verður veitir það listamönnum í bæjarfélaginu aukin tækifæri á að nýta hæfilega sína á sviði listsköpunar og stunda list sína sem atvinnu. Samfélagið nýtur síðan góðs af, s.s. í formi listsýninga eða annarra viðburða.

*Menningarmiðstöð ungs fólks* Verið er að vinna að stefnumörkun í menningarmálum ungs fólks í Reykjanesbæ. Meðal annars verða skoðaðir möguleikar varðandi húsnæði fyrir menningarmiðstöð ungs fólks.

#### 4.5.2.6 Akranes

### STYRKUR

*Menningarstofnanir* Á safnasvæðinu á Görðum eru fjögur söfn, sem öll hafa sína sérstöðu en þau eru; Byggðasafn Akraness og nærsveita, Safn Landmælinga Íslands, Safn um sögu íþrótta á Íslandi og Steinaríki Íslands sem er eitt fjölbreyttasta safn steina á Íslandi. Rekstrargjöld til menningar-, íþrótta- og tómstundamála námu um 139 milljónum árið 2000 eða tæplega 14% af heildarrekstrarútgjöldum bæjarfélagsins árið 2000 (Ársreikningar Akraneskaupstaðar, 2000).

*Kvikmyndahús* Kvikmyndahús er rekið af bæjarfélaginu, aðstaða er á sama stað fyrir leikfélagið þ.e. þar fara fram æfingar og sýningar leikhópsins.

*Nálægð* Nálægð við höfuðborgarsvæðið og góðar samgöngur þýða stærri markað fyrir menningarstarfsemi.

*Íþróttir og Skaginn* Á Akranesi er mikil þróttahefð, íþróttir eru snar þáttur í bæjarlífinu og menningu bæjarins. Bæjarfélagið hefur lagt mikið upp úr því að almenningur hafi greiðan aðgang að íþróttasölum og rekur til dæmis ágætlega vel útbúinn tækjasal.

*Listamenn á starfslaunum* Veitt eru starfslaun til tveggja listamanna á ári, og árlega er valinn bæjarlistamaður.

*Leiklist og tónlist* Á Akranesi er virkt leikfélag, Skagaflokkurinn sem er áhugamannaleikfélag og Tónlistarfélag Akraness stendur fyrir öflugu tónlistarlífi.

*Fjölbrautaskólinn* Nemendur Fjölbrautaskólans setja upp eitt leikverk á ári. Aðstaðan

er góð í skólanum og aðsókn á sýningar nemenda er mikil.

**VEIKLEIKAR**

*Íþróttamannvirki sprungin*

Vegna mikillar aðsóknar og grósku innan íþróttahreyfingarinnar anna íþróttamannvirkin ekki eftirspurn.

*Ekki næg þátttaka*

Það veikir menningarstarfsemina að íbúar eru ekki jafn virkir að sækja menningarviðburði sem heimamenn standa að.

**ÓGNANIR**

*Nálægð við höfuðborgarsvæðið*

Helsta ógnunin við menningarstarf er talin nálægðin við höfuðborgarsvæðið, þar sem framboð og fjölbreytni eru meiri.

**TÆKIFÆRI**

*Menningarmiðstöð*

Menningarmiðstöð fyrir ungt fólk er á undirbúningsstigi.

*Menningartengd ferðaþjónusta*

Í menningartengdri ferðaþjónustu eru miklir möguleikar, sem ekki hafa verið nýttir, en með nýjum söfnum eins og til dæmis safni Landmælinga, Íþróttasafni og safni um sögu Hvalfjarðarganga aukast sóknarfæri Akraness í ferðaþjónustu, ásamt því að fá heimsóknir frá grunnskólum úr nágrannabyggðarlögunum.

*Heimamenn*

Auka mætti aðsókn heimamanna á menningarviðburði, t.d. Skagaflokksins.

#### 4.5.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

*Menningarstefna*

Stefna bæjarfélagsins í menningarmálum beinist að því að gera sögu svæðisins sýnilega, og hafa verið sett upp söguskilti í þeim tilgangi. Vinna er hafin í stefnumótun í menningarmálum fyrir Vesturland, sem Atvinnuráðgjöf Vesturlands vinnur að í samvinnu við sveitarfélög á svæðinu.

*Menningarsjóður*

Menningarsjóður starfar í umsjá menningarnefndar. Árið 2001 hafði sjóðurinn um 1,7 milljónir til ráðstöfunar. Í sjóðinn sækja listamenn og fræðimenn. Menningarsjóður tilnefndi héraðslistamann og heiðurslistamann á Borgfirðingahátíð og listamönnunum voru veitir styrkir af því tilefni.

*Borgfirðingahátíð*

Borgfirðingahátíðin eykur framboð á menningarviðburðum, en þá kemur saman listafólk víðs vegar af landinu.

*Menningarstofnanir*

Meðal helstu menningarstofnana eru Safnahús Borgarfjarðar og Tónlistarskóli Borgarfjarðar. Rekstrargjöld til menningar-, íþrótta- og tómstundamála námu 90,6 milljónum króna árið 2000 eða 16%

| | |
|---|---|
| | af heildarrekstrarútgjöldum bæjarfélagsins árið 2000 (Ársskýrsla Borgarbyggðar, 2000). |
| *Tónlistaruppeldi* | Samstarf er á milli Tónlistarskóla Borgarfjarðar og grunnskólans. Í grunnskólanum er markvisst tónlistarnám upp í 5. bekk, og síðan er tónlistarnám valgrein hjá 9. og 10. bekk. |
| *Íþróttaaðstaða* | Íþróttaaðstaða er góð. Sundlaugin í Borgarnesi er mjög mikið notuð af ferðamönnum, einkum yfir sumartímann, og gegnir því miklu afþreyingarhlutverki. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Menning sem afþreying* | Framboð og fjölbreytni í menningartengdri afþreyingu einskorðast að miklu leyti við árstíðabundna viðburði. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Sjoppuímynd* | Bæjarímynd sem byggist á bensínstöðum og sjoppum er ekki æskileg ímynd af bæjarfélagi, sem hefur af miklum bókmenntaarfi að státa. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Sagan og bókmenntir* | Sagan er alls staðar í mikilli nálægð í Borgarnesi og mikill bókmenntaarfur. M.a. er Borgarnes í landnámi Skallagríms. Mikil tækifæri felast í því að auka vitund almennings um sögu staðarins og í því verkefni gegna söfnin mikilvægu hlutverki. |
| *Sögustaðir gerðir sýnilegir* | Gera þarf sögustaði sýnilegri og auðkennda með táknrænum listaverkum. |
| *Egilssafn* | Ef Egilssafn verður að veruleika, skapast mörg tækifæri. Það hefur mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna og gæti haft jákvæð áhrif á ímynd Borgarness sem menningarstaðar. |

### 4.5.2.8 Ísafjörður

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Menningarstefna Ísafjarðarbæjar* | Í stefnumótun Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum 1999-2003 var unnin aðgerðaáætlun í menningar- og íþróttamálum og lögð áhersla á að samfélagið geti státað af blómlegu menningarlífi og kröftugri íþróttastarfsemi. |
| *Þjóðahátíð Vestfirðinga* | “Rætur”, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni hefur undanfarin þrjú ár eða síðan 1998 haldið þjóðahátíð, en íbúar Vestfjarða koma frá u.þ.b. 40 þjóðlöndum. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna UNESCO veitti styrk til hátíðahaldanna árið 2001. |

*Fjölmenningarsetur*

Á Ísafirði starfar Fjölmenningarsetur með einum starfsmanni, sem kostaður er af Félagsmálaráðuneytinu. Þetta er miðstöð á landsvísu. Í starfseminni er m.a. gert ráð fyrir túlkunarþjónustu, og Verið er að útbúa íslenskunámskeið á vinnustöðum.

*Menningarstofnanir*

Hjá Ísafjarðarbæ starfar íþrótta- og æskulýðsfulltrúi. Meðal helstu menningarstofnana eru Byggðasafn Vestfjarða, Listasafn Ísafjarðar, Edinborgarhúsið, héraðsbókasafn, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn, Tónlistarskóli Ísafjarðar og Gallerí Slunkaríki. Neðsti-Kaupstaður er húsaþyrping þar sem ýmiskonar menningarstarfsemi fer fram. Á Ísafirði er starfandi bæjarlistamaður. Rekstrargjöld til menningar-íþrótta- og æskulýðsmála árið 2000 voru um 30 milljónir.

*Edinborgarhúsið*

Edinborgarhúsið er menningarhús. Þar fer fram fjölbreytt menningarstarf, og þar hefur Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar aðsetur, en hann býður upp á fjölbreytt námskeið í leiklist, myndlist, leirlist og tónlist.

*Gamla sjúkrahúsið*

Gamla sjúkrahúsið er menningarhús, sem verður safnahús fyrir héraðsbóka-, -skjala og ljósmyndasafn. Þar verður jafnframt Listasafn Ísafjarðar og aðstaða til fyrirlestrahalds.

*Tónlist og leiklist*

Á Ísafirði er mikil og rótgróin menningarhefð. Öflugir tónlistarskólar eru starfandi. Tónlistarskóli Ísafjarðar kennir nemendum í 1-3 bekk grunnskólans og nemendum í framhaldsskólanum tónlistarvalgreinar. Tónleikaaðstaða er góð á Ísafirði, við Tónlistarskólann er nýr tónleikasalur og eins eru tónleikar haldnir í kirkjunni. Þá er gamal gróið og öflugt kórastarf á Ísafirði og mikið leiklistarstarf, s.s. Litli leikklúbburinn og Morrinn, atvinnuleikhús ungs fólks.

*Menning sem afþreying*

Árlegar menningarhátíðir eru á svæðinu, svo sem Sólrisuhátíð Menntaskólans á Ísafirði. Aðrar árlegar menningaruppákomur eru t.d. Sumarkvöld í Neðsta sem hafa verið haldin á hverju sumri síðustu ár og Opin bók, sem er árlega bókmenntakynning í Edinborgarhúsinu. Á Skíðaviku á Ísafirði eru fjölbreyttir menningarviðburðir í boði. Kvikmyndahús er á Ísafirði, sem tekur 150-170 manns í sæti.

*Ungt fólk og menning*

Kaffihús unga fólksins á Ísafirði í Gamla apótekinu er einkar vel heppnuð starfsemi, sem vert er vekja athygli á. Þar er auk þess hluti af forvarnarstarfi og afþreyingu fyrir ungt fólk á aldrinum 16-20 ára.

*Menningarverðmæti*

Mikið er af gömlum húsum á Ísafirði sem gerð hafa verið upp. Sem dæmi má nefna að í Neðstakaupstað stendur elsta húsaþyrping landsins. Húsin, sem öll eru frá 18. öld, standa á sínum upprunalega stað og bera vitni um umsvifamikla verslun fyrri tíðar. Í einu þeirra

er sjóminjadeild Byggðasafns Vestfjarða.

*Íþróttaaðstaða*

Aðstaða til skíðaiðkana er rétt utan við bæinn og skipuleg skíðakennsla fer fram á vegum skíðafélagsins. Á Ísafirði er nýlegt íþróttahús sem hefur gjörbreytt allri aðstöðu til íþróttaiðkunar. Einnig er góður golfvöllur á Ísafirði

## VEIKLEIKAR

*Fjármagn vantar*

Mikla fjármuni vantar til að ljúka við endurbyggingu Gamla sjúkrahússins.

*Dýr námskeið*

Takmarkaðir möguleikar á styrkjum leiða til þess að námskeið í listgreinum eru almennt dýr.

## ÓGNANIR

*Fáir stuðningsaðilar*

Atvinnulífið hefur styrkt menningarviðburði, en mikil samkeppni milli félagasamtaka leiðir til þess að minna verður til skiptanna. Fækkun fyrirtækja hefur getur líka verið áhrifaþáttur.

*Fólksfækkun*

Stóra ógnunin er áframhaldandi fólksfækkun.

## TÆKIFÆRI

*Edinborgarhúsið*

Áframhaldandi endurbygging menningarhússins bætir sýningaraðstöðu listafólks, með fjölnotasal sem skapar tækifæri til að halda t.d. stærri ráðstefnur, leiksýningar, tónleika og aðrar uppákomur.

*Byggðasafnið*

Byggðasafn Vestfjarða hefur mjög takmarkað húsnæði, og í raun er sjóminjasafnið eini hluti safnsins, sem er sýnilegur á Ísafirði. Með stærra húsnæði gæti Byggðasafnið aukið starfsemi sína, þar sem mikið er til af munum, sem ekki eru til sýnis vegna þess að aðstaða er ekki fyrir hendi.

*Fræða- og listamannaíbúðir*

Í gangi er verkefni af hálfu Ísafjarðarbæjar sem miðar að því að bjóða fræði- og listamönnum vannýttar félagslegar íbúðir til dvalar til lengri eða skemmri tíma.

*Aukin þátttaka og frumkvæði*

Enn meiri þátttaka í menningarviðburðum og meira frumkvæði frá íbúum sem eru af erlendum uppruna í sambandi við menningarmál væru æskileg.

### 4.5.2.9 Sauðárkrókur

## STYRKUR

*Menningarstofnanir*

Meðal öflugustu menningarstofnana sveitarfélagsins eru Byggðasafnið og Héraðsskjalasafnið, þar hefur verið unnið metnaðarfullt og faglegt rannsóknarstarf. Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ er vel sótt, og um 75% safngesta eru erlendir ferðamenn, en öfugt hlutfall er á sýningum safnsins á Hólum og Hofsósi þar sem um 25% gesta eru erlendir ferðamenn. Menningar- íþrótta- og æskulýðsfulltrúi er starfandi í fullu starfi. Fræðimaður á Hólum er samstarfsverkefni milli Byggðasafns, Héraðsskjalasafns og Hólaskóla. Minjavörður fyrir Norðurland vestra er með aðsetur í Glaumbæ og hjá Byggðasafninu er stafandi fornleifafræðingur í 75% starfi. Samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2000 var rúmlega 135 milljónum varið til menningar- æskulýðs-og íþróttamála, sem var um 13% af heildarrekstrargjöldum sveitarfélagsins (Ársskýrsla Sveitarsjóðs Skagafjarðar, 2000).

*Menningarstefna*

Menningar-, íþrótta og æskulýðsnefnd er að vinna stefnumótun í menningarmálum fyrir Skagafjörð.

*Menningarsjóðir*

Sveitarfélagið starfrækir Menningarsjóð, sem hefur 3 milljónir kr. til umráða á þessu ári. Þá er starfræktur Menningarsjóður Kaupfélagsins, sem einnig úthlutar styrkjum árlega.

*Söngur og leiklist*

Mikil kórastarfsemi og öflugt leikfélag er á Sauðárkróki.

*Öflugt kvenfélag*

Kvenfélag Skagafjarðar hefur staðið fyrir metnaðarfullri dægurlagakeppni sem hefur verið fastur liður í sæluviku Skagfirðinga undanfarin ár.

## VEIKLEIKAR

*Aðstaða*

Húsnæði vantar fyrir Listasafn Skagfirðinga, og geymslustaður verðmæta safnsins er óviðunandi. Geymsluhúsnæði fyrir Byggðasafn Skagfirðinga er í leiguhúsnæði og forvörsluaðstaða fyrir safnið er engin.

## ÓGNANIR

*Fjárhagsstaða*

Fjárhagsstöðu sveitarfélagsins er þannig háttað, að ekki er ástæða til að ætla að hægt verði að ráðast í miklar framkvæmdir í nánustu framtíð, sem leyst gætu aðstöðuleysið sem hrjáir menningarstofnanirnar, s.s. leikfélagið og Listasafnið. Enn fremur býr Tónlistarskólinn við þröngan húsakost, og ekki er til staðar frambærilegur salur til tónleikahalds.

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Reiðhöll* | Reiðhöllin er nýtt mannvirki sem opnar ýmsa möguleika í sambandi við eflingu menningar- og íþróttastarfsemi. |
| *Sagan drýpur af hverju strái í héraðinu.* | Næg verkefni eru til staðar fyrir fornleifa-, sagn- og þjóðfræðinga á skjala- og byggðasafni við skráningu fornminja og rannsóknir í tengslum við sögustaði í Skagafirði. Vinna þarf langtímastefnumörkun þar sem styrkur safnanna eru nýttur til fullnustu. |
| *Menningarmiðstöð* | Æskilegt er að komið verði á menningarmiðstöð til að efla enn frekar menningarstarfsemi á svæðinu. Tækifæri felast í að nýta félagsheimilin betur. |

# 4.6 Umhverfi

## 4.6.1 Almenn greining á umhverfi í landshlutakjörnum

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Greiður aðgangur að ósnortinni náttúru* | Landshlutakjarnarnir eru ekki stærri en svo að þar er alls staðar greiður aðgangur að ósnortinni náttúru. |
| *Fegrun bæja* | Landshlutakjarnarnir eru flestir nægilega stórir til þess að þar er starfandi garðyrkjumaður, og víða hefur verið gert átak í fegrun bæja. |
| *Staðardagskrá 21* | Flestir staðirnir eru formlega að vinna að Staðardagskrá 21. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Lítið hugað að fagur-fræðilegum atriðum við uppbyggingu* | Víða hefur lítið verið hugað að fagurfræðilegum atriðum við uppbyggingu bæjanna. Annað hvort hefur því ekki verið sinnt í skipulagi þeirra, eða ekki fylgt eftir. Bæirnir eru oft dreifðir og afmörkun þeirra óljós. Víðast vantar miðbæjarkjarna og útirými þar sem fólk hittist. Undantekningar eru Akureyri og Ísafjörður. |
| *Slæmur frágangur lóða* | Frágangi lóða á atvinnusvæðum er mjög áfátt og víða blasa þau við innkeyrslum í bæina eða helstu umferðaræðum. Víða skortir á frágang hafnarsvæða. |
| *Frárennsli áfátt* | Frárennsli bæja við sjó nær oftast skammt út fyrir flæðarmálið, sem veldur óþrifnaði og mengun. Sveitarfélög á Íslandi standa frammi fyrir því að byggja mannvirki, sem fullnægja kröfum Evrópusambandsins um fyrsta stigs hreinsun fyrir árið 2005. Þetta er mjög kostnaðarsamt og óvíst að það náist alls staðar að uppfylla það markmið. |
| *Vantar skjól* | Víða eru bæirnir opnir fyrir vindi og lítill gróður til skjóls. |
| *Staðardagskrá 21* | Þótt formlega sé unnið að Staðardagskrá 21 vantar víða upp á að því sé fylgt eftir. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Lítill áhugi á fegrun bæja og umhverfismálum* | Ef ekki tekst að vekja áhuga yfirvalda og íbúa á fegrun bæja og umhverfismálum rýrir það áhuga fólks á búsetu í þeim og möguleika þeirra í ferðaþjónustu. . |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Átak varðandi fegrun umhverfis* | Gera ber átak í að vekja áhuga almennings á fegrun umhverfis í bæjum. Stuðla ber að frágangi lóða í iðnaðarhverfum og fegra ber |

opin svæði, einkum við umferðaræðar. Bæta þarf umhverfi við innkeyrslur og hafnarsvæði. .

*Möguleiki á forystuhlutverki í umhverfismálum*

Merkja má vaxandi áhuga ýmissa þjóðfélagshópa á umhverfismálum og nábýli við ósnortna náttúru. Stærðar sinnar vegna geta landshlutakjarnarnir boðið upp á gott umhverfi og tekið forystu í umhverfismálum. Með þessu geta þeir markaðssett sig sem aðlaðandi til búsetu.

*Vistvæn ferðamennska*

Með endurbótum í umhverfismálum má markaðssetja bæina fyrir vistvæna ferðamennsku.

*Betri möguleikar á alþjóðavæðingu*

Alþjóðavæðing atvinnulífsins og aukinn útflutningur krefst hugarfarsbreytingar í umhverfismálum. Með átaki í umhverfismálum skapast betri möguleikar á alþjóðavæðingu.

*Átak í sorpmálum*

Sveitarfélögin geta bætt umhverfi sitt með svæðisbundnu átaki í sorpmálum.

*Aðgerðir í fráveitumálum*

Sveitarfélög sem liggja að sjó geta bætt umhverfi sitt með átaki í fráveitumálum.

*Staðardagskrá 21*

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur milli umhverfisráðuneytisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga um samstarf við að aðstoða íslensk sveitarfélög við að koma sér upp Staðardagskrá 21, sem er áætlun einstakra sveitarfélaga um það hvernig þau hyggist nálgast markmið um sjálfbæra þróun á 21.öldinni. Með svo nefndri Ólafsvíkuryfirlýsingu skuldbinda sveitarfélögin sig til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar, meðal annars með því að virkja íbúa, félagasamtök og aðila atvinnulífsins til öflugrar þátttöku í verkefnum sem tengjast Staðardagskrá 21.

*Skjólbelti*

Með ræktun skjólbelta í bæjum má draga úr áhrifum vinds.

### 4.6.2 Svæðisbundin greining á umhverfi í landshlutakjörnum

#### 4.6.2.1 Akureyri

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Miðbæjarkjarni* | Akureyri hefur vel afmarkaðan miðbæjarkjarna. |
| *Fallegur bær* | Akureyri er almennt talin mjög fallegur bær, og almennur áhugi er á fegrun bæjarins. Meðal fagurra svæða má telja Lystigarðinn og Kjarnaskóg. |
| *Kjarnaskógur vinsæll* | Kjarnaskógur er þriðja vinsælasta útivistarsvæði landsins og notað bæði að sumri og vetri til. |
| *Umhverfisgæði aðdráttarafl* | Umhverfisgæðin eru án efa aðdráttarafl fyrir aðkomufólk. |
| *Gott veðurfar* | Veðurfar á Akureyri er oft mjög gott á sumrin. |
| *Hefð í skipulagsmálum* | Akureyri hefur langa hefð í skipulagsmálum, og hóf eigin aðalskipulagsgerð um 1970. |
| *Nýtt aðalskipulag* | Nýtt aðalskipulag gildir frá 1998 (?) – 2018. |
| *Húsverndun* | Gömul hús hafa verið vernduð á Akureyri, og vernduð svæði eru m.a. meðfram Glerá og gömlu brýrnar yfir Eyjafjarðará. |
| *Staðardagskrá 21* | Akureyri var fyrst sveitarfélaga til að hefja vinnu við Staðardagskrá 21. Mikið er lagt upp úr Ríó-samþykktinni. |
| *Sorpmóttaka* | Móttökustöð er fyrir sorp, þar sem það er að nokkru flokkað. Pappír, plast, garðaútgangur, timbur, málmar og kælitæki eru greind frá öðru sorpi. Spilliefni eru endurunnin, brotamálmur unninn eða fargað og timbur kurlað. Söfnunargámar fyrir pappír eru víða um bæinn, og Endurvinnslan hf í samstarfi við Sorpeyðingu Eyjafjarðar hefur aftur hafið móttöku á fernum og pappír. |
| *Pollurinn hreinn af skólpi* | Öllu skólpi er í dag veitt út fyrir tangann. Pollurinn er hreinn í dag, og fyrsta útrásin sunnan ósa Glerár. |
| *Ekki mikil loftmengun* | Loftmengun er ekki til vandræða, en ástæða til að fylgjast með henni. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Frágangur á byggingarsvæðum* | Frágangur lóða hjá byggingarsvæðum og í iðnaðarhverfum mætti víða vera betri. Hvatningu vantar nema frá Heilbrigðiseftirlitinu. |

| | |
|---|---|
| *Mikið sorp óflokkað* | Í dag fer mikið sorp óflokkað í urðun. |
| *Frárennsli ekki fullfrágengið* | Frárennslisútrásir frá fiskiðjuverum á Oddeyrartanga liggja enn beint út í sjóinn. Fráveitukerfi bæjarins nær ekki til allra staða í bæjarlandinu, t.d. eru rotþrær á nokkrum stöðum og skip í höfn tengjast ekki fráveitu. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Hröð uppbygging* | Hraði í uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og nýrra hverfa getur komið niður á frágangi og gæðum umhverfis. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Skipulagsmarkmið* | Í Aðalskipulagi Akureyrar segir að gæta beri vistfræðilegra sjónarmiða og stefna að sjálfbærri þróun í skipulagi og uppbyggingu sveitarfélagsins. skapa skal fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, styrkja bæjarmynd Akureyrar og leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja. |
| *Nýtt miðbæjarskipulag* | Verið er að gera nýtt skipulag af miðbæjarkjarnanum, m.a. með endurbótum á göngugötunni. Stefnt er að því að miðbærinn verði áfram aðal verslunar- og þjónustukjarni Akureyrar. Stofnuð verði miðbæjarsamtök, sem beiti sér fyrir þróun miðbæjarins og taki þátt í mótun skipulagsmála og unhverfisbóta. |
| *Byggingarlistarverðlaun* | Starfshópur um byggingalistarstefnu á Akureyri hefur lagt til að menningarmálanefnd veiti byggingarlistarverðlaun Akureyrarbæjar þegar tilefni gefst til. Þar verði farið eftir ábendingum fagmanna. |
| *Byggingarlistastefna og húsverndun* | Í byggingarlistarstefnu bæjarins er m.a. kveðið á um verndun gamalla húsa, bæði einstakra húsa og samfelldra svæða, svo sem við Hafnarstræti og Aðalstræti. |
| *Menningarminjar* | Stefnt er að því að sögulegar minjar verði gerðar lifandi og aðgengilegar almenningi með góðum upplýsingum. Stuðla skal að verndun merkra fornleifa í bæjarlandinu og stuðla að rannsóknum og kynningu á þeim. |
| *Vaxandi áhugi á frágangi* | Áhugi á frágangi atvinnusvæða fer vaxandi, t.d. á hafnarsvæðinu. |
| *Staðardagskrá 21* | Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt viðamikla áætlun varðandi Staðardagskrá 21. |
| *Sorpvinnsla* | Unnið er markvisst að úrlausnum í sorpmálum. Stefnt er að því að draga úr sorpmagni, endurvinna sem mest og jarðgera lífrænan úrgang. Stefnt er að eyðingu á plasti, dekkjum o.fl. skv. kröfum |

Hollustuverndar.

| | |
|---|---|
| *Fráveitumál* | Unnið er markvisst samkvæmt áætlun í fráveitumálum. Í lok þessa árs verður öllu skólpi safnað í hreinsistöð og þaðan á að leggja 500m lögn til að dæla skólpinu út í sjóinn. Öllu verkinu á að vera lokið árið 2005. |
| *Grænn "trefill"* | Unnið er markvisst að uppgræðslu, svokölluðum "grænum trefli" umhverfis bæinn, ásamt uppgræðslu meðfram umferðargötum og samhliða uppbyggingu í nýjum hverfum. |
| *Náttúruvernd* | Stefnt er að því að stöðva gróður- og jarðvegseyðingu í bæjarlandinu, vernda votlendi, tjarnir og læki. og nýta jarðefni og aðra náttúrufarslega þætti á vistvænan hátt. |
| *Opin svæði* | Stefnt er að því að vinna deiliskipulag allra útivistarsvæða í heild. Aðgengi að strandlengjunni verði tryggt með úrbótum á frágangi hennar og með því að varðveita þá ósnertu strönd sem enn er til staðar. Unnið verði að því að bæta umhverfi Glerár og tryggja að almenningi sé alls staðar fært að ánni. |

#### 4.6.2.2 Húsavík

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Rólegt umhverfi* | Á Húsavík er almennt talið vera aðlaðandi og rólegt umhverfi. |
| *Gott veðurfar* | Veðurfar er gott á Húsavík. Bæjarstæðið er hvammur, sem veitir skjól gegn vindi, og hafgolu gætir ekki á Húsavík. |
| *Frárennslismál* | Frárennslismál eru í þokkalegu ástandi og úttekt nýlega lokið. |
| *Heilbrigðiseftirlit* | Heilbrigðiseftirlit Norðausturlands hefur starfsmann á Húsavík. |
| *Mikil trjárækt* | Vel hefur verið staðið að trjárækt, og hefur á aðra milljón trjáa verið plantað í umhverfi Húsavíkur á undanförnum árum. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Aldrað skipulag* | Núverandi skipulag gildir aðeins til ársins 2005, en er í endurskoðun. |
| *Ekki með í Staðardagskrá 21* | Húsavík er ekki formlegur þátttakandi í Staðardagskrá 21. |
| *Sorpmál á undanþágu* | Sorpmál hafa verið á undanþágu á Húsavík. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Náttúruvá* | Húsavík er á virku umbrotasvæði og því í hættu frá jarðskjálftum. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Umhverfisstefna* | Unnin hafa verið drög að umhverfisstefnu fyrir Húsavík. |
| *Sorpbrennslustöð* | Reist verður ný sorpbrennslustöð á næstunni, sem stenst nútímakröfur. |
| *Fráveitumál* | Fyrir liggur að gera þurfi útrásir fyrir skolp út fyrir hafnarsvæðið, sem mundi verulega bæta ástand fráveitumála. |

### 4.6.2.3 Egilsstaðir

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Aðalskipulag* | Vinna aðalskipulag fyrir Austur-Hérað 2002 – 2017 er á lokastigi, og hefur skipulagstillaga verið kynnt fyrir íbúum. Markmið skipulagsins eru m.a. að styrkja ímynd svæðisins og gera það að fýsilegum kosti til búsetu. Gera á aðkomuleiðir að þéttbýlinu Egilsstöðum aðlaðandi og horft er til þéttingar byggðar og skipulags miðbæjarins. Vinna er að fara af stað í deiliskipulagi nýrra hverfa. |
| *Engin náttúruvá* | Náttúruvá er ekki fyrir hendi. |
| *Gott veðurfar* | Á Egilsstöðum er veðurfar oft gott á sumrin. |
| *Sorpsamlag* | Egilsstaðir eru í sorpsamlagi með Fellahreppi og sorp urðað. |
| *Græn svæði og skóglendi* | Egilsstaðir hafa mikla sérstöðu varðandi græn svæði og skóglendi. Hallormsstaðaskógur er í nágrenni bæjarins, einnig Einarsstaðaskógur, og gönguleiðir og leiktæki eru í Selskógi. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Vantar miðbæ* | Egilsstaðir hafa ekki afmarkaðan miðbæjarkjarna, og mannlíf vantar á opnum svæðum innanbæjar. |
| *Sorp óflokkað* | Lítið hefur gerst í sorpvinnslu á Egilsstöðum. Sorp er ekki enn flokkað. |
| *Frárennslismál í ólestri* | Frárennslismál eru í ólestri. Útrásir skólps fara gegnum lélegar rotþrær, t.d. út í Eyvindará. |
| *Skortir drykkjarvatn* | Aðgangur að drykkjarvatni er að verða vandamál. Vatnsból er skammt frá flugvellinum og fráveitunni í Eyvindará, og á hlýjum og þurrum sumrum getur myndast vatnsskortur. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Skortir áhuga* | Um tíma var mikill áhugi á umhverfismálum á Egilsstöðum, og vinna hafin við Staðardagskrá 21. Áhugi hefur minnkað, bæði hjá bæjaryfirvöldum og almenningi, bakslag komið í málið og breytingar ekki fyrirsjáanlegar. Þetta er mjög neikvætt fyrir umhverfisímynd Egilsstaða. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Umræða um stofnbrautir* | Mikil umræða er um hvort stofnbrautir eigi að fara gegnum bæinn eða framhjá honum. |
| *Flokkun á pappa* | Flokkun á pappa er að hefjast, og áform um vinnslu á tættum pappa. Umræður eru um sorpbrennsluofn í Hallormsstað. |
| *Vinna í frárennslismálum* | Vinna er að fara í gang í frárennslismálum, og á að vera lokið árið 2005. |
| *Veitustofnun* | Uppi eru hugmyndir að stofna veitustofnun, sem m.a. mundi hafa með frárennslismál að gera. |
| *Borað eftir vatni* | Vatn hefur fundist í Selsskógi, og boranir eru í gangi. Það mundi bæta mjög úr vatnsöflunarmálum Egilsstaða. |

#### 4.6.2.4 Selfoss

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Sorpvinnsla* | Sveitarfélagið Árborg hefur flokkun og urðun á sorpi að Kirkjuferjuhjáleigu. Úrgangur úr kjötvinnslu er urðaður á nýlegum stað, sem uppfyllir umhverfiskröfur. |
| *Staðardagskrá 21* | Mikið átak er í gangi varðandi staðardagskrá 21. |
| *Snyrtilegur staður* | Ímynd Selfoss er að það sé tiltölulega snyrtilegur staður. |
| *Ósnortin náttúra* | Nálægð við ósnortna náttúru er styrkur fyrir Selfoss. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Frárennslismarkmið nást ekki* | Sveitarfélagið mun ekki ná gildandi markmiðum í frárennslismálum fyrir árið 2005, en það mun dragast til 2007. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Náttúruvá* | Selfoss er á virku gossvæði og jarðskjálftar tíðir. |
| *Aukinn kjötúrgangur* | Erfitt hefur verið að selja kjötmjöl vegna kúariðufaraldurs, og hefur magn kjötúrgangs því aukist. |

## TÆKIFÆRI

*Endurvinnsla kjötúrgangs* Aukin tækifæri felast í endurvinnslu kjötúrgangs.

### 4.6.2.5 Reykjanesbær - þéttbýliskjarni

## STYRKUR

*Aðalskipulag* Aðalskipulag er í gildi fyrir tímabilið 1995 – 2015, og er það í endurskoðun sem á að ljúka á þessu ári. Svæðisskipulag var endurskoðað 1995, en kallar nú á endurskoðun. Verið er að vinna deiliskipulag að mörgum svæðum, og er því m.a. lokið fyrir miðbæinn.

*Fegrun og ræktun* Trjárækt er auðveld, og mikið hefur verið gert í fegrun og ræktun. Merkja má hugarfarsbreytingu meðal fólks. Nýjar lóðir eru ræktaðar frá byrjun, og skjólbelti eru skilgreind í deiliskipulagi.

*Frárennslismál* Frárennslismál eru sæmilega vel á veg komin og frágangi þeirra á að vera að fullu lokið árið 2006.

*Veitukerfi endurnýjuð* Veitukerfi eldri hverfa hafa verið endurnýjuð og eru yfirleitt í góðu lagi.

*Húsverndun* Áhersla er á varðveislu eldri bygginga, og eru þær yfirleitt í góðu ásigkomulagi. Áætlun hefur verið gerð um endurbyggingu Duus-húsanna, sem eru elstu byggingar Reykjanesbæjar, og verða þau að hluta notuð fyrir byggðasafn.

*Staðardagskrá 21* Reykjanesbær hefur samþykkt Staðardagskrá 21 og er aðili að Ólafsvíkursamþykktinni. Stýrihópur fær alla til að vinna saman, og sveitarfélagið telst vera framarlega í þessu máli.

*Áhugi á umhverfismálum* Vaxandi áhugi er fyrir umhverfismálum í Reykjanesbæ.

*Ósnortin náttúra* Aðgangur er auðveldur að ósnortinni náttúru og útivistarsvæðum. Átak hefur verið gert í gerð og kortlagningu gönguleiða.

*Jafnt veðurfar* Almennt er gott veðurfar, jafnt yfir allt árið.

## VEIKLEIKAR

*Margt óunnið* Þótt Reykjanesbær sé umhverfislega góður bær, en mikið er eftir óunnið, t.d. aðkoman að bænum.

*Selta í lofti* Mikil selta er í loftinu og tæringarhraði málma því mikill.

*Undanþága í sorpvinnslu* Reykjanesbær er á undanþágu í sorpvinnslumálum.

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Hljóð- og loftmengun* | Hljóð- og loftmengun af Keflavíkurflugvelli getur rýrt áhuga fólks á búsetu í Keflavík. Eiturefni og olía eru geymd þar og flutt á þjóðvegum. Af því stafar viss slysahætta og hætta á mengun vatnsbóla. |
| *Eiturefni* | Eiturefni og olía eru geymd á Keflavíkurflugvelli og flutt á þjóðvegum. Af því stafar viss slysahætta og hætta á mengun vatnsbóla, sem eru nálægt flutningaleið. |
| *Náttúruvá* | Reykjanesskaginn er virkt eldsumbrotasvæði. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Átak í frágangi svæða* | Í gangi er mikið átak í frágangi lóða, útivistarsvæða og eldri bygginga. |
| *Sorpvinnslustöð* | Búið er að gera samning um byggingu sorpvinnslustöðvar af fullkomnustu gerð, sem gerir mögulega flokkun og endurvinnslu sorps. |
| *Vistvernd* | Samningur hefur verið gerður við Landvernd um umhverfisátak inni á heimilum, sem nefnist “vistvernd”. |
| *Átak í sorpmálum* | Reykjanesbær er að fara að gera samanburðarkönnun á umhverfisáhrifum brennslu og urðunar. |

### 4.6.2.6 Akranes

## STYRKUR

| | |
|---|---|
| *Aðalskipulag* | Mikið hefur verið skipulagt á síðustu árum. Í gildi er aðalskipulag fyrir árin 1992 – 2012. |
| *Aðgangur að náttúru* | Aðgangur fólks að náttúru er góður og opinn. Svæði við Innsta-Vogsnes og Blautós hefur verið friðlýst. |
| *Strandlína og fjara* | Strandlínan er ósnert og fjölbreytt fjörunáttúra. Útivistarsvæði er meðfram fjörunni austur og norður af Akranesi. |
| *Umhverfisfulltrúi* | Umhverfisfulltrúi starfar á vegum bæjarins. |
| *Sorpvinnsla* | Samningur er í gildi um sorpvinnslu til ársins 2005. Flokkunarstöð er fyrir sorp. Timbur og málmar eru endurnýtt, en pappír urðaður. Í gangi er fimm ára áætlun um verkefni sem snýr að jarðgerð heimilissorps með þátttöku um 25% íbúa. |

| | |
|---|---|
| *Hreinsun drykkjarvatns* | Neysluvatn er hreinsað með útfjólubláu ljósi. |

**VEIKLEIKAR**

| | |
|---|---|
| *Vantar miðbæjarkjarna* | Akranes vantar miðpunkt, verslanakjarna. |
| *Ryk frá Sementsverksmiðjunni* | Ryk frá Sementsverksmiðjunni hefur valdið skemmdum á bílalakki og rúðum í nágrenni verksmiðjunnar. |
| *Lítil gróðursæld* | Akranes er ekki gróðursæll bær, þótt allmikið hafi áunnist á síðari árum. |
| *Dýrar frárennslislagnir* | Vegna mikils aðgrynnis þarf að fara með frárennslislagnir langt út í sjó, og veldur það miklum kostnaði. |

**ÓGNANIR**

| | |
|---|---|
| *Landrýmisskortur og útivist* | Með áframhaldandi uppbyggingu á Akranesi verður að standa vörð um útivistarsvæði, og uppbyggingin skerðir svæði til hestamennsku. |
| *Íbúa skortir tiltrú* | Sumir viðmælendur töldu íbúa bæjarins skorta tiltrú á umhverfisbótum. |

**TÆKIFÆRI**

| | |
|---|---|
| *Aukin trjárækt* | Með trjárækt mætti gera Akranes hlýlegri og vinalegri bæ, og yrði hann þá ákjósanlegri búsetukostur. Unnið er að skógrækt meðfram bænum. |
| *Staðardagskrá 21* | Búið er að vinna Staðardagskrá 21, og sem lögð verður fyrir bæjarstjórn í nóvember. |
| *Áætlun um frárennslismál* | Gerðar hafa verið undirbúningsrannsóknir ásamt mengunardreifingarmódeli og unnin frumáætlun fyrir frárennslismál. Hönnun mun hefjast í haust og framkvæmdir á næsta ári. |

#### 4.6.2.7 Borgarnes

**STYRKUR**

| | |
|---|---|
| *Nýlegt aðalskipulag* | Aðalskipulag hefur nýlega verið gert fyrir Borgarnes fyrir tímabilið 1997 - 2017. |
| *Góð útivistarsvæði* | Borgnesingar eru vel settir hvað varðar útivistarsvæði og aðgang að ósnortinni náttúru. Þar má nefna eyjarnar og gönguleið með viðkomu á nokkrum sögustöðum úr Egillssögu. |

| | |
|---|---|
| *Sorphirða* | Urðunarstöð og sorpflokkunarstöð eru til staðar. Fólki er leiðbeint við flokkun sorps. Safnkassar eru við heimili, en stefnt er að því að minnka lífrænan úrganga frá heimilum, e.t.v. með gjaldtöku. Urðunarstöðin er rekin í samstarfi allra sveitarfélaga á Vesturlandi. |
| *Garðyrkjufræðingur* | Garðyrkjufræðingur er verktaki hjá sveitarfélaginu. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Umferð veldur hættu og mengun* | Byggðin er á tiltölulega mjóu nesi. Höfnin er fremst á nesinu, og neðst í bænum er veruleg starfsemi fyrirtækja. Þetta leiðir af sér langar vegalengdir og þungaflutninga gegnum bæinn. Hringvegurinn liggur gegnum yngri hluta bæjarins, og af því stafar slysahætta, loft- og hljóðmengun. |
| *Enginn afgerandi miðbær* | Enginn afgerandi miðbær er í Borgarnesi, en tilhneiging til að dreifa stofnunum í stað þess að styrkja miðbæjarstarfsemi í gamla bænum. Gamli bæjarhlutinn á undir högg að sækja og skortur er á festu í skipulagi og samhengi í byggðinni. |
| *Lítið viðhald eldri bygginga* | Nokkuð skortir á viðhald eldri bygginga, sem er ekki mikið. |
| *Frágangur iðnaðarlóða* | Nokkuð vantar upp á frágang lóða kringum iðnaðarfyrirtæki og ákveðin sjónmengun frá þjóðveginum af ákveðnum fyrirtækjum. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Færsla þjóðvegar 1* | Í aðalskipulagi Borgarbyggðar er gert ráð fyrir að færa þjóðveg 1 og leggja hann framhjá Borgarnesi. Við það mun óviðkomandi akstur gegnum bæinn minnka, sem mun leiða til minni mengunar og hávaða af umferð í bænum. |
| *Gamli byggðakjarninn og húsverndun* | Í aðalskipulaginu er stefnt að því að styrkja gamla byggðarkjarnann og þétta byggðina. Menn eru meðvitaðir um gildi gamalla bygginga, og umræða er um að friða nokkrar þeirra. |
| *Útivistarsvæði* | Í aðalskipulaginu er stefnt að því að styrkja innra samhengi svæða í bæjarlandinu með því að binda þau saman með göngu- og hjólreiðastígum, styrkja innbyrðis tengsl útivistarsvæða og styrkja tengsl þeirra við íbúðasvæði. |
| *Fegrun bæjarins* | Stefnt er að því að snyrta og fegra bæinn. M.a. þarf að setja skýrar kröfur um ásýnd og þrifnað iðnaðarlóða. Skv. aðalskipulagi 1997 til 2017 er gert ráð fyrir að grófari atvinnustarfsemi flytjist smám saman úr neðri hluta bæjarins og sér þess þegar viss merki. |
| *Umhverfisstefna og Staðardagskrá 21* | Umhverfisstefna Borgarbyggðar var samþykkt á síðasta ári. Þar var samþykkt að sveitarfélagið muni vera þátttakandi í Staðardagskrá |

21. Umhverfisstefnan verður hluti af Staðardagskrá sveitarfélagsins, sem verður endurskoðuð og uppfærð reglulega. Lögð er áhersla á umhverfisfræðslu.

*Umhverfisvernd*

Í umhverfisstefnunni segir að sveitarfélagið og stofnanir þess munu af fremsta megni leitast við að nota endurnýjanlegar auðlindir í starfsemi sinni. Stefnt er að verndun lífríkisins og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Að sama skapi er lögð rík áhersla á verndun gróðurs, jarðvegs, sjávar, menningar og menningarminja.

*Neysluvatn*

Í umhverfisstefnunni er lögð áhersla á greiðan aðgangur að hreinu og heilnæmu neysluvatni í öllum byggðum sveitarfélagsins. Komið verði á innra eftirliti með vatnsveitum sveitarfélagsins og vatnsverndarsvæði skilgreind og varin.

*Sorphirða*

Í umhverfisstefnunni er lögð áhersla á að draga úr myndun úrgangs, í framleiðslu fyrirtækja, í verslun, þjónustu og á heimilum. Stefnt verður að endurnýtingu og endurvinnslu þess úrgangs sem engu að síður fellur til. Sérstök áhersla verður lögð á að jarðgera lífrænan úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu.

*Úrlausn frárennslismála*

Vinna er í gangi við úrlausn frárennslismála, og unnið er að því að fækka útrásum. Leita á vistvænna leiða til að uppfylla lög og reglur um fráveitumál. Reynt verður að fyrirbyggja að mengandi efni berist í fráveituvatn og séð til þess að útrásir í þéttbýli og rotþrær í dreifbýli uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíkra mannvirkja.

### 4.6.2.8 Ísafjörður

## STYRKUR

*Skipulag*

Nýtt skipulag hefur verið unnið fyrir Seljalandssvæði, skíðasvæði og Tungudal.

*Miðbæjarkjarni*

Ísafjörður hefur vel afmarkaðan miðbæjarkjarna.

*Húsverndun*

Umhirða er vaxandi um eldri hús. Allmikil byggð er frá því upp úr aldamótum, og fólk hefur í vaxandi mæli verið að færa hús í upprunalegt horf. Töluvert er af vernduðum húsum.

*Snyrtilegur bær*

Garðyrkjustjóri starfar á vegum sveitarfélagsins, og Ísafjörður er snyrtilegur bær.

*Veðurfar*

Betri veðurskilyrði eru á Ísafirði en veðurlýsing og veðurspár gefa til kynna. Þetta stafar af staðsetningu veðurstöðva.

*Útivistarsvæði og*

Ísfirðingar eiga greiðan aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum og

| | |
|---|---|
| *ósnortin náttúra* | greiðan aðgang að ósnortinni náttúru. |
| *Staðardagskrá 21* | Ísafjarðarbær vinnur að gerð Staðardagskrár 21. Þáttaka í verkefninu er almennt góð. Fjallað er um holræsi og fráveitumál, úrgang frá heimilum og fyrirtækjum, náttúrumengun, gæði neysluvatns, hávaða og loftmengun, menningarminjar og náttúruvernd, umhverfisfræðslu í skólum, orkusparnað o.fl. Verkefnið hefur leitt til stefnumörkunar í umhverfismálum og haft áhrif á lausnir í sorpmálum. |
| *Sorpbrennsla* | Sorp er flokkað í brennanlegt og óbrennanlegt. Sorp er brennt án mengunar, og varminn notaður til að hita hús. Sorpbrennslustöðin á Ísafirði er með fullum hreinsibúnaði, og orka frá henni nýtt til að kynda hús í bænum. Urðunarstaður er í nágrenninu. Brotajárn er flutt út af svæðinu. |
| *Staðardagskrá á norðurslóðum* | Ísafjarðarbær er þátttakandi í tveggja ára verkefni um Staðardagskrá 21 á Norðurheimskaustssvæðinu. |

## VEIKLEIKAR

| | |
|---|---|
| *Gamalt aðalskipulag* | Gildandi aðalskipulag er frá árinu 1989. |
| *Staðardagskrá ekki sýnileg* | Verkefnið Staðardagskrá 21 er ekki áberandi eða sýnilegt og að sögn er það verkefni ekki mikið uppi á borðinu. |
| *Frárennsli út í pollinn* | Nær engin hreinsun á sér stað á skolpi frá bænum. Mikil þynning og gerlaeyðing verður þó vegna kulda og birtu. Frárennsli er enn út í pollinn, en er þó ekki talið valda teljandi mengun. |

## ÓGNANIR

| | |
|---|---|
| *Náttúruvá* | Snjóflóðahætta er á vissum stöðum, einkum í Hnífsdal. Snjóflóð hafa valdið manntjóni. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Nýtt aðalskipulag* | Nýtt aðalskipulag er í vinnslu fyrir Ísafjörð. |
| *Trjárækt* | Í aðalskipulagi frá 1989 er lagt til að mótuð verði markviss stefna í gróðursetningu og stefnt verði að samfelldum trjágróðri í eyrarhlíð og Seljalandshlíð. |
| *Frárennslismál* | Verið er að vinna að tilraunum með frárennslismál til að mæta kröfum evrópustaðla. |

#### 4.6.2.9 Sauðárkrókur

## STYRKUR

*Aðalskipulag*

Aðalskipulag fyrir Sauðárkrók er fyrir árin 1998 – 2008. Þar er m.a. fjallað um fegrun umhverfis, húsverndun og útivistarsvæði.

*Svæðisskipulag*

Unnið var svæðisskipulag fyrir Skagafjörð árið 1998, sem var samþykkt, en aldrei staðfest af ráðherra. Þar kemur fram stefnumótun, sem m.a. miðar að því að styrkja þéttbýlisstaðina og samræma stefnu um landvernd og landnytjar til þess að tryggja varðveislu náttúruminja og lífríkis og styðja tillitssama umferð almennings um skagfirsk náttúrusvæði.

*Vel unnið að skipulagi*

Skipulag í Skagafirði er vel unnið, og um tíma var þar útibú frá Skipulagi ríkisins.

*Ræktun og fegrun*

Garðyrkjustjóri starfar fyrir Sauðárkrók og hefur mikið áunnist á síðari árum í ræktun og fegrun. Mikið er af opnum svæðum, en engin heildarstefna um skipulag og uppbyggingu þeirra. Bærinn er almennt snyrtilegur,

*Húsverndun*

Nokkur hús eru vernduð samkvæmt lögum, en einnig nokkur B-friðuð. Í deiliskipulagi gamla bæjarins er kveðið á um verndun, og stefnt að því að halda heildarsvipnum óbreyttum.

*Útivist*

Tvö góð útivistarsvæði eru á Sauðárkróki, Skógarhlíð og Sauðárgil. Aðstaða til útivistar er góð: skíði, sjóstangaveiði, fjallgöngur, hestamennska. Reiðvegir eru víða, t.d. með Strandvegi og upp fyrir bæinn, og fjaran býður upp á útivist.

*Staðardagskrá 21*

Sveitarfélagið Skagafjörður er þátttakandi í Staðardagskrá 21

*Sorphirða*

Sorpurðun er í landi Skarðs á Reykjaströnd. Þar eru tveir haugar, einn fyrir almennt sorp og annar fyrir spilliefni, timbur og brotajárn. Losunarstaður er fyrir garðaúrgang, sem er endurunninn.

*Frárennsli*

Ástand frárennslismála er gott í nýrri hverfum bæjarins, þar sem allt fer í eina útrás.

## VEIKLEIKAR

*Vantar miðbæ*

Bærinn er langur og vantar sérstakan miðbæ. Götulíf er lítið.

*Ósnyrtilegir blettir*

Í bænum eru blettir, sem þyrfti að lagfæra, eins og t.d. í iðnaðarhverfinu og við Strandveg.

*Sorphirða*

Mikið vantar upp á flokkun og endurvinnslu sorps.

| | |
|---|---|
| *Frárennslismál í gamla bænum* | Í gamla bænum er ástand frárennslismála ekki gott. Mengun er þó lítil nema frá Sútunarverksmiðjunni, Mjólkursamlaginu og Rækjuvinnslunni. Sveitarfélagið er á undanþágu og hefur ákveðinn frest til að ljúka fráveituframkvæmdum. |
| *Staðardagskrá 21 lítið fylgt eftir* | Þótt formlega sé unnið að Staðardagskrá 21 vantar víða upp á að því sé fylgt eftir, og hefur Sauðárkrókur verið nefndur í því sambandi. |
| *Vindur hamlar trjárækt* | Vindur og selta hamlar trjárækt nokkuð. |

## TÆKIFÆRI

| | |
|---|---|
| *Nýtt aðalskipulag* | Í vinnslu er nýtt aðalskipulag fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð. |
| *Umhverfisstefna* | Vinnuhópur er að vinna umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið. |
| *Sorpvinnsla* | Áætlað er að hefja sorpurðun á nýjum stað við Kolkuós. Það land mundi duga í u.þ.b. 100 ár. Þar er ætlunin að vera með flokkun, gámastöð, og endurvinnslu á sorpi. |
| *Úrbætur í fráveitumálum* | Unnið er að áætlun um frárennsli, sem á að uppfylla reglur um eina útrás út fyrir stórstraumsfjöruborð árið 2008. |
| *Nýjar trjátegundir* | Á markaði eru nýjar trjátegundir, sem þola betur vind og seltu. |

# HELSTU HEIMILDIR

## MUNNLEGAR HEIMILDIR VIÐ GREININGU

**1. Staða byggðarlaganna**

Björn Hafþór Guðmundsson bæjarstjóri Austur-Hérað.
Gísli Gíslason bæjarstjóri Akraneskaupstaðar.
Hjörtur Zakaríasson bæjarritari Reykjanesbæjar.
Karl Björnsson bæjarstjóri Árborgar.
Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri Akureyrar.
Snorri Björn Sigurðsson sveitarstjóri Skagafjarðar.
Stefán Kalmansson bæjarstjóri Borgarbyggðar.
Guðmundur Níelsson bæjarritari Húsavíkurkaupstaðar
Þorleifur Pálsson bæjarritari Ísafjarðarbæjar.

**2. Atvinnulíf í landshlutakjörnunum**

Aðalsteinn Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.
Aðalsteinn Óskarsson framkv.stjr. Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf..
Ásgeir Magnússon frá Samtökum Iðnaðarins á Akureyri.
Ásmundur Pálsson frá Svæðisvinnumiðlun Suðurlands
Auður Anna Ingólfsdóttir hótelstjóri Hótel Héraðs Egilsstöðum
Benedikt Guðmundsson atvinnuráðgjafi Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar hf..
Dagný Sveinbjörnsdóttir verkefnisstjr. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf..
Dorothee Lubecki ferðamálafulltrúi Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf..
Guðbjörg Guðmundsdóttir ferðamálafulltrúi Hrings Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar.
Helga S. Harðardóttir atvinnumálaráðgjafi Markaðs- atvinnu- og menningarmálaskrifstofu Reykjanesbæjar.
Hólmar Svansson framkv.stjr. Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar hf..
Hrafnhildur Tryggvadóttir fulltrúi Upplýsingarmiðstöðin Borgarnesi.
Hrefna Bryndís Jónsdóttir atvinnumálaráðgjafi Atvinnuráðgjöf Vesturlands.
Inga Huld Sigurðardóttir ferðamála/atvinnuráðgjafi Atvinnuráðgjöf Vesturlands.
Johan D. Jónsson markaðs/ferðamálaráðgjafi Markaðs- atvinnu og menningarmála-Skrifstofa Reykjanesbæjar.
Jakob Þór Frímannsson atvinnuráðgjafi Hringur Atvinnuþróunarfélag Skagafjarðar.
Jóhanna Gísladóttir forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar á Egilsstöðum.
Ketill Jósefsson Svæðisvinnumiðlun í Reykjanesbæ.
Knútur Karlsson forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar á Akureyri.
Lárus Dagur Pálsson framkv.stjr. Hrings Atvinnuþróunarfélags Skagafjarðar.
Ólafur Kjartansson framkv.stjr. Markaðs- atvinnu og menningarmálaskrifstofa Reykjanesbæjar.
Ómar Banine ferðamála- og kynningarfulltrúi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar h.f..
Rakel Óskarsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi Akraneskaupstaðar.
Róbert Jónsson framkv.stjr. Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.
Sigurður Bjarnason atvinnuráðgjafi Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.
Sigurjón Arason Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins.

Sigríður Kristjánsdóttir forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar á Ísafirði.
Tryggvi Finnsson framkv.stjr. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf..
Valur Knútsson atvinnumálanefnd Akureyrarbæjar.
Vífill Karlsson atvinnumálaráðgjafi Atvinnuráðgjöf Vesturlands.
Þór Kjartansson ferðamálasvið KÁ Selfossi.

3. **Búsetuþættir í landshlutakjörnunum**
Anna Kristín Gunnarsdóttir framkv.stjr. Farskóla Norðurlands vestra miðstöð símenntunar.
Ármann Jóhannesson sviðsstjóri tækni og umhverfissviðs Akureyrarbæjar.
Ársæll Guðmundsson aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
Bárður Guðmundsson byggingarfulltrúi Árborgar.
Birgir Gunnarsson framkv.stjr. Heilbrigðisstofnunar á Sauðárkróki.
Björg Jónsdóttir menningarmálanefnd Borgarbyggðar.
Björn Teitsson skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.
Böðvar Bjarnason byggingarfulltrúi Austur Héraðs.
Böðvar Jónsson fasteignasali Reykjanesbæ.
Sr. Eðvarð Ingólfsson Garðaprestakall.
Einar Skúlason æskulýðsfulltrúi Akranesi.
Eiríkur Björgvinsson íþrótta- og tómstundarfulltrúi Akureyri.
Eiríkur Hermannsson skólamálastjóri Reykjanesbæjar.
Erla Sigurðardóttir fræðslu- og menningarfulltrúi Húsavíkurkaupstaðar.
Ester Óskarsdóttir skrifstofustjr. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.
Friðfinnur Hermannsson framkvstjr. Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.
Grétar Þór Eyþórsson framkvstjr. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.
Sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir Sauðárkróksprestakall.
Guðfinna M. Hreiðarsdóttir Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
Guðmundur Birkir Þorkelsson skólameistari Fjölbrautaskólans á Húsavík.
Guðmundur Guðlaugsson deildarstjóri framkvæmdadeildar Akureyrar.
Guðmundur Sigvaldason, verkefnisstjr. Staðardagskrár 21 á Akureyri.
Guðrún Kristjánsdóttir framkv.stjr. Heilsugæslunnar í Borgarnesi.
Gunnar Gíslason deildarstjóri skólamála á Akureyri.
Gunnar Guðmundsson umdæmisstjóri Vegagerðar ríkisins í Skagafirði.
Gunnar Sandholt félagsmálastjóri Skagafjarðar.
Halldór Jónsson framkv.stjr. Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar.
Helga Gunnarsdóttir menningar- og skólafulltrúi Akraneskaupstaðar.
Helga Guðmundsdóttir skóla-menningarfulltrúi Austur Héraðs.
Hjördís Árnadóttir félagsmálastjóri Reykjanesbæjar.
Hjördís Hjartardóttir félagsmálastjóri Borgarbyggðar.
Hrafnkell Proppé umhverfisfulltrúi Akraneskaupstaðar.
Hreinn Halldórsson íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Austur Héraðs.
Hörður Helgason skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands.
Indriði Jósafatsson íþrótta-og æskulýðsfulltrúi Borgarbyggðar.
Ingibjörg Daníelsdóttir formaður Róta Ísafirði.
Ingibjörg María Guðmundsdóttir skóla-og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarkaupstaðar.
Ingólfur Ármannsson menningarmálafulltrúi Akureyrarbæjar.
Jóhann Einvarðsson framkv.stjr. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
Jón Örn Berndsen byggingarfulltrúi Skagafjarðar.

Jón Hjartarson forstöðumaður Fræðslunets Suðurlands.
Jóngeir H. Hlinason Svæðisvinnumiðlun á Akranesi.
Karl Guðmundsson félagsmálastjóri Akureyrarbæjar.
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir framkv.stjr. Símeyjar.
Kristinn Níelsson Tónlistarskóla Ísafjarðar.
Kristín Hreinsdóttir forstöðumaður Skólaskrifstofa Suðurlands.
Kristján Gíslason skólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi.
Sr. Magnús Erlingsson Ísafjarðaprestakall.
Magnús Þórðarson tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar.
Margrét Gunnarsdóttir forstöðumaður Edinborgarhússins á Ísafirði.
Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
Ólöf Thorarensen félagsmálastjóri Árborgar.
Ómar Bragi Stefánsson menningar- íþrótta-og æskulýðsfulltrúi Skagafjarðar.
Ragnar Örn Pétursson skólastjóri Vinnuskólans í Reykjanesbæ.
Runólfur Ágústsson rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst.
Rúnar Vífilsson forstöðumaður Skólaskrifstofa Skagafjarðar.
Sr. Sigfús Ingvarsson Reykjanesprestakall.
Sigurður Arnarsson verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 Austur Hérað.
Sigurður Mar Óskarsson forstöðumaður tæknideildar Ísafjarðarkaupstaðar.
Sigurður Páll Harðarson bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.
Sigurður Sveinsson skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands.
Sigríður Ragnarsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar.
Sigríður Sigurðardóttir forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga.
Soffía Gísladóttir félagsmálastjóri Húsavíkurkaupstaðar.
Sólveig Reynisdóttir félagsmálastjóri Akraneskaupstaðar.
Stefán Bjarkason íþrótta- og tómstundasvið Reykjanesbæjar.
Stefán Brynjólfsson byggingarfulltrúi Ísafjarðarkaupstaðar.
Stefán Gíslason, Staðardagskrá 21.
Stefán Mar Guðmundsson íþróttafulltrúi Akraneskaupstaðar.
Stefán Thors skipulagsstjóri ríkisins.
Sr. Svavar Jónsson Akureyrarprestakall.
Sveinn Hreinsson íþrótta- og æskulýðsfulltrúi Húsavíkurkaupstaðar.
Tryggvi Gíslason skólameistari Menntaskólans á Akureyri.
Valgerður Guðmundsdóttir menningarráðgjafi Markaðs- atvinnu- menningarmálaskrifstofu Reykjanesbæjar.
Viðar Már Aðalsteinsson bæjarverkfræðingur Reykjanesbæjar.
Sr. Vigfús Ingvarsson Egilsstaðaprestakall.
Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason Borgarnesprestakall.
Þorlákur Helgason fræðslufulltrúi Árborgar.
Þorvaldur Vestmann sviðsstjóri tækni-og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.
Sr. Þórir Jökull Þorsteinsson Selfossprestakall.

## RITAÐAR HEIMILDIR VIÐ GREININGU

**Allir kaflar:**

- Ýmsar fréttir í fjölmiðlum.

- Stefán Ólafsson: *Búseta á Íslandi: Rannsókn á orsökum búferlaflutninga.* Byggðastofnun, 1997.
- Byggðastofnun: Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999 – 2001. Alþingi.


**1 og 2. Staða byggðarlaganna, verslunar- og þjónustustörf, iðnaður, upplýsingatækni, nýsköpun, rannsóknir og þróunarstarf, sjávarútvegur:**


- Akureyrarbær (1999): *Stefnumótun í atvinnumálum fyrir Akureyri.* Akureyrarbær.
- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (2000): *Sveitarfélagagreining: Húsavíkurkaupstaður.* Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.
- Húsavíkurkaupstaður (2000): *Atvinnumálakönnun í Húsavíkurkaupstað árið 2000.* Húsavíkurkaupstaður.
- Atvinnumálanefnd Akraness og Iðntæknistofnun (2001): *Þeir fiska sem róa. Stefnumótun í atvinnumálum 2001 – 2007.* Akraneskaupstaður.
- Bjarnheiður Karlsdóttir og Sigríður Þrúður Stefánsdóttir (1997): *Akranes – höfuðstaður Vesturlands. Stefnumótun í verslun, þjónustu, ferðaþjónustu og afþreyingu á Akranesi 1997 – 2005.* “ Á sextán skóm”.
- Ásmundur Þórðarson og Helgi Valur Friðriksson (1999): *Kynningaráætlun fyrir Borgarfjörð 1999 – 2002. Jákvæður kostur til búsetu á mörkum þéttbýlis og sveita.* Hvítársíðuhreppur, Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsveit og Borgarbyggð.
- Atvinnuráðgjöf Vesturlands (1999): *Jaðarbyggðir á Vesturlandi.* Samband sveitarfélaga á Vesturlandi.
- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Iðntæknistofnun (1999): *Stefnumótun Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum 1999 – 2003.* Ísafjarðarbær.
- Framtíðarnefnd Sauðárkróksbæjar (1997): *Skýrsla framtíðarnefndar Sauðárkróksbæjar.* Sauðárkróksbær.
- Ýmsar upplýsingar af vefsíðum sveitarfélaganna.


**2.4. Ferðaþjónusta:**


- Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (2000). *Sveitarfélagsgreining Húsavíkurkaupstaður.* Húsavík: Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.
- Bjarnheiður Hallsdóttir, Sigríður Þrúður Stefánsdóttir (1998). *Byggðir milli jökla: Stefnumótun í ferðaþjónustu á Vesturlandi 1998-2005.* Reykjavík: Samtök Sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.
- Ferðamálaráð (2000). *Ferðavenjur árið 2000.* Reykjavík: Ferðamálaráð.
- Hagstofa Íslands (2001). *Gistiskýrslur 2000.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Þorleifur Þ. Jónsson (2001). *Fréttabréf nr 8.* Samtök ferðaþjónustunnar.


**4.3 Félagslegt umhverfi**


- Atvinnumálanefnd Akureyrar (2000). *Viðhorfskönnun apríl 2000.* Akureyri: Akureyrarbær.
- Ársskýrsla Akureyrarbæjar (2000). *Árskýrsla 2000.* Akureyri: Akureyrarbær.
- Ársskýrsla Húsavíkurkaupstaðar (2000). *Ársskýrsla 2000.* Húsavík: Húsavíkurkaupstaður.
- Byggðastofnun (2001). *Sameining sveitarfélaga: Áhrif á atvinnu- og búsetuþróun.* Samstarfsverkefni þróunarsviðs Byggðastofnunar og Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri. www.bygg.is
- Félagsvísindadeild (1997) *Lífskjör Íslendinga.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands (2000). *Landshagir 2000.* Reykjavík: Hagstofa Íslands.

- Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki (2001). *Ársskýrsla 2000.* Sauðárkrókur: Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki.
- Markaðs- og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar (1999). *Reykjanes 2003: Framtíðarspá um fjölda íbúa, atvinnu-mennta- og skipulagsmál. Könnun Félagsvísindastofnun HÍ á ímynd Suðurnesja*. Reykjanesbær: MOA.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Þórólfur Þórlindsson (2000). *Ungt fólk 2000.* Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Ingi Rúnar Eðvarðsson (1998). *Byggðastefna til nýrrar aldar*. Reykjavík: Byggðastofnun.
- Sigríður Elín Þórðardóttir (2000). *Bleikur og blár vinnumarkaður*. Óbirt BA ritgerð í félagsfræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

**4.4 Menntun:**

- Hagstofa Íslands (2001). *Hlutfall réttindakennara á leik-og grunnskólastigi.* Gögn unnin fyrir þróunarsvið Byggðastofnunar.
- Tilraunaverkefni Leonardo da Vinci á Íslandi Rannsóknaþjónusta Háskólans á Akureyri.

**4.5 Menning:**

- Akureyrarbær (2000). *Staðreyndir í tölum 2000.* Akureyri: Akureyrarbær.
- Ársskýrsla Akraneskaupstaðar (2000). *Ársskýrsla 2000*. Akranes: Akraneskaupstaður
- Ársskýrsla Akureyrarbæjar (2000). *Ársskýrsla 2000*. Akureyri: Akureyrarbær.
- Ársskýrsla Austur Héraðs (2000). *Ársskýrsla 200*. Egilsstaðir: Austur Hérað.
- Ársskýrsla Borgarbyggðar (2000). *Ársskýrsla 2000*. Borgarnes: Borgarbygg.
- Ársskýrsla Húsavíkurkaupstaðar (2000). *Ársskýrsla 2000*. Húsavík: Húsavíkurkaupstaður.
- Ársskýrsla Sveitarsjóðs Skagafjarðar (2000). *Ársskýrsla 2000*. Sauðárkrókur. Sveitarfélagið Skagafjörður.
- Búum til betri byggð (2000). Samstarfsverkefni þróunarsviðs Byggðastofnunar og Atvinnuþróunarfélaganna á landsbyggðinni. www.bygg.is
- Byggðastofnun (2001). *Sameining sveitarfélaga: Áhrif á atvinnu- og búsetuþróun.* Samstarfsverkefni þróunarsviðs Byggðastofnunar og Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri. www.bygg.is
- Menningarstefna Akureyrarbæjar (2000) www.akureyri.is
- Stefna í menningarmálum á Austurlandi (2000). *Tillögur samstarfshóps sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarstofu Austurlands*. Egilsstaðir. Þróunarstofa Austurlands.
- Menntamálaráðuneytið (2000). Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á Landsbyggðinni. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Stefán Ólafsson (1997). *Búseta á Íslandi: Rannsóknir á orsökum búferlaflutninga.* Reykjavík: Byggðastofnun.
- Unga Akureyri (2000). *Upplýsingarit um félags-og tómstundastarf á Akureyri*. Akureyri: Íþrótta- og tómstundaráð 1.tbl. 21. árg. maí.

**4.6 Umhverfi:**

- Akureyrarbær (1998): *Aðalskipulag Akureyrar 1998 – 2018: Greinargerð.* Akureyrarbær.
- Akureyrarbær (2001): *Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri: Umhverfisstefna og framkvœmdaáœtlun.* Akureyrarbær.
- Austur-Hérað (2000): *Staðardagskrá 21: Umhverfisáœtlun. Fyrsti hluti: skráning á núverandi aðstœðum.* Austur-Hérað.

- Verkfræðistofa Suðurnesja ehf (1996): *Svæðisskipulag: Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Gerðahreppur, Keflavíkurflugvöllur 1995 – 2015*. Samvinnunefnd um svæðisskipulag.
- Borgarbyggð (2001): *Umhverfisstefna Borgarbyggðar*. Borgarbyggð.
- Ingimundur Sveinsson Teiknistofa o.fl. (1989): *Aðalskipulag Ísafjarðar 1989 – 2009*. Ísafjarðarbær.
- Lendis skipulag h.f. (1994): *Aðalskipulag Sauðárkróks. Endurskoðun 1994 – 2014*. Sauðárkrókskaupstaður.
- Lendis skipulag h.f. (1998): *Greinargerð með svæðisskipulagi*. Samvinnunefnd um svæðisskipulag Skagafjarðar.
- Ýmsar upplýsingar af vefsíðum sveitarfélaganna.